Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II

Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson og Stefán Ólafsson

FS626-12022
Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík
2017

Forsíðumyndin er tekin til austurs af Ástaðafjalli, yfir fjárhús 517:082. Reykjafjall er í baksýn. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2017
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 7

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR Á ÍSLANDI 10

3. FRAMKVÆMD SKRÁNINGARINNAR OG FORNLEIFASKRÁ 12

ÁR-495 Auðsholt 14
ÁR-496 Auðsholtshjáleiga 33
ÁR-497 Egilsstaðir 36
ÁR-498 Hali 39
ÁR-499 Ósgerði 40
ÁR-500 Arnarbæli 43
ÁR-501 Nethamrar 61
ÁR-502 Hóll 62
ÁR-503 Krókur (Stóri-Krókur) 63
ÁR-504 Stöðlar 66
ÁR-505 Nýjibær 68
ÁR-506 Bakkárholt 71
ÁR-507 Bakkárholtspartur 89
ÁR-508 Borgarkot 92
ÁR-509 Strýta 95
ÁR-510 Grænhóll 97
ÁR-516 Vellir 100
ÁR-517 Reykir 104
ÁR-518 Reykjakot 138
ÁR-519 Reykjahjáleiga 145
ÁR-520 Kross 149
ÁR-523 Saurbær 155
ÁR-523b Litli-Saurbær 165
ÁR-524 Þúfa 167
ÁR-525 Kröggólfsstaðir 171
ÁR-526 Vötn 181
ÁR-541 Hraun 185
ÁR-541b Lágar 201
ÁR-542 Hraunshjáleiga 205
ÁR-543 Hraunshóll/Hóll 208

4. FORNLEIFAR OG BYGGÐAÞRÓUN Í ÖLFUSI 210

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli 213
Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir 216
Útihús, túngarðar 217
Brunnar og vatnsból 220
Kvíar og stekkir 221
Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir 223
Mótekja og torfrista 226
Samgönguminjar 226
Landamerki 229

Aðrar minjar 230
5. NIÐURSTÖÐUR 232
6. HEIMILDIR 238
VIÐAUKI I: HNITASKRÁ 242
VIÐAUKI II: ÖRNEFNAKORT 248
VIÐAUKI III: MINJAKORT 250

1. Inngangur

Á vordögum 2012 gerðu Fornleifastofnun Íslands ses. og Sveitarfélagið Ölfus með sér samning um fornleifaskráningu á þekktum minjastöðum innan sveitarfélagsins. Í upphafi verks var áætlað að ríflega 1200 fornleifar væru óskráðar í sveitarfélaginu en áður höfðu um 500 fornleifar verið skráðar á völdum svæðum innan sveitarfélagsins. Ástæður fyrri skráninga voru af ýmsum toga, þó var oftast um að ræða skráningu á afmörkuðum reitum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki var talin þörf á að heimsækja þessa minjastaði aftur og því var ákveðið að Fornleifastofnun kannaði einungis þá staði sem ekki höfðu verið skráðir áður. Samningurinn gerir ráð fyrir að minjarnar verði skráðar á sex árum, eða um 200 fornleifar á ári. Gert er ráð fyrir að gefnar verði út þrjár skýrslur og í hverri þeirra verði að finna niðurstöður tveggja skráningaráfanga. Í þessari skýrslu, sem er önnur í röðinni, greinir frá niðurstöðum þriðja og fjórða skráningaráfanga sem fóru fram árin 2014 og 2015.

Sumarið 2014 voru minjar skráðar í norður- og suðvesturhluta Ölfuss. Þá voru skráðar jarðirnar Reykir, Reykjakot, Reykjahjáleiga, Kross, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Vötn, Hraun, Lágar, Hraunshjáleiga og Hraunshóll auk fornleifa sem teljast vera á fleiri en einni jörð, sem reyndust aðallega leiðir.[1] Skráðar voru 203 fornleifar eða að meðaltali tæplega 18 fornleifar á hverri jörð. Áður höfðu nokkrir staðir verið skráðir á Reykjum og þeir ekki heimsóttir aftur. Nokkrir þessara minjastaða tilheyra nú sveitarfélaginu Hveragerði og eru ekki með í þessari skýrslu. Hið sama



Mynd 1. Skráningarsvæðið afmarkast af rauðum punktum á kortinu. Kortagrunnur: Gísli Pálsson.

[1] Upplýsingar um þá staði verða í þriðju áfangaskýrslu sem áætlað er að komi út vorið 2018.

má segja um Kröggólfsstaði, örfáir minjastaðir tilheyrandi þeirri jörð eru nú í Hverageröi og voru ekki skráðar. Þessar minjar vantar inn í hlaupandi númeraröð í fornleifaskrá í kafla 3 hér aftar. Sumarið 2015 var skráningunni haldið áfram, nánast í miðju sveitarfélagsins. Þá voru skráðar jarðirnar Auðsholt, Auðsholtshjáleiga, Egilsstaðir, Hali, Ósgerði, Arnarbæli, Nethamrar, Hóll, Krókur, Stöðlar, Nýibær, Bakkárholt, Bakkárholtspartur (Sandhóll,) Borgarkot (Ingólfsholl), Strýta, Grænhóll, Stóri- og Litli Saurbær. Samtals voru skráðar 209 minjar auk leiða sem teljast vera á fleiri en einni jörð.

Samtals voru skráðir 412 minjastaðir eða að meðaltali rúmlega 14 staðir á hverri jörð. Frá upphafi skráningar í Ölfusi hafa verið skráðir 812 minjastaðir innan sveitarfélagsins. Ragnheiður Gló Gylfadóttir sá um skráningu þessara áfanga en áður hafði Stefán Ólafsson skráð bænhús og kirkjur á svæðinu. Við skýrslugerð var ákveðið að láta upplýsingar úr eldri fornleifaskráningum fylgja með enda handhægt að hafa allar upplýsingar á sama stað. Samtals eru því upplýsingar um 430 minjastaði í skýrslunni.[2]

Við skráninguna var farið á jarðirnar, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn sé að finna og minjum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær teiknaðar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Allir staðsettir minjastaðir voru hnitsettir og merktir inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem sveitarfélagið Ölfus lagði til.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt eins og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið fylgir ítarleg minjaskrá (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er annars vegar gert grein fyrir því hvenær jarðanna var getið fyrst í heimildum og í hvaða fornritum öðrum þeirra er getið, auk þess sem fjallað er um afbýli, hjáleigur, bænhús og kirkjur ef einhver eru, til að varpa ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hins vegar er fjallað um landslag á jörðunum, gróðurfar og túnasléttun og aðra þætti sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í 4. kafla eru samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru svo helstu niðurstöður skráningarinnar dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (5. kafli). Þar á

[2] Orri Vésteinsson aðalskráði Velli árið 2001 og var sú jörð ekki heimsótt aftur, fornleifaskráin er hér með. Sjá Orri Vésteinsson, 2001.

eftir fylgir ítarleg heimildaskrá. Aftast í skýrslunni eru viðaukar og minjakort sem sýna dreifingu minjastaðanna.

Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir góða aðstoð og hlýjar móttökur.

2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

3. Framkvæmd skráningarinnar og fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó að engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað.

Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2. Dæmi um uppsetningu á minjastað í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands.

ÁR-495 Auðsholt

30 hdr, 1708. JÁM II, 408. 42 2/3 hdr. 1844. JJ, 74. 1397: LXXXII. Audshollt. Heilog kirkia j Audzhollti a .ij. kyr. Hun a innann sig kross. alltarisklædi oc dvkur. kluckur .ij. paxspialld. portio Ecclesiæ vmm .ij. ar næstu .vij. aurar. forn tiund oll saman .ccc. fellur nidur .c. firir vppgiaurd kirkiunnar er Lytingur liet vppgiaura." DI IV, 92. 1708: Jarðýrleiki xxx eftir munnmælum, en engi geldst hjer tíund af. Inn til næstliðinna 14 eður 12 ára var af þessari jörðu goldið til sveitarinnar það sem menn kölluðu jarðareyrir, að fátækir fengu 12 fiska. " JÁM II, 408. „Gömul jörð og stór, 42 hundruð að fornu mati. Austast skiptast á mýrar og holt; þar var góð vetrarbeit og skjólsælt. Bærinn stendur á grónu holti. Vestast og norðan þess eru blautar engjar og grasgefnar sem Ölfusá flæðir yfir í stórflóðum. SB III, 388. Ekki er föst ábúð á jörðinni, hún er nýtt til beitar og þar er alifuglabú.
1917: Tún 8 ha, þar af c. 1/3 slétt. Garðar 1824 m2.



Byggt á túnakorti frá 1918.

ÁR-495:001 *Auðsholt* bæjarhóll bústaður 63°56.766N 21°10.023V
"...Auðsholt ... standa enn á sama stað…," segir í örnefnalýsingu. Bærinn er sýndur í miðju heimatúninu á túnakorti frá 1918 og stafnar snéru líklega til suðurs. Árið 2004 var fyrst komið að Auðsholti í tengslum við skráningu á kirkjum og bænhúsum á landinu. Auðsholti var lýst svohljóðandi þá: „Bæjarhóllinn er frekar háreistur hóll og er núverandi íbúðarhús ennþá þar og hefur fengið nokkra upplyftingu. Heimtröðin er nokkuð löng og komið að húsunum að vestan. Garður er í kringum húsið með sundlaug og nokkuð af trjám. Unnið hefur verið að endurbótum bæði á húsi og garði.“ Árið 2014 var aftur komið að Auðsholti vegna aðalskráningu minjastaða í sveitarfélaginu Ölfusi. Strax var ljóst að miklar breytingar höfðu átt sér stað á bæjarstæðinu. Íbúðarhúsið eyðilagðist í jarðskjálfta árið 2008 og var rifið árið 2009. Í gegnum tíðina hafði verið byggt við það nokkrum sinnum og húsið stækkað. Það var ókostur og húsið eyðilagðist, að hluta til vegna þessa. Nú er ekkert hús á bæjarhólnum fyrir utan 20. aldar hlöðu sem er í norðvesturhorni bæjahólsins. Öll önnur útihús hafa verið rifin en sundlaugin sést enn innan bakgarðsins. Fyrir sunnan bæinn var sambyggður kálgarður samkvæmt túnakorti frá 1918, sundlaugin er innan hans. Suðurhlið kálgarðsins sést ennþá, þar er 1-1,5 m hár og brattur kantur. Óljóst mótar fyrir hluta af austur- og vesturhliðinni í túni. Þær byggingar sem tilheyra kjúklingabúinu eru nýlegar.
Bærinn var á náttúrulegu holti, syðst á því. Þar eru ræktuð tún til allra átta.

Mynd 3. Auðsholt 495:001, horft til norðurs. Myndin til vinstri er tekin árið 2004 en sú til hægri er tekin árið 2015.

Bæjarhóllinn sést ennþá enn er mikið raskaður. Hann er um 80 x 45 m að stærð og snýr norður-suður. Það er búið að grafa mikið hólinn og miklar framkvæmdir átt sér stað á honum. Elsti hluti íbúðarhússins var byggður 1926 en annað sambyggt íbúðarhús var byggt 1965. Húsið var að hluta mikið endurnýjað og sundlaug grafin í suðurhluta bæjahólsins með handafli og dráttarvél. Samkvæmt Runólfi Gíslasyni, heimildarmanni, varð hann í flestum tilfellum var við hleðslur og mannvist við framkvæmdir næst bænum. Nú (2015) er slétt, gróið svæði þar sem íbúðarhúsið var en bakgarðurinn sést ennþá. Það er erfitt að átta sig á hæð uppsafnaðra mannvistarlaga vegna rasksins en hann er 1,5 m á hæð syðst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 1; Túnakort 1918

ÁR-495:002 heimild kirkja 63°56.787N 21°10.084V
Í máldaga kirkjunnar frá 1397 segir: „LXXXII. Audshollt. Heilog kirkia j Audzhollti a .ij. kyr. Hun a innann sig kross. alltarisklædi oc dvkur. kluckur .ij. paxspialld. portio Ecclesiæ vmm .ij. ar næstu .vij. aurar. forn tiund oll saman .ccc. fellur nidur .c. firir vppgiaurd kirkiunnar er Lytingur liet vppgiaura.“ Í örnefnalýsingu jarðarinnar segir: "Auðsholt er ein af stærri jörðum í Ölfusi. Þar var kirkja samkvæmt gömlum máldögum. Nú vita menn ekki hvar hún stóð. Ýmsar sterkar líkur benda til að hún hafi staðið á hól þar, sem nú stendur fjós og heyhlaða og eru til þess þessar orsakir. Þegar Grímur Hákonarson keypti Auðsholtið skömmu eftir 1930, lét hann byggja myndarleg peningshús í hól norðvestur af íbúðarhúsinu. Þar var djúpur jarðvegur og mikið flutt til af mold. Í moldinni sáust leifar af beinum. Þó varla svo greinilegum að sannað væri að það væru mannabein, enda lítið grannskoðað. Síðar þóttust skyggnir menn verða vara við "hreifing" í fjósinu, þegar farið var að ganga þar um. Í Jarðab. A.M. er ekki minnst á kirkjuna, hún er þá gleymd." Ekki er vitað með vissu hvar kirkjan var staðsett. Samkvæmt Magnúsi Gíslasyni, heimildamanni, var þessum uppmokstri hent í Bæjarmýri skammt frá bænum og kallaðist hóllinn Beinahóll. Lengi sáust bein í hólnum en þau eru horfinn nú. Þetta voru einungis

dýrabein, þarna var ekki neitt um stór bein. Fjósið var vestan við hlöðuna sem ennþá stendur en það var rifið eftir 2008.
Engin ummerki kirkjunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 7; DI IV, 92

ÁR-495:003 *Hesthúsflöt* heimild hesthús 63°56.761N 21°09.750V
"Hesthúsflöt. Austan Leynis, austast í túninu," segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið var um 220 m austan við bæ 001 og 130 m norðaustan við herminjar 010. Það var innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Samkvæmt Magnúsi Gíslasyni, heimildamanni, gekk þetta tún einnig undir nafninu Braggatún, hér voru a.m.k. 11 braggar, eldhús og hér bjuggu um 200 manns á stríðárunum (sjá nánar undir 010).
Leynir er líkt og nafnið gefur til kynna, laut austan við kletta í túninu. Ærhús 009 var sunnarlega á klettunum sem og umfangsmiklar herminjar. Þarna er nú grasivaxið tún nýtt til sláttar og gróið er yfir klettana að hluta.
Engin ummerki hesthússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 1

ÁR-495:004 *Miðhjáleiga* bæjarhóll bústaður 63°56.705N 21°10.029V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: „Auðsholtshjáleiga heimari, bygð af heimalandi fyrir manna minni.“ „Mið hjáleiga: […] Smáhóll í túninu, mitt á milli bæjanna," segir í örnefnalýsingu. Miðhjáleiga er rúmum 110 m sunnan við bæ 001 og tæpum 170 m norðan við Auðsholtshjáleigu ÁR-496. Bæjarhóllinn sést ennþá þrátt fyrir að svæðið hafi margsinnis verið plægt og sléttað hér yfir. Við sléttun hefur komið upp mikið af grjóti, veggir og aðrar mannvistarleifar að sögn Runólfs Gíslasonar, heimildamanns.
Slétt, ræktað tún er umhverfis bæjarhólinn. Miðhjáleiga, Auðsholt og Auðsholtshjáleiga, eru á sama holtinu en mýrlent er til allra átta frá því. Bæirnir raðast í einfalda röð, N-S, eftir holtinu. Klettar eru uppi á holtinu og var Miðhjáleiga eflaust á einum slíkum, við vesturmörk holtsins, þar sem það lækkar niður í mýrina.
Bæjarhóllinn er 55 x 35 m að stærð, snýr norður-suður og er hæstur um 2 m. Hann fjarar út til allra átta og er það af völdum sléttunar. Bærinn er á miðjum bæjarhólnum. Þar er þúst, 30 x 15 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin er slétt, algróin og hæst til vesturs. Þar er bratt niður sem og til norðurs. Stafnar bæjarins snéru líklega til norðurs, sú hlið er fremur bein. Þústin er 0,3 - 1,1 m á hæð en ekki sér til hólfa eða annara mannvirkja á yfirborði. Fyrir norðan þúst A er gerði B. Þetta var annað hvort kál,- hey,- eða húsagarður. Gerðið er 25 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 4 - 5 m á breidd, 0,4 m á hæð að innan en 0,7 m á hæð að utan. Til suðurs hefur bærinn afmarkað gerðið, þar sést ekki veggur á

Mynd 4. Miðhjáleiga 495:004, horft til suðurs.

yfirborði. Hvergi mótar fyrir opi. Óljóst hryggur liggur austur-vestur inni í gerðinu en er ekki nógu greinilegur til þess að hægt sé að greina hólfaskiptingu. Veggirnir eru aflíðandi og fjara út. Fyrir sunnan bæinn er stakstæð þúst sem hér fær bókstafinn C til aðgreiningar. Þústin er 8 x 5 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,1 - 0,4 m á hæð. Hún er hæst til suðurs og bratt þar niður. Fyrir vestan gerði B er hóll D. Hann er 18 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hóllinn er flatur að ofan en þar mótar óljóst fyrir dældum. Hann er 0,3 m á hæð og snýr austur-vestur, hliðarnar eru brattar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 408; Ö-Auðsholt, 1

ÁR-495:005 heimild leið 63°56.715N 21°09.920V
"Miðskák. Austan Miðhjáleigu [004], austur (n.a.) að götu, sem lá frá Auðsh. og austur í Ærhúshólana [009]," segir í örnafnalýsingu. Leiðin lá til suðausturs frá bæ 001 og að fjárhúsum 009. Leiðin var um 180 m löng og lá í gegnum heimatúnið.
Slétt, ræktað tún. Leiðin lá þvert yfir laut, milli bæjarins og klettanna. Túnið er sléttað og við það hefur leiðin horfið.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 1

ÁR-495:006 *Álfhóll* álagablettur 63°56.702N 21°10.102V
"Álfhóll: Klettahóll í túnjaðrinum, gróin, þýfður, norðan við Vestriskák. Þau ummæli fylgdu honum, að hann mátti ekki slétta, en slá árlega og síðast af túninu. Það er um dagslægja með orfi. Þegar Grímur hákonars. bjó í Auðsh. fylgdi hann þessu trúlega og sló hólinn sjálfur," segir í örnefnalýsingu. Álfhóll er rúmum 130 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 30 m austan við Miðhjáleigu 004. Hóllinn er náttúrlegur, á mörkum holts og mýrlendis.
Álfhóll er ílangur, um 40 x 15 m að stærð og 1,5 - 2,5 m á hæð. Hann er algróin og mold víða í jarðvegsrofi. Kerfill vex á hólnum í litlum breiðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 1

Mynd 5. Álfhóll 495:006, horft til vesturs.

ÁR-495:007 *Fjósavöllur* heimild fjós 63°56.775N 21°10.090V
"Fjósavöllur: Vestan við bæinn að Veitunni," segir í örnefnalýsingu. Fjósavöllur er 60 m vestan við bæ 001, á mörkum Bæjarmýrar. Þetta svæði dregur líklega nafn sitt af fjósi sem var við bæ 001 en fær að njóta vafans og haft hér með stakstætt. Frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
Svæðið er óræktað tún en þarna er mikið jarðrask. Hér vex mikið af njóla.
Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 1

ÁR-495:008 *Brunnhóll* brunnur brunnur 63°56.762N 20°10.087V
"Brunnhóll: Hóll syðst í Vesturtúni. Sólbrann oft á vorin. Brunnur rétt hjá hólnum," segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn er rúma 50 m vestan við bæ 001 og rúma 110 m norðan við Áflhól 006. Yfir brunninum er hús eða "þak" og hann er enn nýttur. Rör og lagnir liggja niður í brunninn ásamt keðju, líklega

Mynd 6. Brunnur 495:008, horft til suðvesturs.

fyrir fötu. Brunnurinn er í vesturjaðri heimatúnsins, þar sem Bæjarmýri tekur við.
Brunnurinn er í óræktuðu túni, við mýri. Vírgirðing er um 3 m vestar og sóleyjar vaxa hér um allt.
Brunnurinn er um 1 m í þvermál, hringlaga og hlaðinn úr grjóti. Skrásetjari kíkti ofan í brunninn og það er um 1 m niður á vatnsyfirborð. Það eru a.m.k. 6 - 7 umför af grjóthleðslu ofarlega í brunninum en ekki er vitað hversu djúpur hann er. Húsið sem er yfir brunninum er úr krossvið, þríhyrningslaga og er nánast ónýtt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2

ÁR-495:009 *Ærhúshólar* heimild fjárhús 63°56.700N 21°09.895V
"Ærhúshólar: Hólar austan við Miðskák. Þar stóðu ærhús," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega á Ærhúshólum fjárhúsin voru, þarna eru miklar herminjar auk vatnstanks sem reistur var af Grími Hákonarsyni, bónda í Auðsholti 1938-1959 (sjá 010). Líklega eru herminjarnar reistar á að hluta á grunni fjárhúsanna en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Magnús Gíslason, heimildamaður, man ekki eftir fjárhúsum á þessum stað. Þarna er einnig 20. aldar skemma sem er reist í fallbyssustæði.
Ærhúshólar eru hólaröð sem eru í austurhluta holtsins sem bærinn er á. Þar umhverfis eru slétt, ræktuð tún, hólar og lægðir. Túnið er í halla til austurs, niður frá Ærhúshólum.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2

ÁR-495:010 *Audsholt station* mannvirki herminjar 63°56.692N 21°09.873V
"Ærhúshólar: Hólar austan við Miðskák [...] Breski herinn byggði þar byssustæði og skotgrafir á stríðsárunum, sér enn fyrir þeim mannvirkjum," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi eftir Guðmund Kristinsson segir: „Reist voru ein 20 topptjöld á árbakkanum við Ólafsstekk [sjá 013], fram af Auðsholtshjáleigu [ÁR-496]. Aðrar tjaldbúðir reistu þeir uppi á Auðsholtstúni, norðaustur frá bænum og timburskúr fyrir eldhús. Þangað fór einnig 40 manna kanadísk vélbyssusveit, […] nefndu þeir herbúðirnar Audsholt station. […] Áttu þeir að styðja Kanadamenn við varnir flugvallarins í Kaldaðarnesi og settu upp stórar loftvarnarbyssur [tóft A og B] syðst á hæðardraginu austur af Auðsholtsbænum. […] Uppi á hæðardraginu, skammt norðan við byssurnar, var steypt gluggalaust byrgi [hús D] með steyptu lofti og hulið með mold og sniddu. Það var 14 m langt, tæpir 4 á vídd og með 2,25 metra lofthæð. Það var stjórnstöðin fyrir byssurnar. Dyr voru á norðurenda og tvær á hvorri hlið. Með vesturhliðinni var axlarhá skotgröf fram í vígi [minjar E] með þremur smáútskotum sunnan við byrgið. […] ekið var inn í kampinn af Arnarbælisvegi úr norðri framhjá varðmönnum í skýli [mannvirki T]. Þaðan lá vegur [Vegur S] til suðurs, austan við Gónhól og byrgið og að loftvarnarbyssunum. Þegar ekið var suður herbúðarveginn, var fyrst komið að eldhúsinu [tóft R] vestan við veginn. Þar tóku við hlaðnir garðar beggja vegna vegarins. Fyrir ofan veginn voru skotgrafir og 1-2 braggar [mannvirki H og G?] í brekkunni upp að Gónhól, þar sem vatnsgeymir [þúst I] var byggður. Fyrir neðan veginn voru einir tíu braggar [braggar U-Æ, M, N] og suður af þeim var stakur braggi offísera [Braggi L]. Og niðri á láglendinu syðst var 5 metra djúpur brunnur [brunnur J], steyptur og dæluhús úr holsteini [hús K]. Tveir braggar voru

Mynd 7. Camp Audsholt 495:010, skráðar minjar hnitsettar á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

reistir austur við Tjaldhól, annar fyrir skotfæri en hinn fyrir verkfæri. [Braggar P og Q] […] Þegar herinn fór frá Kaldaðarnesi haustið 1943, yfirgáfu hermennirnir kampinn í Auðsholti og tóku niður stóru loftvarnarbyssurnar. Settu þeir í staðinn upp langa, svarta símastaura til þess að villa um fyrir óvinaflugvélum." Herbúðirnar eru rúmum 150 m suðaustan við bæ 001, uppi á Ærhúshólum. Hluti af mannvirkjunum eru ennþá varðveitt en minjarnar hafa látið á sjá frá árinu 1998 þegar þeim var fyrst lýst. Bókstafirnir í svigum hér ofar eru útskýrðir nánar hér neðar.

Mynd 8. Byrgi 495:010d, horft til suðvesturs.

Ærhúshólar eru suðaustan við bæ 001, vestan við Arnarbælisveg. Allt umhverfis þá er ræktað tún. Hólarnir eru algrónir og hvergi sér til kletta þar. Víðsýnt er til allra átta uppi á hólunum.

Herminjarnar eru á svæði sem er 200 x 120 m að stærð og snýr norður-suður. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi er birtur uppdráttur af braggahverfinu, byggður á þeim minjum sem sáust á yfirborði árið 1998. Þessi teikning er ekki í réttum hlutföllum en auðvelt er að átta sig á hvaða minjar eru sýndar þar þegar komið er á vettvang. Lýsingin hefst í suðurhluta svæðisins, á eystra fallbyssustæðinu. Hér er hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar og er vísað í þá í leiðarlýsingu hér ofar. Mannvirki A er fyrir miðju svæðisins og var eystra fallbyssustæðið. Þar sést steinsteypt þak og op til austurs. Byssustæðið er niðurgrafið en ekki var hægt að fara þar inn vegna rusls sem er þar inni. Mikið af dekkjum er ofan á þakinu. Opið er 0,3 m á hæð. Byssustæði B var vestar, nánast þar sem fjárhús 009 er nú. Öll ummerki þess eru horfin af yfirborði. Á teikningunni er mannvirki C sýnt á milli þeirra en það er einnig horfið. Skammt norðan við loftvarnarbyssurnar var hús D. Það er ennþá uppistandandi og snydda ofan á því. Skrásetjari fór ekki inn í húsið, það er hrörlegt en ekki eru mörg ár síðan það var síðast notað. Húsið er sem fyrr segir 14 x 4 m að stærð og lofthæðin er 2 - 3 m. Dyrnar á hliðunum sáust ekki, mögulega vegna mikils gróðurs. Skotgrafir E eru vestan og sunnan við hús D. Þær sjást ennþá en þegar skásetjari var á ferðinni var mittishár gróður og erfitt að átta sig á legu og ástandi þeirra. Veggirnir eru steyptir en grjóthleðsla er inn á milli steypunnar. Þeir eru 1 - 2 m á hæð, fallnir saman og gróið yfir þá á köflum. Til vesturs sést gangur, 4 x 1 m á hæð sem sveigir til suðurs. Þar er hólf en hrun er þar inni. Þar suðaustar er annað hólf og mögulega gangur en einnig er hrun þar yfir og mikill gróður. Víða er steypuklumar og járnarusl. Skotgrafirnar eru 14 x 11 m að stærð og snúa norður-suður. Á uppdrætti Guðmundar er merktur útsýnispallur þarna syðst en hann er horfinn. Þúst F er 8 m VNV við hús D. Hún er 6 x 3 m að stærð, 0,4 m á hæð og algróin. Hún er ekki merkt inn á uppdrátt Guðmundar. Þúst G er um 10 m norðan við þúst F. Hún er 10 x 8 m að stærð, 0,5 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er algróin og hvergi glittir í grjót. Þúst H er 10 m norðaustan við þúst G. Þetta var braggi við svokallaðan Gónhól. Þústin er 6 x 3 m að stærð og virkar ansi lítil fyrir bragga, mögulega var hann við þústina. Þúst I er vatnsgeymir, sem byggð var af fyrrum ábúanda, Grími Hákonarsyni. Hann er 20 m norðvestan við þúst/bragga H. Hún er 5 x 5 m að stærð og 0,5 m



Mynd 9. Teikning af Camp Auðsholt, sem birtist í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi ,bls. 30.

Mynd 10. Byssustæði 495:010a og brunnur 495:010v. Á báðum myndum er horft til vesturs.

á hæð. Líkt og hinar minjarnar er vatnsgeymirinn algróin og hvergi glittir í grjót eða annað sem gefur nánara lag til kynna. Brunnur J er suðaustan við Ærhúshóla 009 og sést ennþá. Hann er rúmum 40 m austan við byssustæði A. Brunnurinn er stór og djúpur. Hann er 4 x 2 m að stærð og ekki sást niður í botn. Hliðar hans eru steyptar en net var yfir opinu til að varna fólki og skepnum niðurfalli. Brunnhús K er fast norðar og byggt úr holsteini og steypu. Það er hrunið og erfitt að átta sig á nákvæmu lagi þess, hluti af norður- og vesturvegg standa enn. Á uppdráttinn er merktur braggi fyrir yfirmenn, skammt vestan við brunninn, hann sást ekki á yfirborði. Fyrir norðan brunnhús K voru einnig tveir braggar, hér kallaðir M og N, þeir eru einnig horfnir. Öskuhaugur O er tæpa 80 m austan við brunn J. Hann sést ekki á yfirborði en að sögn Magnúsar Gíslasonar, heimildamanns, léku hann og aðrir drengir sér þar gjarnan. Öskuhaugurinn er sunnan við holt sem þarna er við Arnarbælisveg og aspir eru þar í tugatali. Braggi P var þar nokkuð norðan sunnan við Tjaldhól. Hann er einnig horfinn en var verkfærageymsla. Braggi Q var suðvestan við tjaldhól, grunnur hann sést enn. Samkvæmt uppdrættinum var þetta skotfærageymsla. Eldhús R var fast vestan við veg S, nyrst í braggahverfinu. Það er einnig horfið en þetta var tilburhús. Vegur S lá til suðurs af Arnarbælisvegi og eins og segir hér ofar var hluti af veggjunum hlaðnir og skotgrafir vestan hans. Vegurinn sést ennþá sem túnslóði í ræktuðu túni en ekki sér til veggja né skotgrafa. Varðskýli T var á gatnamótum Arnarbælisvegar og vegar S, hann var nyrstur og nokkuð stakstæður. Varðskýlið er horfið. Braggar U-Æ voru austan við Ærhúshóla, sjö talsins í röð norður-suður. Vegur S lá umhverfis þá og afmarkaði. Þeir eru einnig horfnir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2; Guðmundur Kristinsson, 30-32

ÁR-495:011 heimild hesthús 63°56.639N 21°09.723V
"Reitur: Túnið sunnan vegarins að Auðsholtshjáleigu [ÁR-495]. Hesthúsflöt: Austast í Reitnum," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með fullri vissu hvar hesthúsið var eða hvort að það var nýtt frá Auðsholti eða Auðsholtshjáleigu RA-496. Telja verður líklegt að þetta hafi verið hesthús frá Auðsholtshjáleigu, enda rétt við heimatún þess bæjar. Það var um 110 m austan við bæ 001 og 20 m sunnan við traðir 496:006. Þetta hnit er tekið í túni sem kallast Reitur en ekki er vitað hversu stórt túnið var. Magnús Gíslason, heimildamaður, benti skrásetjara á grunn hesthúsa frá á 20. öld. Það var við afleggjarann heim að Auðsholtshjáleigu, en líklega var það á svipuðum stað og þetta hesthús sem hér er skráð að hans sögn. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hesthúsið með enn betri nákvæmni.
Í svokölluðum Reit er nú slétt tún nýtt til hrossabeitar. Það er komið í órækt. Túnið er framræst en hefur ekki verið nýtt lengi til sláttar. Þar sem yngra hesthúsið var, fast norðan við þar sem vegurinn beygir að Auðsholtshjáleigu sjást ummerki um steyptan grunn.
Öll ummerki hesthússins eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2

ÁR-495:012 vegur herminjar 63°56.593N 21°09.631V
"Rásarmelur: Melurinn á milli Rásarinnar og Hjáleigutúns. Af honum liggur vegur […] til S.A., sem herinn byggði," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi eftir Guðmund Kristinsson

segir: „Hinn 27. nóvember 1941 komu háttsettir foringjar að Auðsholti […] Vegurinn þangað hafði verið endurbættur og styrktur, og 2. desember hófst vegagerð fram að Ölfusá. Steypt var brú á Rásina, sem er framhald Bakkárholtsár, og lagður vegur um mýrarfen fram að Stapaklettum […]." Vegurinn á Rásarmel sést vel og er ennþá í notkun af landeigendum á svæðinu og veiðimönnum. Vegurinn lá að Stapaklettum og brú 022. Að sögn Magnúsar Gíslasonar, heimildamanns, er þetta einbreiður, uppbyggður vegur sem aldrei hefur verið lagfærður. Ölfusá flæddi þarna yfir 1968, tók efni úr veginum og af þeim sökum er hann holóttur en fær öllum bílum.
Óræktuð tún eru allt umhverfis veginn.
Vegurinn liggur til suðausturs, frá Arnarbælisvegi, skammt sunnan við heimreiðina af Auðsholtshjálegu. Hann liggur fast austan við Bakkárholtsá á milli beitarhólfa. Þegar sunnar dregur sveigir vegurinn til suðausturs og endar við brú 022. Vegurinn er 4 m á breidd og ekki frábrugðinn öðrum malarvegum. Hann er tæplega 700 m að lengd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2; Guðmundur Kristinsson, 59-60

ÁR-495:013 *Ólafsstekkur* heimild stekkur 63°56.529N 21°09.742V
"Ólafsstekkur: Smáhóll á árbakkanum," segir í örnefnalýsingu. Ólafsstekkur var um 550 m suðaustan við bæ 001, í landi sem nú tilheyrir Auðsholtshjáleigu ÁR-496. Ekki er vitað hvar stekkurinn var nákvæmlega staðsettur nema það var nærri vesturbakka Bakkár. Þarna við er skemma sem byggð var á seinnihluta 20. aldar en aldrei var lokið við. Þar austar, við ánna voru móbergsklettar og ekki langt síðan þetta svæði varð þakið gróðri að sögn Magnúsar Gíslasonar, heildamanns. Hann mundi ekki eftir tóft á þessu svæði. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi eftir Guðmund Kristinsson kemur fram að topptjöld breskra hermanna voru á þessum stað, áður en herbúðir 010 voru reistar.
Fyrir austan skemmuna eru grónir, lágir klettar og lautir á milli þeirra. Þar sér ekki til tófta eða ummerki um mannvist. Allt umhverfis klettana er óræktað tún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki um stekkinn sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2; Guðmundur Kristinsson, 30

ÁR-495:014 *Árstekkur* þúst stekkur 63°56.515N 21°10.265V
„Árstekkur: Smáhóll vestarlega á Fitjunum," segir í örnefnalýsingu. Árstekkur er um 500 m sunnan við bæ 001 og 270 m suðaustan við vað 038. Að sögn Magnúsar Gíslasonar, heimildamanns, stóð þessi hóll einn uppi þegar Ölfusá flæddi yfir svæðið árið 1968 og eini staðurinn sem kemur til greina til að hafa mannvirki á. Malarvegur að Arnarbælishverfi er fast sunnan við hólinn.
Óræktað svæði, á bökkum Ölfusár. Ræktað tún er skammt norðar.
Þústin er 17 x 8 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er 0,5 m á hæð, algróinn og hvergi glittir í grjót eða annað sem gefur nánara lag stekkjarins til kynna.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2

Mynd 11. Árstekkur 495:014, horft til vesturs.

ÁR-495:015 *Fjósbakki* örnefni fjós 63°56.763N 21°10.535V
"Fjósbakki: bakkinn á Sandá, vestan Veitu, gegnt Egilsst.," segir í örnefnalýsingu. Fjósbakki er um 400 m vestan við bæ 001, í mýri á merkjum við Egilsstaði ÁR-497. Afar ólíklegt er að fjós hafi verið á þessu svæði, Veitan er blaut mýri þrátt fyrir að vera framræst. Þess utan fer Ölfusá yfir þetta svæði í flóðum og oftar, áður en það var ræst fram. Ekki er útilokað að nafnið sé dregið af fjósi á öðrum hvorum bænum en mun styttra er að Egilsstöðum. Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja fjósið nánar en það er vitað hvaða svæði kallast Fjósbakki, við ánna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2

ÁR-495:016 heimild rista 63°57.178N 21°09.624V
"Sakka: Bleytusvakki í Flóðunum á floti. Þar var skorið torf," segir í örnefnaskrá. Sakka er rúmum 820 m NNA við bæ 001 og 400 m vestan við mógrafir 039. Að sögn Magnúsar Gíslasonar, heimildamanns, var víða tekið torf í landi Auðsholts, ekki bara í Sökku.
Í mýrinni sjást ekki ummerki um torfristu en þar eru áveitugarðar frá miðri síðustu öld.
Engin ummerki torfristu sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2

ÁR-495:017 *Sorgarsteinn* þjóðsaga 63°57.013N 21°09.827V

Mynd 12. Sorgarsteinn 495:017, horft til vesturs.

"Sorgarsteinn: Blágrýtissteinn á Bæjarholtinu. Nafnið er þannig til komið að sögn er um að kona hafi alið barn sitt undir steininum og fannst þar dáin," segir í örnefnaskrá. Sorgarsteinn er rúma 450 m norðaustan við bæ 001 og 350 m vestan við helli 020. Þetta er eini blágrýtissteinninn á þessum slóðum og hann sker sig vel úr umhverfinu.
Sorgarsteinn er innan beitarhólfs fyrir hross. Þar eru óræktuð tún og á einhverjum tímapunkti voru þau ræktuð. Steinninn er nyrst á Bæjarholtinu og þar norðar tekur mýrin Sakka við. Umhverfis Sorgarstein eru lægri klettar úr móbergi. Steinninn sjálfur en nánast ferkantaður, 1 - 2 m á hæð og umhverfis hann er gras. Greinilegt er að hross híma gjarnan þarna við.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Auðsholt, 3

ÁR-495:018 *Márstígur* heimild leið
Í sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir: „Minnilegust örnefni um þetta pláss allt reiknast þessi hér: […] Márstígur, Auðsholtsskyggnir, Völur, […].“ Í örnefnalýsingu segir: „Márstígur: Þetta nafn er í Lýsingu Ölfus eftir Hálfdán Jónsson. Ég tel líklegast að stígurinn hafi verið sunnan í Másteinsholtinu. En engar heimildir hefi ég um það." "Márstígsholt: Hálfdán Jónsson getur í Lýsingu Ölfushrepps um nafnið Márstígur. Ég tel líklegast, að hann sé á milli Skyggnisholts og þess holts, sem nú er nefnt Másteinsholt. Holtið hafi verið við hann kennt og heitið Márstígsholt, sem síðar hafi orðið Másteinsholt. Hitt nafnið, Móstingsholt, höfðar til þess, að mór hafi verið tekin við holtið. Það var ekki gert, fyrr en á síðustu árum mótekjunnar [sjá 506:033], og bendir til þess, að nafnið hafi verið á reiki, enda lítt skýranlegt“, segir í örnefnalýsingu Bakkárholts ÁR-506. Skyggnisholt er í landi Auðsholts og Másteinsholt er þar norðan við, nánast beint fyrir norðan. Stekkjarmýri (sjá 019) er þar á milli. Ekki er vitað hvenær þessi leið var í notkun eða hvar hún lá. Líklega var hún á svipuðum stað og núverandi vegur liggur enn og sýndur er á Herforingjaráðskorti frá 1908. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SSÁ, 245; Ö-Auðsholt, 3; Ö-Bakkárholt, 9

ÁR-495:019 *Stekkjarmýri* heimild stekkur 63°57.215N 21°09.187V
"Stekkjarmýri: Mýrin austan í Másteinsholtinu að Bakkárholtsá, syðsti hluti í landi Auðsh," segir í örnefnalýsingu. Ekkert er vitað um staðsetningu stekkjarins. Líklega var hann syðst í Másteinsholti, vestan við mýrina. Þar eru nú tvö hús, hið syðra er kjúklingabú og en skemma er til norðurs. Stekkurinn var tæpum 1,1 km norðaustan við bæ 001, rétt sunnan við landamerki Bakkárholts ÁR-506.
Syðsti endi Másteinsholts er í landi Auðsholts. Vestan við Stekkjarmýri koma klettar víða uppúr grasinu en einnig er þar töluvert jarðrask vegna bygginga.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 3

ÁR-495:020 *Auðsholtshellir* hellir fjárskýli 63°56.991N 21°09.409V

"Auðsholtshellir: Hellir vestan í Skyggnisholti. Þar var hýst fé, sauðir," segir í örnefnaskrá. Auðsholtshellir er um 650 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 300 m suðvestan við mógrafir 024. Hellirinn er náttúrulegur en hleðsla er framan við op hans.

Vesturhlíðar Skyggnisholts eru brattar og víða eru klettar. Neðri hluti þeirra eru grónar en klettar efst. Hellirinn er í einu klettabeltinu og brekkan nær upp að honum.



Mynd 13. Auðsholtshellir 495:020, horft til suðurs.

Hellisopið er 7 m langt og 2,5 - 3 m á hæð. Hellirinn snýr norðvestur - suðaustur og lofthæðin er minnst 1 m. Hellirinn er nokkuð reglulegur og myndar snotra hvelfingu. Engin mannaverk sjást þar inni. Nýlegt eldstæði er innst í hellinum svo hann er eitthvað notaður til skemmtana. Hleðsla er framan við opið. Hún er 8 m að lengd, 0,5 m á hæð og 3 m á breidd. Það er bratt til vesturs frá henni, niður brekkuna. Hleðslan lokar hellinum ekki að ofan og líklega var hann alltaf opinn þar. Op inn í hellinn er í suðvesturhorni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Auðsholt, 4

ÁR-495:021 *Stekkatún* gerði stekkur 63°56.306N 21°09.446V

"Stekkatún: Smáhóll á Stekkatúnsbakka, sér en fyrir tóftum," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er tæpum 980 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 100 m norðan við brú 022. Það er til ljósmynd af réttinni í notkun frá millistríðsárunum en því miður fékk skrásetjari ekki nánari upplýsingar um hana né sá. Ónýtur sumarbústaður, reistur milli 1970-80, er í miðri tóftinni, og bygging hans raskaði minjum eitthvað ásamt brúnni sem gerð var um 1941-1942. Þarna er rétt en ekki er vitað hvort að búið sé að stækka hana frá því að hún var í notkun á millistríðsárunum.

Tóftin er norðaustarlega í hólnum. Umhverfis hana er búið að planta skjólbelti og gera bakgarð. Rásin er 20 - 30 m vestar og meðfram henni eru slétt, ræktuð svæði.

Tóftin er 12 x 10,5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og



Mynd 14. Stekkatún 495:021, horft til suðurs.

grjóti, hér og þar sést glitta í steina án þess að um skýr umför sé að ræða. Veggirnir eru 0,4 - 0,7 m á hæð en bygging sumarbústaðsins raskaði og tók suðurhluta þeirra. Tóftin er opin til vesturs en líklega var hún stækkuð frá því að stekkjað var hér og gerð rétt. Brú 022b liggur nánast alveg að réttinni að sunnan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 4

ÁR-495:022 mannvirki brú 63°56.251N 21°09.480V
"Stapaklettar: (heimri og syðri). Tveir klettar, sem skaga út í Ölfusá [...] Mannvirki eru á þeim frá hernámsárunum. Þessir klettar eru ranglega nefndir Laxaklettar," segir í örnefnaskrá. Brúin er rúmum 1 km suðaustan við bæ 001 og tæpum 800 m vestan við mógrafir 023. Stapaklettar eru tveir og mannvirki eru á þeim báðum. Bát þarf til að komast á milli Stapaklettanna þrátt fyrir að stutt sé þar á milli, Ölfusá rennur þar í djúpum, straumhörðum ál. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi eftir Guðmund Kristinsson segir: "Bretar ákváðu að setja létta göngubrú fyrir benzínleiðslu á Ölfusá hjá Kaldaðarnesi. Skyldi hún liggja frá Stapaklettum fyrir austan Auðsholt í Ölfusi að vestanverðum flugvellinum í Kaldaðarnesi. En þar er Ölfusá um 800 metra breið. Þetta yrði því lengsta brúarmannvirki, sem gert hefði verið á landinu. Þetta var hengibrú á 20 stöplum, aðeins um 1,5 m breið, og var hvert brúarhaf um 40 metrar. Stöplarnir

Mynd 16. Brúin á Stapaklettum sést á vinstri myndinni úr suðvestri. Brúarpallur B sést á hægri myndinni og horft er til norðausturs.

voru gerðir af fjórum trjám, fet á kant, sem rekin voru niður í ána. Þau voru boltuð saman með krosstrjám og mynduðu undirstöður undir brúargólfin. Ofan á hvern stöpul voru reist há stauravirki með krosstrjám, sem báru uppi burðarstrengi brúarinnar, og á hana var sett tæplega meters hátt handrið. (…) Á árbakkanum var hlaðinn mannhæðarhár pallur úr grjóti og sementi fyrir olíubíla, þaðan sem benzíni skyldi dælt um brúarleiðsluna í geyma við flugvöllinn. Pallinn hlóð Sigurjón Steinþórsson, frá Króki, sem var snillingshleðslumaður, ásamt Guðbirni, syni sínum. […] Þannig þokaðist brúin lengra og lengra út í ána […] Sunnudaginn 25. október voru 10 brúarhöf sunnan megin brúarinnar fullgerð […] 11. nóvember […] gerði hvassann landsynning og illviðri […] Veðurofsinn stóð allan daginn en snérist á áttinni um hádegi. Þá gjöreyðilögðust stokkfestingar, svo að brúargólfin […] snérust og stórskemmdust. […] Um veturinn brotnaði þessi lengsta brú, sem smíðuð hafði verið á landinu, í spón." Brúin er rúman kílómetra suðaustan við bæ 001 og fast sunnan við rétt 021. Stapaklettar eru á norðurbakka Ölfusár og úti í ánni sjálfri, skammt frá landi. Umhverfis þá er sendinn árbakki og áin breiðir úr sér. Klettarnir eru



Mynd 15. Teikning af brúinni sem birtist í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi, bls. 60.

áberandi og sjást víða að.
Á syðri klettinum, sem er úti í ánni er steypt mannvirki en ekki reyndist unnað komast þangað. Þetta er brúarstöpull. Á heimri klettinum, sem er landfastur, er einnig brúarstöpull og fleiri steinsteypt mannvirki. Samtals eru þau um 30 x 1,5 m á stærð og liggja eftir endilöngum klettinum. Þarna var mögulega hús eða sambyggt rými. Olíupallurinn er 60 m norðar, við rétt 021. Hann sést vel í gegnum gróður og hleðslan að utan. Steinsteypa er á milli umfara. Pallurinn er 21 x 3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann mjókkar eftir því sem ofar dregur og er 2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 4; Guðmundur Kristinsson, 59-64

ÁR-495:023 *Móvöllur* náma mógrafir 63°56.229N 21°08.514V


Mynd 17. Mógrafir 495:023, horft til suðausturs.

"Móvöllur: Valllendisrimi austan við Stapholtin. Þar var tekinn mór frá Kaldaðanesi og fluttur á bát yfir Ölfusá. Móvallarholt: Gróið holt í Móvellinum. Þar var mórinn þurrkaður," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru tæpum 1,6 km suðaustan við bæ 001, við landamerki Kirkjuferju ÁR-493. Þær eru suðaustast í landi Auðsholts, við læk sem rennur í Ölfusá á merkjum þessara tveggja lögbýla.
Ræktuð tún eru vestan við mógrafirnar, í túninu má enn sjá Móvallarholt. Túnin eru framræst og á merkjum við Kirkjuferju er djúpur vélgrafinn skurður.
Mógrafasvæðið er 170 x 90 m að stærð og snýr norður-suður. Mórinn var tekinn í lækjargili og sjást mógrafir ennþá beggja vegna þess. Mógrafirnar eru djúpar, rakar og stórar. Þær eru hátt í 10 x 5 m að stærð og 1 m á dýpt. Erfitt er að áætla nákvæman fjölda grafa, svæðið er stórt og þar vex mikið af hvönn og njóla. Búið er að fylla upp í stóran hluta svæðisins. Bakkarnir eru grónir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 5

ÁR-495:024 *Gjósta* náma mógrafir 63°57.070N 21°09.087V

Mynd 18. Mógrafir 495:024, horft til suðurs.

"Gjósta: Mýrarslakki sunnan við ána, gegnt Stekkjarmýri, austan við klettsenda. Þar var tekinn mór. [...] Móklettar: Klettar suðaustur af Klettsenda. Þar var þurrkaður mór, (tekinn í Gjóstu)," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar sjást ennþá vestan við vélgrafinn skurð, austan við Skyggnisholt. Skurðurinn sker mótekjusvæðið í tvennt og sjást þær illa austan hans. Mógrafirnar eru tæpum 950 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 200 m sunnan við mógrafir 039.
Austan við Skyggnisholt er gróið, þýft og flatt svæði. Þar var blaut mýri og er hún svo enn þrátt fyrir framræslu. Mógrafirnar eru lægri en landið umhverfis, mögulega vegna efnistöku.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 165 x 165 m að stærð og mynda U-laga kraga. Þær sjást enn til vesturs. Þær eru 0,2 - 0,4 m á dýpt og þurrar. Þær renna saman svo ekki er hægt að áætla stærðina né nákvæman fjölda.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Auðsholt, 4-5

ÁR-495:025 *Ærhúshóll* tóftir fjárhús 63°56.820N 21°08.896V
"Ærhúshóll: Hóll austan við Tíðhól," segir í örnefnaskrá. Tvær tóftir og tvær gryfjur eru á Ærhúshól, um 920 m austan við bæ 001 og tæplega 270 m NNV við tóft 034. Þessi beitarhús voru enn uppistandandi þegar Magnús Gíslason, heimildamaður, kemur hingað um 1959. Hann man ekki eftir þeim í notkun. Tóftirnar eru í suðurhluta hólsins, tæpum 50 m norðan við vélgrafinn skurð.
Gróinn mói. Víða koma klettar, lítil holt og hólar upp úr sverði, mýrlent er á milli þeirra.

Mynd 19. Tóft 495:025a, horft til suðurs og tóft 025b, horft til NNV.

Minjarnar eru á svæði sem er 70 x 45 m að stærð og snýr austur-vestur. Lýsingin hefst í tóft A í miðju svæðisins. Hún er 17 x 10 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf. Til suðurs er hólf 1. Það er 10 x 7 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólfið er opið til suðurs og þar var bárujárnsgafl. Hluti þaksins liggur ennþá inni í hólfinu. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, 0,6 - 1,1 m á hæð og 2,5 m á breidd. Það sjást 3 - 6 umför af grjóti í þeim. Hólf 2 er norðar. Það er 7 x 4 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Ekkert op sést þar inn. Það er grafið inn í hólinn til norðurs og þar sjást veggir ekki að utan. Þetta er niðurgrafin hlaða, um 1 m djúp. Inni í henni er veggjahrun. Veggirnir eru 1 m á hæð og það sjást 3 - 4 umför af grjóti í þeim. Fyrir vestan tóft A eru tvær gryfjur, um 5 x 5 m að stærð og 0,4 m á dýpt. Stutt er á milli þeirra og líklega voru þær tengdar notkun á beitarhúsunum á einhvern hátt. Tóft B er rúmum 30 m norðaustan við tóft A. Hún er 10 x 10 m að stærð og einföld. Op er á miðjum suðurvegg. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 0,4 m á hæð og 2 umför sjást í veggjum. Bárujárn var í þaki, leifar þess sjást enn inni í tóftinni. Innan í veggjunum sjást smásteinar og mold, einhvers konar veggjafylling. Þetta var líklega hrútakofi eða rétt.



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 5

ÁR-495:026 *Árnadys* heimild legstaður landamerki 63°57.089N 21°07.969V
"Landamerki: „ […] Þaðan bein lína til austurs í Árnadys í Kringlumýri. Þaðan til suðurs í Völudý […] Árnadys: Lítill grjóthóll í Kringlumýri. "Sennilega gömul dys" sagði Hjörtur, " segir í örnefnalýsingu. Árnadys er norðaustast í landi Auðsholts, á merkjum við Bakkárholt ÁR-506 og Kirkjuferju ÁR-493. Þarna er hornstaur en ekki sjást ummerki um grjóthól né dys. Árnadys er tæpum 1,8 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 550 m norðaustan við beitarhús 035.
Árnadys er uppi á norðurenda Stóra-Árnholts. Þar eru lágir klapparhólar, melur og mýrarvik. Girðingar á merkjum þessara jarða mætast þarna.

Engin ummerki um dysina sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 1, 5

ÁR-495:027 *Smalaskáli* örnefni smalakofi 63°56.353N 21°08.970V

"Smalaskáli: Smáhóll gróinn, norðan við Stapholt," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Smalaskáli er staðsettur, hann gæti einnig verið komin í slétt, grasivaxið tún eða innan beitarhólfs enn norðar. Skammt fyrir norðan Stapholtin er hins vegar lítil grjótþúst og sé tekið mið af örnefnalýsingu er það að öllum líkindum umræddur Smalaskáli. Hann er rúmum 1,1 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 430 m norðvestan við mógrafir 023.

Mynd 20. Smalaskáli 495:027, horft til suðurs.

Grjótþústin er norðan við Stapholtin, á hólbarði sem liggur til norðurs frá þeim. Stapholtin afmarkast við kletta við Ölfusá en lægð gengur til austurs á milli þeirra og þessa holts. Vegslóði liggur þarna þvert yfir, að túnum enn austar. Til austurs eru ræktuð tún en til vesturs er óræktuð, framræst mýri. Vegslóðinn er 20 m sunnar.
Þústin er 4 x 3 m að stærð, snýr austur-vestur og hlaðin úr grjóti sem tekið er á svæðinu. Þetta eru litlir stuðlar. Það eru 2 - 3 umför af grjóti í veggjunum og þeir eru 0,2 - 0,3 m á hæð. Þústin er hæst fyrir miðju, 0,4 m. Ekkert op sést hér inn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 5

ÁR-495:028 garðlag túngarður 63°56.668N 21°09.922V

Túngarður sést í austurhluta heimatúnsins en hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1918. Hann afmarkaði heimatún Auðsholts og Auðsholtshjáleigu ÁR-496 að öllum líkindum. Túngarðurinn sést skammt vestan og norðvestan við herminjar 010. Túngarðurinn sést vel þrátt fyrir að vera útflattur. Túnið hefur verið stækkað, það er mun stærra á túnakortinu.
Slétt tún. Það er slegið og einnig nýtt til beitar. Túngarðurinn er í vesturjaðri holts sem þarna er, ofarlega í aflíðandi brekku.



Mynd 21. Túngarður 495:028a, horft til norðurs og 028b, horft til SSV.

Túngarðurinn er 370 m að lengd og snýr norður-suður. Hann er varðveittur í þremur hlutum og er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Túngarður A er í miðju heimatúninu. Hann er tæplega 110 m að lengd, bogadreginn og siginn. Hann er 8 - 9 m á breidd og 0,3 - 1 m á hæð. Hliðar hans eru aflíðandi og hann myndar áberandi brún í túninu. Túngarður B er fyrir sunnan Ærhúshóla 009. Hann lá

eflaust að hluta uppi á hólnum en þar er hann horfinn vegna rasks tengdu herminjum 010 og túnasléttur. Þessi túngarður er eins að gerð og lögun nema mun brattari til austurs, niður af holtinu. Hann nær allt að Auðsholtshjáleigu þar sem hann hverfur vegna bygginga. Túngarður C er fyrir norðan túngarð A, norðan við núverandi heimreið. Hann er 45 m að lengd og liggur VNV-ASA. Það sést móta fyrir honum a loftmynd sunnan við heimreiðina. Þetta er líklega hluti af þeim túngarði sem sést á túnakortinu. Hann er 3 - 4 m á breidd og 0,3 m á hæð. Eins og hinir hlutarnir en hann algróin og aflíðandi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-495:029 heimild traðir 63°56.800N 21°10.014V
Traðir eru sýndar á túnakorti frá 1918. Þær lágu til norðurs frá bæ 001, sveigðu fljótlega til norðausturs og lágu út túnið. Traðirnar voru á sama stað og núverandi heimreið.
Slétt, grasivaxin tún og skjólbelti eru á þessum slóðum. Malarvegur liggur þarna núna og ekkert sést til ummerkja um traðirnar.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-495:030 mannvirki 63°57.018N 21°09.238V
Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi segir: "Þá reistu þeir stóran bragga með loftsnetsskermi fyrir miðunarstöð nyrst á Skyggnisholti, um 700 m fyrir norðan varðstöðina við Stóra-Skyggni [sjá 042]." Bragginn var um 200 m austan við Auðsholtshelli 020 og tæpum 830 m norðaustan við bæ 001. Öll ummerki braggans eru horfin en þarna er grunnur af 20. aldar byggingu, líklega reista á grunni braggans. Þarna voru fjárhús en einnig skemma og fleiri not af byggingunum. Bragginn gæti einnig hafa verið á klettum skammt suðaustan við grunn fjárhúsanna en þar sjást ekki ummerki um nein mannvirki.
Víðsýnt er af Skyggnisholti og þar eflaust hentugt að hafa mannvirki. Umhverfis húsgrunnana er malarnáma. Holtið er annars gróið, með klapparhólum og lautum.
Engin ummerki mannvirkisins sjást á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 33

ÁR-495:031 tóft rétt 63°56.617N 21°09.291V



Mynd 22. Tóft 495:031, horft til norðurs.

Tóft er rúmum 650 m suðaustan við bæ 001 og 280 m austan við veg 012. Hún er innan landsvæðis sem í dag tilheyrir Auðsholtshjáleigu ÁR-496 en landinu var skipt upp milli 1970-80. Tóftin er fyrir miðju Skyggnisholti, á austurhluta þess.
Tóftin er hlaðin á lágum klettahól, inn á milli lágra kletta sem þar eru. Svæðið er uppblásið en þar eru ummerki um uppgræðslu og greinilegt að hrossum er gefið þarna nálægt yfir vetrartímann. Mýri er umhverfis holtið, víða eru moldarbörð og þúfur. Uppblástur er efst á holtinu.
Hér er um grjóthlaðna rétt að ræða. Hún er 6 x 4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Réttin er hlaðin úr smáu grjóti sem tekið er úr holtinu. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og það má greina 1 - 2 umför af grjóthleðslu í þeim. Til suðurs fer hleðslan upp á lágan klett og bratt er til suðvesturs frá veggjunum. Það mótar óljóst fyrir opi til norðurs. Umfang tóftarinnar er lítið og tilgangur óljós, mögulega er hér um verk barna að ræða. Réttin sést ekki fyrr en að henni er komið, veggirnir illa hlaðnir

og fremur að þeim hafi verið staflað en hlaðið skipulega upp.
Hættumat: engin hætta

ÁR-495:032 tóft óþekkt 63°56.589N 21°09.033V
Að sögn Runólfs Gíslasonar, heimildamanns, er tóft tæpum 220 m austan við rétt 031 og rúmum 870 m austan við bæ 001. Tóftin er á hrygg sem liggur til austurs frá Skyggnisholti. Tóftin er ekki gömul en talin hér með vegna forns byggingarlags. Þetta landsvæði til heyrir í dag Auðsholtshjáleigu ÁR-496 en landinu var skipt upp milli 1970-1980.
Holtið er gróið en stutt er niður á mel. Umhverfis það er framræst mýri.
Tóftin er 10 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er illa farin, veggirnir eru torfhlaðnir og útflattir. Rof er eftir þeim endilöngum og þeir horfnir í miðjunni. Þeir eru 0,1 - 0,2 m á hæð og grónir. Op er í suðausturhorni tóftarinnar.
Bárujárn var í þaki, það sést ofan á veggjum og rusl er inni í henni.
Hættumat: engin hætta

Mynd 23. Tóft 495:032, horft til norðausturs.

ÁR-495:033 frásögn mógrafir 63°56.743N 21°08.230V
Mógrafir eru tæpum 1,5 km austan við bæ 001 og tæpum 350 m suðaustan við tóft 034. Þær eru við landamerki Kirkjuferju ÁR-493, við suðurenda Litla-Árnholts, nánast uppi á holtinu. Auðsholtssund tekur þar við til suðurs. Hér er fremur um pytt en mógröf að ræða. Hann er a.m.k. 4 m djúpur, hestur fór þarna ofan í árið 2014 og erfitt var að ná honum upp.
Litla-Árnholt er gróið en stutt er niður á mel og litlir gjóthólar koma víða upp úr sverði. Til suðurs er framræst mýri og allt þetta svæði er nýtt til hrossabeitar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-495:034 tóft beitarhús 63°56.701N 21°08.690V
Tóft er á hól í Auðsholtssundi. Hún er rúmum 1,1 km austan við bæ 001 og rúmum 500 m norðaustan við tóft 031. Tóftin sést vel og er áberandi í mýrinni. Hún er undir miklum ágangi hrossa og farin að láta verulega á sjá.

Mynd 24. Tóft 495:034, horft til austurs.

Auðsholtssund er nú framræst mýrlendi, vélgrafinn skurður á merkjum Auðsholts og Auðsholtshjáleigu ÁR-496 er 100 m vestar en tóftin. Mýrin er ennþá rök og víða eru pollar. Hóllinn er náttúrulegur en án efa er hluti hans uppsöfnuð mannvistarlög.
Hóllinn er um 30 m í þvermál, tóftin er í suðurhluta hans og er grafinn inn í hólinn. Hóllinn sést ennþá til norðausturs og er 0,5 - 0,8 m á hæð. Tóftin er 18 x 12 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og lag hennar og gerð bendir til þess að um beitarhús sé að ræða. Lýsingin hefst til suðvesturs í hólfi 1. Það er 12 x 5 að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er opið til suðurs. Veggirnir eru 0,3 - 0,6 m á hæð og það glittir í 2 - 3 umför af gjóthleðslu í þeim. Hólf 2 er hlaða og er norðaustan við hólf 1. Það er 5 x 5 m að innanmáli og ekkert op sést þar inn. Hólfið er grafið inn í hólinn, að utan eru veggirnir 0,5 - 1 m á hæð en að innan eru þeir 1,5 - 2 m. Það glittir í 5-7 umför af grjóthleðslu inni í hólfinu en að utan eru þeir algrónir. Hólf 3 er norðvestan við hólf 1. Það er raskað, einungis hluti af nyrðri vegg sést ennþá. Veggurinn er 1 m á hæð og mikið hrun er "inni" í hólfinu, fyrir sunnan hann. Það glittir í 1-2 umför af grjóti í veggjunum. Hólfið var líklega ekki undir þaki og opið til suðvesturs.
Hættumat: engin hætta

ÁR-495:035 tóft beitarhús 63°56.898N 21°08.461V
Tóft er vestan undir svokölluðum Brúnkolluhól, um 1,3 km ANA við bæ 001 og rúmum 380 m norðaustan við tóftir 025. Tóftin er undir hólnum þar sem hann er hæstur og er byggð upp að honum. Vestan í Brúnkolluhól eru klettabelti sem er 2,5 - 3 m á hæð.
Umhverfis Brúnkolluhól er mýri. Víða koma lág holt, klettahryggir og melur uppur sverði. Mýrin er blaut og þar eru víða blautir pollar og pyttir. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.



Mynd 25. Tóft 495:035, horft til NNV.

Tóftin er 16 x 14 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hún er grafin inn í brekku að hluta til austurs. Lýsingin hefst til norðurs í hólfi 1. Það er 11 x 3 m að innanmáli, snýr norðvestur - suðaustur og garði liggur eftir því endilöngu. Hann er grjóthlaðinn og er 0,3 m á hæð. Hólfið nær allt að klettunum. Veggirnir eru 0,3 - 0,5 m á hæð og í þeim glittir í 1 - 3 umför af gjóthleðslu. Mest af grjóti sést upp við klettinn til suðausturs. Hólfið er opið til norðvesturs. Hólf 2 er sunnar. Það er 7 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru eins og í hólfi 1, grónir og það glittir í 1-3 umför af grjóthleðslu. Ekkert op sést inn í hólfið.
Hættumat: engin hætta

ÁR-495:036 garðlag varnargarður 63°56.548N 21°10.345V
Garðlag er við veginn að Arnarbæli ÁR-500, þar sem hann liggur næst Ölfusá. Hér er líklega um varnargarð að ræða enda á áin það til að flæða hér í yfir. Að sögn Magnúsar Gíslasonar, heimildamanns, er þetta fornt garðlag. Það stóð af sér flóðin í Ölfusá um 1970. Það náði eflaust lengra til vesturs að hans sögn, allt að Sandá.
Garðlagið liggur eftir þurrum vallendisbakka, norðan við veginn, til norðvesturs frá stekk 014. Fyrir norðan garðlagið eru ræktuð tún, áður kartöflugarðar. Þetta er framræst, ræktuð mýri.
Garðlagið liggur til NNV frá Árstekk 014, sveigir til norðvesturs og endar í ræktuðum túnum austan við Sandá. Það er torfhlaðið, 3 - 4 m á breidd neðst og mjókkar upp. Það er tæplega 300 m að lengd, 0,4 -

0,6 m á hæð og vírgirðing er ofan á stórum hluta þess. Hér og þar er komið rof í garðinn en á einum stað er búið að leggja veg í gengum hann, inn á ræktuð tún.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 26. Garðlag 495:036, horft til norðvesturs.

ÁR-495:037 tóft útihús 63°56.789N 21°09.840V
Útihús er rúma 150 m vestan við bæ 001, skammt austan við túngarð 028. Útihúsið er í sléttu, ræktuðu túni og aspir eru meðfram því til allra átta nema austurs. Útihúsið skagar til vesturs úr brekku sem þarna er og sést illa vegna trjánna.
Túnið er grasivaxið og slétt. Víða eru lágir hryggir og hólar. Túnið er slegið og nýtt til beitar.



Mynd 27. Útihús 495:037, horft til vesturs.

Tóftin er vestan í lágri brún, rétt austan við heimatúnið eins og túngarður 028a afmarkaði það. Lág er á milli túngarðsins og brúnarinnar. Tóftin er 9 x 6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru úr tofi og grjóti, 0,3 - 0,4 m á hæð og algrónir. Þeir eru 1,5 - 2 m á breidd. Veggirnir eru hæstir að innan til austurs. Útihúsið er á lágum hól, líklega uppsöfnuðum mannvistarlögum að hluta.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-495:038 heimild vað 63°56.603N 21°10.609V
"Sandá: Rennur nú í skurði á líkum stað og hún rann áður. Vað var á henni rétt ofan við ór[s)inn," segir í örnefnaskrá. Magnús Gíslason, heimildarmaður, man eftir vinnuvélum sem fóru þarna yfir á vaði, brúin var það léleg. Þetta gat verið erfitt vað, áin er djúp og gróf sig þarna niður. Vaðið er tæpa 570 m suðvestan við bæ 001 og 40 m vestan við garðlag 036.
Vaðið var skammt "ofan" eða norðan við búnna, þar sem skurðurinn endar nú. Áin er 0,3 - 1 m á dýpt og 20 m breið á þessum slóðum. Ekki sér til gatna fyrir utan

Mynd 28. Vað 495:028, horft til suðvesturs.

núverandi malarveg að Arnarbæli ÁR-500.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2

ÁR-495:039 náma mógrafir 63°57.193N 21°09.133V

Mynd 29. Mógrafir 495:039, horft til suðvesturs.

Mógrafir eru í Stekkjarmýri (sjá 019), við suðurenda Másteinsholts. Þær eru um 50 m austan við skemmu sem þarna er, innan afgirts beitarhólfs fyrir hross. Mógrafirnar eru rúmum 1 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 250 m norðan við mógrafir 024.
Stekkjarmýri afmakast af Bakkárholtsá til austurs og suðurs, áin rennur þarna í bug og þar er mýrlent. Másteinsholt er til vesturs. Mýrin er framræst, stórþýfð og gróin.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 37 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hægt að áætla fjölda grafa, þær eru í ílöngum, mjóum rákum. Þó sér enn móta fyrir stöku mógröf. Þær eru 0,3 m á dýpt, þýfðar og grónar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-495:040 öskuhaugur 63°56.761N 21°10.021V
Að sögn Magnúsar Gíslasonar, heimildamanns, var komið niður á öskuhaug við jarðrask á bæjarhólnum á seinni hluta 20. aldar. Hann fannst þegar lagnaskurður var grafinn frá íbúðarhúsinu. Öskuhaugurinn var fast sunnan við síðasta íbúðarhúsið, þar sem bær 001, var uppi á holtinu. Húsið var rifið 2008.
Öskuhaugurinn er í jaðri núverandi bakgarðs, við mörk túnsins. Þar eru runni sem áður var í garðinum Öskuhaugurinn var um 3 m djúpur og þar voru mikið af brenndum beinum, m.a. annars fiskibein.
Engin ummerki um öskuhauginn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-495:041 heimild mógrafir 63°56.397N 21°09.270V
Á loftmynd, líklega frá því um 2000, sjást mógrafir norðan við Stapholt, um 920 m suðaustan við bæ 001 og 220 m norðaustan við stekk 021. Skrásetjara var ekki kunnugt um mógrafirnar á vettvangi og þær ekki skoðaðar. Aðgengi að þeim er erfitt, djúpir vélgrafnir skurðir liggja að þeim til vesturs og suðurs.
Gróin, framræst mýri sunnan við Skyggnisholt. Mógrafirnar eru á milli þess og Stapholta. Svæðið er 135 x 63 m að stærð og snýr austur-vestur. Vélgrafinn skurður liggur þvert eftir suðurmörkum mótekjusvæðisins.
Hættumat: engin hætta

ÁR-495:042 heimild
"Við Stóra-Skyggni, efst á Skyggnisholti, um 500 m austur frá Auðsholti, var hlaðið byrgi úr torfi og komið þar upp varðstöð. Þar er mjög víðsýnt, og þar voru varðmenn allan sólarhringinn." segir í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi. Ekki er vitað hvar þessi varðstöð var staðsett, líklega þar sem núverandi mastur er. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 32

ÁR-496 Auðsholtshjáleiga

"Sydri hjáleiga, önnur af sömu jörðu. Dýrleikinn áðurtalinn með heimajörðunni." JÁM II, 409. Hjáleiga frá Auðsholti. „Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1708 nefnir tvær hjáleigur frá Auðsholti: Auðsholtshjáleigu heimari [495:004], sem er löngu komin í eyði, og Syðri-hjáleigu. Hún er enn sérstök jörð og kallast Auðsholtshjáleiga.“ SB III, 389. Ekki er föst ábúð á jörðinni, hún er í eigu ábúenda á Grænhól ÁR-510 og nýtt samhliða henni. Íbúðarhúsið er nýtt sem heilsársshús.
1917: Tún 3 ha, þar af c. 8/9 slétt. Garðar 1105 m2.



ÁR-496:001 *Auðsholtshjáleiga* bæjarhóll bústaður 63°56.616N 21°09.994V

Mynd 30. Bæjarhóll Auðsholtshjáleigu 496:001, horft til VNV.

"...Auðsholtshjáleiga (syðri hjáleiga) standa enn á sama stað…," segir í örnefnalýsingu. Bæjarhús Auðsholtshjáleigu eru sýnd á túnakorti frá 1918. Bærinn er á svipuðum stað og þá, var sunnarlega á holti. Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin sem sýnd eru túnakortinu stóðu en líklega er hús byggt 1948 á svipuðum stað. Ekki er föst ábúð á jörðinni en hún er nytjuð frá Grænhól ÁR-510 og í eigu ábúenda þar. Íbúðarhúsið er nýtt sem heilsárshús. Stafnar bæjarins snéru til suðurs og kálgarður var þar í brekkunni fyrir neðan, allt niður að mýrlendi sem þar tekur við.
Mikið rask er á bæjarhólnum, aðallega vegna bygginga og gróðurs. Þar eru öll 20. aldar útihúsin ásamt tilheyrandi raski.
Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum. Íbúðarhúsið er í miðjum hólnum, útihús frá seinni hluta 20. aldar eru í norðurhlutanum og gróinn bakgarður til suðurs, þar sem kálgarðurinn var áður. Erfitt er að átta sig á náttúrulegri upphækkun og mannvistarlögum af þessum sökum. Bæjarhóllinn er um 50 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur. Bærinn hefur líklega staðið á náttúrulegum hól. Fyrir austan húsið er malarplan og umhverfis byggingarnar eru ræktuð tún. Þegar komið er að bænum er ekið upp brekku sem mögulega er uppsöfnuð mannvistarlög að einhverju leyti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 1; Túnakort 1918

ÁR-496:002 heimild útihús 63°56.618N 21°10.093V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 80 m VNV við bæ 001 og rúmum 170 m sunnan við Miðhjáleigu (Heimri hjáleigu) 495:004, í vesturmörkum heimatúnsins. Útihúsið var uppi á náttúrulegu holti, þar sem því tekur að halla til vesturs niður í mýri.
Grasiðvaxið tún sem komið er í órækt. Það er sléttað en nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-496:003 tóft útihús 63°56.651N 21°09.862V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús tæpum 130 m norðaustan við bæ 001 og 60 m norðan við traðir 006. Útihúsið er grafið inn í brekku, suðaustan við Ærhúshóla ÁR-495:009 og herminjar 495:010 í landi



Mynd 31. Útihús 496:003, horft til norðvesturs.

Auðsholts ÁR-495. Landamerki jarðanna eru þarna mitt á milli. Reiðvöllur er rúmum 50 m norðaustan við tóftina, við landamerki Auðholts.
Brekkan er gróin og brött. Hún er innan ræktaðs túns sem er nýtt sem beitarhólf. Klettur er fast við norðausturhlið tóftarinnar.
Tóftin er 12 x 7 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er opin til suðausturs, fram í brekkuna. Veggirnir eru 0,3 - 0,6 m á hæð, hæstir til norðvesturs. Þar er tóftin grafin inn í brekkuna að hluta. Veggirnir eru algrónir og hvergi glittir í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-496:004 heimild útihús 63°56.634N 21°09.741V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 210 m austan við bæ 001 og 110 m suðaustan við útihús 004. Útihúsið var í austurmörkum heimatúnsins. Núverandi heimreið að bænum liggur nú yfir áætlaða staðsetningu útihússins. Hér eru vegamót heimreiðarinnar og malarvegar að Arnarbæli ÁR-500.
Járngrind og malarvegur eru á þessu svæði nú.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-496:005 frásögn brunnur 63°56.614N 21°09.961V
Gunnar Arnarson, heimildarmaður, sagði að brunnur væri í hvilftinni austan við bæ 001 þegar ekið er að honum. Gunnar sagði að brunnurinn hefði verið djúpur og hlaðinn. Hann er ennþá varðveittur og var ekki skemmdur, einungis fyllt upp í hann. Brunnurinn var um 20 m suðaustan við bæ 001, rétt utan við kálgarðinn (sjá 001) sem þarna var.
Brunnurinn er á mörkum malbikaðs bílaplans og gróins bakgarðs, neðan við hólinn sem bærinn er á.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-496:006 heimild traðir 63°56.625N 21°09.861V
"Rásarmelur: Melurinn á milli Rásarinnar og Hjáleigutúns. Af honum liggur vegur heim að Hjál.," segir í örnefnalýsingu. Vegurinn að Arnarbæli ÁR-500 liggur eftir svokölluðum Rásarmel og vegur 495:012 gerir það einnig. Á túnakorti frá 1918 eru traðir sýndar liggja til austurs frá bæ 001, þessi vegur liggur að stórum hluta á sama stað.
Malarvegurinn liggur yfir austurhluta traðanna. Þegar vestar dregur fóru þær um 20 m sunnan við veginn og að bænum. Þar eru ræktuð tún. Traðirnar sveigðu til suðausturs, í austurhluta heimatúnsins en þar eru einnig ræktuð tún.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðsholt, 2: Túnakort 1918

ÁR-497 Egilsstaðir

20 hdr. 1847. JJ, 74. "Jarðardýrleikinn áðurtalinnn í heimastaðnum Arnarbæli." JÁM II, 414. Hjáleiga frá Arnarbæli. „Gömul jörð, nátengd Arnarbælinu. Prestekkjujörðin. Að fornu mati 20 jarðhundruð. Landið allt gróið og grasgefið, mýrar og holt. Liggur undir flóðhættu frá Ölfusá, bærinn stendur á lágum hól. Hjábýli var í túninu, hér Egilsstaðahali, nefnt Hali [ÁR-498].“ SB III, 381. Ekki er lengur föst ábúð á jörðinni, hún hefur verið í eyði nokkur ár. Jörðin er í eigu ábúenda á næstu jörð sem nýta hana til beitar.
1917: Tún 2.2 ha, þar af c. 9/10 slétt. Garðar 1026 m2.



ÁR-497:001 *Egilsstaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.721N 21°10.773V
"Egilsstaðir: Hafa staðið á sama stað: Tvíbýli var á Egilsstöðum og átti prestekkjan rétt á hálfri jörðinni þegar náðarárið var á enda," segir í örnefnaskrá. Egilsstaðir eru rúmum 650 m norðan við Arnarbæli ÁR-500. Bærinn er á náttúrulegum, stakstæðum hól og hefur alltaf staðið þar. Ástæðan er flóðahætta, Ölfusá hefur í gegnum tíðina flætt hér yfir en hóllinn stendur alltaf uppúr. Í tímaritinu Fjallkonan frá árinu 1896 segir: " Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemdust meira og minna. — Prestssetrið Arnarbæli er algerlega hrunið og kirkjan þar skektist á grunninum. Auk þess eru algerlega hrundir þessir bæir: Stöðlar, Nýibær, Egilsstaðir, Alviðra, Tannastaðir, Laugarbakkar, Kross, Ossabær, Yxnalækr, Þúfa, Vötn, Kröggólfsstaðir, Þurá, Þóroddsstaðir, Bakki, Hvammr, Árbær, Partr, Kotströnd, Gljúfrholt, Litli-Saurbær, Þórustaðir, Hellir, Kirkjuferjuhjáleiga, Stríta, Ósgerði. Skemdir urðu meiri og minni út að Hjallahverfi, enn þar kvað minna að jarðskjálftanum. í fyrra dag (8. þ. m.), var enn jarðskjálfti í Ölfusi, sem gerði nokkurt tjón á yztu bæjunum (Hlíðarbæjum). Timbrhús á Hlíðarenda skektist á grunni." Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, í miðju heimatúninu. Stafnar bæjarins snéru til suðurs og sambyggður kálgarður var þar framan við. Traðir 003 lágu þar þvert í gegnum hann. Ekki er föst ábúð á jörðinni, hún er í eigu ábúenda á Ósgerði ÁR-499 sem nýta hana til hrossabeitar. Öll hús á jörðinni eru í mikilli niðurníðslu.

Mynd 32. Bæjarhóll 497:001, horft til norðurs. Myndin er tekin árið 2004.

Bæjarhóllinn er á tiltölulega sléttu landi. Á honum eru nokkur 20. aldar útihús ásamt íbúðarhúsinu.
Íbúðarhúsið er byggt 1925-1953 á miðjum bæjarhólum sem er frekar lágur og lítið áberandi. Hóllinn er mikið athafnasvæði og jarðrask þar mikið. Ekki er hægt að segja til um nákvæma stærð, hæð og legu bæjarhólsins, hann rennur saman við náttúrulega hólinn. Þarna eru mikið af byggingum, malarvegur liggur upp á hólinn úr suðri og þvert yfir hólinn að útihúsum til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarbæli a, 8; Túnakort 1918; Fjallkonan, slóðin er:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

ÁR-497:002 heimild heygarður
"… Úr Krossklettum í heygarðshornið á Egilsstöðum," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar heygarðurinn var nákvæmlega en líklega var hann á bæjarhólnum. Ekki er vitað hvort að heygarðurinn var sambyggður bæjarhúsunum eða ekki. Hann fær að njóta vafans og talinn hér til fornleifa undir sérstöku númeri.
Bæjarhóllinn er á tiltölulega sléttu landi. Á honum eru nokkur 20. aldar útihús ásamt íbúðarhúsinu.
Engin ummerki heygarðs sjást á yfirborði við bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 1

ÁR-497:003 heimild traðir 63°56.709N 21°10.766V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir til suðurs frá bænum, gegnum kálgarð sem þar var og út túnið. Traðirnar voru á sama stað og núverandi vegur að bænum liggur.
Malarvegurinn liggur á milli ræktaðra túna sem nýtt eru til hrossabeitar. Traðirnar lágu upp brekku að bænum en sjást ekki þar eða uppi á hólnum.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-497:004 heimild útihús 63°56.760N 21°10.829V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 80 m norðvestan við bæ 001, við vesturmörk túnsins. Útihúsið var uppi á holtinu, því sama og bær 001 er á. Þarna er nú vegslóði að 20. aldar útihúsum sem eru 20 m norðar.
Heimatún Egilsstaða afmarkaðist af lágu holti og má enn sjá móta fyrir legu þess á loftmynd, Þar er ekki lengur ábúð og allt svæðið nýtt til hrossabeitar. Þar er mikill gróður og rusl frá 20. öld, m.a. steypuklumpar og timbur.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-498 Hali

Hjáleiga frá Egilsstöðum. „Hjábýli var í túninu, hét Egilsstaðahali, nefnt Hali. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín árið 1708 er talið að Hali hafi í byggð verið undir 40 ár. Í byggð fram undir síðustu aldamót [1900].“ SB III, 381.

ÁR-498:001 *Hali* heimild bústaður 63°56.711N 21°10.786V

Mynd 33. Hali 498:001, horft til NNV.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Hjáleiga af Egilsstöðum, hefur bygð undir 40 ár." Í örnefnalýsingu Arnarbælis ÁR-500 segir: "Hali (Egilsstaðahali): Eitt af kotunum í Arnabælistorfunni stóð suðvestur af Egilsstöðum, sér enn hól þar, sem bærinn var." Hali var fast sunnan við bæjarhól Egilsstaða ÁR-497 en nákvæm staðsetning er á reiki. Býlið var á svipuðum slóðum og núverandi hesthús, fast vestan við heimreiðina að Egilsstöðum, áður en ekið er upp á hólinn. Á herforingjaráðskorti frá 1908 er Hali sýndur SSV við Egilsstaði, þar sem fyrrnefnt hesthús er núna. Sú staðsetning kemur einnig heim og saman við lýsingu í örnefnaskrá hér ofar. Hali var rúmum 20 m suðvestan við Egilsstaði 497:001 og rúmum 630 m norðaustan við Arnarbæli. Að sögn Jónínu Guðmundsdóttur, heimildamanns, voru lágir hólar nyrst í heimatúninu sem kenndir voru við Hala en þar voru ekki tóftir. Þessi hólar eru horfnir en mögulega voru þetta útihús frá hjáleigunni.
Ekki sér til minja né hóla þar sem Hali stóð. Bygging hesthússins sem og túnasléttun á eflaust stóran þátt í því. Hali var á mörkum holts og mýrlendis, fyrir suðvestan hesthúsið er mýrarsund sem náði allt að hólnum sem Arnarbæli og fleiri bæir eru á. Fyrir sunnan hesthúsið er smá hólmyndun en erfitt er að greina hvort að hún tengist því eða eldri mannvirkjum án frekari rannsókna. Túnið til suðurs frá hesthúsinu er óræktað og þar eru einnig fleiri lágir hólar á mörkum mýrlendis. Ekki sást til mannvistar í þeim. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja bæinn með enn meiri nákvæmni.
Engin ummerki Hala sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 8; JÁM, 414

ÁR-499 Ósgerði



5 hdr. 1847, JJ, 74. "Úrskift býli úr heimastaðnum Arnarbæli, og er haldið almennielga sextándi partur jarðarinnar, skyldi þá heimastaðurinn allur vera 80 hdr, en þetta býli v hdr. Jarðýrleiki var v og so tíundast fjórum sinnum." JÁM, 409. „Ósgerði er sérstök jörð og hefur verið það lengi. Hún var að fornu talin 1/17 hluti úr Arnarbælistorfunni. […] Ósgerði stóð austast á Arnarbælishólnum.“ Nú er búið í Ósgerði og jörðin nýtt til hrossabeitar." SB III, 387.
1917: Tún 1.3 ha, þar af c. 2/3 slétt. Garðar 336 m2.

ÁR-499:001 *Ósgerði* bæjarhóll bústaður 63°56.496N 21°11.071V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir að Ósgerði sé hjáleiga frá Arnarbæli ÁR-500. "Ósgerði: Bærinn stendur á sama stað, norðan Nethamra [ÁR-501]. (1/16. hluti úr Arnarbælinu, Jarðab.A.M.)," segir í örnefnalýsingu. Ósgerði er um 230 m ANA við Arnarbæli og 100 m norðan við Nethamra, malarvegur liggur á milli þeirra. Í tímaritinu Fjallkonan frá árinu 1896 segir: " Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemmdust meira og minna. — Prestssetrið Arnarbæli er algerlega hrunið og kirkjan þar skektist á grunninum. Auk þess eru algerlega hrundir þessir bæir: Stöðlar, Nýibær, Egilsstaðir, […] Stríta, Ósgerði. Skemdir urðu meiri og minni út að Hjallahverfi, enn þar kvað minna að jarðskjálftanum. í fyrra dag (8. þ. m.), var enn jarðskjálfti í Ölfusi, sem gerði nokkurt tjón á yztu bæjunum (Hlíðarbæjum). Timburhús á Hlíðarenda skektist á grunni." Búið var að rífa öll mannvirki á jörðinni þegar Sunnlenskar byggðir III koma út árið 1983 en ljósmynd er þar af bænum. Þá var ekki búið að vera ábúð á jörðinni í tæp 20 ár, hún einungis nytjuð. Árið 1997 var reistur sumarbústaður á bæjarhólnum og íbúðarhús fast norðvestan þess árið 2014 - 2015 samkvæmt Fasteignaskrá. Nú er föst ábúð á jörðinni og hrossarækt. Ekki er vitað með vissu hvar bærinn sem sést á túnakorti frá 1918 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1908 var staðsettur, líklega var hann á sama stað og fyrrnefndur sumarbústaður. Mikið rask er á bæjarhólnum, það er búið að byggja og rífa nokkur hús á 20. öld.

Mynd 34. Bæjarhóll Ósgerðis 499:001, horft til NNV.

Mynd af 20. aldar bænum er í Sunnlenskum byggðum III eins og áður sagði. Þar sést að íbúðarhúsið var á svipuðum stað og sumarbústaður frá 1997, útihúsin voru þar skammt suðaustar, á hólbruninni. Þarna eru nú ræktuð tún nýtt til beitar, skjólbelti, malarvegir og fleiri mannvirki. Ekki sér til greinilegrar upphækkunar á yfirborði en mannvist er án efa enn undir sverði þrátt fyrir mikið rask. Kálgarður var suðvestan við bæinn, líklega í brekku sem þar er og sést hann á bæjarteikningunni og túnakorti.
Engin ummerki um bæjarhólinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM, 409; Ö-Arnarbæli a, 4: Túnakort 1918; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907; SB III, 387;
http://www.skra.is/fasteignaskra/leitfasteignaskra/?heitinr=1083187&landnr=171790&streetname=%C3%93sger %C3%B0i%20&sveitarfelag=%C3%96lfus&show=map

ÁR-499:002 heimild traðir 63°56.484N 21°11.076V
Traðir eru sýndar liggja til suðurs frá bæ 001 á túnakorti frá 1918. Bærinn var í miðju heimatúninu og traðirnar sameinuðust tröðum 500:032. Heimatún allra bæja á Arnarbælishólnum lágu saman en smkv. bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 voru þau aðskilin með gaddavír.
Slétt, gróið tún er þar sem traðirnar lágu. Þar er búið að planta trjám í tugatali, hér eru aðallega aspir, reynitré, birki og barrtré.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-499:003 tóft útihús 63°56.484N 21°11.011V
Útihús er 50 m suðaustan við bæ 001 og 60 m norðan við Nethamra ÁR-501. Traðir 500:032 lágu þar á milli. Útihúsið er innan heimatúnsins líkt og það er afmakað á túnakorti 1918 en ekki sýnt þar né á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907. Útihúsið var á stakstæðum hól, suðaustan við Arnarbælishól, í mýrarjaðri. Grenitré vex uppúr tóftinni og einhver víðtegund við norðausturhorn. Sé



Mynd 35. Útihús 499:003, horft til austurs.

tekið mið af staðsetningu og gerð tóftarinnar er hér um útihús að ræða.
Allt umhverfis tóftina er ræktað tún. Útihúsið er á hól, mögulega uppsöfnuð mannvistarlög að hluta. Fyrir norðaustan tóftina er náttúrulegur hryggur í túninu. Það er ekki slegið heldur nýtt til hrossabeitar. Tóftin er 11 x 7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru torfhlaðnir, 0,3 - 0,7 m á hæð og algrónir. Þeir eru hæstir til austurs, við mýrina. Veggirnir eru 0,2 m á hæð að innan. Tóftin er opin til vesturs en ekki sér fyrir hólfaskiptingu, jötu né garða. Inni í tóftinni vex tré og mikið áfok er þar við veggi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-499:004 þúst útihús 63°56.475N 21°11.004V

Mynd 36. Þúst 499:004, horft til austurs.

Þúst er 20 m sunnan við útihús 003 og um 65 m suðaustan við bæ 001. Þústin er innan heimatúnsins líkt og það er afmakað á túnakorti frá 1918 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 en ekki sýnt þar. Þetta er útihús í suðausturhorni túnsins. Þústin er á lágum, stakstæðum hól í mýrinni fyrir suðaustan Arnarbælishól.
Allt umhverfis tóftina er ræktað tún. Fyrir norðaustan þústina er náttúrulegur hryggur í túninu. Það er ekki slegið heldur nýtt til hrossabeitar.
Þústin er 10 x 6 m að stærð, 0,3 m á hæð og algróin. Hún snýr austur-vestur en hvergi mótar fyrir hleðslu, veggjum eða dældum. Þústir er slétt að ofan en greinilega er ennþá mannvist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-500 Arnarbæli

80 hdr. JJ, 74. Getið í Harðar sögu: “Um fardagaskeið reið Grímkell goði heiman út í Ölfus um Hjalla, en utan um Arnarbæli ok upp eptir Flóa í Oddgeirsshóla …” ÍF XIII, 25. 6.10.1289: “Reið [Árni biskup Þorláksson] í Arnarbæli og var þar fögur veisla. Þar bjó herra Þorvarður [Þórarinsson d. 1296], Árna saga biskups, Sturl, 874. "Kirkjustaður og beneficium síðan í tíð Ögmundar biskups, eftir því sem munnmæli segja. Jarðardýrleiki segja menn áður hafa verið 80 með Ósgerði. Skyldi þá staðurinn sjálfur lxxv." JÁM, 410. 23.4.1509 er borinn vitnisburður um að kirkjan í Arnarbæli eigi fjórðung í hvalreka og viðreka á Skeiði, þ.e. frá Ölfusá og út til Þorlákshafnar – DI VIII, 277. [1524] selur Ögmundur biskup Snæbirni Gíslasyni Arnarbæli – DI IX, 258. [1545] hafði Arnór Eyjólfsson tekið út eitt kúgildi



Skálholtsstóls í Arnarbæli – DI XI, 450. 1547 byggir Gissur biskup Arnóri Eyjólfssyni “Schalholltzstadar jord. arnarbæli j auluesi … til äbylis. sua leingi sem ec a med at giora … skal hann giallda j landskylld af iordunni vppa huertt äar ij malnytu kugilldi – DI XI, 597. 1550: Arnór bóndi, sem þá bjó í Arnarbæli … Bsk II, 352. 1575: Kirkian ad Arnarbæle i Aulvese ä fiordung i Skeijde og firodung i Skierdingahölme. Kirkian Skal eiga Eigelsstade xxc. Jtem xviij. Staxeinge i Nauteijrum. Jtem iiij Staxeingi i Ösgeridings holma. Jtem vj kugillde. … Jtem ä kongur vc. i Arnarbæle. DI XV 643. [um 1600]: Síra Sigurður Oddsson, vel lærður maður, hélt Arnarbæli í Ölvesi og átti Brynhildi dóttur Ara Magnússonar [Sigurður var sonur sr. Odds Stefánssonar og Ingibjargar Eiríksdóttur Eyjólfssonar Einarssonar og Helgu Jónsdóttur biskups Arasonar] – Bsk II, 399, 640. [um 1670]: Katrín Kortsdóttir [systir Þorleifs] kvinna síra Jóns Daðasonar í Arnarbæli, Bsk II, 625, 639. 30.4.1675 seldi konungur Henrik Bjelke m.a. 5 hdr í Arnarbæli, en hann seldi strax aftur Árna Pálssyni – JJ, 444, JÁM XIII, 500. "Arnarbæli er ein af stærstu jörðum í Ölfusi, 60 jarðarhundruð. Arnarbæli og fylgijarðir standa á stórum hól, sem allur er gróin tún. […] Arnarbælinu fylgdu "kot" sem presturinn hafði umráð yfir, leifar af fátækraframfæri kirkjunnar á liðnum öldum. Vitað er um nöfn á 11 kotum, þar af eru 6 komin í eyði fyrir síðustu aldamót: Bjálkhús (Búlkhús), Litli-Krókur, Kaldakinn, Garðshús, Sigurðarhús. Þessi kot eru komin í eyði fyrir 1703. Hóll stóð uppi á háhólnum, í byggð fram undir síðustu aldamót. Réttindi kotanna voru túnblettur á hólnum (1 ha.), slægjustykki í "flóðum" (kúgæft hey) og "rimi" í útjaðri." SB III, 382-383. Ekki er búið í Arnarbæli og öll hús þar hafa verið rifin. Íbúðarhúsið var brennt á seinnihluta 20. aldar. Jörðin er nytjuð.
1917: Tún 5.5 ha, þar af c. 1/2 slétt. Garðar 1578 m2.

ÁR-500:001 *Arnarbæli* bæjarhóll bústaður 63°56.455N 21°11.312V

Mynd 37. Bæjarhóll Arnarbælis 500:001, horft til suðvesturs. Myndin er tekin 2004.

"Arnarbæli hefur verið eitt af höfuðbólum í Ölfusi gegnum aldirnar. Þar var snemma kirkja, […] Ýmsir þekktir menn úr sögunni bjuggu í Arnarbæli. Tumi Sighvatsson um 1200 og Þorvarður Þórarinsson 1289. Þar hefur hann skrifað Njálu, ef trúa má tilgátum Barða Guðmundss. Árið 1510 lætur Stefán Jónsson dæma jörðina, sem var í konungs eign, til handa dómkirkjunni í Skálholti, vegna vanskila bóndans við kirkjuna. Prestsetur (Beneficum) verður hún 1580. […] Arnarbæli: (Staðurinn) hefur alltaf staðið á sama stað og nú," segir í örnefnaskrá. Í Fitjaannál segir: „En sá stóri hræðilegi skeði þann 20. Aprilis […] Í þeim jarðskjálfta hrundu niður í Ölfusi 24 lögbýli og að auki hjáleigur margar. En þessi bæir niðurhrundu gersamlega: Staðurinn Arnarbæli allur (nema kirkjan, hver þó mjög laskaðist) […]“. Fjallkonan frá árinu 1896 segir: " Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemdust meira og minna. — Prestssetrið Arnarbæli er algerlega hrunið og kirkjan þar skektist á grunninum. Auk þess eru algerlega hrundir þessir bæir: Stöðlar, Nýibær, Egilsstaðir, Alviðra, Tannastaðir, Laugarbakkar, Kross, Ossabær, Yxnalækr, Þúfa, Vötn, Kröggólfsstaðir, Þurá, Þóroddsstaðir, Bakki, Hvammr, Árbær, Partr, Kotströnd, Gljúfrholt, Litli-Saurbær, Þórustaðir, Hellir, Kirkjuferjuhjáleiga, Stríta, Ósgerði." Bærinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 og túnakorti frá 1918, í miðju heimatúninu. Bærinn er syðst á stórum hól, Arnarbælishól, og hjáleigur og minni býli raðast þar umhverfis eins og kragi. Bærinn er á Ölfusárbökkum en þar er ekki flóðahætta sökum þess hve hátt uppi bæjarhóllinn er. Þar sem bærinn var er upphækkað plan, norðan við kirkjugarð 002. Undir hluta af þessu plani stóð bærinn og sést enn í hleðslur af skúr sem tengdist húsinu. Gyðríður Einarsdóttir, heimildarmaður, sagði að íbúðarhúsið sem var byggt 1897, hafi staðið svotil beint fyrir ofan kirkjuna en litlu vestar en kirkjugarðurinn er hóll sem hefur greinileg ummerki eftir byggingar og má finna þar

steyptan sökkul, mikið af grjóti og steypubrotum. Þetta eru útihús 034, útihús 004 og útihús 003. Þeim var öllum rutt út fyrir árið 2000. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu er teikning af bænum frá 1890. Þar sést að breytingar verða á bæjarskipuninni, líklega í kjölfar jarðskjálfta árið 1896. Á ljósmynd sem tekin er af bænum árið 1907 sést að hvorki íbúðarhúsið og útihúsin eru á sama stað, þau voru færð til á bæjarhólnum. Eldra íbúðarhúsið var vestar og útihúsin voru norðar og norðaustar, þar sem yngra íbúðarhúsið var síðar reist.

Fyrir norðan bæjarhólinn er malarvegur, á sama stað og traðir 032. Til annarra átta er slétt, ræktað tún. Hlutar þess eru í órækt. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs.

Bæjarhóllin er 90 x 40 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 0,5 - 5 m á hæð og algróinn. Hann er lægstur til norðurs, upp brekkuna en hæstur til suðvesturs og suðausturs. Það er búið að slétta yfir svæðið og öll mannvirki horfinn. Íbúðarhúsið var byggt 1897 og sést því bæði á bæjarteikningunni og túnakortinu. Íbúðarhúsið var uppi á "planinu" sem þarna er. Á loftmynd sem tekin er um 1998-2000 sést eitt 20. aldar útihús vestarlega á bæjarhólnum. Kveikt var í íbúðarhúsinu í stað þess að rífa það og var það umdeilt á þeim tíma. Hér er greinilega mikil mannvist ennþá undir sverði.

Mynd 38. Mynd í eigu Gyðríðar Einarsdóttur , heimildamanns. Þarna má sjá bæ 001, kirkju 002 og nokkur útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 1-2; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907; IA II, 361, SSÁ, 193; Túnakort 1918; Fjallkonan, slóðin er: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

ÁR-500:002 þúst kirkja 63°56.441N 21°11.315V

c. 1200: Kirknaskrá Páls. DI XII 8

c. 1200: Magnús bóndi þar, Páll bp á yfirreið, rigning; Jarteinabók 1200, Bsk I, 339 [gæti fullt eins átt við Arnarbæli undir Eyjafjöllum]

1382-91: XCIV. Arnarbæle. Kirkia j Arnarbæli j Avlfvesi er helgud hinum heilaga Nicholao. Þar er heimilisprestskylld oc diakns. Hun a .xvj. kyr. fiordung j Skeidi. fiordung j Skierdingarholmi. tiolld vmm kirkiu. messuklædi tvenn .iij. alltarisklædi .ij. kantarakapur. psalltara oc .ij. Bækur adrar. kaleik. kiertistikur .ij. sacrarium mvnnlaug. krossar .iij. Nichulasskriptt. merki. glodarkier. vattzkietill. Mariuskriptter .ij. kluckur .v. fonts vmmbuning .iiij. merkur vax. Reiknadist portio Ecclesiæ vmm .vj. ær med[an] Erlingur sat .c. oc .xij. alnar a hveriu ære. DI IV, 97-98.

1397: Hun aa ad auk þess sem j maldaga herra Michels er skrifad .v. hross vc. er Biarni gaf kirkiunni i sitt Testamentum og þar j eitt hross. portio Ecclesiæ vmm .ij. ær næstu medann Jon hefr bued .c. oc ix. Alnar Enn vmm .iij. ær medann Arnvidur bio .ij. merkur aa hveriu ære. vmm næstu .v. ar fyrr er Sturli atti .xij. aurar aa hveriu are. gaf Jon kirkiunni gridungh; DI IV, 97-98.

Mynd 39. Til hægri er mynd frá 2004 af kirkju 500:002, horft til norðausturs. Til hægri er mynd af kirkjunni frá 2015, horft til austurs.

11.2.1487: Jörðin Alviðra í Ölfusi er í Arnarbæliskirkjusókn. DI VI, 589
30.6.1501: [Dómur klerka og leikmanna dæmir] um jnstædu porcionem og mortuarium kirkiu hins heilaga nikolai biskups j ... rnarbæli og um þann reikningskap annan fleira sem þa hafdi upp a fallith um kirkiuspell. tiunder og afgiolld. taulldum uær peninga uoxt j kirkiusokninni. nu um nalægan ärgang og reiknadizt upp a atian aura kirkiunnar pocio þetta arit. Jtem kuomu fyrir os þesser menn sem suo heita. kolbeirn biarnarson og bergsteirn oddzson og saugduzt hafa ut lukt og afhent kirkiunar peninga j arnarbæli epter odd oddzson. xxx. hundrada j kum og äum. natum og saudum. suo at j þessum. xxx. hundrada uoru ecki meir enn .iij. hestar. uoru til uitnis um þenna peninga lyktning gudbrandr sygurdson og gudmundr þorsteinsson og handfestu biskupinum at sueria hier epter fullan bokareid nær sem þurfa þiker. Jtem litu uær a kirkiu uidin þann sem nu er til og giordu uær hann fyrir cccc. Enn ef kirkian uæri sup upp giord sem henni somdi strafanarlaust þa leitz oss hun mundi verd. xv. hundrut. Jtem hafdi og fallit j plagunni. cccc. j mortuarium. Jtem reiknadiz porcio uppa summeran um .xxx. ära og vj. ar. tolf hundrut og. xx. og vi aurar betur. Enn jnstædan syndizt eingin suo sem stod og adur hafdi med kirkiunni golldit uerit. Jtem j reikningskap biskupsens j tiunder og sekter einfalldar. uoru reiknut .xx. hundrut og halfri maurk midr. Enn allur saman talin reikningskapur kirkiunar og biskupsen[s] upp a arnarbæli reiknadizt. xvi. hundrut og .lxxx. hundrada og er þa þo oreiknut biskups afgiolld um .x. är. Og ad heilax anda nad til kalladri og suo proffudu og fyrir oss komnu dæmdum uær jordina arnarbæli j auluose alla at frateknum. v. hundrada parti kongsins j greindri jordu. fallna uera kirkiuni og biskupinum j reikningskap. og .xvic. meir en jordin er dyr til. med þeim skilmala at þeir sem eigendur uerda jardarenar leysi hana til sin med þrennum saulum hin fystu j næstum fardaugum komendum aunnr at mikaels messo. hin þridiu at audrum fardaugum. og skal gialldazt j kugillda uirdum peningum heima j arnarbæli jnnan greindz tima. Enn þat æfinlig eign kirkiunar og biskupsens sem eigi er leyst at siduztum saulum. og eignazt suo micid j jordo huort fyrir sig sem tala rennur til epter fiarmagni ... DI VII, 567-69 [Þjsks Bps A, Fasc XI, 14, frumrit; AM Apogr. 2441 - AM: Af þessu Arnarbælisbrefi 1501 siest, ad Arnarbæli var þá allz ad dyrleika 80c. atti kongur þar i 5c enn bondinn 75c.]



Mynd 40. Teikning af kirkjutóftinni.

1575: CLXXXIX. Arnarbæle. Kirkian ad Arnarbæle i Aulvese ä fiordung i Skeijde og firodung i Skierdingahölme. Kirkian Skal eiga Eigelsstade xxc. Jtem xviij. Staxeinge i Nauteijrum. Jtem iiij Staxeingi i Ösgeridings holma. Jtem vj kugillde. Jtem Jnnan kirkiu. ein messuklæde. ein klucka. ij koparpijpur. metaskäler einar. hialmsbrot. eirn silfur kaleikur. alltarisdukur. eirn Jarnkall. Jtem ä kongur vc. i Arnarbæle. Jtem fastagötz Lxxc. Lausagötz jc. hundrada. og xxxc. betur. Máld DI XV 643.
1708: Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Kirkjustaður og beneficium síðan í tíð Ögmundar biskups, eftir því sem munnmæli segja."
16.2.1907: Strandarsókn í Selvogi lögð til Arnarbælis; (PP, 93) [lög].
17.7.1909: Arnarbælis- og Reykjasóknir sameinaðar og ákveðið að byggja eina kirkju á Kotströnd; (PP, 93) [stjórnarráðsbréf].
Í Sunnlenskum byggðum III segir: „Í Arnarbæli er kirkju fyrst getið um 1200. Hún var helguð heilögum Nikulási, dýrlingi sæfara, og var ætið í umsjá prestsins. […] Kirkja stóð þar til 1909 þegar sóknir Arnarbælis og Reykja voru sameinaðar og kirkja reist á Kotströnd. Enn sér fyrir kirkjustaði og grafreit en tímans tönn vinnur að því að útmá það og er lítið við því hamlað." „Þar var snemma kirkja, getið fyrst í máld. Páls biskups um 1200. […] Prestsetur (Beneficum) verður hún [Arnarbælisjörðin] 1580. Kirkja í Arnarbæli var helguð heilögum Nikulási, dýrlingi sæfara. […] Kirkja er í Arnarbæli til 1909, að sameinaðar voru Arnarbælis og Reykjasókn og kirkja reist að Kotströnd. Síðasti prestur í Arnarbæli var Sr. Helgi Sveinsson, sem flutti þaðan í 1943 í Hveragerði. Þar með var sögu prestsetursins lokið," segir í örnefnalýsingu. Kirkjugarðurinn er merktur á túnakort frá 1918 og á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907. Kirkjan er 25 m sunnan við bæ 001, neðan við bæjarhólinn á „stalli“ þar. Tóft kirkjunnar er í miðjum kirkjugarðinum en hann er afgirtur með girðingu.

Kirkjugarðurinn er grasivaxinn og þar eru þrír járnkrossar. Minnismerki úr stuðlabergi er inni í tóftinni. Umhverfis kirkjugarðinn eru ræktuð tún og Ölfusá er skammt sunnar, árbakkinn er brattur og sandur að ánni.
Tóftin er 9 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er útflött og greinilega verið sléttað úr henni ásamt leiðum innan kirkjugarðsins. Það ber lítið á tóftinni til norðurs en suðurveggurinn er 0,4 m á hæð og þar glittir í þrjá hornsteina. Engin dæld er inni í þústinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 410; SB III, 309; Ö-Arnarbæli a, 1; Bæjarteikningar danskra landmælingmanna 1907; Túnakort 1918, DI I-XII, PP, 93.

ÁR-500:003 heimild fjós 63°56.464N 21°11.338V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 og túnakorti frá 1918 er útihús 20 m vestan við bæ 001. Á túnakorti er það merkt sem fjós. Hlaða 004 er 5 m sunnar og á túnakortinu virðast þessi mannvirki vera sambyggð. Á bæjarteikningunni eru þau hins vegar ekki sambyggð. Af þessum sökum eru þau höfð hérna undir sérstöku númerum. Á gömlum ljósmyndum af Arnarbæli sést glitta í þessi hús. Ein þeirra er sýnd hér framar, mynd 38. Hlaðan var með háu bárujárnsþaki meðan fjósið var lágreistara. Fjósið var uppi á miðjum bæjarhólnum. Hóllinn er sléttur og grasivaxinn. Þar eru ræktuð tún til suðurs en malarvegur og sumarbústaðir til norðurs í landi hjáleigna Arnarbælis.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Bæjarteikningar danskra landmælingamana 1907

ÁR-500:004 heimild hlaða 63°56.457N 21°11.355V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 og túnakorti frá 1918 er útihús 20 m suðvestan við bæ 001. Á túnakorti er það merkt sem heyhlaða. Fjós 003 er 5 m norðar og á túnakortinu virðast þessi mannvirki vera sambyggð. Á bæjarteikningunni eru mannvirkin ekki sambyggð. Af þessum sökum eru þau höfð hérna undir sérstökum númerum. Á gömlum ljósmyndum af Arnarbæli sést glitta í þessi hús. Hlaðan var með háu bárujárnsþaki meðan fjósið var lágreistara og norðar. Kálgarður 043 var fyrir sunnan útihúsið, í brekku til suðurs að Ölfusárbökkum. Þetta var hlaðan og á þessu svæði sést ennþá steyptur grunnur uppi á bæjarhólnum.
Grunnurinn tilheyrir líklega útihúsi frá miðri 20. öld. Þarna sést 0,3 m há steypubrún en að ofan er grunnurinn algróinn.
Engin ummerki hlöðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-500:005 *Sauðklettar* heimild ferja 63°56.399N 21°11.084V
"Sauðaklettar: Þrír klettar úti í ánni. Gömul sögn hermir að þar hafi sauðfé verið tekið í bát," segir í örnefnalýsingu. Sauðaklettar eru tæpum 210 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 110 m suðvestan við Nethamra ÁR-501. Klettarnir voru 30 m úti í ánni þegar skrásetjari var þar á ferð 2015 og ófært þangað.
Áin er lyng en straumhörð á þessum slóðum. Það er engin bakki á ánni og ólíklegt að héðan hafi verið ferjað.
Engin ummerki um ferjustaðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 2

Mynd 41. Sauðaklettar 500:005, horft til suðurs.

ÁR-500:006 *Sigurðarhús* heimild bústaður 63°56.405N 21°11.163V
" Sigurdarhús. Þriðja hjáleiga í auðn yfir 20 ár. […] Túnið og engið að mestu brúka nú Nethamrar [ÁR-501]." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. "Sigurðarhús: Kot, stóð við Ullarklöpp [014]. Ölfusá hefur brotið landið, svo að nú sést ekkert eftir af því (Í eyði yfir 20 ár. Túnið

og engið nota Nethamrar. Jarðab. A.M.)," segir í örnefnalýsingu. Sigurðarhús voru 150 m suðaustan við bæ 001 en öll ummerki um bæinn eru að öllum líkindum horfin vegna landbrots.
Slétt, grasivaxið tún er meðfram Ölfusárbökkum. Árbakkinn er aflíðandi, gróinn og 0,2 - 0,4 m á hæð. Engin ummerki býlisins eru varðveitt á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM II, 411; Ö-Arnarbæli a, 3

ÁR-500:007 *Bakki* heimild lending 63°56.428N 21°11.321V

Mynd 42. Lending 500:007, horft til vesturs.

"Bakki: Hár moldarbakki s. af kirkjugarðinum. Þar var bryggja og bátum lagt að," segir í örnefnalýsingu. Lendingin er 50 m sunnan við bæ 001 og 20 m sunnan við kirkjugarð 002. Ekki er hægt að lenda hér nú, sandeyrar eru í ánni og árbakkinn lágur og gróinn. Ekki er vitað hvenær þessi bryggja var í notkun.
Bakkinn er 2,5 - 4 m á hæð, brattur og gróinn. Neðan hans er gróið flatlendi að ánni og sandeyrar.
Engin ummerki bryggjunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3

ÁR-500:008 *Bjálkhús* bæjarhóll bústaður 63°56.497N 21°11.486V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Búlkhús. Fimmta hjáleiga, hefur í auðn verið yfir 20 ár. […] Túnið hálft brúkar heimastaðurinn, en hálft túnið og allt engið brúkar hjáleigan Stöðlar." "Fyrir vestan staðinn, í túninu, hefur býli verið, nú fyrir nokkrum árum í eyði, er Búlkhús var kallað. Þar var farmur tekinn af því skipi og öðrum fleirum, er Ögmundur biskup lét til Noregs sækja timbur á." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir. "Sagnir herma að hafskip hafi silgt upp Ölfusá að Arnarbæli og bendir nafnið Bjálkhús (Búlkhús) til þess að farmur hafi verið borinn af skipi þar." Í örnefnalýsingu segir: "Bjálkhús: Grænn hóll í Bjálkhústúni, með laut í. (Búlkhús: í eyði yfir 20 ár, 1/2 notar Staðurinn, hitt og engið nota Stöðlar. Jarðab.A.M.)," Bjálkhús eru 170 m VSV við bæ 001 og 15 m VSV við traðir 013. Bjálkhús eru norðvestarlega í heimatúninu og sést bæjarhóllinn vel.
Allt umhverfis bæjarhólinn er slétt, ræktað tún. Það er slegið en hluti þess er komið órækt. Bærinn er uppi á hólbrúninni í aflíðandi halla til suðurs. Stafnar bæjarins snéru til suðurs, í átt að Ölfusá.



Mynd 43. Bjálkhús 500:008, horfy til suðvesturs.

Bæjarhóllinn er 45 x 35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er 0,3 - 0,5 m hæð, bratt er niður af honum sunnan við bæjartóftina. Á hólnum eru ennþá bæjartóftir, bæjarhúsin voru sunnar og hey-/kálgarður til norðurs. Lýsingin hefst á bæjarhúsunum, þar eru hólf 1 - 4. Hólfin eru óskýr, gróðurfar gefur stærð og legu þeirra einna helst til kynna. Bæjartóftin er 16 x 13 m að stærð og snýr norðvestur-

suðaustur. Hólf 1 er syðst. Það er 5 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Austurveggurinn er greinilegastur og þar mótar fyrir 0,2 m háum bakka. Hólf 2 er norðvestan við hólf 1. Það er afar ógreinilegt vegna gróðurs og veggirnir sjást á gróðurfari. Þeir eru útflattir en op var til suðurs, líkt og í hólfi 1. Hólfið er 5 x 3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf 3 er norðvestan við hólf 2. Austurveggurinn er greinilegastur, hann er 0,3 m á hæð og hólfið er hringlaga. Það er 4 m í þvermál og opið til suðurs. Hólf 4 er ANA við hólf 2. Það er afar óskýrt, var líklega um 3 x 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það sést sem fyrr á gróðurfari frekar en veggjum. Uppi á tóftinni, vestan við hólf 5 er "hóll" og þar undir er að öllum líkindum mannvistarlög. Hólf 5 er kálgarður/gerði norðaustan við bæjarhúsin. Það er 21 x 21 m að innanmáli, hálfhringlaga og sést vel í túninu. Veggirnir eru 4 m á breidd, algrónir og 0,4 - 0,5 m á hæð. Veggirnir sjást sem beinir bakkar uppi á hólnum, líklega þetta dældin sem minnst er á í örnefnalýsingu. Ekkert op sést hér inn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 412; SSÁ, 238; Ö-Arnarbæli a, 1,3

ÁR-500:009 *Selakofar* heimild útihús 63°56.493N 21°11.440V
"Selakofar: Hóll í Bjálkhústúni austan Bjálkhúss [008]," segir í örnefnalýsingu. Þessir kofar voru innan heimatúnsins, nákvæm staðsetning er ekki þekkt eða hversu margir þeir voru. Þeir voru milli Bjálkhúss 008 og bæjar 001. Líklegasti staðurinn er smá hólbunga um 45 m austan við Bjálkhús. Selakofar voru að öllum líkindum útihús eða skemma líkt og nafnið gefur til kynna.
Heimatúnið er slétt og grasivaxið. Þar sjást ekki hólar en landið lækkar til austurs og suðurs að Ölfusá. Engin ummerki mannvirkja sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3

ÁR-500:010 *Skottusteinn* þjóðsaga draugur 63°56.511N 21°11.533V
"Skottusteinn. Var í bakkanum vestast í Bjálkhústúni. Horfinn nú, grafinn í sand. Þar var Arnarbælisskotta sett niður," segir í örnefnalýsingu. Í bók Árna Björnssonar, Íslenskt vættatal segir: "Arnarbælisskotta. Jón Daðason var prestur í Ögurþingum og varð þar mannsbani. Eftir það varð hann prestur í Arnarbæli í Ölfusi 1642-1676, en Vestfirðingar sendu til hans kvendraug sem að endanum varð honum að bana. Skotta settist síðan að í Arnarbæli. Hún hafði prjónaskotthúfu á höfði og sat í koluskugga á vökunni, tafði fyrir og skemmdi verk manna. Ætla varð henni auðan fjósbás til að sofa í, ella gerði hún einhverja skömm af sér. Henni var að lokum komið fyrir seint á 18. öld við stein í Búlkhúsósi." Skottusteinn var um 200 m norðvestan við bæ 001 og 40 m vestan við Bjálkhús 008. Steinninn sést ekki lengur enda grafinn í Bjálkhúsósi ef sagan reynist rétt. Hann er skammt vestan við heimatúnið, við Ölfusá.
Vestan við heimatúnið er óræktað tún. Þar er mikill sandur sem víða kemur uppúr sverði og það er nýtt til hrossabeitar. Áður fyrr runnu hér fjölmargir lækir en það breyttist með framræslu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3; Árni Björnsson, 15

ÁR-500:011 tóft þingstaður 63°57.058N 21°11.038V
Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1905 segir: "Norður frá túni í Arnarbæli er lágt holt, er Þingholt heitir. Holtið er aflangt frá norðri til suðurs, og er það upplásið eftir endilangri miðjunni, en óblásið utan með. Þar eru á því margar tóftir, en flestar eru þær frá seinni tímum: það er fjárhústóft ein nýleg og margar stekkjartóftir, misgamlar að sjá. Aðeins ein tóft er þar verulega forn, og er hún svo sokkin og óglögg, að ekki er hægt að mæla hana. En allstór er hún að sjá og eigi ólíklegt til að vera forn búðartóft, þó að það verði nú ekki fullyrt, þar eð eigi sjást fleiri á hennar reki. Þær geta nú verið eyðilagðar, hver veit hve margar, bæði verið blásnar burtu, og líka verið teknar upp í hinar nýrri tóftir. En þótt það geti verið, og þótt, meira að segja, engin ólíkindi séu á því þá vantar samt vissuna um það." Í friðlýsingarskrá segir: „Arnarbæli, Forn og mikil tóft á Þingholti, sem er norður frá bænum." Tóftin á Þingholti var friðlýst af Matthíasi Þórðarsyni 5.5.1927, sem kvöð á landi Arnarbælis. Þar er nú einungis ein tóft rúman 1,1 km norðan við bæ 001 og rúmum 500 m norðan við áveitu 039.
Á Þingholti er nú ræktað tún og öll mannvirki horfin fyrir utan hina meintu þingbúð. Tóftin er á grónu svæði rétt sunnan við túnið. Fallin vírgirðing er þar á milli. Ekkert friðlýsingarskilti er við tóftina.
Tóftin er á háum hól sem að mestu er uppsöfnuð mannvistarlög. Tóftin er 17 x 15 m að stærð, einföld



Mynd 44. Tóft 500:011, horft til suðausturs.

og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er 0,3 m á hæð og tóftin er uppi á honum. Hún er opin til norðvesturs og er einföld. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, 5 - 7 m á breidd og algrónir. Hvergi sér til hólfaskiptingar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Brynjúlfur Jónsson, 36; Friðlýsingarskrá, 62

ÁR-500:012 gata leið 63°56.571N 21°11.443V

Mynd 45. Leið 500:012, horft til vesturs.

"Stöðlatún: Suðvestan í Hólnum, norðan vegarins vestur á engjar," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar þessi engjavegur lá frá heimatúnum bæjanna. Ekki fannst heimildarmaður fyrir jörðina og nákvæm lega leiðarinnar er því miður týnd. Það mótar óljóst fyrir leið, kindastíg, frá túninu fyrir vestan Stöðla ÁR-504 og allt að vegi sem liggur til vesturs í framhaldi af tröðum 032. Hér er mögulega um útgáfu af þessari leið að ræða.
Svæðið er mýrlent, sendið og nýtt til beitar. Hér eru keldur og lækir víða þrátt fyrir miklar breytingar vegna framræslu.
Kindastígurinn er 0,2 á breidd og álíka á hæð. Hann sameinast greinilegri götum til vesturs, þar er bæði umferð manna, dýra og stórra vélknúinna farartækja þónokkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3

ÁR-500:013 gata traðir 63°56.528N 21°11.373V
"...gömlum tröðum, sem lágu frá Króki [ÁR-503] og niður að Bjálkhúsós," segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru sýndar á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907. Þær lágu til suðvesturs frá Króki, niður suðvesturhlið hólsins og sameinuðust tröðum 032 við Bjálkhúsós. Þetta svæði er nú innan landsvæðis sem tilheyrir sumarhúsum sem nú eru á bæjarhól Króks.
Traðirnar liggja niður gróna brekku. Þar er skógrækt og óræktuð tún til allra átta. Birki og apir eru mest áberandi.
Traðirnar lágu til suðvesturs, niður hólinn. Þær sjást ennþá en búið er að hlaða fyrir suðenda þeirra með stóru grjóti. Traðirnar eru 80 m langar og liggja sem fyrr segir suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru hlaðnir úr tofi og grjóti og lækka eftir því sem norðar dregur. Þeir eru 0,8 m á hæð syðst en 0,4 m uppi á hólnum. Traðirnar víkka einnig til suðurs, þær eru 4 m breiðar uppi á hólnum en 7 m að breidd þar sem þær sameinast tröðum 032. Lækur rennur eftir tröðunum og raskar þeim lítillega. Hann á upptök sín í plaströri sem þarna er. Traðirnar eru mjög grónar og tré beggja vegna við þær.

Hættumat: hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

Mynd 46. Traðir 500:013, eru til vinstri, (horft til norðausturs) en Sauðaklettar 500:014 eru til hægri, (horft til suðurs).

ÁR-500:014 *Ullarklöpp* heimild þvottastaður 63°56.393N 21°11.148V
"Ullarklöpp: Klöpp vestast á Ullarnefinu [vestan við Sauðaklöpp]," segir í örnefnaskrá. Ullarklöpp var líklega notuð til þvotta og örnefnið dregið af því. Klöppin er 170 m suðaustan við bæ 001 og 50 m austan við Sauðakletta 005. Hér skagar lágt nes út í Ölfusá og klettar eru þar til austurs og suðurs.
Þegar skásetjari var á ferð var mikið vatn í ánni og hún rann upp að og á klettunum. Þarna er gróinn sandur við ánna og á milli lágra kletta. Heimatúnið er um 30 m norðar.
Engin ummerki þvottastaðarins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 4

ÁR-500:015 *Garðhús* heimild bústað
"Gardhús. Önnur hjáleiga, hefur í auð legið yfir 20 ár." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. "Garðhús: Austan í hólnum, sér enn fyrir. (Í auðn yfir 20 ár... Jarðab.A.M.)," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar þessi bær var, fyrir utan að hann var austan í Arnarbælishól. Svæðið sem um ræðir er nokkuð stórt og allt eins líklegt að útihús frá Nýjabæ ÁR-505 og Stöðla ÁR-504 séu á sama stað. Einnig kemur til greina að bærinn sé innan sumarbústaðarlands í eigu Gyðríðar Einarsdóttur, heimildamanns, og fjölskyldu hennar. Sá bústaður er suðaustarlega í hólnum, fast við vegum rétt áður en komið er að bæ 001. Útihúsin sem koma til greina eru skráð undir númerunum 045, 046 og 505:002. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:JÁM II, 411; Ö-Arnarbæli a, 4

ÁR-500:016 heimild varnargarður 63°56.513N 21°10.960V
"Gerði: Flatt land og blautt austan við Ósgerðistún. Í kringum það voru hlaðnir garðar til varna árflóðum," segir í örnefnalýsingu. Gerði er rúmum 320 m ANA við bæ 001 og rúmum 100 m austan við Ósgerði. Þar er flatt svæði sem búið er að ræsa fram og rækta upp. Þar eru nokkrir vélgrafnir skurðir og skrásetjari varð ekki var við garðlög. Að öllum líkindum er þau komin í skurði og grafin í burtu. Ekki er heldur vitað hversu stórt svæðið sem kallaðist Gerði var.
Slétt, framræst tún nýtt til beitar.
Engin ummerki um Gerði sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 4

ÁR-500:017 *Holt* hús býli 63°56.717N 21°11.109V
"Holt: Þurrabúð, stóð á Bæjarholtinu," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Holt var þurrabúð sem stóð á holtinu norðan við Arnarbælishverfi. Sigurður Þorbjörnsson og Ingigerður Björnsdóttir bjuggu þar 1896-1903. Þá komu þangað Jón Jónsson og Signý Pálsdóttir og voru þar til

Mynd 47. Holt 500:017, horft til norðurs.

1903 -1935." Holt dregur nafn sitt af Bæjarholtinu og var þar nánast fyrir miðju. Bæjarholtið er stakstætt, lítið holt norðan við Arnarbælishól. Bærinn er á austurhluta holtsins en ekki er vitað hvort að eldri búseta var þarna þegar bærinn er byggður 1896.
Bæjarholt er tæplega 200 x 100 m að stærð og snýr norður-suður. Það er mýrlent allt umhverfis það nema til suðvesturs, þar er hryggur sem sameinast Arnarbælishól. Allt holtið er ræktað en túnið er í órækt og nýtt til hrossabeitar. Ekki sér til fleiri mannvirkja við bæjarhólinn eða á holtinu.
Bæjarhóllinn er 28 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er brattur til norðurs og bakkarnir þar eru fremur háir. Hann er 0,5 - 1 m á hæð og algróinn. Til suðurs lækkar hóllinn og fjarar út. Hvergi sér til mannvistar á yfirborði, fyrir utan nokkra útveggi íbúðarhússins sem var byggt um 1930. Hlutar af útveggjunum sjást enn, þeir eru 2,5 m á hæð og steinsteyptir. Bárujárn og annað rusl liggur „inni" í húsinu en þakið er farið ásamt innri veggjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 4; SB III, 386

ÁR-500:018 *Sigmundarvað* heimild vað 63°56.375N 21°14.971V
"Sigmundarvað: Vað á Læknum af Bakkanum," segir í örnefnaskrá. Sigmundarvað er í engjum Arnarbælis, í Nauteyrum. Vaðið er um 3 km vestan við bæ 001 og 2,7 km norðan við vað 024. Það var notað á leið að Bakka ÁR-532 og öðrum jörðum á því svæði. Þetta svæði kallast Ölfusforir og var mjög blautt og er ennþá þrátt fyrir framræslu. Skrásetjari komst ekki á svæðið, það þarfnast fylgdar staðkunnugra á hesti eða breyttum bíl.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 6

ÁR-500:019 *Króksbrú* heimild brú 63°56.483N 21°14.285V
"Króksbrú: Gömul brú gerð úr kökkum, austan Staðarflóðs, yfir á Engjabakka," segir í örnefnalýsingu. Króksbrú var í Nauteyrum, austan við Hólmsós. Ekki er vitað með vissu hver nákvæmlega hún var en þetta svæði hefur tekið miklum breytingum með framræslu á seinni hluta 20. aldar. Vélgrafnir skurðir eru um allar Nauteyrar þar sem Ölfusá, Sandá og Þorleifslækur renna í. Brúin var um 2,4 km vestan við bæ 001 og tæpum 600 m norðan við Sigmundarvað 018. Þarna mótar óljóst fyrir garðlagi á loftmynd. Það er tæplega 250 m langt og hlykkjast norðvestur-suðaustur. Skrásetjari komst ekki á svæðið, það þarfnast fylgdar staðkunnugra á hesti eða breyttum bíl.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 6

ÁR-500:020 *Bugabrú* heimild brú 63°56.995N 21°12.089V
"Bugabrú: Brú af kökkum gjörð. Upphaflega byggð fyrir Arnarbælisprest, til þess að auðvelda honum för á annexíu að Hjalla [ÁR-533]," segir í örnefnaskrá. Um 1980 var heimildum um helstu menningarleifar í Ölfusi safnað saman að frumkvæði Ölfushrepps í ítarlega skýrslu. Skýrslan var ekki útgefin en skrásetjari fékk afrit hjá einum heimildamanna sinna. Fjallað er um Bugabrú í kafla 3.7 um stíga, slóðir og vörður og staðsetning hennar sýnd á uppdrætti sem fylgir handritinu. Þessi vinna var gerð af sveitarfélaginu og hefur ekki verið birt svo að skrásetjara sé kunnugt um.
Bugabrú liggur í framræstu mýrlendi. Svæðið hefur verið ræst fram og miklar breytingar átt sér stað. Áveita var gerð á þessu svæði um miðja síðustu öld.
Engin ummerki um Bugabrú sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 6; Skráning menningarleifa í Ölfusi

ÁR-500:021 *Borgarhylur* örnefni fjárskýli
"Þingholtsmýri: Mýrarsund norðan Kakkarkeldu, vestan Þingholts [sjá 011]. Borgarhylur: Lítil tjörn (pyttur) í Þingholtsmýri," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Borgarhylur var í Þingholtsmýri. Svæðið sem um ræðir er stórt, mikið rask og breytingar hafa átt sér þar stað á síðustu áratugum vegna framræslu. Ólíklegt er að fjárborg hafi verið í mýrinni, öllu líklegra er að nafnið sé dregið af einhverjum þeim mannvirkjum [sjá 022] sem voru á Þingholti smbr. grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska forneifafélags frá 1905. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Umhverfis Þingholt er framræst, flatt mýrlendi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 8; Brynjúlfur Jónsson, 36

ÁR-500:022 heimild fjárhús 63°57.094N 21°10.894V
Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1905 segir: „Norður frá túni í Arnarbæli er lágt holt, er Þingholt heitir. Holtið er aflangt frá norðri til suðurs, og er það upplásið eftir endilangri miðjunni, en óblásið utan með. Þar eru á því margar tóftir, en flestar eru þær frá seinni tímum: það er fjárhústóft ein nýleg og margar stekkjartóftir, misgamlar að sjá." Ekki er að sjá aðrar tóftir á Þingholti er þingtóft 011. Þar er ræktað tún sem nýtt er til hrossabeitar. Ekki er vitað hvar nákvæmlega þessi mannvirki voru staðsett. Hnit var tekið við suðausturhorn holtsins, þar er bygging á loftmynd sem nú er horfin. Að sögn Páls Auðars Þorlákssonar, heimildamanns, eru öll önnur mannvirki en þingtóft 011 horfin á Þingholti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: BJ, 36

ÁR-500:023 *Farkeldubrú* heimild brú
"Farkeldupyttur: Djúpur pyttur með möl í botni, norðvestast í Stöðlarima. Yfir hann var trébrú. Farkeldubrú: Byggð fyrir almannafé," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega þessi brú var staðsett. Hún var þó í norðvesturhluta jarðarinnar en frekari upplýsingar þarf til þess að staðsetja hana með nákvæmni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 8

ÁR-500:024 heimild vað 63°55.130N 21°16.827V
"Einnig er vað úr Nauteyrartanga út yfir ósa, út á Hraunsland," segir í örnefnaskrá. Þetta var notað á leið sem lá á milli Hrauns ÁR-541 og Arnarbælis. Leiðin kallaðist Leiðin upp ósa (541:036) og vaðið er langt. Farið var úr Nauteyrum á þessum stað og riðið eftir í ánni uns landi var náð í Hrauni. Vaðið var langt og breytilegt eftir því hvernig vatnshæð og vatnsföll voru í Ölfusá. Vaðið er rúmum 5 km suðvestan við bæ 001, syðst í Nauteyrum. Skrásetjari komst ekki á svæðið, það þarfnast fylgdar staðkunnugra á hesti eða breyttum bíl.
Heimildir:Ö-Arnarbæli b, 1

ÁR-500:025 *Kerlingagöng* þjóðsaga
Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: „Hjá Arnarbæli í Ölfusi heitir á einum stað Kerlingagöng [...] [þangað] fóru konur sem ekki treystust til að fara krossför alla leið til Kaldaðarness [...] [þaðan] mátti sjá Kaldaðarnes fyrir austan Ölfusá þar sem krossinn var sem mest helgi og trú var höfð á páfadómi. En því sóttu menn eftir að sjá krossinn að því var trúað að menn fengju af því lækningu meina sinna." Í örnefnaskrá segir: "Nafnsins er getið í þjóðsögum Jóns Árnasonar, II, bls. 56. Þekkir enginn nú. Gömul munnmæli herma að konur í Arnarbæli og Kaldaðarnesi hafi notað sama klappið og henst því á milli sín." Í tímaritinu Sögu frá 1970 segir: „Heldur litlar sagnir um dýrkun á krossinum helga í Kaldaðarnesi geymdust fram á 19. öld. Þó eru tvö örnefni tengd dýrkuninni, en það eru Kerlingagöng hjá Arnarbæli í Ölfusi og Kvennagönguhólar [sjá ÁR-549:031]. Frá báðum stöðunum mátti sjá Kaldaðarnes, en það var trú manna, að það dygði til að fá bót meina sinna, og á þessa staði fóru konur, sem ekki treystust alla leið til Kaldaðarness. Virðist þarna um gamlar sagnir vera að ræða, því að Jón Halldórsson prófastur segir í Biskupsannálum sínum, að mönnum fyndist það duga sér til meinabótar og huggunar að komast þó ekki væri nema á Kambabrún." Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:JÁM II, 56; Ö-Arnarbæli a, 8; Saga 1970, 289-290

ÁR-500:026 tóft+garðlag útihús 63°56.460N 21°11.457V
Útihús er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 um 120 m suðvestan við bæ 001 og 20 m suðaustan við útihús 031. Útihúsið er ennþá varðveitt, þarna eru tvær byggingar tengdar saman með garðlagi. Þetta útihús er í svokölluðu Bjálkhústúni, sunnarlega í heimatúninu. Það er fremst á árbakka Ölfusár, í túnjaðrinum. Bakkinn er 3 - 4 m á hæð en sendið flatlendi er við ánna sjálfa.
Útihúsið er í sléttu, grónu túni. Þar er ekki nytjað, nema til hrossabeitar í litlu magni. Túnið hallar í átt að ánni, hallinn er aflíðandi.
Tóftirnar og garðlagið er á svæði sem er 25,5 x 17,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í lýsingu



Mynd 48. Útihús 500:026, horft til suðausturs.

þessari er hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er norðvestust. Hún er 12 x 9 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 5 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið til suðvesturs. Hólf 2 er norðaustar. Það er 2 x 2 m að stærð og niðurgafið. Það er 0,4 m dýpra en hólf 1. Ekkert op sést þar inn. Veggirnir eru 0,5 - 0,6 m á hæð og algrónir. Fyrir vestan tóftina er þúst eða hóll, líklega var þar annað hólf eða eldri tóft undir. Þústin er 0,2 - 0,3 m á hæð. Öll tóftin er grasivaxin og hvergi sést glitta í grjót. Hóll B er 4 m austar. Hann er 10 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, Hóllinn er reglulegur að utan, 0,3 - 0,5 m á hæð og algróinn. Hann er hæstur til vesturs en hvergi sést glitta í mannvist á yfirborði. Til norðurs frá tóft A og hól B er garðlag C . Það tengir minjarnar saman og var líklega gerði eða rétt. Garðlagið afmarkar hólf sem er 14 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggurinn er 0,2 - 0,4 m á hæð, op til suðvesturs, við tóft A. Veggurinn er bogadreginn og 3 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli b, 1

ÁR-500:027 heimild vað 63°56.185N 21°14.849V
"Vað var á Hólmsós við Ölfusá," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var tæpum 370 m sunnan við Sigmundarvað 018 og rúmum 3 km VSV við bæ 001. Á þessu svæði sjást ennþá götur í Nauteyrum, meðfram Ölfusá. Þetta var engjavegur og leið að Hrauni ÁR-541. Skrásetjari komst ekki á svæðið, það þarfnast fylgdar staðkunnugra á hesti eða breyttum bíl.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarbæli b, 2

ÁR-500:028 garðlag túngarður 63°56.701N 21°11.080V
Við Holt 017 sést grjóthlaðið garðlag, líklega túngarður eða vörslugarður. Garðlagið er rétt utan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907. Það liggur að túngarði 036, norðan við heimatúnið og áfram upp á Arnarbælishól. Þar hverfur það í slétt tún. Að öllum líkindum lá leið, á milli þessara tveggja garðlaga, út á engjar eða að Holti 017. Það er mjög mýrlent þar sem garðlagið liggur, þetta gæti einnig verið varnargarður í svokölluðu Pumpuskarði, Ölfusá rennur þarna í gegn í miklum flóðum.

Bæjarholt er tæplega 200 x 100 m að stærð og snýr norður-suður. Það er mýrlendi allt umhverfis það nema til suðvesturs, þar er hryggur sem sameinast Arnarbælishólnum. Allt holtið er ræktað en túnið er í órækt og nýtt til hrossabeitar.

Mynd 49. Túngarður 500:028, horft til suðvesturs.

Garðlagið er 1 - 2,5 m á breidd og grjóthlaðið til norðurs. Það er hlaðið úr stóru grjóti til norðurs en minni steinar eru annars staðar. Ekki er um vandaða hleðslu að ræða, grjótinu var hrúgað saman fremur en hlaðið skipulega. Grjótið gæti verið tilkomið vegna túnasléttunar eða sett þarna undir girðingu í mýrinni. Þegar upp á holtið kemur er garðlagið mun minna umfangs, algróið og það glittir í steina hér og þar. Garðlagið er 0,3 - 0,4 m á hæð, 270 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur, fast austan við Bæjarholtið allt að túngarði 036. Rétt áður en garðlagið kemur að túngarðinum sveigir það til vesturs að útihúsi 041 og aftur til suðurs við það. Þar liggur það samhliða túngarði 036 upp á holtið. Sá hluti líkist einna helst tröðum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-500:029 *Fjósaklöpp* heimild fjós 63°56.462N 21°11.524V
"Fjósaklöpp: Móklöpp niður við Ölfusá, í Bjálkhústúni," segir í örnefnalýsingu. Fjósaklöpp er rúma 170 m suðvestan við bæ 001 og 50 m suðvestan við útihús 026. Ekki er vitað hvaða fjós er átt við, það gæti hafa tilheyrt Bjálkhúsum 008 eða stakstætt í túninu nokkuð frá bæ 001. Fjósaklöpp sést ekki í eða við ánna
Miklar breytingar hafa átt sér stað á rennsli Ölfusár í gengum tíðina. Bæði vegna landbrots og túnasléttunar. Ekki er vitað hvort að klöppin sé komin á kaf eða of mikið hafi verið í ánni þegar skrásetjari var á ferð. Neðan við heimatúnið er gróinn bakki og sandur að ánni. Þar sjást ekki til kletta. Engin ummerki um Fjósaklöpp sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 2

ÁR-500:030 *Grímshús* heimild bústaður
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 17108 segir: "Ellefta hjáleiga, hefur í auðn legið undir 20 ár. […] Tún og engi er ekkert, hafinn brúkast af staðnum." Í örnefnalýsingu segir: "Grímshús: Engar upplýsingar hvar hafi verið." Ekki er vitað hvar hjáleigan var staðsett og frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hana,
Heimildir:JÁM, 413; Ö-Arnarbæli a, 3

ÁR-500:031 þúst útihús 63°56.472N 21°11.469V
Útihús er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 um 25 m norðvestan við útihús 026 og 130 m vestan við bæ 001. Þarna er þúst í grónu túni.
Slétt, grasivaxið tún. Það er búið að slétta yfir túnið og útihúsið um leið. Túnið er slegið að hluta og nýtt til hrossabeitar.
Þústin er 9 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,1 - 0,2 m á hæð og algróin. Þústin er hæst til vesturs. Ekki sést laut ofan á henni né hægt að gera sér grein fyrir nánara lagi útihússins sem hér var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

Mynd 50. Þúst 500:031, horft til NNV.

ÁR-500:032 gata traðir 63°56.463N 21°11.266V

Mynd 51. Traðir 500:013, horft til norðvesturs.

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 og túnakorti frá 1918 sjást traðir liggja fast fyrir norðan bæ 001. Traðirnar lágu eftir endilöngu heimatúninu, þjóðleið 720:020 lá þar um og áfram til beggja átta. Útihús var sambyggt tröðunum, fyrir vestan útihús 003, en það er nú horfið. Vesturhluti traðanna er ennþá varðveittur, austurhlutinn er undir núverandi malarvegi að Arnarbæli og sumarbústöðum uppi á hólnum.
Heimatúnið fyrir sunnan traðirnar er ennþá í ræktun en ekki slegið. Fyrir norðan traðirnar eru sumarbústaðir með tilheyrandi trjárækt og umsvifum. Þar inn á milli eru ennþá grasivaxin tún.
Traðirnar sjást á 160 m löngum kafla fyrir vestan bæ 001. Þær eru mikið skemmdar vegna vegagerðar en malarvegur liggur eftir þeim út gamla heimatúnið. Veggirnir meðfram þeim hafa verið hlaðir, suðurveggurinn sést ennþá og lítill hluti til norðurs þar sem traðir 013 koma niður hólinn. Veggurinn er grjóthlaðinn, 0,3 - 0,5 m á hæð og gróinn. Það glittir í grjót í gegnum grasið. Til austurs eru traðirnar alveg komnar undir veg en þær náðu út fyrir Ósgerði ÁR-499 og Nethamra ÁR-501.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907; Túnakort 1918

ÁR-500:033 heimild kálgarður 63°56.477N 21°11.289V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 var kálgarður 50 m norðaustan við bæ 001 og 30 - 40 m suðvestan við Hól ÁR-502:001. Kálgarðurinn var uppi á hólnum, í brekku sem hallar til suðurs að bæ 001. Ekki er ljóst hver nýtti kálgarðinn en líklega var það Arnarbæli.
Kálgarðurinn var í suðurhlíðum hólsins og náði niður á flatlendi hjá bænum. Brekkan er 10 - 15 m á hæð, brött og þarna var líklega skjólgott. Þarna er nú ræktað tún.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-500:034 heimild útihús 63°56.467N 21°11.363V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 er sýnt L-laga útihús vestan við útihús 003 og 004. Útihúsið var vestarlega á bæjarhólnum en er horfið. Á loftmynd frá því um 1998 - 2000 sést stór bygging með bárujárnsklæddu þaki frá 20. öld á sama stað. Það hús var rifið og ekki sér til mannvirkja. Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið svæði sem myndar lágan stall. Það er að öllum líkindum grunnur hússins á loftmyndinni. Frá stallinum er bratt niður bæjarhólinn. Það er greinilegt að mannvist er enn hér undir sverði.
Engin ummerki útihússins á bæjarteikningunni sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-500:035 heimild skemma 63°56.460N 21°11.290V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 er sýndur rjómaskáli fast norðan við bæ 001 og sunnan við traðir 032. Ekki er ljóst hvort að rjómaskálinn var sambyggður útihúsunum, merkingar eru ekki það nákvæmar á bæjarteikningunni. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Þrjú rjómabú voru stofnuð í Ölfusi, sitt í hverri kirkjusókn eins og þær voru þá [sjá Kröggólfsstaðir 525:027 og Hjalli (óskráð), eitt af þeim var í Arnarbæli, stofnað árið 1901 og flutti það ár út 900 kg af smjöri. Rjómabúið var í húsi á hlaðinu og var hestgangur fyrst notaður til að strokka og teymdi drengur strokkhestinn. Það gafst ekki vel og var þá notaður mótor. Arnarbælisbúið varð undir lokin eitt stærsta rjómabúið á landinu. Mestur var útflutningur þess árið 1910. Þá flutti það úr 20,400 kg af smjöri. Árið 1911 var það lagt niður […]".

Rjómaskálinn var um 30 m norðan við bæ 001, þar sem nú er malarvegur að Króki ÁR-503, Stöðlum ÁR-504 og Nýjabæ ÁR-505. Ekki er vitað hvenær húsið var rifið.
Engin ummerki rjómaskálans sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907; SB III, 298

ÁR-500:036 garðlag túngarður 63°56.525N 21°11.523V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 sést túngarður afmarka allt Arnarbælishverfið til allra átta nema suðurs, þar réði Ölfusá. Vírgirðing afmarkaði heimatún bæjanna á hólnum sjálfum og skipti á milli býlanna þar. Hlutar túngarðsins eru ennþá varðveittir til suðvesturs og norðurs.
Arnarbælishóll er gróinn og á hann röðuðust öll býlin í hverfinu eins og kragi. Uppi á hólnum eru tún, bakgarðar sumarbústaða og trjárækt en meðfram honum eru framræstar mýrar nýttar til beitar.
Gamla heimatúnið var 600 x 450 m að stærð og afmarkaðist af svokölluðum Arnarbælishól. Allt hverfið er uppi á þessum hól og heimatún bæjanna samliggjandi. Túngarður A er hluti af suðvesturhorni heimatúnsins. Hann er ekki sýndur á bæjarteikningunni en mögulega var þetta einnig varnargarður gegn

Mynd 52. Túngarður 500:036a, horft til suðurs og 036b, horft til NNA.

Ölfusá og Bjálkhúsós sem er hér rétt vestar. Túngarðurinn er tæplega 90 m að lengd, liggur til suðurs frá vesturenda traða 032, sveigir til suðausturs og fjarar úr sunnan við Bjálkhús 008. Vestasti hlutinn, við Bjálkhúsós er torfhlaðinn. Hann er 1,3 m á hæð og 0,4 m á hæð. Hann er algróinn og vírgirðing liggur eftir honum endilöngum. Þegar túngarðurinn sveigir til suðausturs breytist hann og verður að kanti. Hér er að öllum líkindum um fleiri en eitt byggingarstig að ræða. Kanturinn er 1 m þar sem hann er hæstur en fjarar út. Hann er algróinn. Túngarður B er norðan við heimatúnið. Hann liggur til norðurs frá Nýjabæ ÁR-505 og sveigir til suðausturs, niður hólinn. Þessi hluti sést á bæjarteikningunni og lá allt að Nethömrum ÁR-501 og tröðum 032 þar. Túngarðurinn er grjóthlaðinn uppi á hólnum. Hann er 2 m breiður, 0,4 m á hæð og vírgirðing er eftir honum í brekkunni. Þar er hann 4 m breiður og 0,4 m hár hryggur. Austan við Ósgerði ÁR-499 liggur túngarðurinn yfir mýrarsvæði, þar er hann óljós og sést illa, girðingin gefur legu hans til kynna. Þar umhverfis er búið að planta miklu af trjám og gera grasflatir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-500:037 hleðsla áveita 63°56.222N 21°15.103V
"Hólmsós: (frb. Hólsós). Ós milli Ár og Lækjar. Um hann rann mikið vatn úr Ánni í Lækinn. Ósinn er boginn til vesturs. Hann er nú stíflaður beggja meginn," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnaskrá sem ber heitið Engjar Arnarbælishverfis segir: "Nauteyrar eru vestan Hólmsóss, […] Þær voru leigðar til slægna, nema Hólmurinn var heyjaður frá Arnarbæli á þeim tíma sem fyrri stíflan var í Hólmsósnum (á síðasta fjórðungi 19. aldar)." Stíflan sést þarna enn. Skrásetjari komst ekki þangað á fylgdar. Afar blautt var þegar dvalið var á vettvangi og til þess að komast í Nauteyrar þarf hest eða breyttan bíl ásamt leiðsögn. Skrásetjara var bent á staðinn á loftmynd. Stíflurnar eru um 3 km VSV við bæ 001, skammt norðvestan við vað 027. Um 180 m eru á milli stíflanna.
Efri (nyrðri) stíflan er um 30 m löng og liggur ANA-VSV. Syðri stíflan er minni, um 20 m að lengd og snýr NNA-SSV. Eftir þeim báðum eru götur og stíflurnar sjálfar eru hlaðnar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 4: Ö-Arnarbæli b, 1

ÁR-500:038 þúst útihús 63°56.473N 24°11.388V

Mynd 53. Þúst 500:038, horft til VNV.

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 er sýnt útihús um 70 m norðvestan við bæ 001. Það var sambyggt tröðum 032 en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Á þessum stað er nú (2015) þúst og miltisbrandur er hér í jörðu. Hvítur staur merktur A 34 er á hólnum.
Slétt, grasivaxið tún. Malarvegur er fast norðan við þústina sem sést vel.
Þústin er 16 x 8,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er 0,4 m á hæð, slétt að ofan og algróin. Hún fjarar út til norðurs. Hér er mikið jarðrask, útihúsið á bæjarteikningunni var mun minna en þessi þúst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-500:039 garðlag áveita 63°56.787N 21°10.940V

Mynd 54. Garðlag 500:039, horft til norðurs.

Fyrir sunnan heimatún Egilsstaða ÁR-497 er mýrarsund, allt að svokölluðu Bæjarholti. Í mýrinni eru lágir rimar en hún er enn blaut þrátt fyrir framræslu. Þegar skrásetjari var þarna á ferð í byrjun október 2015 var 0,2 - 0,4 m djúpt vatn þar. Þetta er innan landsvæðis sem nú tilheyrir Egilsstöðum.
Mýrin er gróin, flöt og víða eru vélgrafnir skurðir. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.
Garðlagið er L-laga og um 250 m langt. Það liggur til suðurs frá vélgröfnum skurði, austan við ræktað tún og sveigir síðan til vesturs að norðurenda Bæjarholtsins. Þetta er eflaust áveitugarður enda er þetta svæði mjög mýrlent og grasgefið. Garðurinn er 0,3 m á hæð, 1 m á breidd og torfhlaðinn. Meðfram annarri hlið hans er 0,2 m djúp renna þar sem efni var tekið og vatni hleypt inn. Garðurinn liggur að lágum rimum og hverfur þar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-500:040 þúst 63°56.766N 21°11.092V

Mynd 55. Þúst 500:040, horft til VNV.



Þúst er nyrst á Bæjarholti, um 90 m norðan við Holt 017 og rúma 600 m norðan við bæ 001. Hér er mannvist undir sverði þrátt fyrir að ekki sjást til veggja eða annars sem gefur nánari stærð og lögun til kynna. Þetta gæti verið útihús frá Holti en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Bæjarholtið er slétt, grasivaxið og nýtt til hrossabeitar. Túnið er sléttað en komið í órækt. Þústin er utan við sléttaða svæðið, á holtsbrúninni.
Þústin er 7 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er algróin, hæst til suðurs og mögulega er hér um tvö byggingarstig að ræða. Þústin er 0,5 m á hæð til suðurs en 0,3 m á hæð til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-500:041 tóft fjárhús 63°56.656N 21°11.262V
Tóft er nyrst í Arnarbælishól, rúmum 370 m norðan við bæ 001 og 50 m norðan við túngarð 036. Tóftin er rétt norðan gamla heimatúnsins og var líklega fjárhús. Vírgirðing er 5 m austan við tóftina og önnur 10 m norðar. Ekki er vitað hvaða bær nýtti tóftina.
Fyrir austan tóftina eru ræktuð tún og grónir bakgarðar á Arnarbælishól. Til vesturs er framræst mýri sem nýtt er til beitar. Mýrin er ennþá blaut.



Mynd 56. Tóft 500:041, horft til vesturs.

Tóftin er 10 x 8 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin til austurs en hrun er þar fyrir. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og þar glittir í grjót hér og þar án þess að um skýr umför sé að ræða. Veggirnir eru 0,2 - 0,4 m á hæð, lægstir að innan. Þar glittir einnig í eitt umfar af grjóthleðslu í suðvesturhorni. Veggirnir eru 3 m á breidd og aflíðandi. Tóftin er á lágum hól í mýrarjaðrinum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-500:042 garðlag landamerki 63°56.545N 21°11.184V
Garðlag liggur til norðausturs niður Arnarbælishól, í austurhluta hans. Garðlagið er innan heimatúnsins og skildi að öllum líkindum á milli túna Arnarbælis og Króks ÁR-503. Það er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907, einungis á túnakorti frá 1918. Útihús 503:004 er fimm metrum norðar
Ræktuð tún í halla niður hólinn. Þetta svæði tilheyrir Króki enn og er ekki nýtt til annars er frístunda.
Garðlagið er rúmlega 40 m að lengd og liggur ANA-VSV niður hólinn. Það er grjóthlaðið úr fremur stóru grjóti, er 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Það sést eitt umfar af grjóthleðslu í því. Ekki virðist hafa verið girt eftir garðlaginu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

Mynd 57. Garðlag 500:042, horft til norðausturs.

ÁR-500:043 heimild kálgarður 63°56.445N 21°11.355V
Kálgarður er sýndur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1907, fast vestan við kirkjugarð 002 og um 35 m suðvestan við bæ 001. Kálgarðurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1918.
Grasivaxið, óræktað svæði. Frá bænum er lág brekka og var kálgarðurinn í henni. „Stallur“ er í brekkunni þar sem kirkjan er og náði kálgarðurinn allt að gömlum, háum árbakka.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-501 Nethamrar

"Fyrsta hjáleiga af Arnarbæli." JÁM II, 411. „Nethamrar eru á bakka Ölfusár, austur frá Arnarbæli. Áin hefur brotið af túninu á liðnum öldum.“ SB III, 385. "Nethmaratún: Austast, mill árinnar og vegarins. Innanvið hektar að stærð. Ölfusá hefur brotið það mjög í manna minnum." Ö-Arnarbæli a, 2.
Ekki til túnakort en bærinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907.

ÁR-501:001 *Nethamrar* bæjarhóll bústaður 63°56.452N 21°11.021V

"Nethamrar: Eitt "kotið", syðst og austast í hólnum [svo]," segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Nethamrar eru á bakka Ölfusár, austur frá Arnarbæli. Áin hefur brotið af túninu á liðnum öldum." Bærinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907, þá var bærinn í norðvesturhorni bæjarhúsanna, kálgarður til suðurs og aðar sambyggðar byggingar fyrir austan og vestan bæinn. Túngarður 500:036 lá fast austan við bæinn. Stafnar sneru til suðurs að ánni. Engin mannvirki eru nú á bæjahólnum né ábúð jörðinni. Það er lítið sem ber bænum vitni á yfirborði. Í dag er þetta ríkisjörð líkt og Arnarbæli.

Mynd 58. Bæjarhóll Nethamra 501:001, horft til austurs.

Slétt, ræktað tún nýtt til beitar. Traðir 500:032 lágu fast norðan við bæinn, þar er nú malarvegur að Ósgerði ÁR-499 og Arnarbæli
Nethamrar voru um 250 m austan við Arnarbæli og 90 m sunnan við Ósgerði. Bæjarhóllinn er 34 x 28 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er sléttur, 0,2 - 0,3 m á hæð en hvergi sér móta fyri mannvist á yfirborði. Til norðausturs og austurs sést glitta í steypu, líklega úr útihúsum sem sjást á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum III. Hér er búið að slétta mikið yfir bæjarhóllinn og taka jarðveg, það glittir í klöpp ofan á bæjarhólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 2; SB III, 385

ÁR-502 Hóll

"Hóll. Fjórða hjáleiga." JÁM II, 412. „Hóll stóð uppi á háhólnum, í byggð fram undir síðustu aldamót.“ SB III, 383. Ekki er föst ábúð á jörðinni né vitað hvar hún stóð nákvæmlega. Mastur sem er uppi á háhólnum er þó líklega byggt í bæjarhólinn.
Ekki til túnakort né er hann sýndur á bæjateikningu danskra landmælingamanna 1907.

ÁR-502:001 *Hóll* bæjarhóll bústaður 63°56.483N 21°11.253V
"Hóll: Kot, stóð upp á hólnum, þar, sem hann er hæstur, norðaustur af Arnarbæli og átti tún suðaustur í hólnum. (Í byggð, fóðrar 7 kýr. Jarðab.A.M.)," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Árið 1926 byggðu þarna á holtinu Þórður Magnússon frá Ósgerði [ÁR-499] og Arnþrúður Hannesdóttir. Þau ræktuðu þarna blett í kringum hús sitt. Þennan blett nefndi Þórður Hól (…) nafnið er dregið af koti sem áður stóð á háhólnum norðan Arnarbælis." Ekki er vitað hvar nákvæmlega yngri bærinn stóð, líklega var það á svipuðum stað og eldri Hóllinn. Hóll var 70 m norðaustan við Arnarbæli ÁR-500 og 30 m norðaustan við kálgarð 500:033. Mastur er uppi á háhólnum, líklega á sama stað og bærinn var. Ekki er vitað hvenær ábúð féll niður, áður en yngra býlið er byggt 1926. Í manntölum 1835-1870 er ábúð á jörðinni. Eftir það fer bærinn í eyði, líklega á millu 1870-1880.

Mynd 59. Bæjarhóll Hóls 502:001, horft til ASA.

Mikið rask er uppi á háhólnum. Þar er mastur ofan á litlu húsi og malarvegur að því. Mastrið og húsið eru á steyptum grunni. Allt umhverfis er ræktað tún, nýtt til hrossabeitar.
Bæjarhóllinn er 38 x 26 m að stærð og snýr austur-vestur. Stafnar bæjarins snéru líklega til suðurs, í átt að Ölfusá. Til suðausturs sést glitta í grjóthlaðinn kant, hann er 1 m á hæð og bogadreginn. Fyrir norðan mastrið er einnig hóll, líklega hluti af bæjarhólnum. Þar sjást ummerki um mannvist, járnrör og grjót standa þar upp úr hólnum. Tún Hóls tilheyrir nú sumarbústaðalandi Gyðríðar Einarsdóttur, heimildamanns, og fjölskyldu hennar. Vírgirðing liggur yfir austurhluta hólsins og þar er búið að planta miklu magni af trjám. Hvergi sjást ummerki um greinilegar tóftir á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarbæli a, 4; SB III, 386;
http://www.manntal.is/leit/Arnarb%C3%A6liss%C3%B3kn/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/2/1835

ÁR-503 Krókur (Stóri-Krókur)

"Stóri-Krókur. Áttunda hjáleiga. […] Allan helming slægna töðunnar brúkar ábúandinn á Stöðlum fyrir þá landskuld sem þar segir, og voru strax sem Stöðlar bygðust þess tún þar lagin." JÁM II, 413. Ekki er föst ábúð á jörðinni, þar er nú sumarbústaður og trjárækt í heimatúninu.
1917: Tún 1.1 ha, þar af c. 9/10 slétt. Garðar 747 m2. "Krókstún: Vestan í hólnum, frá gömlu tröðunum og norður að veitu." Ö-Arnarbæli a, 3.



ÁR-503:001 *Krókur (Stóri Krókur)* bæjarhóll bústaður 63°56.532N 21°11.323V

Mynd 60. Bæjarhóll Króks 503:001, horft til vesturs.

"Stóri-Krókur. Áttunda hjáleiga. […] Allan helming slægna töðunnar brúkar ábúandinn á Stöðlum fyrir þá landskuld sem þar segir, og voru strax sem Stöðlar bygðust þess tún þar lagin." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. "Krókur: Stendur enn á sama stað og áður (Stóri-Krókur í ábúð 1/2, hitt notað frá Stöðlum, fóðrar 9 kýr, Jarðab.A.M.)," segir í örnefnaskrá. Krókur er um 150 m NNV við Arnarbæli ÁR-500:001 og 50 m sunnan við Stöðla ÁR-504. Bærinn var uppi á hólnum, vestan við traðir 003 sem lágu áfram að Stöðlum ÁR-504 og Nýjabæ ÁR-505. Bærinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 og túnakorti frá 1918. Kálgarður var sambyggður bænum til vesturs og suðurs og útihús til norðurs og norðausturs. Kálgarður Stöðla var sambyggður útihúsunum að norðan. Öll bæjarhús hafa verið rifin og lítil ummerki um bæjarhól sjást á yfirborði. Þarna er nú sumarbústaður og gróinn bakgarður honum tengdur með tilheyrnandi jarðraski. Ekki er lengur ábúð á jörðinni. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var bærinn efst í túninu til norðurs, nánast fyrir miðju. Túnið var allt fyrir sunnan bæinn og sést það einnig á bæjarteikningunni, afmarkarð með gaddavír að öllum líkundum.
Bakgarður sumarbústaðarins er gróinn. Þar er búið að planta miklu af trjám og gera sléttar grasflatir inn á milli.
Erfitt er að greina stærð bæjarhólsins á yfirborði. Smkv. Sunnlenskum byggðum II var íbúðarhús byggt
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 413; Ö-Arnarbæli a, 3; SB III, 383, Túnakort 1918; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-503:002 *Litli-Krókur* þjóðsaga bústaður 63°56.511N 21°11.338V

Mynd 61. Litli-Krókur 503:002, horft til SSV.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Sjöunda hjáleiga, hefur í auðn verið síðan fardaga. […] Grasnautn alla brúkar áðurnefnd húskona á Stöðlum." "Litli-Krókur: Stóð hjá Stóra-Króki (Í eyði frá síðustu fardögum... Jarðab.A.M)," segir í örnefnalýsingu. Litli-Krókur er 30 m sunnan við bæ 001 og rúmum 100 m NNV við Arnarbæli ÁR-500. Staðsetning býlisins er sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907, syðst í túni Króks. Umrætt svæði er í miðri skógrækt, miklu af trjám hefur verið plantað á merkjum við Arnarbæli með tilheyrandi jarðraski. Ekki er vitað hvernig stafnar bæjarins snéru, líklega til austurs eða vesturs sé tekið mið af lagi hólsins.
Bæjarhóllinn er á hólhrygg sem snýr NNV-SSA. Hóllinn er brattur til norðurs en fjarar út til annarra hliða. Bæjarhóllinn er um 18 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Hliðar hans eru aflíðandi og grónar.
Erfitt er að greina nákvæma stærð bæjarhólsins á yfirborði. Vírgirðing og skjólbelti liggja þvert, austur-vestur, yfir hólinn. Til vesturs er hann gróinn, 0,2 m á hæð og hliðarnar ávalar. Til norðurs er hann innan sumarbústaðarlands og þar eru sléttar flatir og tré.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3; JÁM, 412-413; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-503:003 heimild traðir 63°56.530N 21°11.301V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir fyrir sunnan bæ 001 og sambyggðan kálgarð sem þar var. Þær sveigðu til norðurs austan við bæjarhúsin og lágu áfram Stöðlum ÁR-504. Hér er líklega um framhald traða 500:013 að ræða en öll tengsl þar á milli horfin.
Öll ummerki traðanna eru horfin. Þarna er nú sumarbústaðaland með sléttum grasflötum og skógrækt. Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-503:004 þúst útihús 63°56.545N 21°11.196V
Þúst er innan heimatúns Króks, í austurhlíðum Arnarbælishóls. Þústin er ofarlega í brekkunni og skagar þar út. Þústin er tæpum 110 m austan við bæ 001 og 6 m norðan við garðlag 500:042. Miðað við staðsetningu og lag þústarinnar er hér um úthús að ræða.
Þústin er í ræktuðu túni. Það er ekki nýtt lengur og er innan sumarbústaðarlands á Króki, Stöðlum ÁR-504 og Nýjabæ ÁR-505.
Þústin er hringlaga og 6 m í þvermál. Hún er 0,4 m á hæð, hæst til austurs. Þar skagar hún fram í brekkuna. Brekkan er há en aflíðandi. Ekki sér til dældar eða annars sem gefur nánara lag tóftarinnar til kynna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Mynd 62. Þúst 503:004, horft til austurs.

ÁR-504 Stöðlar

"Stöðlar. Sjötta hjáleiga. […] Húskona er í þessari hjáleigu. Hún hefur slægjur af eyðihjáleigunni Litla-Króki." JÁM II, 412. Í Sunnlenskum byggðum III segir: „Árið 1961 féllu jarðnot Stöðla til Króks. Ríkissjóður á jörðina.“ SB III, 384. Ekki er búið á jörðinni, þar er sumarhús.
1917: Tún 1.3 ha, þar af c. 11/12 slétt. Garðar 720 m2.



ÁR-504:001 *Stöðlar* heimild bústaður 63° 56.567 N 21° 11.308 W

Mynd 63. Bæjarhóll Stöðla 504:001, horft til norðurs.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Stöðlar. Sjötta hjáleiga. […] Húskona er í þessari hjáleigu. Hún hefur slægjur af eyðihjáleigunni Litla-Króki." Í örnefnalýsingu segir: "Stöðlatún: Suðvestan í Hólnum, norðan vegarins vestur á engjar [500:012] að gömlum tröðum [500:013], sem lágu frá Króki [ÁR-503] og niður að Bjálkhúsós. […] Stöðlar: (í Stöðlum) Stóðu áður norðan Króks, áfast við (í ábúð, fóðrast 9 kýr, Jarðab.A.M.)." Í tímaritinu Fjallkonan frá árinu 1896 segir: " Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemdust meira og minna. — Prestssetrið Arnarbæli er algerlega hrunið og kirkjan þar skektist á grunninum. Auk þess eru algerlega hrundir þessir bæir: Stöðlar, Nýibær, […]." Stöðlar eru sýndir á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 og túnakorti frá 1918. Bærinn var uppi á háhólnum, milli Króks ÁR-503 og Nýjabæjar ÁR-505. Stöðlar eru rúmum 200 m norðan við Arnarbæli ÁR-500 og um 50 m norðan við Krók ÁR-503. Bærinn var austan við veginn sem lá upp að Nýjabæ, kálgarður var fyrir sunnan, suðvestan og norðvestan bæinn. Túnið var fyrir suðvestan bæinn og það var stækkað til vesturs á milli þess sem bæjarteikningin og túnakortið er gert.

Bæjarhóllinn er horfinn, þarna eru nú sléttar grasflatir, skógrækt og skjólbelti úr öspum og birki. Sumarbústaður er nú á vesturhluta bæjarhólsins og öll hús horfin. Miklar breytingar hefur átt sér stað frá því að ábúð var hætt á jörðinni 1961.

Bæjarhóllinn sést ekki né ummerki um uppsöfnuð mannvistarlög á yfirborði. Hvar nákvæmlega bærinn stóð er ekki vitað, líklega var það skammt austan eða norðaustan við sumarhús sem þarna er nú. Umhverfis sumarhúsið er búið að planta trjám og gera grasflatir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM II, 412; Ö-Arnarbæli a, 3; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907; Túnakort 1918; http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

ÁR-504:002 þúst útihús 63° 56.590N 21° 11.382'W

Mynd 64. Þúst 504:002, horft til norðausturs.

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 var útihús um 50-60 m norðvestan við bæ 001, í jaðri heimatúnsins. Túngarður 500:036 lá fast norðan við útihúsið en er horfin. Útihúsið var vestan við hólinn, á mörkum hans og mýra.

Allt þetta svæði er komið undir skógrækt. Þarna eru aspir í tugatali með tilheyrandi jarðraski.

Þústin er mjög gróin og röskuð vegna trjáræktar. Hún er 9,5 x 4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Þar sést glitta í grjót og steinsteypu til vesturs í henni. Ekkert er hægt að segja til um nánara lag útihússins, þústin er algróin, 0,3-0,5 m á hæð og brött til vesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1907

ÁR-505 Nýjibær

"Níunda hjáleiga." JÁM II, 413. „Gömul fylgijörð frá Arnarbæli. Stóð nyrst á Arnarbælishólnum. Fór í eyði 1950. Króksbóndi fékk þá túnið.“ SB III, 386. Ekki er föst ábúð á jörðinni og hún innan sumarbústaðalands á Króki ÁR-503 og Stöðlum ÁR-504.
1917: Tún 1.6 ha, þar af c. 9/10 slétt. Garðar 910 m2. "Nýjabæjartún: Norðurbrekkan á hólnum" Ö-Arnarbæli a, 3.



Byggt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna 1907 og túnakorti 1918

ÁR-505:001 *Nýjibær* bæjarhóll bústaður 63°56.602N 21°11.281V

Mynd 65. Nýjibær 505:001, horft til VNV.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Níunda hjáleiga." "Nýjibær: Stóð norðast í hólnum, sér fyrir bæjarstæði. Nýlega kominn í eyði. Síðasti ábúandi, Björn Sigurðsson, bróðir heimildarmanns," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Gömul fylgijörð frá Arnarbæli. Stóð nyrst á Arnarbælishólnum. Fór í eyði 1960. Krókur fékk þá túnið." Í tímaritinu Fjallkonan frá árinu 1896 segir: " Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemdust meira og minna. — Prestssetrið Arnarbæli er algerlega hrunið og kirkjan þar skektist á grunninum. Auk þess eru algerlega hrundir þessir bæir: Stöðlar, Nýibær, Egilsstaðir, […]." Nýibær er 270 m norðan við Arnarbæli ÁR-500 og 100 m NNA við Stöðla ÁR-504. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918 og á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907. Kálgarður var sambyggður bæjahúsunum til suðurs og vesturs. Öll hús á jörðinni hafa verið rifin en þau sjást á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum III. Túngarður 500:036 lá að bænum til norðurs.

Hóllinn er sléttur og bærinn var nyrst á honum. Þarna eru nú tún og skógrækt í tengslum við sumarbústaði sem þarna eru.

Bæjarhóllinn er 16 x 10 m að stærð, snýr norður-suður og er 0,5 m á hæð. Hóllinn er mikið raskaður, bæði vegna niðurrifs, sléttunar og skógræktar. Fyrir sunnan hólinn hefur mikið af trjám verið plantað, aðallega öspum og birki. Bæjarhóllinn er algróinn en uppi á norðurhluta hans er búið að stafla miklu af trjágreinum. Hóllinn skagar fram í brekkubrúnina og ennþá er líklega mannvist undir sverði. Stafnar bæjarins snéru til suðausturs að öllum líkindum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3; SB III, 386; Bæjarteikningar danskra lanmælingamanna 1907; Túnakort 1918; JÁM II, 413; http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

ÁR-505:002 *Kaldakinn* heimild bústaður 63°56.584N 21°11.227V

"Kaldakinn: Smáhóll norðaustan í hólnum, syðst í Nýjabæjartúni. Þar stóð kot (í eyði síðustu árdaga, staðurinn notar túnið)," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Tíunda hjáleiga, bygð fyrir 2 árum. Nú í eyði síðan fardaga. […] Túnið er brúkað til slægna frá staðnum." Þegar Jarðabókin er gerð í ágúst en jörðin búin að vera í eyði um 2 mánuði. Ekki er vitað hvort að býlið byggðist upp aftur, hafi það eins verið í byggð í 6 ár er ekki mikilla minja að vænta. Ekki

Mynd 66. Þústir 505:002, til vinstri er þúst A en til hægri er þúst B.

er vitað með vissu hvar Kaldakinn stóð, líklega var það á svipuðum stað og útihús 003. Kaldakinn var tæpum 60 m suðaustan við bæ 001 og 15 m norðan við útihús 003. Kaldakinn var á brekkubrúninni, hóllinn lækkar til austurs frá bænum.
Gróið tún í halla til austurs. Svæðið er innan sumarbústaðalóða og þar eru víða skjólbelti og grænar flatir. Túnið er ekki nýtt.
Tvær þústir komu til greina sem Kaldakinn. Þúst A er vestar, uppi á hólnum. Hún er hringlaga, 8 x 8 m að stærð og 0,4 m á hæð. Hún er algróin, ekki mótar fyrir dæld né öðru sem gefur nánara lag hennar til kynna. Hin þústin, hér flokkuð sem B, er rúmum 30 m suðaustar, neðst í hólnum á mörkum við mýrlendi. Sú þúst er 17 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,2 m á hæð og ólíklegra bæjarstæði. Útihús 003 gæti einnig verið reist í tóftum bæjarins, það er tæpum 15 m sunnan við þúst A.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarbæli a, 3; JÁM II, 413

ÁR-505:003 tóft útihús 63°56.574N 21°11.235V
Tóft er austarlega í hólnum, um 15 m sunnan við Köldukinn 002 og 65 m suðaustan við bæ 001. Hér gæti allt eins verið um Köldukinn að ræða. Tóftin skagar fram í brekkuna til austurs og er áberandi þegar að henni er komið. Sé tekið mið af staðsetningu og lagi tóftarinnar er um útihús að ræða.
Grasivaxið, óræktað tún. Það er ekki nýtt til sláttar né beitar, tilheyrir sumarbústöðum uppi á hólnum.
Tóftin er 6,5 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Op er líklega til vesturs, upp á hólinn. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir, það glittir hvergi í grjót en það finnst þegar gengið er yfir svæðið. Veggirnir eru 1 - 1,5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 67. Tóft 505:003, horft til austurs.

ÁR-506 Bakkárholt

30 hdr. JÁM II, 405. 12 ½ hdr. 1847, JJ, 74. "Jarðdýrleiki xxx og so tíundast fjórum tíundum. NB. Þessi jörð er afdeild í tvo sundurlausa bæi, og kallast annar þrír fjórðungar úr XX hdr. Sá beheldur jarðarnafninu og kallast Bakkárholt. Hinn parturinn, einn fjórðungur úr XXX hdr, er kallað Partur (ÁR-507] […]" JÁM II, 405. Bærinn stendur á holti og þar var túnið. Vestur af því eru blautar engjar nema bakkar Gljúfurholtsár. […] Mótak gott. Selstaða var í Sogni og beit í Gljúfri. Á Bakkárholti var áður þriggja hreppa þing og þingstaður Ölfusinga til 1885.“ SB III, 378.
1917: Tún 5.5 ha, þar af c. 4/5 slétt. Garðar 1460 m2.



ÁR-506:001 *Bakkárholt* bæjarhóll bústaður 63°57.685N 21°08.393V

Mynd 68. Bakkárholt 506:001, horft til vesturs.

Bærinn á Bakkarholti stendur enn á samnefndu holti. Bærinn er sýndur, nánast í miðju heimatúninu á túnakorti frá 1918. Íbúðarhús var byggt 1908 – 1910 á bæjarhólnum og núverandi íbúðarhús þar rétt norðar, árið 1944. Það hús er ónýtt og fór bærinn úr ábúð árið 2016 þegar síðasti ábúandi flutti burt. Útihús voru reist á 20. öld í suðurhluta bæjarhólsins en þau voru rifin í kjölfar jarðskjálfta árið 2008. Þau útihús sjást á loftmynd frá árunum 1998 - 2000. Þegar „stóra hlaðan" var rifin komu í ljós minjar í gólfi hennar og eru þær ennþá varðveittar þar undir sverði. Þetta eru minjar líklega allt frá landnámstíma að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns. Bærinn snéri stöfnum til suðurs og útihúsin röðuðust til norðurs á túnakorti frá 1918. Bærinn hefur alltaf staðið á þessum slóðum að sögn Margrétar.
Núverandi íbúðarhús var um 30 m norðvestan við úthús frá 20. öld sem reist voru í suðurhluta bæjarhólsins. Þar er slétt, grasivaxið svæði og þar norðar er "hóll" sem er að stórum hluta uppsöfnuð mannvistarlög þrátt fyrir mikið rask. Allur bæjarhóllinn er mikið raskaður og þar er nú slétt, gróið svæði. Bæjarhóllinn er 60 x 40 m að stærð og snýr austur-vestur. Á túnakortinu eru bæjarhúsin til norðurs en svo hefur ekki alltaf verið sé tekið mið af stærð bæjarhólsins. Bærinn náði mögulega allt fram á brekkubrúnina fyrir sunnan 20. aldar útihúsin að sögn Margrétar. Ljósmynd af bænum er til í fórum Margrétar en erfitt er að sjá hvar húsið var nákvæmlega, mikið rask er sem fyrr segir á bæjarhólnum. Erfitt er að greina náttúrulega uppsöfnun mannvistarlaga á yfirborði en nóg er af þeim undir sverði. Þegar hlaðan var rifin komu m.a. í ljós hlóðir og ummerki um langeld. Margrét Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur, skoðaði þessar minjar árið 2009. Núverandi hóll sem sést á yfirborði er að mestu ummerki um mannvist tengd 20. aldar mannvirkjum. Víða má sjá timburleifar, járnarusl og tilfallandi brak. Bæjarhóllinn er 0,5 - 1 m á hæð, á köflum eru brattar brúnir þar. Alls svæðið er mjög gróið, aðallega gras og njóli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-506:002 heimild útihús 63°57.709N 21°08.491V
"Imbuklettur. Einstakur klettur, sunnan við lautina. Við hann stendur nú kartöflugeymsla. Þar voru leifar af gömlu húsi, horfnar nú. Var það húsið hennar Imbu? Heimildarmenn vissu enga skýringu á nafninu," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 80 m norðvestan við bæ 001 og er hér um sama stað að ræða. Margrét Gunnarsdóttir, heimildamaður, reisti kartöflukofann sem var rifinn og öll ummerki um útihúsið eru horfin. Útihúsið var rúma 80 m norðvestan við bæ 001 og 90 m suðvestan við Þinghúslaut 018. Útihúsið var í vesturbrekku Bakkárholtsins, rafmagnsstaur er uppi á Imbukletti.
Slétt ræktað tún er allt umhverfis Imbuklett. Kletturinn er stakstæður, fyrir sunnan Bakkárholtskletta og allt að 2,5 m hár til norðurs. Jarðfall er austan við klettinn. Vesturhlið klettsins sést bara og þar var tóftin sem og kartöflukofinn.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3: Túnakort 1918

ÁR-506:003 heimild útihús 63°57.728N 21°08.484V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 30 m norðan við útihús 002 og um 110 m norðvestan við bæ 001. Útihúsið var fast suðaustan við Bakkárholtskletta sem eru í holtsbrúninni.
Slétt, grasivaxið tún. Núverandi íbúðarhús er suðaustar. Túnið er slegið.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-506:004 *Lambhústóft* heimild lambhús 63°57.728N 21°08.426V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús tæpa 90 m NNV við bæ 001 og tæpa 50 m austan við útihús 003. Í örnefnaskrá segir: "Lambhústóft upp (austur) af Imbulaut." Hér er um sama staðinn að ræða. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, var tóft skammt vestan við kartöflukofa 002. Veggirnir voru hlaðnir og bárujárn í þaki. Það var umrætt lambhús að hennar sögn og er horfið.
Slétt, grasivaxið tún. Núverandi íbúðarhús er rúmum 50 m SSA, uppi á holtinu.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Bakkárholt, 3

ÁR-506:005 heimild útihús 63°57.782N 21°08.481V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús norðvestan við Bakkárholtskletta 016, í norðurhluta heimatúnsins. Útihúsið var tæpa 200 m NNV við bæ 001 og um 110 m norðan við útihús 003. Það var líklega neðan (norðan) við klettana.
Bakkárholtsklettar eru í heimatúninu, í vesturhluta þess. Allt umhverfis þá er ræktað tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-506:006 garðlag traðir 63°57.659N 21°08.513V
"Gamlar traðir lágu frá bænum til suðvesturs, sér enn fyrir þeim [...] hafa legið um hlaðið í Bakkárholti," segir í örnefnalýsingu. Þessar traðir eru ekki sýndar á túnakorti frá 1918 en voru mjög líklega framhald traða 007 til vesturs frá bænum, í átt að Grænhól ÁR-510. Tengslin á milli traðanna eru horfin og því eru þær hafðar undir sérstöku númeri.
Slétt, ræktað tún er allt umhverfis traðirnar. Það er ekki slegið og komið í órækt.
Traðirnar lágu til VSV, niður suðvesturenda Bæjarholtsins. Veggirnir voru hlaðnir og er sá syðri ennþá varðveittur. Veggurinn er 60 m langur, 0,3 m á hæð og liggur ANA-VSV. Veggurinn er torfhlaðinn og 1,5 - 2 m á breidd. Túnið er ekki slegið næst veggnum og grasið ýkir hæð og umfang veggjarins nokkuð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2

Mynd 69. Traðir 506:006, horft til ANA.

ÁR-506:007 vegur traðir 63°57.665N 21°08.335V
"Traðir lágu og niður að ánni í stefnu á Borgarkot [ÁR-508], sér enn fyrir. […] Allar þessar leiðir hafa legið um hlaðið í Bakkárholti," segir í örnefnaskrá. Þessar traðir eru sýndar á túnakorti frá 1918 og sjást liggja til suðausturs frá bæ 001. Þær lágu til austurs frá bænum, sveigðu til suðausturs við kálgarð 011 og enduðu 20 m vestan við Bakkárholtsá. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, voru þessar traðir fallnar úr almennri notkun þegar hún man eftir sér og búið að færa þjóðleiðina vestan við bæinn. Hins vegar voru traðirnar ætíð notaðar til þess að vatna kúm.
Traðirnar liggja niður bratta brekku, til suðausturs niður Bæjarholtið. Allt umhverfis þær eru slétt, ræktuð tún sem komin eru í órækt.
Traðirnar eru vel varðveittar en tekið er að hrynja úr suðurhliðinni. Þær eru rúmlega 70 m langar og liggja suðaustur-norðvestur. Þær eru niðurgrafnar og veggir sjást beggja vegna. Traðirnar eru 2 - 3 m á

Mynd 70. Traðir 506:007, horft til norðvesturs.

breidd að innan og veggirnir 0,3 - 0,6 m á hæð. Það er girt eftir nyrðri veggnum endilöngum. Þær víkka eftir því sem ofar dregur. Veggirnir eru algrónir og líklega torfhlaðnir. Gras er fast í girðingunni ofan á nyrðri veggnum og ýkir hæð hans til muna. Traðirnar liggja niður bratta brekku
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2; Túnakort 1918

ÁR-506:008 heimild leið 63°57.760N 21°08.313V
"Auk þess má óglöggt sjá fyrir tröðum til norðurs vestan við gamla Partsbæinn [...] Allar þessar leiðir hafa legið um hlaðið í Bakkárholti," segir í örnefnaskrá. Að sögn Páls Auðars Þorlákssonar, heimildamanns, man hann eftir þessum tröðum rétt norðan við Partsbæinn ÁR-507. Þær lágu uppi á holtinu frá bæ 001, fóru niður brekkuna fyrir vestan Partsbæinn og áfram þar eftir túninu. Þetta var hluti af gömlu þjóðleiðinni sem lá á þessum slóðum.
Slétt, ræktað tún er þarna. Það skiptist eftir endilöngu á milli Bakkárholts og Sandhóls (Sjá Bakkárholtspartur ÁR-507).
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2

ÁR-506:009 *Brunnur* heimild brunnur 63°57.638N 21°08.298V
"Brunnur. Gamalt vatnsból í Framtúni," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, var brunnurinn niður við Bakkárholtsá, skammt sunnan við Ártraðir 007. Vatnið úr honum þótti vont, það var mórautt. Járn var sett yfir brunnopið að hennar sögn. Brunnurinn var um 115 m suðaustan við bæ 001 og 20 m sunnan við traðir 007. Skrásetjari varð brunnsins ekki var en umrætt svæði mjög gróið og mýrlent.
Framtún er slétt og ræktað. Það er á milli traða 006 og 007, syðst á Bæjarholtinu. Meðfram ánni er túnið mýrlent og óræktað. Hvorki túnin né svæðið við bæ 001 er nytjað og þar er mikið gras.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2

ÁR-506:010 *Guðbrandsgarður* heimild kálgarður 63°57.675N 21°08.372V
"Guðbrandsgarður austast í kálgarði," segir í örnefnaskrá. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, var kálgarðurinn fyrir sunnan bæ 001, þar sem útihús voru reist um miðja 20. öld. Austasti hlutinn kallaðist Guðbrandsgarður. Hann var um 20 m sunnan við bæ 001, sunnan við bæjarhlaðið. Ekki er ljóst hvort að heygarður 011 var hluti af þessum mannvirkjum.
Þar sem kálgarðurinn var er slétt, grasivaxið svæði. Útihúsin voru rifin í kjölfar jarðskjálftans árið 2008. Ennþá má sjá rabarbara suðaustan við bæjarhólinn.
Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2

ÁR-506:011 gerði heygarður 63°57.668N 21°08.379V
"Framtún. Túnið sunnan bæjarins, milli traðanna [006 og 007], að Strýtutúni. […] Leifar af húsum og heygarði eru í Framtúni," segir í örnefnaskrá. Heygarðurinn og kálgarður 010 voru 40 m sunnan við bæ 001 og fast við traðir 007, í brekku sem hallar til suðurs frá bænum. Heygarðurinn var sunnarlega á bæjarhólnum, 20. aldar útihús voru fast til norðurs. Þar mótar fyrir gerði. Þetta er efsti hluti svokallaðs

Framtúns að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildarmanns.
Heygarðurinn er ofarlega í brekku sem hallar til suðurs. Fyrir norðan hann er slétt, grasivaxið svæði þar sem 20. aldar útihúsin voru. Þarna er nú brak sem tilheyrði þeim. Vesturhluti heygarðsins er horfinn vegna jarðrasks. Allt þetta svæði er algróið.
Gerðið er 60 x 30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, lag hans eltir brekkuna. Til norðurs eru veggirnir grafnir inn í hlíðina, þar er m.a. rabarbari og rifs. Til suðurs afmarkast gerðið af hlöðnum kanti. Hann er 0,5 - 0,8 m á hæð og algróinn. Til austurs afmarkast gerðið af veggjum traða 007 og eru þeir 0,4 m á hæð þar. Gerðið er flatt að innan og óljóst mótar fyrir beðum hér. Allt þetta svæði var óskýrt vegna mikil gróðurs þegar skrásetjari var á ferðinni.

Mynd 71. Heygarður 506:011, horft til ANA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2

ÁR-506:012 frásögn útihús 63°57.641N 21°08.427V
Um 90 m sunnan við bæ 001 og rúmum 50 m suðaustan við traðir 006 var útihús að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns. Þetta er eflaust eitt af þeim mannvirkjum sem getið er um í örnefnaskrá. Þar segir: "Framtún. Túnið sunnan bæjarins, milli traðanna [006 og 007], að Strýtutúni. […] Leifar af húsum og heygarði [011] eru í Framtúni." Þetta útihús tilheyrði Vesturbænum en tvíbýli var í Bakkárholti fram til um 1907 að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns.
Útihúsið var á tungu sem skagar til suðurs úr Bæjarholtinu. Það var hátt uppi á tungunni, áður en svæðið tekur að halla til suðurs. Þarna eru slétt, ræktuð tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2

ÁR-506:013 *Hlóðasteinn* náttúrumin þvottastaður 63°57.599N 21°08.247V
"Hlóðasteinn var vestan ár, er nú austan ár. Þar var þvegin ull," segir í örnefnaskrá. Steinninn er í miðri ánni, hann þvælist um eftir því sem áin breytir sér. Bakkárholtsá er grunn á þessum slóðum og rennur í stórum bugum. Steinninn er um 200 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 160 m suðaustan við útihús 012.
Steinninn er lítill og ekki ber mikið á honum. Hann er ávalur og hliðar hans sléttar. Af þeim sökum hentaði hann eflaust vel til þvotta. Ekkert annað stórgrýti er á þessum slóðum við eða í ánni. Hann er um 0,3 m á kant og 0,2 á hæð, hæstur í miðju.

Mynd 72. Hlóðasteinn 506:013, horft til norðausturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 2

ÁR-506:014 garðlag túngarður 63°57.782N 21°08.389V
Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, var stór og mikill túngarður umhverfis heimatún Bakkárholts. Hún man ekki eftir honum, hann var eflaust sléttaður þegar hún var barn. Tveir hlutar úr honum sjást þó

ennþá. Túngarður sést í Norðurtúni sem er, líkt og nafnið gefur til kynna, fyrir norðan bæ 001. Hann sést einnig fyrir vestan Bakkárholtskletta og mögulega var gerði þar. Hann er innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918 en ekki sýndur þar. Túngarðurinn er tæpum 180 m norðan við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við Stöðul 019. Mögulega er átt við túngarðinn þegar "Með Görðum" er lýst í örnefnaskrá. Þar segir: "Með Görðum. Þar lá gamli vegurinn upp með görðum, niður með …?". Slétt, ræktað túni er uppi á norður og vesturhluta Bæjarholtsins.

Mynd 73. Túngarður 506:014a, horft til austurs og 014b, horft til norðurs.

Túngarðurinn sést á svæði sem er 140 x 90 m að stærð og snýr austur-vestur. Túngarðurinn sést í tveimur hlutum og er hvorum fyrir sig gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Túngarður A er norðar. Hann sést liggja til austurs frá Bakkárholtsklettum og fjarar út við merki Sandhóls (sjá Bakkárholtspartur ÁR-507). Hann er 60 m að lengd og liggur austur-vestur. Hann sést sem beinn hryggur í sléttu túni, mun hærri til norðurs en suðurs. Hann er 0,1 - 0,4 m á hæð, 5 - 8 m á beidd og algróinn. Það er búið að slétta og plægja hér yfir margoft. Frá því að þessi túngarður var í notkun er búið að stækka túnið, það sést á túnakortinu frá 1918. Túngarður B er vestan við Bakkárholtskletta og sést einnig sem gróinn hryggur. Hann er 53 x 25 m að stærð og afmarkar svæði vestan við Bakkárholtskletta, líklega gerði eða rétt. Túngarðurinn náði eflaust hann lengra til suðurs en sá hluti horfinn í ræktað tún. Túngarðurinn er afar siginn og óskýr. Hann er 4 m á breidd og 0,2 – 0,3 m á hæð. Svæðið við klettana er ekki slegið og túngarðurinn var á kafi í grasi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 4

ÁR-506:015 *Hestarétt* mannvirki rétt 63°57.764N 21°08.489V

Mynd 74. Hestarétt 506:015, horft til austurs.

"Hestarétt. Sér enn fyrir hleðslum milli Norðurtúns og Aukatúns. Þar hafa þinggestir og þingmenn geymt hestana sína eða rekið inn til að beyzla þá," segir í örnefnaskrá. Hestarétt er 170 m norðvestan við bæ 001 og 80 m norðvestan við Þinghúslaut 018. Þarna sést ekki til hleðslu né tóftar, þetta er hentugt aðhald af náttúrunnar hendi. Allt umhverfis Bakkárholtskletta eru ræktuð tún. Klettarnir eru mun hærri til vesturs en austurs, þar eru þeir "jarðfastir". Túnið er slegið.
Náttúrulegt vik sem gengur inn til austurs í svokallaða Bakkárholtskletta er talið vera hestaréttin. Klettarnir eru innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Vikið er 9 x 7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og klettarnir eru 1,5 - 3 m á hæð. Vikið er opið til norðvesturs. Ekki sér til hleðslu þar en klettarnir eru brattir frá náttúrunnar hendi og erfitt fyrir hross að fara þar yfir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3

ÁR-506:016 *Gálgaklettar* náttúrumin aftökustaður 63°57.787N 21°08.464V

"Gálgaklettar. Klettur hefur klofnað frá bergi holtsins og sigið frá, svo að skora er á milli. Yfir þá skoru hefur gálgatréð verið sett, en hengja þurfti. Heimildarmenn báru Þórð á Tannastöðum fyrir. Klettarnir eru norðaustur af Hestaréttinni," segir í örnefnalýsingu. Gálgakletta er getið í Lýsingu Ölfus frá 1703 sem birt er í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu. Þetta eru ekki hinir eiginlegu Gálgaklettar að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns. Þeir eru sunnar og skráðir undir númeri 032 hér í skránni. Þessir klettar fá að njóta vafans og taldir til fornleifa. Þetta er nyrsti hluti Bakkárholtskletta, um 190 m norðan við bæ 001 og 30 m norðan við hestarétt 015.

Mynd 75. Gálgaklettar 506:016, horft til norðvesturs.

Þetta er norðvesturendi Bakkárholtskletta, vestarlega í heimatúni bæjarins. Skoran sem lýst er í örnefnaskrá sést vel en ekki sér til neinna mannvirkja þarna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3; SSÁ. 245

ÁR-506:017 *Reiðingsholt* heimild rista 63°57.719N 21°09.118V

"Reiðingsholt. Klapparholt, vestan vegarins heim að Bakkárholti," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: „Torfrista og stunga og reiðingsrista næg fyrir heimabóndann.“ Margrét Gunnarsdóttir, heimildamaður, segir að torf hafi verið rist víða um jörðina en alltaf þurrkað á Reiðingholti. Ekki sér til neinna ristusvæði í Bakkárholti nú enda sárin fljót að gróa. Reiðingholt er um 60 m vestan við bæ 001 og 600 m austan við leið 034. Ekki sér til mannvirkja á holtinu.

Torfið var rist í engjunum og mýrum fyrir vestan Reiðingholt, líkt og tíðkaðist á nágrannajörðum. Það svæði var mjög mýrlent og tilheyrði svokölluðum Ölfusforum. Allt það svæði er framræst og nýtt til útbeitar. Reiðingholt er lítið og afmarkast einna helst af klettum. Það er um 50 m að lengd, 20 m breitt og 2 - 4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bakkárholt, 8; JÁM II, 406

ÁR-506:018 *Þinglaut* tóft þingstaður 63°57.741N 21°08.403V

"Bakkárholt hefur verið eitt af höfuðbólum í Ölfusi. Í Bakkárholti var um langt skeið þingstaður, ekki aðeins fyrir Ölfushrepp, heldur voru þar haldin þriggja hreppaþing: Ölfuss (ásamt Grafningi), Selvogs og Grímsness (H.J. 1703). Þingstaðurinn valinn þannig, að vel sást til mannaferða, og greinilegt, að þar hefur legið þjóðbraut um garða, traðir í túni og "brýr" yfir mýrasund í nágrenni. Þingstaður var í Bakkárholti til 1881, að skólahús er byggt á Kröggólfsstöðum [ÁR-525] og þingstaður fluttur þangað þá. Þinghús [sjá 039] stóð á hlaðinu sunnan gamla bæjarins, en rifið þá. […] Þinglaut. Lægð í Hátúni, sporöskjulöguð, lengir austur - vestur. Mótar fyrir sætum. Til vesturs er smáhóll, gömul hústóft, mikil aska í jörðu, sögðu heimildarmenn. "Þar hafa þingmenn heitað ölið sitt, þegar kalt næddi um holtið." Lautin mældist ca. 12 sinnum 15 metrar," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: „Á Bakkárholti var áður þriggja hreppa þing og þingstaður Ölfusinga til 1885." Þinglaut er 110 m norðan við bæ 001 og tæpum 80 m suðaustan við hestarétt 015, uppi á háholtinu. Þetta tún var kallað Norðurtún. Í Þinglaut er tóft sem talin er vera lögrétta að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns. Raflína er 50 m vestan við tóftina.

Slétt, ræktað tún. Það er slegið sem og Þinglautin framan af. Hún hefur ekki verið slegin í einhver ár núna. Tóftin sést einna best sem óslétt svæði í túninu.

Tóftin er 19,5 x 15 m að stærð og snýr austur-vestur. Þinglautin er „inni“ í tóftinni. Tóftin er einföld og allir veggir signir og útflattir. Það er einna helst lautin sem sýnir umfagið og leguna best. Veggirnir eru



Mynd 76. Þinglaut 506:018, horft til VSV.

0,1 - 0,3 m á hæð, hæstir að vestan. Þeir eru algrónir enda búið að slétta hér yfir. Tóftin var slegin á dráttarvélum án teljandi vandræða. Nú er einungis austurhlutinn sleginn enda lægstur. Ekkert op sést á yfirborði inni í tóftina. Lautin er slétt að innan og veggirnir aflíðandi þar niður. Þeir eru mun hærri að innan en utan. Suðvesturhluti tóftarinnar er umfangsmeiri en hinir, mögulega eru þar ummerki um fleiri byggingarstig eða túnasléttun var meiri til norðurs. Ekki sér til palla eða annars inni í lautinni. Hún er mögulega niðurgrafin, ytri veggir sjást lítið sem ekkert.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 1,3

ÁR-506:019 *Stöðull* heimild kvíar 63°57.770N 21°08.382V
"Stöðull. Melhæð, nú gróin, norðan við Norðurtún. Þar komu saman tún Bakkárkots og Partsins [Sandhóls, sjá ÁR-507]. Norðan og vestan Stöðulsins liggur vegurinn nú," segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er 100 m norðvestan við Bakkárholtspart ÁR-507 og 150 m norðan við bæ 001. Hérna lækkar Bæjarholtið til norðurs og þessi hluti túnsins var kallaður Stöðull að sögn Páls Auðars Þorlákssonar, heimildamanns. Raflína er 20 m vestar og vírgirðing 20 m austar. Stöðullinn er innan heimatúnsins, bæði túngarðs 014 og túnakortsins frá 1918.
Slétt, ræktað tún. Landið hallar til norðurs, niður Bæjarholtið. Ekki eru til sagnir eða heimildir um tóft hér.
Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3

ÁR-506:020 *Búrarétt* heimild rétt 63°57.886N 21°08.459V

Mynd 77. Búri en rétt 506:020 var við hann, horft til ASA.

"Búrarétt. Fjárrétt við Búra, notuð til skamms tíma," segir í örnefnalýsingu. Búrarétt var 20 m norðan við 20. aldar fjárhús sem tilheyra Sandhól (sjá Bakkárholtspartur ÁR-507) og rúmum 370 m norðan við bæ 001. Búri er stakstætt klettabelti, vestan við malarveginn að bæjum sunnar í Ölfusinu. Kletturinn er innan lands sem tilheyrir Sandhól.
Búri sést best til vesturs, þar eru klettarnir 1 - 3 m á hæð og beinir. Réttin var líklega þar undir en nú horfin. Allt umhverfis er óræktað tún.
Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 4

ÁR-506:021 heimild mógrafir 63°57.932N 21°08.489V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: „Hætt er kvikfé fyrir fornum torfgröfum og hefur að því stundum mikill skaði orðið.“ "Kotstrandarsund, Sund. Mýrarsund milli Kotstrandar [ÁR-511] og Sandhóls. Þar voru mógrafir," segir í örnefnaskrá. Á milli þessara bæja var illfært mýrarsund, nú framræst. Þar eru nú tveir sumarbústaðir og fátt sem minnir á mýri eða mótekju. Mógrafirnar voru 500 m norðan við bæ 001, rétt við landamerki Kotstrandar.
Þar sem mógrafirnar voru eru ræktuð tún, vélgrafnir skurðir og beitarhólf. Umhverfis sumarbústaðina eru grónar lóðir.
Engi ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM II, 407; Ö-Bakkárholt, 4

ÁR-506:022 *Neðri-Mólækur* náma mógrafir 63°57.944N 21°07.557V
"Neðri-Mólækur rann meðfram veginum og gegnum litla brú og í ána. Þar var tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru 830 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 620 m norðvestan við fjárhús 037. Mógrafirnar eru á svæði milli tveggja vélgrafinna skurða sem eru án efa yngri. Ekki hefur verið fyllt upp í mógrafirnar. Vegurinn sem um ræðir er þjóðleið 720:001 sem lá vestan við ánna og áfram að Hvammi ÁR-512.
Gróin, flöt og framræst mýri. Þegar skrásetjari var þarna á ferð var mikill gróður og svæðið ekki nýtt til beitar.
Mógrafasvæðið er 75 x 65 m að stærð og er nánast L-laga. Það fylgir stefnu lækjarins og skurður liggur þvert í gegnum svæðið að austan. Það liggur norður-suður og sveigir síðan til vesturs. Erfitt er að áætla nákvæman fjölda mógrafa, þær eru einhverjir tugir. Flestar snúa þær austur-vestur, eru grónar og bakkarnir hafa víða fallið niður. Þær eru 0,2 - 0,3 m á dýpt.

Mynd 78. Mógrafir 506:022, horft til norðausturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 4

ÁR-506:023 *Gamla-Stekkatún* heimild stekkur 63°57.834N 21°07.233V
"Gamla-Stekkatún. Syðst og vestast í Langabaug; sér enn fyrir," segir í örnefnaskrá. Langibugur er norðan við Bakkárholtsá, þar sem hún sveigir til vesturs við Smokkholtsgil, austan við Smokkholt (sjá 036). Ekki sér til minja í Gamla-Stekkatúni eða annars sem bendir til nákvæmari staðsetningar stekkjarins. Hann var um 980 m norðaustan við bæ 001 og rúma 200 m norðaustan við fjárhús 036.
Þetta svæði er flatt og líklega verið sléttað hér yfir. Túnið er komið í órækt, það er smáþýft og grasivaxið.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 4

ÁR-506:024 *Hesthústóft* þúst hesthús 63°58.109N 21°06.604V
"Hesthústóft er gömul tóft efst á Svörtubökkum," segir í örnefnalýsingu. Það er á reiki hvar örnefnið Svörtubakkar eru. Svörtubakkar eru nú í landi Efstalands, nýbýlis í landi Hvamms ÁR-512 að sögn Páls Auðar Þorlákssonar, heimildamanns, og bónda á Sandhóli. Það hafa orðið einhverjar breytingar á landamerkjum og þau nú röng að hans sögn. Ef það reynist rétt var ekki farið að Svörtubökkum, þeir eru mun norðar en fyrr var talið. Hins vegar fannst þúst þar sem skrásetjari hélt upphaflega að Svörtubakkar væru, rúmum 600 m norðan við fjárhús 026 og rúmum 1,6 km norðaustan við bæ 001. Þetta er sérstök staðsetning fyrir hesthús, sama hvort það er hér eða norðar.
Þýfður, gróinn mói sem hefur verið kílræstur fyrir alllöngu. Mýrlent er við ánna.
Þústin er 12 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,2 - 0,3 m á hæð, mesta hæðin er fyrir miðju hennar. Rof er í þústinni og stórar þúfur. Til ANA má með góðum vilja greina bogadregið veggjarbrot.

Mynd 79. Þúst 506:024, horft til suðurs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 5

ÁR-506:025 *Stöðull* heimild kvíar "Stöðull. Austan bæjarins (Ingólfshvols?)," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvaða bæ er átt við, líklega er það þó Borgarholt/Ingólfshvoll. Þetta eru þó getgátur og hvorki Margrét Gunnarsdóttir né Páll Auðar Þorláksson, heimildamenn, vissu hvar þessi stöðull hann var. Stöðullinn í Bakkárholti (sjá 019) er þekktur og var norðan við bæ 001, innan heimatúnsins. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 5

ÁR-506:026 tóft fjárhús 63°57.786N 21°06.719V
Tóft er um 140 m austan við fjárhús 037 og tæpum 1,4 km austan við bæ 001. Fjárhúsið er eins að gerð og lögun og fjárhús 037. Faðir Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, notaði tóftina. Tóftin er um 140 m vestan við landamerki Nautaflata sem byggð eru úr landi Hvols ÁR-492, milli 1930 - 1940.

Mynd 80. Fjárhús 506:026, horft til norðausturs.

Tóftin er í mýri sem hallar til austurs, allt frá Bakkárholtsá að Ingólfsfjalli. Hún er framræst með ótal skurðum næst fjallinu en í Bakkárholti er hún þurr af þeim sökum. Mýrlent er við Bakkárholtsá. Tóftin er á náttúrulegri brún eða rima í grónum móa.
Tóftin er 13 x 7 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru torfhlaðnir, 0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Op er til suðvesturs og þar er jafnframt rask.
Hættumat: engin hætta

ÁR-506:027 *Mógrafir* heimild mógrafir 63°57.590N 21°08.339V
"Mógrafir. Sunnan túnsins," segir í örnefnalýsingu. Margrét Gunnarsdóttir, heimildamaður, taldi líklegast að þessar mógrafir hefðu verið í svokallaðri Veitu, sunnan við heimatún Bakkárholts og norðan við Strýtu ÁR-509. Það stemmir hins vegar ekki við örnefnaskránna, þar eru mógrafirnar taldar með örnefnum austan við Bakkárholtsá og nærri Borgarkoti. Það er eitthvað misræmi í örnefnaskránni og fleiri örnefni á reiki, fyrir utan þetta. Mógrafirnar voru 180 m sunnan við bæ 001 og um 100 m norðaustan við bæinn í Strýtu.
Veita, mýrin er ennþá rök og er nýtt til hrossabeitar. Mýrin er þýfð og sléttir flákar eru í henni hér og þar.
Ekki er hægt að greina mógrafirnar á yfirborði. Mögulega var fyllt upp í þær eða þær staðsettar vitlaust.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 5

ÁR-506:028 tóft rétt 63°57.257N 21°08.057V
Tóft er í svokölluðum Borgarkotsmel, í vesturhluta hans. Þetta land tilheyrði Strýtu ÁR-509 eftir að jörðinni var skipt upp. Tóftin er rúmum 30 m vestan við tóft 043 og um 840 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er vestan við hraunhól/hrygg og sést ekki fyrr en að henni er komið. Lag og staðsetning tóftarinnar bendir einna helst til þess að um heimarétt sé að ræða.
Gróinn mói. Víða koma klapparhólar og hryggir upp úr sverði. Hóllinn er 2 - 3 m á hæð. Uppblásinn melur er þar á milli. Skammt vestan við tóftina er uppblásið svæði. Þetta svæði er nýtt til hrossabeitar.
Tóftin er 11,5 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf og aðrekstrargarður liggur



Mynd 81. Rétt 506:028, horft til NNA.

að henni til suðurs. Lýsingin hefst til norðurs í hólfi 1. Það er 7 x 4 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,2 m á hæð og þar sjást 1 - 2 umför í veggjum. Klettar afmarka austurvegginn en einföld grjóthleðsla er þar einnig. Op er suðurs, yfir í hólf 2. Það er 6 x 1 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs og til vesturs. Líklega var hleðsla þar fyrir en hún horfin. Hólf 3 er sunnan og austan við hólf 1 og 2. Það er opið til suðurs, er 6 x 5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Veggirnir eru eins og í hinum hólfunum, 0,2 m á hæð og þar sjást 1-2 umför af grjóti. Til suðurs liggur 19 m langt garðlag, meðfram holtinu. Hér er um aðrekstrargarð að ræða. Hann er 0,3 m á hæð og það glittir í 1- 3 umför af grjóti í honum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-506:029 heimild vað 63° 58.187N 21° 06.541W
Á herforingjaráðskorti 37 frá 1908 er sýnt vað yfir Bakkárholtsá, á merkjum við Hvamm ÁR-512. Vaðið var notað á leið 720:0015, sem lá vestan við Bakkárholtsá allt að vaðinu. Leiðin lá eftir vallendi með fram ánni. Farið var yfir Bakkárholtsá og aftur yfir minni læk sem rann úr Hólstaðagili, niður Ingólfsfjall.
Framræstar mýrar eru á þessum slóðum í landi Bakkárholts. Svæðið er nýtt til beitar.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Heimildir: LMÍ 37 1:50000
Hættumat: engin hætta

ÁR-506:030 heimild mógrafir 63°57.315N 21°08.854V
Á loftmynd sem tekin er um 1998-2000 og er í eigu Loftmynda ehf. sjást mógrafir um 780 m SSV við bæ 001 og 200 m sunnan við Gálgakletta 032. Skurður var við norðurenda þeirra á loftmyndinni en síðan þá hefur svæðið tekið miklum breytingum og mógrafirnar eru horfnar.
Nú eru mun fleiri skurðir þarna, svæðið kílræst og sléttað. Það er nýtt til hrossabeitar, er algróið og hvergi sér til mógrafa.
Mógrafasvæðið var 180 x 75 m að stærð og snéri norður-suður. Ekki er hægt að greina fjölda eða stærð mógrafanna en þær voru fjölmargar. Til austurs afmörkuðust þær af læk, sem búið var að grafa í skurð. Til vesturs sást brún svæðisins vel í mýri. Til suðurs mjókkaði svæðið á kafla.

Hættumat: engin hætta

ÁR-506:031 *Gamlabrú* brú leið 63°57.317N 21°07.292V

Mynd 82. Gamlabrú 506:031, horft til VNV.

"Gamlabrú. Gamall upphlaðinn vegur, af Borgarkotsmel og að Hvolsskyggni. Þjóðbraut [sjá 720:016] lá norðan túns í Borgarkoti [ÁR-509], um melinn og á brúna," segir í örnefnaskrá. Brúin sést enn í framræstri mýri. Hún var notuð á þjóðleiðinni sem er horfin að öðru leiti. Brúin sést vel, austan við bárujárnsklædd, rauðmáluð fjárhús. Leiðin lá áfram til vesturs, á svipuðum stað og malarvegur að fjárhúsunum. Hún lá á milli tveggja lágra holta.
Framræst mýri. Hún er mjög gróin og víðtegundir vaxa þar. Svæðið er nýtt til hrossabeitar. Mýrin er rök, fífa og annar mýrargróður er ríkjandi.
Brúin sést vel á loftmynd en á vettvangi er hún öllu ógreinilegri vegna mikil gróðurs. Hún er 300 m að lengd, liggur ASA-VNV og er skorin í sundur af tveimur vélgröfnum skurðum. Brúin er 3 - 4 m á breidd, 0,3 - 0,4 m á hæð og algróin. Hún er ógreinileg á köflum en sést þó vel þess á milli. Fyrir miðju er hún einna lægst, 1,2 - 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hún er þýfð og víðirunnar eru hér og þar á henni.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6

ÁR-506:032 *Gálgaklettar* náttúrumin aftökustaður 63°57.417N 21°08.767V

Mynd 83. Gálgaklettar 506:032, horft til NNA.

"Gálgaklettar. Stakir klettar nyrzt á Másteinsholti. Þar er nú fjárhús. Ég tel ólíklegra, að þar hafi sakamenn verið hengdir en í hinum Gálgaklettunum [sjá 016]," segir í örnefnaskrá. Gálgaklettar eru tæpum 600 m suðvestan við bæ 001 og 90 m vestan við tóftir 045. Þetta eru náttúrulegir klettar syðst á Másteinsholti. Þeir eru innan landsvæðis sem tilheyrir Grænhól ÁR-510 í dag.
Fjárhúsin voru byggð um miðja 20. öld. Allt umhverfis þau, og klettana, er ræktað tún, nýtt til beitar.
Gálaklettar eru sunnarlega í klettahól. Þeir eru þrír talsins, sá vestasti hefur klofnað frá hinum tveimur. Hliðar klettanna eru víða beinar og lóðréttar. Þeir eru 1 - 2 m á hæð og gróður er neðst í þeim. Víða má ímynda sér að gálgi hafi verið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6

ÁR-506:033 heimild mógrafir 63°57.413N 21°08.662V
"Mógrafir í mýrinni austan Gálgakletta," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru 550 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 80 m austan við Gálgakletta 032. Þar sést mýrlent vik, allt að Bakkárholtsá til austurs. Upphlaðinn reiðvegur liggur þvert yfir mýrina og meðfram honum er vírgirðing.
Mýrin er gróin og þurr. Í henni eru sléttir flákar en engar grafir. Hér er jarðrask, rusl er í hrúgu fyrir norðan mýrina.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6

ÁR-506:034 *Engjavegur* heimild leið 63°57.773N 21°09.836V
"Engjavegur (-brú?). Vegur gerður um 1910 til að auðvelda flutning á heyinu af engjunum upp í Reiðingsholt," segir í örnefnaskrá. Þessi vegur liggur líklega á sama stað og núverandi reiðvegur gerir. Sá vegur liggur þvert í gegnum allt Ölfusið. Margrét Gunnarsdóttir, heimildamaður, man ekki eftir brúnni.
Gamli vegurinn er horfinn en þetta var líklega dæmigerð "brú" hlaðin úr torfi og grjóti. Þarna er nú upphlaðinn, akfær reiðvegur í framræstum mýrum. Svæðið er ennþá blautt þrátt fyrir mikla framræslu. Engin ummerki um veginn sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 8

ÁR-506:035 *Gamlabrú* heimild leið
"Gamlabrú. Gamall upphlaðinn vegur frá Reiðingsholti og út í Sandárengi. Margar fleiri brýr höfðu verið gerðar þar, og sáust leifar af þeim," segir í örnefnaskrá. Bæði Margrét Gunnarsdóttir og Páll Auðar Þorláksson, heimildamenn, töldu að þessi brú hefði verið norðan við Reiðingsholt en sé horfin. Hinar brýrnar séu það einnig. Þetta svæði tók miklum breytingum eftir að áveita varð gerð þar um miðja síðustu öld og svæðið ræst fram. Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 8

ÁR-506:036 heimild fjárhús 63°57.778N 21°07.439V
Í skýrslunni *Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi* sem gerð var árið 2009 segir: "Norður af þjóðvegi, beint á móti Ingólfshvoli er stór hæð. Á þessari hæð stóðu [fjárhús] þar til í ágúst 2009 frá Bakkárholti. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur voru þegar foreldrar hennar komu í Bakkárholt árið 1903 fjárhús á þessum stað. Fjárhúsin voru lögð niður vegna þess að féð fékk ekki frið fyrir ágangi ferðamanna um svæðið en þá var kominn vegur framhjá hólnum. Líklega var fjárhús lengi á þessum melhól vegna þess að hann hefur staðið uppúr blautu svæði og nálægt bænum og því ákjósanlegur staður til þess að hafa fé." Þessi fjárhús eru horfin en voru um 800 m suðvestan við bæ 001 og 450 m vestan við fjárhús 037.
Holtið kallast Smokkholt og skagar fram til norðurs, að Bakkárholtsá. Fjárhúsin voru norðarlega á holtinu, þar voru aftur reist fjárhús um miðja 20. öld. Þau voru rifin í kjölfar jarðskjálfta árið 2008. Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Margrét Hallmundsdóttir, 158

ÁR-506:037 tóft fjárhús 63°57.784N 21°06.890V
Í *skýrslunni Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi* sem gerð var árið 2009 segir: " Um 800 metra norðaustur af Ingólfshvoli og 160 metra suðaustur af Hvammsá við Svörtubakka er rúst af fjárhúsi. […]." Tóftin er rúma 1,2 km norðaustan við bæ 001 og 140 m vestan við tóft 026.

Mynd 84. Fjárhús 506:037, horft til norðausturs.

Gróin framræst mýri. Hún er stórþýfð og fremur erfið yfirferðar.
Í fyrrnefndri skýrslu segir ennfremur: "Rústin er ílöng og liggur norður suður. Veggir eru um hálfur metri á hæð og innanmál hennar er 6 x 13 metrar. Þykkt veggja er milli 1-2 metrar. Rústin er mun grænni en umhverfið í kring. Vegna stærðar rústarinnar er líklegt að hún sé ekki gömul og samkvæmt gömlum myndum var hún í notkun um miðja síðustu öld." Tóftin er 14 x 9 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru torfhlaðnir, 0,2 - 0,3 m á hæð og 1,5 - 2,5 m á beidd. Lækjargil er fast suðaustan við tóftina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Margrét Hallmundsdóttir, 156-157

ÁR-506:038 hleðsla rétt 63°58.225N 21°06.709V
Í skýrslunni *Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi* sem gerð var árið 2009 segir: „ […] Ofarlega á Svörtubökkum nærri landamerkjum Hvamms við Lambhaga vestan Hvammsár er rúst." Hleðslan er rúmum 1,7 km norðaustan við bæ 001 og rúma 380 m norðaustan við þúst 042. Hún er á milli vegslóða til norðurs og vélgrafins skurðs til suðurs. Hún er að öllum líkindum ekki mjög forn og gæti verið gerð úr uppmokstri úr skurðinum.

Mynd 85. Hleðsla 56:038, horft til norðausturs.

Framræst mýrlendi. Svæðið er sléttað en hefur ekki verið ræktað. Svæðið er nýtt til hrossa- og sauðfjárbeitar.
Í fyrrnefndri skýrslu segir: "Líklega er um að ræða fjárhús eða rétt af einhverju tagi. Rústin er 7x12 metrar að innanmáli og veggir um hálfur meter á hæð. Hugsanlega er um að ræða fjárhús sem Margrét í Bakkárholti sagði að stæði á þessum stað og voru frá því í byrjun síðustu aldar. Margrét greindi frá því að austan ár á sama stað væri hesthús [sjá 024] en ekki sáust nein merki um þær rústir. Rústin snýr í austur vestur og hefur verið torfhlaðin." Litlu er við þess lýsingu að bæta. Hleðslan er ferhyrningslaga og opin til vesturs. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 1 m á breidd og umfangslitlir. Hér er fremur um rétt en fjárhús að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Margrét Hallmundsdóttir, 157

ÁR-506:039 heimild þingstaður
"Í Bakkáholti var um langt skeið þingstaður, ekki aðeins fyrir Ölfushrepp, heldur voru þar haldin þriggja hreppa þing: Ölfuss (ásamt Grafnings), Selvogs og Grímsness (H.J. 1703). […] Þingstaðurinn var valinn þannig, að vel sást til mannaferða, og greinilegt, að þar hefur legið þjóðbraut um garða, traðir í túni og "brýr" yfir mýrarsund í nágrenni. Þingstaður var í Bakkárholti til 1881, að skólahús er byggt á Kröggólfsstöðum [ÁR-525] og þingstaður fluttur þangað þá. Þinghús stóð á hlaðinu sunnan gamla bæjarins, en það var rifið þá," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Á Bakkárholti var áður þriggja hreppa þing og þingstaður Ölfusinga til 1885." Hér er verið að skrá þinghúsið í hlaðinu. Hvar nákvæmlega á hlaðinu það var er ekki vitað, líklega var það rétt við bæjarhól 001 eða á honum. Nánari heimildir þarf til að staðsetja minjastaðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB III, 378; Ö-Bakkárholt, 1

ÁR-506:040 frásögn brunnur 63°57.643N 21°08.372V
Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, var brunnur í Framtúni, sunnan við bæ 001. Hann var vestan við útihús 012, í laut neðan við brekkuna. Brunnurinn var 80 m sunnan við bæ 001 og 45 m austan við útihús 012. Margrét taldi brunninn horfinn af yfirborði, hún mundi ekki eftir að hafa séð hann lengi.
Slétt, ræktað tún. Þar er brekka til suðurs, niður Bæjarholtið.

Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-506:041 tóft fjárhús 63°58.201N 21°07.135V

Mynd 86. Fjárhús 506:041, horft til norðausturs.

Í skýrslunni *Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi* sem gerð var árið 2009 segir: "Á melhól sem ber nafnið Harðhaus standa hálfhrunin fjárhús. Þessi hóll hefur áður en svæðið var ræst fram, staðið vel upp úr mýrinni. Á þessum hól fundust tvær ógreinilegar rústir. Miðað við hvernig umhverfið hefur verið áður er líklegt að fé hafi verið haft á þessum hól og sterkar líkur á að þarna hafi verið höfð fjárhús. Hóllinn er mjög grænn sem bendir til þess að mikil næring sé í jarðvegi en það ýtir undir þá kenningu að fé hafi lengi verið á hólnum. Við veginn sem liggur upp á Harðhaus að vestanverðu er rúst af húsi." Tóftin er um 1,4 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 110 m norðan við mannvist 042. Fjárhúsin eru á Stóra-Eskiholti, Harðhaus er í Framtúni sunnan við bæ 001.
Tóftin er í suðvesturhorni Stóra-Eskiholts, á mörkum holts og mýra. Malarvegur að hálfhrundum fjárhúsum er fast sunnan við tóftina og allt umhverfis er óræktað tún nýtt til beitar.
Í skýrslunni segir ennfremur: „Rústin er mjög ógreinileg og er 5 x 6 metrar að innanmáli og engar hleðslur við framgafl. Hugsanlega er um að ræða fjárrétt af einhverju tagi." Tóftin er 11 x 10, 5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir sjást til allra átta nema suðvesturs, þar hefur malarvegur að fjárhúsum á Stóra-Eskiholti raskað tóftinni. Veggirnir eru ógreinilegir að utan og sjást best að innan. Þeir eru 0,2 - 0,3 m á hæð og líklega torfhlaðnir.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Margrét Hallmundsdóttir, 157-158

ÁR-506:042 þúst fjárhús 63°58.142N 21°07.142V

Mynd 87. Þúst 506:042, horft til suðausturs.

Í skýrslunni *Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi* sem gerð var árið 2009 segir: „Á melhól norður af Bakkárholti og Ingólfshvoli er hóll sem kallaður er Harðhaus. Hefur hann staðið upp úr mýrinni áður en svæðið var ræst fram. Á þessum hól standa í dag hálfhrunin múrsteinshlaðin fjárhús. Í suðuvestur hlið hólsins er niðurgrafin dæld í hólinn. Líklegt er að þarna hafi staðið fjárhús." Þúst/laut er rúmum 1,3 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 110 m sunnan við fjarhús 041. Hér gildir það sama og í lýsingu 041 hér framar, minjarnar eru á Stóra-Eskiholti en ekki Harðhaus sem er rétt sunnan við bæ 001.
Stóra-Eskiholt rís upp úr mýrinni, klettar eru í suðurhluta þess. Allt umhverfis holtið er framræst mýrlendi, nýtt til beitar. Á holtinu standa fjárhús byggð um miðja 20. öld.
Í skýrslunni segir ennfremur: "Engar hleðslur sjást. Húsið hefur verið 4 x 5 metrar að stærð með op mót suðvestri." Lautin er stór, hún er 20 x 8 m og snýr norður-suður. Hún er 0,5 m til norðurs, þar er hún líklega niðurgrafin. Engin skýr ummerki um mannvist sjást á þessum stað.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Margrét Hallmundsdóttir, 159

ÁR-506:043 tóft fjárhús 63°57.276N 21°07.667V
Tóft er tæpa 980 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 330 m austan við tóft 028. Tóftin er innan lands sem tilheyrði Strýtu ÁR-509 og nú (árið 2015) Grænhól ÁR-410. Tóftin er á grónu hólbarði á uppblásnum mel, Borgarkotsmel. Unnið er að uppgræðslu á svæðinu, gamlar rúllur og hey eru þar víða. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar er hér um beitarhús að ræða.



Mynd 88. Tóft 506:043, horft til norðausurs.

Tóftin er á óblásnum, stakstæðum hól á svokölluðum Borgarkotsmel. Reiðvegur sem liggur þvert í gegnum Ölfusið er um 100 m norðar. Land fer hækkandi til suðurs frá mýrlendi sem er norðar.
Tóftin er 14 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö hólf og hefst lýsingin til suðvesturs. Hólf 1 er 7 x 4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið er opið til suðvesturs og veggirnir eru torfhlaðnir. Þeir eru 2 m á breidd og 0,3 - 1,1 m á hæð. Ekki sér móta fyrir garða né jötu. Veggirnir eru hæstir að innan til norðurs. Hólf 2 er norðaustar. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er niðurgrafið og 0,2 m dýpra en hólf 1. Veggirnir eru raskaðir og óljósir á köflum. Það glittir í einfalda grjótröð neðst í þeim, mögulega undirstöður veggjanna. Þeir eru 0,3 m á hæð, algrónir og þýfðir. Ekki sér glitta í op á yfirborði. Austurhluti allrar tóftarinnar er raskaður og nánast horfinn.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

ÁR-506:044 *Grænhólsstekkur* tóft stekkur 63°57.534N 21°09.115V
"Grænhólsstekkur. Vestan í Másteinsholti," segir í örnefnaskrá. Heimildamenn, bæði í Grænhól ÁR-510 og Bakkárholti, könnuðust ekki við þetta örnefni. Þeir töldu það vera í túni vestan í Másteinsholti, á mörkum kletta og mýra. Það landsvæði tilheyrir Sandhól í dag. Þar eru tveir staðir sem koma einna helst til greina og var hnit tekið á þeim báðum. Stekkurinn var 630-820 m suðvestan við bæ 001 og líkt



Mynd 89. Stekkur 506:044a, horft til suðurs.

og nafnið gefur til kynna nýttur frá Grænhól.
Másteinsholt er fremur umfangsmikið holt, í röð holta sem liggja hér norður-suður í gegnum land nokkurra jarða. Á holtinu eru slétt grasivaxin tún sem nýtt eru til beitar og sláttar. Túnin ná niður í mýri til beggja átta. Klettar eru í vesturbrún þess. Holtið er 10-15 m á hæð og tæplega 500 m á breidd.

Mynd 90. Svæði 044b, horft til suðurs.

Umrætt svæði er 225 m að lengd og liggur meðfram vesturmörkum holtsins, við mýrina, Tóft A er norðar. Hún er 10 x 8 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Austurveggurinn afmarkast af jarðföstum kletti. Vesturhlið hans er bein, 1 - 2 m á hæð. Jarðfastir steinar afmarka hinar hliðar hólsins, allir eru þeir frekar stórir. Líklega var op til suðvesturs, aðrar hliðar eru horfnar eða voru torfhlaðnar. Það eina sem sést eru náttúrulegir steinar en engar hleðslur. Blautt er inni í tóftinni og vinsæll stöðull hjá hrossum. Svæði B er sunnar. Þar er hár klettur/klettabelti suðvestarlega í Másteinsholti. Neðarlega í klettunum er grænt svæði, mun grænna en nánasta umhverfi og gæti stekkurinn hafa verið þar. Klettarnir eru 8 - 10 m á hæð, brekkan brött, gróin og mikið um paldra. Ekki sér til neinnar mannvistar á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6

ÁR-506:045 tóftir tjaldstæði 63°57.428N 21°08.673V
Tvær tóftir eru tæplega 550 m sunnan við bæ 001 og um 80 m ANA við Gálgakletta 032. Þessar tóftir eru ekki umfangsmiklar og líklega er hér um herminjar að ræða. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi segir: "Loftvarnarbyssur við Grænhól. Þegar herinn settist að í Hveragerði, var 25 manna herflokkar sendir austur að Grænhól [ÁR-510] við Arnarbælisveg. […] Austan í hæðarhryggnum fyrir sunnan Grænhólstún, skammt frá Gálgaklettum, reistu þeir nokkur tjöld og eldhús úr flekum. Þetta var varðstöð fyrir herbúðirnar í Auðsholti [sjá ÁR495:010]. […] Þeir voru með þrjá brynvarða bíla og komu þeim fyrir í gryfjum vestan við veginn, skammt fyrir norðan heimreiðina að Bakkárholti." Önnur tóftin er ofar í brekkunni og þar er mikið jarðrask. M.a. sjást þar steypubrot og hleðslusteinar í grasinu.
Gróið tún í halla til austurs, niður Másteinsholt. Svæðið er innan túns sem var ræktað en nú nýtt til hrossabeitar.

Mynd 91. Tóftir 506:045a, horft til suðvesturs og 045b, horft til SSA.

Tóftirnar eru á svæði sem er 25 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft A er vestar og er ofar í brekkunni, niður austurhluta Másteinsholts. Tóftin er torfhlaðin, 5 x 4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er opin til norðurs. Náttúrulegir paldrar eru víða í tóftinni og veggirnir eru raskaðir til norðurs. Þeir eru 0,3 - 0,4 m á hæð og algrónir. Veggirnir eru ekki umfangsmiklir. Tóft B er 11 m austar, neðar í brekkunni. Hún er 6 x 6 m að stærð, einföld og sker sig úr nánasta umhverfi vegna sóleyja sem þar vaxa í miklu magni. Veggirnir eru torfhlaðnir og 0,4 m á hæð. Op er á miðjum norðurvegg.



Fyrir sunnan tóftina er slétt moldarflag.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Styrjaldarárin á Suðurlandi, 29

ÁR-507 Bakkárholtspartur

7,5 hdr. JJ, 75. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: Þessi jörð [Bakkárholt] er afdeild í tvo sundurlausa bæi, og kallast annar þrír fjórðungar úr 30 hdr. Sá beheldur jarðarnafninu og kallast Bakkárholt. Hinn parturinn, einn fjórðungur úr 30 hdr, er kallað Partur og stundum Bakkárholtspartur, vide infra.“ JÁM II, 405. „Sandhóll hét áður Bakkárholtspartur en Parturinn stóð í brekkunni austanvert í Bakkárholtinu, skammt norðaustur af Bakkárholtsbænum. Átti tún sitt norður af bænum. Engjastykki í mýrinni vestan holtanna. Beitiland var sameiginlegt en nú er búið að skipta því. Árið 1935 keypti ábúandinn […] gamalt samkomuhús byggt 1909, sem stóð á hól norðan túns. Þangað flutti hann bæinn, byggði peningshús og ræktaði í kring. Síðan heitir býlið Sandhóll en samkomuhúsið hét það.“ SB III, 377. Ennþá er búið á jörðinni og er hún ein af síðustu jörðum í Ölfusi með sauðfjárbúskap.
Ekki til túnakort.

ÁR-507:001 *Bakkárholtspartur* bæjarhóll bústaður 63°57.730N 21°08.295V

Mynd 92. Bæjarhóll 507:001, horft til norðurs.

Í tímaritinu Fjallkonan frá árinu 1896 segir: " Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemdust meira og minna. — Prestssetrið Arnarbæli er algerlega hrunið og kirkjan þar skektist á grunninum. Auk þess eru algerlega hrundir þessir bæir: […] Partr, Kotströnd, Gljúfrholt, Litli-Saurbær, Þórustaðir, Hellir, Kirkjuferjuhjáleiga, Stríta, Ósgerði." "Bakkárholtspartur heitir nú Sandhóll - núverandi bóndi þar, […] keypti samkomuhús með því nafni og flutti bæinn og "Parturinn" hefur nú fengið það nafn; […] Sandhóll. Hóll norðan Partstúns. Þar byggði Umf. Skarphéðinn samkomuhús, sem notað var til skólahalds og samkomu, þar til þinghús var byggt í Hveragerði 1931. Þá keypti Þorlákur Sveinsson, sem bjó í Bakkárholtsparti, húsið og flutti búsetu þangað; þá hvarf nafnið á Partinum," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Sandhóll hér áður Bakkárholtspartur en Parturinn stóð í brekkunni austanvert í Bakkárholtinu, skammt norðaustur af Bakkárholtsbænum. Átti tún sitt norður af bænum. Engjastykki var í mýrinni vestan holtanna. Beitiland var sameiginlegt en nú er búið að skipta því. Árið 1935 keypti ábúandinn, Þorlákur Sveinsson, gamalt samkomuhús [sjá 007] byggt 1909, sem stóð á hól norðan túns. Þangað flutti hann bæinn, byggði peningshús og ræktaði í kring. Síðan heitir býlið Sandhóll en samkomuhúsið hér það." Öll hús sem stóðu þegar bærinn var fluttur 1931 eru horfin af bæjarhólnum. Það eina sem ber bænum vitni er steypt haughús sem skagar fram til austurs úr brekkunni. Bærinn var þar vestar, uppi í brekkunni, að sögn Páls Auðar Þorlákssonar, heimildamanns. Bæjahóllinn er rúmum 330 m sunnan við Sandhól.
Bæjarhóllinn er í sléttu túni. Það er slegið og nýtt ennþá. Brekkan er aflíðandi, um 10 m há og bærinn var ofarlega í henni. Lagnaskurður úr Partslind 003 liggur fyrir vestan bæjarhólinn en ekki eru sagnir um mannvist hafi komið í ljós við gerð hans.
Bæjarhóllinn er um 50 x 45 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er sléttur, 0,2 - 0,4 m á hæð og hliðar hans aflíðandi. Ekki sér til annarra mannvirkja þar. Bærinn var ofarlega í Bæjarholtinu, á halla til austurs. Þarna er smá "stallur" í brekkunni og var bærinn þar. Haughúsið er í austurhluta bæjarhólsins, þar er slétt plata og er það grafið niður í bæjarhólinn. Platan er 10 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hægt er að kíkja þar inn, op sést til austurs. Ekki eru önnur mannvirki sjáanleg á hólnum eða ummerki um mannvist, gera má ráð fyrir að töluvert sé ennþá undir sverði. Stafnar bæjarins snéru til austurs að öllum líkindum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 1, 4; SB III, 377; http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

ÁR-507:002 *Partsbali* heimild þvottastaður 63°57.715N 21°08.212V
"Partsbali. Sléttur bali niður við ána. Þar var þvottur þveginn. Áin hefur að mestu skolað honum burt," segir í örnefnaskrá. Partsbali er um 80 m suðaustan við bæ 001, vestan við Bakkárholtsá. Áin rennur þarna í bug og tangi gengur út í hana til austurs. Þar var þvottastaðurinn.
Á árbakkanum er slétt, grasivaxið svæði sem nýtt er til sláttar. Til vesturs er há brekka, niður frá bæ 001.
Engin ummerki þvottastaðarins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3

ÁR-507:003 *Partslind* lind vatnsból 63°57.686N 21°08.289V
"Partslind. uppspretta [suður] frá bænum, lengi vatnsból," segir í örnefnaskrá. Partslind er um 80 m sunnan við bæ 001 og 70 m austan við Bakkárholt ÁR-506. Borhola er í lindinni og hún sést ekki á yfirborði. Lindin er í brekkurótum holtsins, fast vestan við Bakkárholtsá. Einhver mannvirki hafa verið hér en þau eru horfin, rusl og brak ber því vitni. Lindin er á mörkum holts og mýra.
Allt umhverfis lindina er ræktað tún sem hefur verið sléttað. Úr lindinni liggur lagnaskurður að núverandi íbúðarhúsi og er hún ennþá notuð.
Engin ummerki um lindina sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3

ÁR-507:004 *Partsmógrafir* heimild mógrafir 63°57.792N 21°08.196V

Mynd 93. Áætluð staðsetning mógrafa 507:004, horft til norðurs.

"Partsmógrafir norðan lindarinnar," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Páls Auðars Þorlákssonar, heimildamanns, voru Partsmógrafir norðan við Partslind 003, við ánna. Þær voru tæpum 130 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 150 m norðan við lind 003. Mýrlent er við Bakkárholtsá, suðaustan við núverandi íbúðarhús, allt austur að Partsbala 002. Þar voru mógrafirnar. Raflína liggur þvert yfir svæðið.
Fyrir vestan mýrina eru grasivaxin tún nýtt til sláttar. Allt svæðið er í halla til austurs, niður holtið. Búið er að fylla upp í mógrafirnar.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3

ÁR-507:005 heimild nátthagi 63°57.858N 21°08.267V
"Nátthagi norðan Partsveitu," segir í örnefnaskrá. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, var nátthaginn á milli Sandhóls til norðurs og Bæjaholtsins til suðurs. Þar er laut og kýrnar geymdar þar að hennar sögn. Nátthaginn var rúma 220 m norðan við bæ 001 og 90 m sunnan við núverandi íbúðarhús á Sandhóli. Ekki er vitað hvort að nátthaginn var með hlaðna veggi en fær að njóta vafans og talinn hér til fornleifa.
Í lautinni er slétt, grasivaxið tún. Það er nýtt til sláttar og lagnaskurður, frá lind 003 að Sandhóli, liggur þar þvert yfir.
Engin ummerki um nátthagann sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 3

ÁR-507:006 *Sandhóll* heimild 63°57.912N 21°08.234V
Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Árið 1935 keypti ábúandinn, Þorlákur Sveinsson, gamalt samkomuhús byggt 1909, sem stóð á hól norðan túns. Þangað flutti hann bæinn, byggði peningshús og ræktaði í kring. Síðan heitir býlið Sandhóll en samkomuhúsið hér það." Húsið var á svipuðum stað og

núverandi íbúðarhús, um 340 m norðan við bæ 001. Samkomuhúsið var á lágu klettaholti.
Núverandi bæjarstæði er uppi á klettahólnum. Íbúðarhúsið er á honum miðjum og útihús til norðurs. Allt umhverfis eru ræktuð tún.
Engin ummerki um húsið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB III, 377

ÁR-507:007 frásögn túngarður 63°57.782N 21°08.320V
Margréti Gunnarsdóttur, heimildamanni, minnti að hlaðinn túngarður hefði verið umhverfis Bakkárholtspart. Hún mundi ekki hvort að túngarður 506:014 hafi verið sambyggður þeim í Partinum en ekkert túnakort er til af heimatúninu. Líklega voru túngarðarnir sambyggðir, á loftmynd í Google earth sést móta fyrir framhaldi 506:014 til austurs, fyrir norðan bæ 001. Hann er hafður hér stakstæður, það sjást ekki ummerki um hann á yfirborði og ekki vitað hvernig túngarðarnir komu saman.
Slétt, grasivaxið tún í halla til austurs niður Bæjarholtið.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-508 Borgarkot

5 hdr, 1847. JJ, 75. Hjáleiga frá Bakkárholti. „Borgarkot, hjáleiga, bygð af heimalandi. Jarðardýrleiki áður talinn með heimajörunni og er því óviss. Eigandinn sami og heimajarðarinnar.“ JÁM II, 407. "Ingólfshvoll. Hét áður Borgarkot en nafninu breytt árið 1931, 5 hundruð úr Bakkárholtstorfunni." SB III, 379. Ekki er föst ábúð á jörðinni. Þar er nú starfrækt fyrirtæki, Fákasel. Það sérhæfir sig í hestasýningum, þar er búð og veitingastaður. Einnig er hrossarækt og tamningastöð þarna.
Ekki til túnakort.

ÁR-508:001 *Borgarkot* bæjarhóll bústaður 63°57.637N 21°08.007V

Mynd 94. Bæjarhóll 508:001, horft til VSV.

"...Borgarkot (heitir Ingólfshvoll frá 1931) austan árinnar; […] Lágt holt er austan gamla bæjarins. Þar stendur nú íbúðarhúsið og peningshús. (Borgarkotsholt?)," segir í örnefnalýsingu. Borgarkot var rúmum 310 m ASA við Bakkárholt ÁR-506, austan við ánna á stakstæðu holti. Holtið er ekki mjög stórt en bærinn var á því miðju og til austurs. Á loftmynd sem tekin var skömmu fyrir 2000 sjást ennþá bæjarhús/útihús á gamla bæjarstæðinu en þau hafa nú verið rifin og mikið jarðrask er á bæjarhólnum. Bærinn var fluttur 130 m suðaustar árið 1963. Ekki er ljóst í hvaða átt stafnar bæjarins snéru. Það er ólíklegt að mikil mannvistarlög séu undir sverði á bæjarhólnum, þar sést í klappir.
Holtið er 10 m hátt, 90 x 50 m að stærð og snýr NNV-SSA. Klettar eru efst á holtinu og mynda grónar þústir þar uppi á. Jarðvegurinn er þunnur þar. Umhverfis bæinn var sléttað tún sem nú er komið í órækt og nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Ekki er vitað hvar bærinn var nákvæmlega á holtinu, líklega hefur hann þó alltaf verið á sama stað, austan við útihúsið sem sést á loftmyndinni. Þar er mikið jarðrask, sérstaklega þar sem útihúsin voru vestan í holtinu. Þau voru mögulega niðurgrafin eða að öllum bæjarhólnum hefur verið rutt burtu. Uppi á holtinu er flatt svæði og það lítur út fyrir að uppblástur hafi verið að verki, raskið er slíkt. Það er ekki tilfellið, þetta er manngert rask. Bæjarhóllinn en nánast niðurgrafinn, það er „laut“ þarna og hvergi sér til uppsöfnunar mannvistarlaga. Það má sjá grjótdreif, steinsteypu norðan í holtinu, bars þangað með vinnuvélum. Ekki er hægt að áætla stærð bæjarhólsins af þessum sökum. Fyrir austan holtið er nokkuð djúp laut vegna jarðrasks og þar er einnig rusl úr 20. aldar byggingum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 1, 5

ÁR-508:002 *Borgarkotsgil* heimild álagablettur 63°57.545N 21°08.112V

Mynd 95. Borgarkotsgil 508:002, horft til austurs.

"Borgarkotsgil. Lækur eða gil, sem kom af melnum og rann niður (vestur) í ána. Álög voru á gilinu, þar mátti ekki slá. Útburður var og í gilinu," segir í örnefnalýsingu. Borgarkotsgil er um 200 m sunnan við bæ 001 og rennur í Bakkárholtsá að austan. Það er langt og mýrlent. Bakkarnir eru 1 - 2 m á hæð og vélgrafinn skurður liggur til austurs frá því.
Grasivaxið, framræst tún er umhvefis gilið. Það er nýtt sem beitarhólf fyrir hross og komið í órækt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 5

ÁR-508:003 heimild vatnsból 63°57.698N 21°08.038V
"Traðirnar. Vestur frá bænum, að læknum; þar var vatnsból," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttir, heimildamanns, er ekki vitað hvar þessi minjastaður er. Henni fannst líklegast að hér væri átt við Borgarkot og lækinn sem rann fyrir norðan og norðvestan bæinn þar. Þjóðleið 720:016 lá á þessum slóðum, þarna er nú einungis opinn lagnaskurður. Allt þetta svæði er raskað, þar eru nú vélræstir skurðir og það nýtt til hrossabeitar.
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6

ÁR-508:004 heimild kálgarður 63°57.639N 21°08.042V
"Kaupmannareitur. Suðvestan við kálgarð. (Kaupmanna-?)," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, var kálgarður vestan við bæ 001, uppi á holtinu og í halla niður það til suðurs. Hann er nú horfinn, útihúsin á loftmyndinni eru að öllum líkindum á sama stað. Hún vissi ekki hvort að hann hefði kallast Kaupmannareitur en taldi hér um sama stað að ræða.
Holtið er 10 m hátt, 90 x 50 m að stærð og snýr NNV-SSA. Klettar eru efst á holtinu og mynda grónar þústir þar uppi. Jarðvegurinn er þunnur þar. Umhverfis bæinn var sléttað tún sem nú er komið í órækt og nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Engin ummerki um kálgarð sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 5

ÁR-508:005 gata traðir 63°57.628N 21°08.048V
"Heimreið af Stöðli [sjá 506:025] að bænum," segir í örnefnaskrá. Óljósar traðir/leið má greina til suðurs frá bæjahólnum. Þær lágu niður holtið og enduðu í ræktuðu túni. Ekki er vitað hvort að hér er um sömu traðir og getið er í örnefnaskrá. Einnig er óljóst við hvaða bæ er átt en sé tekið mark á efnistökum örnefnalýsingarinnar voru þær í Borgarkoti. Margréti Gunnarsdóttur, heimildamanni, fannst það einnig líklegt.
Holtið er 10 m hátt, 90 x 50 m að stærð og snýr NNV-SSA. Klettar eru efst á holtinu og mynda grónar þústir uppi á holtinu. Jarðvegurinn er þunnur þar. Umhverfis bæinn var sléttað tún sem nú er komið í órækt og nýtt sem beitarhólf fyrir hross.

Mynd 96. Traðir 508:005, horft til suðausturs.

Traðirnar sem ennþá sjást eru um 20 m langar og lágu upp suðurhlið holtsins, að útihúsum sem þar voru. Þær liggja norður-suður en sveigja til norðausturs uppi á hólbrúninni. Ekki er víst að þær séu fornar. Þær eru 2-3 m á breidd og brattar. Til norðurs mótar fyrir 0,2 m háum vegg meðfram þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 5

ÁR-508:006 tóft útihús 63°57.646N 21°08.046V
Útihús er fast vestan við holtið sem bær 001 er á. Það er byggt til vesturs frá holtinu, á mörkum holtsins og mýrlendis. Útihúsið er um 40 m vestan við bæ 001 og tæpum 150 m norðan við útihús 007. Tóftin er líklega ekki mjög forn en höfð hér með vegna forns byggingarlags. Hún er full af járnarusli.
Gróið tún, nýtt sem



Mynd 97. Útihús 508:006, horft til VSV.

beitarhólf fyrir hross. Svæðið er ósléttað og smáþýft.
Tóftin er 6 x 3 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Lag hennar fylgir brekkunni sem afmarkar austurhliðina. Veggirnir eru 1 - 1,5 m á breidd, 0,5 m hæð og torfhlaðnir. Tóftin er opin til norðausturs. Vatnskrani stendur uppúr suðvesturhorni tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-508:007 þúst útihús 63°57.568N 21°08.019V

Mynd 98. Þúst 508:007, horft til austurs.

Þúst er 130 m sunnan við bæ 001 og 100 m norðvestan við tóft 008. Þústin líkist grænni eyju í grónum móa. Lækur frá lind/borholu rennur fast norðan við þústina. Staðsetningin gefur til kynna að hér sé um útihús að ræða, í jaðri heimatúnsins sem er gróflega afmarkað á herforingjaráðskorti frá 1908.
Óræktað tún sem nýtt er sem beitarhólf fyrir hross er á þessu svæði. Svæðið var mýrlent en er nú framræst. Blautir flákar eru ennþá hér og þar.
Þústin er grasivaxin og slétt. Hún er 8 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,4 m á hæð, líklega var op til suðurs, þar er nú lág að læknum sem sveigir þar meðfram þústinni. Þýfðir bakkar eru ofan á tóftinni og gefa óljósa mynd af innra hólfi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-508:008 þúst útihús 63°57.538N 21°07.919V

Mynd 99. Þúst 508:008, horft til vesturs.

Þúst er um 200 m suðaustan við bæ 001 og rúma 90 m suðaustan við þúst 007. Ekki er ljóst hvort að hún er innan heimatúnsins eða ekki, það er ekki til túnakort af jörðinni. Hún var annað hvort í jaðri þess eða rétt utan. Hér er um útihús frá Borgarkoti að ræða sé tekið mið af staðsetningunni.
Þústin er í grónu, óræktuðu túni. Borgarkotsgil er 70 m sunnar og núverandi íbúðarhús er rúmum 60 m norðar. Svæðið er nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Þústin er 14 x 10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er hæst til norðurs og hliðarnar brattar þar. Þústin er 1 m á hæð þar en verður lægri og meira útflött eftir því sem sunnar dregur. Ekki sést dæld eða annað sem gefur nánara lag útihússins til kynna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-508:009 heimild traðir
"Traðirnar. Vestur frá bænum, að læknum; þar var vatnsból," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar þessar traðir voru með vissu. Þær eru í örnefnaskrá taldar með örnefnum austan við Bakkárholtsá en lýsingin passar ekki við neinn bæjanna sem áður tilheyrðu jörðinni. Margréti Gunnarsdóttur, heimildamanni, fannst líklegt að hér væri átt við Borgarkot ÁR-508. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6

ÁR-509 Strýta

Hjáleiga frá Bakkárholti. 2,5 hdr. 1847. JJ, 75. "Önnur hjáleiga, bygð af heimalandi. Jarðardýrleiki áður talinn og tíundaður í heimajörðunni." JÁM II, 407. „Strýta var hjáleiga á Bakkárholtstorfu, jafnstór jörð og Grænhóll [ÁR-510]. Stóð syðst í Bakkárholtinu, stutt frá ánni. Landið þar um kring er blautt en jörðin notaði mest landið niður með ánni. Árið 1957 fékk Grænhóll öll jarðarafnot af Strýtu sem er eign ríkissjóðs. Byggingar eru engar á Strýtu.“ SM III, 380. Grænhóll notar enn jörðina og hún er nytjuð samhliða þeirri jörð.
Ekki til túnakort.

ÁR-509:001 *Strýta* bæjarhóll bústaður 63°57.566N 21°08.442V

Mynd 100. Bæjarhóll 509:001, horft til NNA.

"Strýta. Gamalt býli á vestri árbakkanum, sunnan Bakkárholts," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Strýta var hjáleiga á Bakkárholtstorfu, jafnstór jörð og Grænhóll. Stóð syðst í Bakkárholtinu, stutt frá ánni. Árið 1957 fékk Grænhóll öll jarðarafnot af Strýtu sem er eign ríkissjóðs. Byggingar eru engar á Strýtu." Í tímaritinu Fjallkonan frá árinu 1896 segir: " Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemdust meira og minna. […] Partr, Kotströnd, Gljúfrholt, Litli-Saurbær, Þórustaðir, Hellir, Kirkjuferjuhjáleiga, Stríta, Ósgerði." Ekki er til túnakort af jörðinni en bærinn var rúmum 220 m sunnan við Bakkárholt ÁR-506 og rúmum 210 m suðaustan við Grænhól ÁR-510. Þar sjást engin hús og sléttað hefur verið yfir bæjarhólinn. Ekki er ljóst hvernig stafnar bæjarins snéru eða hvar á bæjarhólum bærinn stóð.
Strýta tilheyrir Grænhól, heimatúnið er komið í órækt, er smáþýft og nýtt til hrossabeitar. Það liggur undir miklum ágangi af þeim sökum. Túnið er grasivaxið, í aflíðandi halla til suðurs. Bakkárholtsá rennur fast suðaustan við bæjarhólinn.
Bærinn var á náttúrulegum hól sem skagar til SSA, fram að Bakkárholtsá. Hóllinn er sléttaður og mikið raskaður. Hann er um 30 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 0,2 - 1,5 m á hæð, þýfður, grasivaxinn og víða glittir í hleðslugrjót. Bæjarhóllinn er greinilegastur til suðurs, þar er brún hans hæst og brött. Þar er hann jafnframt sléttur og mögulega var kálgarður þar. Hóllinn hækkar til norðurs, líkt og holtið og þar er mikið jarðrask.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6; SB III, 380; http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

ÁR-509:002 hleðsla útihús 63°57.571N 21°08.409V

Mynd 101. Hleðsla 509:002, horft til austurs.

Hleðsla liggur til austurs frá bæjarhóll 001, niður holtið og í mýrina við Bakkárholtsá. Hleðslan er 11 m austan við bæ 001, undir hábrún holtsins á þessum slóðum. Til vesturs er sléttur stallur, upp við holtsbrúnina sem afmarkaði þá hlið mannvirkisins sem hér var. Einnig var bæjarhólnum greinilega rutt hér niður, þar er grjótdreif og hleðslugrjót um allt.
Hleðslan er undir holtsbrún, á mörkum þess og mýra. Þarna sjást tvær hleðslur sem liggja til austurs frá holtinu, sléttur stallur og grjót. Umrætt svæði er 22 x 12 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestast er grjótdreif í halla niður bæjarholtið, líklega vegna sléttunar en einnig gæti hluti verið hlaðinn. Til austurs frá henni er sléttur stallur og tvær hleðslur liggja þaðan til austurs, mögulega langveggir. Þær eru 16 - 22 m að

lengd, 1 – 2 m á breidd og 0,2 - 0,3 m á hæð. Hleðslurnar eru algrónar og úr torfi og gjóti. Þær enda í blautri mýri við ánna og þar er mýrlent inn á milli hleðslanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-509:003 tóft útihús 63°57.579N 21°08.461V



Mynd 102. Tóft 509:003, horft til austurs.

Óljós tóft er tæpum 20 m NNV við bæ 001 og 35 m norðvestan við útihús 002. Fyrir austan útihúsið, á milli þess og bæjar 001 er gróinn vegslóði eða lagnaskurður. Tóftin er uppi á holtinu og sést illa fyrr en að henni er komið.
Túnið er flatt, víða eru þýfðir bakkar og dældir. Það eru líklega ummerki frá því að bæjarhúsin voru rifin. Túnið er nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Tóftin er 7 x 5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er útflött og óskýr, það er einna helst til vesturs sem hún er skýr. Þar eru veggirnir 0,2 m á hæð og algrónir. Hún er nánast horfin til suðurs. Að austan sjást útlínur tóftarinnar sem slétt svæði í þýfi. Tóftin er opin til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-510 Grænhóll

2 ½ hdr. 1847. JJ, 75. Hjáleiga frá Bakkárholti. „Þriðja hjáleiga í eyði, bygð í heimalandi fyrir vel 40 árum, varðaði bygðin inn til næstliðinna 4 ára. Dýrleikinn talinn í heimajörðunni ut supra.“ JÁM II, 407-408. „Áður hjáleiga á Bakkárholtstorfu, 2 ½ hundrað að fornu mati en hefur bætt sig eftir að landsnytjar af Strýtu voru lagðar við. Grænhóll notar suðvesturhluta Bakkárholtstorfunnar. Þar voru þurrlendir móar sem nú eru ræktaðir. Engjar góðar, lágu á bökkum Gljúfurholtsár.“ SB III, 380.
1917: Tún 6 ha, þar af c. 7/8 slétt. Garðar 1844 m2.



ÁR-510:001 *Grænhóll* heimild bústaður 63°57.626N 21°08.656V
"Grænhóll. Býli suðvestur af Bakkárholti. Heitir eftir hólnum sem það stendur á," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Áður hjáleiga á Bakkárholtstorfu, 2 ½ hundrað að fornu mati en hefur bætt sig eftir að landnytjar af Strýtu voru lagðar við. Grænhóll notar suðvesturhluta Bakkárholtstorfunnar." Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, í miðju heimatúninu. Núverandi íbúðarhús er það þriðja síðan bærinn brann árið 1936. Sá bær var nyrstur, þá var byggt hús rétt sunnar sem var rifið. Núverandi hús er syðst en engu að síður á bæjarhólnum að sögn Jónínu Guðmundsdóttur, heimildamanns. Húsin hafa smám saman færst til suðvesturs. Ekki er vitað í hvaða átt stafnar bæjarins snéru en mikið rask er á bæjarhólnum og hann sést ekki á yfirborði. Bærinn dregur nafn sitt af stakstæðum hól/holti og er hann ennþá á honum. Bærinn hefur alltaf verið á sama stað en húsin færst til á holtinu. Þarna er mikið rask vegna bygginga og annarra framkvæmda. Yfir norðurhluta bæjarhólsins er malbikað plan og 20. aldar útihús sem nýtt eru sem hesthús. Í suðurhlutanum er núverandi íbúðarhús og bakgarður þess. Enginn ummerki um eldri húsin sjást. Planið er hæst í miðjunni en erfitt er að áætla hvort þar er vegna mannvistarlaga.

Mynd 103. Bæjarhóll 510:001, horft til suðvesturs.

Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6; SB III, 380; Túnakort 1918

ÁR-510:002 heimild útihús 63°57.636N 21°08.753V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918, 80 m vestan við bæ 001, norðvestarlega innan heimatúnsins. Tóftin er horfin, þarna er nú gróið beitarhólf, fast austan við malarveg að Auðsholti ÁR-495.
Malarvegur að Auðsholti liggur á þessum slóðum og hefur gert það líka árið 1908 samkvæmt herforingjaráðskorti frá sama ári. Heimatúnið er í órækt, ekki slegið heldur nýtt til beitar og liggur undir miklum ágangi hrossa.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; LMÍ 1:50000

ÁR-510:003 *Holtshús* heimild útihús 63°57.522N 21°08.740V
"Holtshús. Fjárhús syðst í Grænhólstúni," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var útihús um 180 - 200 m sunnan við bæ 001, syðst í heimatúninu. Hér er um sama stað að ræða. Tóftin sést á loftmynd frá því um 2000 en hefur síðan þá verið rifin og sléttuð út. Gunnar Arnarson reif tóftina og sléttaði út þegar hann tók við búskap árið 2001. Hún var ofarlega í brekku upp norðurhlið Mársteinsholts og þar sést grænn flekkur í túninu, mun grænni en nánasta umhverfi. Tóftin var 10 x 6 m að stærð og snéri norður-suður. Hún var opin til norðurs. Veggirnir voru hlaðnir úr torfi og grjóti og bárujárn var í þaki.

Mynd 104. Grænn flekkur ber Holtshúsi 510:003 vitni, horft til norðurs.

Slétt, grasivaxið tún. Brekkan er 5 - 7 m á há og nokkuð brött.

Engin ummerki um tóftina sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Bakkárholt, 6

ÁR-510:004 *Grænhólsbrunnur* heimild brunnur 63°57.599N 21°08.403V
"Grænhólsbrunnur. Milli Strýtu [ÁR-509] og Grænhóls, nær Grænhól," segir í örnefnaskrá. Að sögn Jónínu Guðmundsdóttur, heimildamanns, var brunnurinn nærri nýju húsunum sem reist hafa verið í Grænhól, skammt norðan við bæjarhól Strýtu. Þarna eru tvö heilsárshús fyrir starfsfólk og aðra sem koma að Grænhól. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur, heimildamanns, var brunnurinn í mýrinni, við vélgrafinn skurð sem lá til suðurs frá honum. Jónína Guðmundsdóttir, heimildamaður, fyllti upp í brunninn sem var á mörkum holts og mýra. Brunnurinn var 210 m ASA við bæ 001.
Þarna er ræktað tún á mörkum holts og mýra. Svæðið er nýtt til beitar fyrir hross.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6

Mynd 105. Áætluð staðsetning brunns 510:004, horft til suðausturs.

ÁR-510:005 frásögn útihús 63°57.612N 21°08.578V
Gunnar Arnarson, heimildamaður, man eftir tóft sem var um 70 m suðaustan við bæ 001, neðan við brekkuna niður Grænhólinn sjálfan. Tóftin var rifin og sléttað yfir svæðið. Þarna eru nú mörk gróinna túna og malarvegar að nýjum húsum sem eru í landi Strýtu ÁR-509. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar var hér um útihús að ræða.
Grasivaxið tún nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-510:006 heimild traðir 63°57.636N 21°08.618V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir frá bæ 001, yfir hólinn sem bærinn var á og áfram út túnið. Hérna er líklega um framhald af tröðum 506:006 að ræða en öll tengsl á milli þeirra horfin. Traðirnar eru horfnar og nákvæm lega þeirra ekki þekkt. Allt frá því að túnakortið var gert hefur mikið jarðrask átt sér stað, bærinn brunnið, mikið af úthúsum byggt þar sem að traðirnar lágu og túnagerð.
Traðirnar lágu til norðausturs, allt frá bænum og út túnið. Þarna eru nú malarplan og útihús frá 20. öld
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-510:007 heimild leið 63°57.584N 21°08.523V
Í örnefnalýsingu segir: "Stígur. Upphlaðinn vegur milli Grænhóls og Strýtu [ÁR-509]." Engin af heimildamönnum skrásetjara könnuðust við þetta örnefni né umræddan veg. Líklega lá vegurinn nánast beint á milli bæjanna, nærri Strýtu er mýrlent á köflum og þar var hugsanlega hlaðin brú.
Á báðum bæjarhólunum er mikið rask. Þar eru gróin tún, byggingar og mikil hrossabeit. Það er einnig búið að leggja reiðveg sem liggur þarna til suðurs, frá bæjunum.
Engin ummerki vegsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkárholt, 6



Mynd 106. Þekktir minjastaðir í landi Valla ÁR-516. Myndin er tekin úr skýrslu Orra Vésteinssonar frá 2001, bls. 10.

20 hdr. 1706 og 1847. JJ, 75. Reykjakirkjujörð. 1382-91: Kirkia heilags Laurentij ad Reykium a land a Wollum firir .xxc. DI IV 96. 1575: Kirkian ä Reijkium i Olvese. ä land ad Vollum fijrer xxc. DI XV 643-644. 1708: " Hjer hefur kirkja verið flutt frá Reykjum um 30 ára tíma, sjást enn merki til kirkjugarðs og leiða, einninn til kirkjutóftarinnar, hvar nú er ekkert hús." Hálfdan Jónsson segir í lýsingu sinni frá 1703: "Í þessari tölu er Reykjakirkju jörðu, Vellir, hvar Reykjakirkja stóð í þrjátíu ár og nú sjást enn glögg merki til tóttar, kirkjugarðs og leiða framliðinna manna. En að Völlum var kirkjan flutt þangað (eftir því sem sannorðir menn sagt hafa) að hver hafði upp komið innan kirkju á Reykjum, en biskupinn, herra Oddur Einarsson, bífalaði Álfi Gíslasyni títtnefnda kirkju til Reykja aftur að flytja, hvar hún hefur síðan staðið." Jörðin var hluti af Reykjatorfu og átti hluta í óskiptu landi. Núverandi eignamörk ná aðeins yfir næsta nágrenni bæjarins, milli þjóðvegar 1 og gamla farvegar Varmár/Vorsabæjarlands.
1918: Tún 4,2 ha, 4/5 slétt. Garðar 984 m2. Túnið var að mestu náttúrulega slétt og sama gildir um valllendið austan við það, austur að núverandi farvegi Vallalækjar (sem áður rann um túnið). Þar er harðbali og hefur aldrei verið sléttað með vélum. Sunnan við túnið voru engjar, blautari eftir því sem sunnar dró og þar hefur verið ræst fram.

ÁR-516:001 *Vellir* bæjarhóll bústaður 63°59.115N 21°10.261V
"Bærinn á Völlum stendur á litlum hól, sem sennilega hefur myndast af því að bærinn hefur verið byggður þar öld eftir öld." segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhús - elsti hluti þess byggður 1906 - stendur enn á hólnum. Í suðurmörkum hans hafa verið byggð fjögur lítil sumarhús/svefnskálar. Uppi á hólnum er íbúðarhús vestast með hálfniðugröfnum kjallara en útihús eru sambyggð því að austanverðu, hlaða næst íbúðarhús og fjós austan við hana - þar austan við er hlað.
Hólnum sjálfum og umhverfi hans hefur verið breytt mikið og eru þar nú aðkeyrslur og göngustígar, lystigarður að sunnan og vestan en athafnasvæði að austan og norðan.
Stór ávalur hóll, rúmlega 40 m frá austri til vesturs og um 30 m frá suðri til norðurs. Bærinn hefur verið byggður á lágri brún í landslaginu og er hóllinn því mun brattari að vestan og sunnan - þar rúmlega 2 m hár. Hlaðan sem er næst íbúðarhúsinu að austan brann að hluta 1955 og var þá handgrafinn kjallari undir núverandi hlöðu. Eldra fjós þar austan við - forveri þess sem nú er, snéri stafni til suðurs. Þegar

grafið var fyrir súrheysgryfju norðan við íbúðarhúsið var komið niðurá hveraleir. Húsin eru nú í eigu Eldhesta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 2; Túnakort 1918

ÁR-516:002 heimild kirkja 63°59.109N 21°10.231V
"Hjer hefur kirkja verið flutt frá Reykjum um 30 ára tíma, sjást enn merki til kirkjugarðs og leiða, einninn til kirkjutóftarinnar, hvar nú er ekkert hús." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706. Hálfdan Jónsson segir í lýsingu sinni 1703: "Í þessari tölu er Reykjakirkju jörðu, Vellir, hvar Reykjakirkja stóð í þrjátíu ár og nú sjást enn glögg merki til tóttar, kirkjugarðs og leiða framliðinna manna. En að Völlum var kirkjan flutt þangað (eftir því sem sannorðir menn sagt hafa) að hver hafði upp komið innan kirkju á Reykjum, en biskupinn, herra Oddur Einarsson, bífalaði Álfi Gíslasyni títtnefnda kirkju til Reykja aftur að flytja, hvar hún hefur síðan staðið." Í örnefnalýsingu segir: " Á hlaðinu framan (suðaustan) við bæinn stendur hjallur. Munnmæli herma að þar hafi staðið kirkja eða bænhús. [...] Ég spurði sérstaklega um hvort nokkurn tíma hefði komið nokkuð fram, sem benti til þess að þar hefði verið grafreitur. Heim. vissi ekki til þess. En sú trú er enn við lýði að á þessum stað eigi alltaf að standa hús." Hjallurinn hafði norðvesturhorn þar sem nú er hliðstólpi um 4 m sunnan við suðausturhorn hlöðu sem er sambyggð íbúðarhúsi að austan. Kirkjugarðurinn náði innundir núverandi hlöðugrunn.
Nú er malarborið hlað að austan, stétt að vestan en lystigarður með trjáhríslum að sunnanverðu.
Þegar hlaðan var undurbyggð eftir bruna 1956 var handgrafinn kjallari undir henni. Komu þá í ljós mannabein syðst í grunninum. Hjallurinn - sem staðið hefur á hinni fornu kirkjutóft - fauk en var endurbyggður á sama stað um 1960. Yngri hjallurinn snéri eins og framhlið húsanna en mjög þröngt hafði verið að komast á milli gamla hjallsins og bæjarhúsanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 402; SSÁ, 244; Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:003 heimild fjárhús 63°59.129N 21°10.218V
Stór fjárhús voru um 40 m ANA við bæinn 001, norðan og vestan við heimreiðina. Þessi staður er nú um 20 m austan við austurgafl útihúsa á bæjarhól, sunnan við reiðgerði eða undir suðurmörkum þess.
Malarborið plan, aðkeyrsla og hestastæði.
Önnur fjárhús voru byggð fast vestan við þessi um 1930 og voru þau járnklædd á timburgrind með hlöðnum veggjum. Bæði húsin fuku. Undirstöður þeirra komu í ljós þegar reiðgerðið var byggt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-516:004 *Gimbrakofi* heimild fjárhús 63°59.163N 21°10.282V
Um 70 m norður (og heldur vestar) af 002 var fjárhús í túni. Það hefur verið uppi á hól um 30 m norður af vegi sem liggur norðan við bæjarhólinn 001, um 15 m austar en beint norður af austurgafli útihúsanna á bæjarhólnum.
Ávöl hæð í sléttu túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-516:005 *Tóftarhóll* heimild fjárhús 63°59.106N 21°10.376V
"Tóftarhóll: Hóll sunnarlega í Vesturtúni, suðvestur af bænum, þar var fjárhús." segir í örnefnalýsingu.
Þessi fjárhús voru skammt austan við íbúðarhús Kjartans Björnssonar, um 110 m vestan við 004 og 90 m suðvestan við íbúðarhús á bæjarhól. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt - hússtæðið er 10-20 m norðan við veg að nýjum íbúðarhúsum og 20-30 m austan við hús Kjartans.
Í sléttu túni.
Húsinu var rutt niður og tóftin notuð sem garðstæði áður en hún var alveg jöfnuð út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:006 *Hesthúsbalar* heimild hesthús 63°59.184N 21°10.215V
"Hesthúsbalar: Klapparhólar suðaustan Berghylsmós, núverandi vegur að bænum liggur vestan balanna,

en eldri vegurinn lá austan balanna og beint norður á þjóðveginn." segir í örnefnalýsingu. Hesthús voru vestan við lítinn klapparhól í suðausturhorni túns norðan vegar sem er norðan bæjar. Hóllinn er um 70 m austur af 004.
Slétt tún með klapparhólum.
Þessi hús voru torfhús og gætu hafa verið byggð eftir 1918 þar sem þau eru ekki sýnd á túnakorti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:007 garðlag túngarður 63°59.083N 21°10.452V
"Ekrar: Þýfður mói vestan frá túngarði, sem sér enn fyrir og að Vorsabæjarmörkum, nú sléttaður og ræktaður." segir í örnefnalýsingu. Túngarður sést enn fyrir norðvesturhlið túnsins og má rekja hann frá norðvesturhorni spennistöðvar samfellt vestur fyrir hús Kjartans Björnssonar, en endar þar á mós við suðvesturhorn þess, alls 237 m.
Garðurinn er nú allur utan túns og er vírgirðing rétt innan við hann. Nú í móa þar sem hestar ganga. Mikið rask hefur veri þar sem suðvesturhlið túnsins var og hefur öllum ummerkjum um garðinn verið eytt þar. Tún eru allsstaðar austan við en engin merki sjást um garðinn þar og gæti verið að hann hafi ekki náð um allt túnið.
Grjóthlaðinn garður, víðast alveg hruninn eða búið að fjarlægja grjót úr honum. Hlaðinn úr stóru hraungrýti. Hlykkur er á honum nyrst sem sést á túnakorti en þar er þó mjög dregið úr honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:008 *Kuðungur* heimild fjárhús 63°59.066N 21°10.338V
Fjárhús var um 90 m beint vestur af bæ 001. Þar er nú lítill hóll með vélarusli á, 5-10 m vestan við gáma sem standa 10-15 m vestan við stóran bragga (vélageymslu).
áður tún, nú óræktarblettur. Stór gryfja með bílhræjum hefur verið gerð vestan við.
Lítill hóll en engin merki sjást um mannvirki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-516:009 heimild brunn 63°59.099N 21°10.216V
Brunnur var þar sem hinn austasti af þremur svefnskálum er í bæjarhólsfætinum sunnan við íbúðarhúsið, um 25 m sunnan við það.
Nú lystigarður með svefnskálum, áður í túni í jaðri bæjarhóls. Vallalækur rann áður meðfram suðaustur jaðri túnsins og upp undir bæjarhólinn skammt austan við brunninn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:010 *Litla-Sauðhús* tóft fjárhús 63°59.146N 21°10.020V
"Litla-Sauðhús: Lítill hóll, tóftarbrot á norðausturbrún Austurtúns." segir í örnefnalýsingu. Tóft Litlu Sauðhúsa er enn á lágum hól í túninu um 150 m suðaustur af suðausturhorni útihúsa á 001. Hún er um 140 m sunnan við heimreið og annað eins vestan við Vallalæk.
Í sléttu túni. Gróinn klapparhóll með tóft uppi á.
Tóftin er vestan í hólnum, snýr norður-suður með dyr í suður. Einföld, grjóthlaðin að innan og eru hleðslurnar byrjaðar að hrynja.
Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:011 *Vallarétt* heimild rétt 63°59.217N 21°09.895V
"Réttarflöt: Lítil flöt við Vallalækinn, sunnan þjóðvegarins (gamla), austan lækjarins. [...] Vallarétt: Réttin austan Réttarflatar. Þar var áður sauðahús. Réttin eyðilögð 1971 þegar nýi þjóðvegurinn var lagður yfir réttarstæðið, einn stór steinn stendur eftir." segir í örnefnalýsingu. Réttarstæðið er undir þjóðvegi 1, um 140 m sunnan við heimreið að Völlum (vegur lagður árið 2000). Þar er nú einn stór hraundrangur vestan við veginn sem var í réttinni og er grjóthrúga úr henni sunnan við dranginn. Skammt suðvestan við réttarstæðið er hestarétt úr tré..
Grasmói - nú vegarstæði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:012 *Sauðahús* tóft fjárhús 63°59.137N 21°09.815V
" Vallarétt: Réttin austan Réttarflatar. Þar var áður sauðahús.[...]" segir í örnefnalýsingu. Tóft Sauðahúsa er um 150 m suðaustan við Vallarétt 011 og um 65 m austan við Vallalæk (sem nú rennur í nýlegum farvegi austan við tún Valla).
Tóftin er hlaðin undir og að hluta í hraunklapparhól en í kring eru valllendismóar, að mestu slétt harðlendi.
Fjárhús þessi hétu Sauðahús og voru í notkun fram undir 1970 - þau fuku. Tóftin er hlaðin úr stóru hraungrýti og standa hleðslur í fjárhúsum vel en hlaðan hefur verið járnklædd á timburgrind. Steyptur garði er vestanmegin í fjárhúsum og nær 2 m lengra í suður en gaflhlöðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:013 *Steinkutóft* heimild bústaður 63°59.095N 21°10.090V
"Steinkutóft: Lítill hóll í Stóru-Veitu, suðaustur af bænum. Munnmæli herma að þar hafi verið einsetukona." segir í örnefnalýsingu. Tóftarbrot sáust fram yfir miðja 20. öld um 110-130 m ASA við suðausturhorn útihúsa á bæjarhól 001. Þessi staður er 10-20 m austan við reiðvöll og um 60 m SSV við Litlu-Sauðhús 010 en nákvæm staðsetning er ekki kunn.
Í sléttu túni - harðbali. Malarborin reiðgata er yfir hússtæðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:014 *Rjómabússtígur* heimild leið
"Rjómabússtígur: Vegurinn af þjóðveginum, og að Varmá (Vorsabæjarvaði). Hann var upphaflega lagður vegna rjómabúsins á Öxnalæk. Ég man eftir honum lítið ofaníbornum, en herinn lét bera ofan í hann þegar hann hafði herbúðir á Ekrum." segir í örnefnalýsingu. Slóði sést enn norðan við eldri heimreið að Völlum, samsíða henni við Varmá.
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 3

ÁR-516:015 garðlag áveita
Áveitugarðar sjást enn í Fremri-Spildu. Fremri-Spilda var blautt engi sunnan Heimaspildu, sem var sunnan Stóru- og Litlu-Veitu sem voru heima undir túni. Fremri-Spilda nær á milli landamerkja.
Áður blautt engi, nú framræst.
Vatni var veitt á þetta svæði fram yfir miðja 20. öld en eftir það var það ræst fram.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 4

ÁR-516:016 heimild fjárhús 63°59.157N 21°10.119V
Rúmlega 100 m beint suður af suðausturhorni útihúsa á 001 var tóft af fjárhúsum um 1955. Hún var síðar sléttuð undir tún. Hússtæðið er í austurjaðri malarstígs sem liggur í sveig austur og suður fyrir reiðvöllinn.
Í sléttu túni.
Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-517 Reykir

1706. 67 2/3 hdr. Kirkjustaður. Skálholtskirkjujörð. JÁM II, 399. 1847. 27 hdr. JJ, 75. “Maðr bjó at Reykjum í Ölfusi, er Ingólfr hét ok var Arnarson. Setti hann fyrstr manna byggð á Íslandi. Þá var hann á gamals aldri ok sjónlauss. Þar beiddist Ármann gistingar [Ingólfr vísar Ármanni til landa uppi við Hrafnabjörg].” Ármanns saga, Íslendinga sögur II, 423.
“Eftir jól 1237 fór Snorri Sturluson vestur í Ölfus til Gissurar Þorvaldssonar. Hann fór síðan aftur af nesjum suður til Reykja og var með Gissuri um föstuna […] Gissur Þorvaldsson bjó að Reykjum í Ölfusi þau misseri er þeir önduðust Magnús biskup og Guðmundur biskup [1237]”, Sturlunga, 383, 388.
“1238, eftir Apavatnsför […] Gissur var hinn kátasti og reið um kveldið út til Reykja. voru þá sendir menn um Grímsnes og Ölfus eftir nautum og voru rekin til reykja og etin þar um helgina.” Sturlunga, 400 sbr. 406.



1382-91: Kirkia heilags Laurentij ad Reykium a land a Wollum firir .xxc. … Kirkia a .xv. kyr. þriggia stacka eingi er heita Kirkiuholmar .xxx. letorfs arliga j Saurbæarland. … Jtem .c. er Erlingur Jonsson lagdi til kirkiunnar firir fyrnd messuklæda epter skipan Herra Þorarins. Portio Ecclesiæ vmm .v. ar .v. aurar oc vc. medan sira Pall hefr bued. Jtem medann Sturli bio vmm .vj. ar .xij. aura a hvoriu are. DI ??
1397: Hun a ad auk þess er stendur j maldaga Herra Michels biskups kugilldi er sira Pall gaf .cc. voru .ij. hross. halftunnu tioru. hross .x. aura j vidi er Sturli gaf. … lagdi Sturli til kirkiunnar … firir halft þridia hundrad. fellur nidur af portione þeirri er reiknadist medann hann var .xix. hundrad oc .xviij. älner. portio Ecclesiæ vmm .iiij. är næstv medann Þo[r]steinn bio .cc. oc .xij. aurar oc .vj. fyri næstu .ccc. oc .xij. aurar. DI IV 96-97.
6.5.1446 voru 20 hdr í Reykjum meðal eigna Þorvarðar Loptssonar að honum látnum. DI IV, 679.
22.9.1540 er dæmt að Gissur biskup mætti heimta allan reikningsskap Skálholtsstól eftir Ögmund biskup og var jörðin Reykir í Ölvesi þar nefnd sérstaklega. DI X, 561.
1540 fyrirbýðir Gissur biskup öllum að byggja eða bæla jörðina Reyki í Ölfusi "Sakir þess ad kyrckiunnar radi hefur virdst sem reikir j Olvesi væri riettileg domkyrckiunnar Eign og ecki yfer þeigia meiga ad þessi jord drægist vndan heilagri Scalholltz kyrkiu." DI X, 579 sbr. bréf Gissurar til Ögmundar biskups í byrjun árs 1541 þar sem hann biður Ögmund að leggja sitt til að Reykir drægist ekki undan dómkirkjunni "þui eg vil helst giarnan eiga allt gott vid ydvart folk mier ad vijtalausu." DI X, 600. 1540 veitir Gissur biskup Oddi Gottskálkssyni alla jörðina Reyki til leigulausrar ábúðar "Suo skulu og fyrrgreindir reyker eiga skipstodu frij j þorlakshofn epter þui sem adur uar j tijd b[iskups] augmundar." DI X, 576 (sbr. "settest [Oddur] i bu med Þuride Einarsdottur oc bio med henne nockur aar aa Reykium i Olvese ogiptur. þangad til hann ætti son med henne. Petur ad nafne. sijdan tok hann hana til egta – DI XIII, 134. Á Reykjum þýddi Oddur Píningarsögu Bugenhagens 1545 en hún kom út 1558).
1541 er Eyjólfur Jónsson á Hjalla kærður fyrir að hafa markað undan kirkjumarki Reykjakirkju. DI X, 677-78.
1541 lögfestir Gissur biskup Skálholtskirkju Reyki í Ölfusi. DI X, 686.
11.1.1542 er Eyjólfur Jónsson á Hjalla dæmdur fyrir að hafa haldið fyrir kirkjunni á Reykjum 6 kúgildum. DI X, 698.
[1553-54] Kirckian a Reykium j Olvese heyrer til Skalhollttz med sijnum eignum. Þar med eru xij kugillde. Hun a þriggia Rasta einge. er heita Kirckiuholmar. xxx lietorfs arlega j Saurbæarland. DI XII, 662.
1575: Kirkian ä Reijkium i Olvese. Ä land ad Vollum fijrer xxc. thriggia stacka einge. er heita Kirkiu hölmar. xxx lietorfs ärliga I Surbæiarland. Jtem vij kijr og v. ä saudar kugilldi og tuævetur kapall. DI XV 643-644.
1706 eru kirkjujörðin Vellir í óskiptu landi Reykja, og auk þess hjáleigurnar Reykjakot, Reykjahjáleiga og Kross, sem síðar urðu sjálfstæðar jarðir. Þá nefnir jarðabókin eyðihjáleigurnar Engjagarð, Grændalsvöll og Litlu-Reyki. Reykjahjáleiga var lögð undir búið 1931.
1918: Tún 5,4 ha, slétt. Garðar 1736 m2.
Hefðbundin búskapur hætti á Reykjum 1930 og árið 1931-1938 var rekið þar hressingarhæli fyrir berklasjúklinga. Árið 1939 tók Garðyrkjuskóli ríkisins við jörðinni, nú er Landbúnaðarháskóli Íslands með starfsstöð á jörðinni. Árið 1963 var Skógrækt ríkisins falið að girða og friða landið til skógræktar í samvinnu við Garðyrkjuskólann. 1918: Tún 5,4 ha, slétt. Garðar 1736 m2.

ÁR-517:001 *Reykir* bæjarhóll bústaður 64°00.207N 21°10.686V
"Reykir hafa verið eitt af höfuðbólum í Ölfusi, gegnum aldirnar. Þar sátu höfðingjar á Sturlungaöld. […] Síðar sátu þar merkisklerkar . […] Bærinn á Reykjum stóð þar sem nú stendur geymsluhús Garðyrkjuskólans. Bæjardyr til suðurs og kálgarður sunnan undir bænum vestanverðum. Austan bæjarins var kirkjugarðurinn [002], gengið var til kirkjunnar af hlaðinu frá vestri. […] Af hlaðinu lágu traðir [sjá 007] til suðausturs, sér enn fyrir og götuna austur með fjallinu [sjá 720:018]," segir í örnefnaskrá. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, fyrir miðju gamla heimatúnsins. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Sumir telja að Reykir muni vera fyrsti bærinn í Ölfusi. Þar hafi fengið bólfestu Karli "Þræll" Ingólfs Arnarsonar, sá er fór fyrir ásamt Vífli og leitaði öndvegissúlnanna." Öll ummerki bæjarhóls og bæjahúsa eru horfin af yfirborði vegna bygginga frá á 20. öld og annarra framkvæmda á svæðinu. Bærinn var nánast í miðju þess svæðis sem Landbúnaðarháskóli Íslands hefur til umráða. Malbikaður vegur liggur að bæ 001 úr vestri og annar vegur liggur yfir bæjarhólinn til austurs. Nú er tvílyft, steinsteypt geymsluhús þar sem bærinn var áður og bílaplan til norðurs og suðurs. Húsið er notað

Mynd 107. Bæjarhóll Reykja 517:001, horft til suðurs. Myndin er tekin árið 2004.

sem geymsla og verkstæði en þarfnast viðhalds. Kirkjugarður 002 er 10 m austan við bæ 001 en teikningar af bæjarhúsum á Reykjum er m.a. að finna í bókinni Íslandsleiðangur Stanleys 1789. Malarvegur liggur milli kirkjugarðsins og geymsluhússins.
Öllu svæðinu umhverfis geymsluhúsið hefur verið raskað. Malarborin bílastæði eru til norðurs og suðurs, vegur til austurs og gróðurhús til vesturs. Lág hólmyndum sést sunnan við húsið en ekki er hægt að fullyrða að um ummerki bæjarhóls sé að ræða, jarðrask er of mikið.
Engin ummerki bæjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Reykjatorfan,1- 8; Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 7; SB III, 304

ÁR-517:002 tóft kirkja 64°00.212N 21°10.661V
Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Reykir eru og gamall kirkjustaður. Sú kirkja var helguð heiligum Laurentsíusi [...] Kirkjan var flutt um skamman tíma að Völlum [ÁR-516] "vegna þess að hver kom upp í kikrjunni" eins og segir í heimildum. Kirkjan á Reykjum fauk af grunni í ofviðri haustið 1908. Ekki byggð upp aftur. [...] Grafreitur er sléttaður, sér enn fyrir kirkjustæðinu. Er vel girtur og í góðri hirðu."
c. 1200: Páll bp Þar á yfirreið, munngát á móti honum; Jarteinabók 1200, Bsk I, 339.
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 8.
1382-91: XCII. Reyker. Kirkia heilags Laurentij ad Reykium a land a Wollum firir .xxc. Þar skal vera heimilisprestur. Kirkia a .xv. kyr. þriggia stacka eingi er heita Kirkiuholmar .xxx. letorfs arliga j Saurbæar land. tvenn messuklædi oc hokul med pell .ij. alltarisklædi. annad med pell. kaleik. kiertistikur .iij. sacrarium mvnnlaug. glodarkier. krossar .ij. Mariuskriptt. Laurentiusskriptt oc tiolld vmm kor. fontklædi .xiij. bækur. kantarakapa. merki. glerglugg. Jtem .c. er Erlingur Jonsson lagdi til kirkiunnar firir fyrnd messuklæda epter skipan Herra Þorarins. Portio Ecclesiæ vmm .v. ar .v. aurar oc vc. medan sira Pall hefr bued. Jtem medann Sturli bio vmm .vj. ar .xij. aura a hvoriu are
1397: Hun a ad auk þess er stendur j maldaga Herra Michels biskups kugilldi er sira Pall gaf .cc. voru .ij. hross. halftunnu tioru. hross .x. aura j vidi er Sturli gaf. Jtem .c. er Halldora gaf oc .c. er Jon Gilsson gaf oc hestr er gafst eptir Jon Jvarsson. lagdi Sturli til kirkiunnar alltaraklædi oc dvk. hokul. paxspiolld .ij. oc pentan frammi firir kor. þetta allt saman firir halft þridia hundrad. fellur nidur af portione þeirri er reiknadist medann hann var .xix. hundrad oc .xviij. älner. portio Ecclesiæ vmm .iiij. är næstv medann Þo[r]steinn bio .cc. oc .xij. aurar oc .vj. ar fyri næstu .ccc. oc .xij. aurar. Jtem forn tyund er i maldaga Herra Michaels er skrifad .viijc. og .xvij. aurar. DI IV 96-97.
[1553-54]: Reyker j Olvese. Kirckian a Reykium j Olvese heyrer til Skalhollttz med sijnum eignum. Þar med eru xij kugillde. Hun a þriggia Rasta einge. er heita Kirckiuholmar. xxx lietorfs arlega j Saurbæarland. Þar liggia til x Bæer. og fellur nu: [vantar] kirkian sterck og nockud geingin. DI XII, 662.
1575: CXCI. Reyker. Kirkian ä Reijkium i Olvese. ä land ad Vollum fijrer xxc. thriggia stacka einge. er heita Kirkiu hölmar. xxx lietorfs ärliga i Saurbæiarland. Jtem vij kijr og v. ä saudar kugilldi og tuævetur kapall. Jtem i kirkiunne ij messuklæde. ein klucka. korbialla. silffur kaleikur. Jtem lijtill Jarnkall. ij koparpijpur. Jtem fastagötz Lxc. Lausagötz Lxxxxiiijc. DI XV 643-644.
f. 1700: Reykjakirkja var flutt að Völlum um 30 ára tíma; (PP, 93).
1706: Kirkjustaður. Skálholtskirkjujörð. JÁM II, 399.
21.7.1786: Skipað að Reykjakirkja skuli aftakast; (PP, 93) [konungsbréf]
21.5.1790: Fyrri skipun tekin aftur; (PP, 93) [konungsbréf].
Þar segir í SSÁ: "2ur að Reykjum, sem er annexíukirkja. Sóknarbæir þangað liggjandi 12."
17.7.1909: Arnarbælis- og Reykjasóknir sameinaðar og ákveðið að byggja eina kirkju á Kotströnd; (PP, 93) [stjórnarráðsbréf].
"Austan bæjarins var kirkjugarðurinn, gengið var til kirkjunnar af hlaðinu frá vestri. Garðurinn var hlaðinn úr grjóti og torfi og vel gripheldur 1929. Sú girðing, sem nú er um garðinn, var gerð seinna og

lögðu ýmsir, sem áttu þar ættingja í jörðu fé til, sér enn fyrir kirkjustæðinu og fáeinum leiðum," segir í örnefnalýsingu. Lág veggjabrot bera kirkjunni vitni sem og kirkjugarður þar umhverfis. Kirkjan er 10 m austan við bæ 001, innan þess svæðis sem Landbúnaðarháskóli Íslands er með starfsemi.

Fyrir vestan og sunnan kirkjugarðinn eru byggingar tengdar skólastarfsemi Landbúnaðarháskólans. Til norðurs er malarvegur og slétt grasflöt.

Mynd 108. Kirkjutóft 517;002, horft til vesturs. Myndin er tekin árið 2004.

Kirkjugarðurinn er 24x20 m að stærð, snýr austur-vestur og afmarkast af torf- og grjóthlöðnum veggjum. Eins og segir hér ofar, er ekki um fornan vegg að ræða, hann var hlaðinn um miðja 20. öld á sama stað og eldri veggurinn að sögn Grétars J. Unnsteinssonar, heimildamanns. Veggurinn er algróinn innan kirkjugarðsins en að utan má sjá 3-4 umför af grjóthleðslu. Hann er 0,4-1 m á hæð. Gengið er inn í kirkjugarðinn að norðan en ekki vestan líkt og áður var. Kirkjutóftin er í miðjum kirkjugarðinum sem er grasivaxinn og sléttur. Ekki sér móta fyrir gröfum né minnismerkjum þar. Kirkjutóftin er 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2 m á hæð að utan, snyrtilegir og jafnir. Það bendir til þess að tóftin og nánasta umhverfi hafi verið snyrt, sléttað og lagfært á einhverjum tímapunkti. Mögulega var fyllt upp í tóftina, veggirnir eru það lágir. Ekki sér móta fyrir opi inn í kirkjuna en líklega var það á miðjum austurvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM II, 399; Ö-Reykjatorfan, 8; SB III, 310, SSÁ, 234

ÁR-517:003 heimild útihús 64°00.215N 21°10.783V

Útihús er sýnt 80 m VNV við bæ 001 og 30-40 m norðan við útihús 004 á túnakorti frá 1918. Grétar J. Unnsteinsson, heimildamaður, man ekki eftir tóft á þessum slóðum né hafði heyrt hennar getið. Öll ummerki útihússins eru horfin.

Skammt norðan við áætlaða staðsetningu útihússins er ljósastaur, uppi á nýlegum torf- og gjóthlöðnum vegg. Gróðurhús voru byggð á þessu svæði á seinni hluta 20. aldar en hafa verið rifin. Þar er nú gróin jarðvegsuppfylling.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-517:004 heimild útihús 64°00.200N 21°10.791V

Útihús er sýnt 80 m vestan við bæ 001 og 30 m sunnan við útihús 003 á túnakorti frá 1918. Grétar J. Unnsteinsson, heimildamaður, man ekki eftir tóft á þessum slóðum og öll ummerki þess eru horfin. Rúmum 10 m vestan við áætlaða staðsetningu útihússins er lækjargil.

Gróðurhús voru byggð á þessu svæði á seinni hluta 20. aldar en hafa verið rifin. Þar er nú gróin jarðvegsuppfylling og sléttar grasflatir.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-517:005 *Engjagarður* heimild bústaður

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 stendur: "Hjáleiga hefur hjer ein verið í engjatakmarki, nú í auðn í 20 ár og 6 ár, er kölluð var Engiagardur, og hyggja menn verið mun hafa þar, þá bygð var, landskuld lx álnir og kúgildi iii, er og víst að ei kann aftur að byggjast jörðinni að skaðlausu." Ekki er vitað hvar hjáleigan var staðsett nema að hún var í engjum samkvæmt Jarðabókinni. Þetta býli hefur gjarnan verið sett í samhengi við örnefnin Innri- og Fremri Engjamúla, Húsmúla og

Nóngiljalæki í Grændal án beinna tengsla. Í Grændal voru engjar og ekkert sem bendir til þess að örnefnin tengist þessu býli frekar en slætti. Lýsing á staðsetningu býlisins gæti allt eins átt við Engjahól 044. Ekki er hægt að staðsetja býlið án frekari heimilda.
Heimildir:JÁM II, 400-401

ÁR-517:006 *Grændalsvöllur* heimild bústaður
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 segir: "Önnur hjáleiga kölluð Grændalsvöllur, bygð í fyrstu innan 20 ára, varaði sú bygð 4 ár; síðan hefur hún í auðn legið og brúkast nú fyrir stekkatún frá Reykjakoti, kann ei aftur byggjast nema jörðinni til skaða." Í örnefnalýsingu Reykjakots ÁR-518 eru leiddar líkur að því að Grændalsvöllur sé í Stekkatúni 068. Ekki er hægt að staðsetja Grændalsvöll án frekari heimilda né staðfesta að um sama stað og Stekkatún sé að ræða. Ekki er mikilla búsetjuminja að vænta eftir fjögurra ára búsetu en líklega var hjáleigan innan landsvæðis sem nýtt var frá Reykjakoti.
Heimildir:JÁM II, 401; Ö-Reykjakot, 4

ÁR-517:007 heimild leið 64°00.181N 21°10.574V
"Af hlaðinu lágu traðir til suðausturs, sér enn fyrir og á götuna austur með fjallinu [sjá 720:018]," segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru sýndar á túnakorti frá 1918. Að sögn Grétars J. Unnsteinssonar, heimildamanns, sást lengi lág í túninu suðaustan við bæinn en hún er nú horfin. Hann vissi ekki hvort hlaðnir veggir hefðu verið meðfram tröðunum. Gamla þjóðleiðin 720:018 lá að tröðunum og alveg heim að bæ 001. Farið var yfir læk austan við heimatúnið á vaði 024. Lækurinn er horfinn í skurð og vatn rennur þar ekki lengur.
Þar sem traðirnar lágu er slétt, grasivaxið tún og skjólbelti. Svæðið hefur verið ræst fram og gróðurhús eru skammt vestar.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 8; Túnakort 1918

ÁR-517:008 *Hesthúshóll* heimild hesthús
"Hesthúshóll: Lítill hóll gróinn austast í Austurtúni, norðvestan hans voru hesthús, sér enn fyrir," segir í örnefnaskrá. Hesthúshóll er týndur og ekkert útihús er sýnt austan við bæ 001 á túnakorti frá 1918. Austurtún var, líkt og nafnið gefur til kynna, austan og suðaustan við bæ 001. Útihús 061 er austan við bæ 001 en Grétar J. Unnsteinsson, heimildamaður, telur að ekki sé um sama stað að ræða.
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:009 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
"Lambhúshóll: Lítill hóll í Austurtúni, sléttaður nú," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar Lambhúshóll var né kannaðist Grétar J. Unnsteinsson við örnefnið. Útihús 061 er austan við bæ 001 en Grétar J. Unnsteinsson, heimildamaður, telur að ekki sé um sama stað að ræða.
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:010 *Reykjarétt* tóft rétt 64°00.198N 21°10.404V
"Reykjarétt: Var í brekkunni upp undan Tumavelli, sér enn fyrir," segir í örnefnalýsingu. Reykjarétt er 230 m austan við bæ 001 og 170 m suðaustan við fjárhús 063. Réttin er ofarlega í brekku, upp Reykjafjall. Þar er autt svæði á milli hárra greni- og furutrjáa sem plantað var á seinni hluta 20. aldar. Stórt grenitré vex í einu horni réttarinnar og hefur raskað henni að hluta. Réttin sést illa fyrr að henni er komið.
Réttin er í brekku í vesturhlíðum Reykjafjalls, nánast beint austan við bæ 001. Réttin er á náttúrulegum "stalli" og hallar lítillega til vesturs. Allt umhverfis réttina eru há greni- og furutré og stór björg sem hrunið hafa niður fjallshlíðina.
Réttin er 18 x 14 m að stærð, gróin og snýr norður-suður. Suðurhluti réttarinnar er raskaður, þar er 10-15 m hátt grenitré sem rutt hefur veggjum um koll. Reykjarétt er grjóthlaðin og skiptist í fimm hólf. Lýsingin hefst í hólfi 1, inni í miðri réttinni. Hólfið er 10 x 9 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og náttúruleg björg eru inn á milli grjóthleðslu úr stórum móbergssteinum. Það má sjá tvö umför grjóthleðslu í veggjunum. Veggirnir eru grafnir inn í brekkuna til austurs. Tvö op sjást inn í hólfið, eitt til vesturs yfir í hólf 2 og hitt suðurs, yfir í hólf 4. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það



Mynd 109. Rétt 517:010, horft til suðausturs.

er 4 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og má sjá 1-2 umför í þeim. Gróið er yfir hleðslur í veggjunum að mestu leyti. Tvö op eru inn í hólfið, eitt úr hólfi 1 og annað til suðurs yfir í hólf 3. Þar er hrun sem fyllir upp í opið að hluta. Hólf 3 er sunnan við hólf 2, inn á milli náttúrulegra stórra steina. Steinarnir eru 0,4-0,6 m á hæð og brattir. Hólfið er 3 x 2 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Einungis norðurhlið hólfsins er hlaðin og þar er op sem hrunið er fyrir. Hólf 4 er suðaustan við hólf 3. Það er mikið raskað vegna grenitrés sem þar var plantað, einungis suðausturhorn hólfsins er óraskað. Hólfið er um 5 x 5 m að stærð en erfitt að áætla veggjahæð og op þar inn. Hólf 5 er norðvestan við hólf 2. Það er 3 x 3 m að innanmáli og veggirnir eru 0,3 m á hæð. Veggirnir eru algrónir og líklega er op til norðvesturs.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:011 *Kaldalind* lind vatnsból 64°00.295N 21°10.498V
"Kaldalind: Köld uppspretta, suður af Geysi [sjá 058], notuð sem vatnsból. Þaðan var leitt vatn í bæinn 1929," segir í örnefnalýsingu. Kaldalind er 50 m norðaustan við fjárhús 063 og rúma 220 m norðaustan við bæ 001. Lindin er í miðri brekku, ofan við yngra skólahúsið á Reykjum.
Lindin sést ekki, hún er hulin. Rör og steinn gefa staðsetningu hennar til kynna. Allt umhverfis Lindina er skógræktarsvæði, m.a. birki og fura.
Brekkan er gróin og brött til vesturs frá Lindinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:012 *Volgalaug* lind vatnsból 64°00.152N 21°10.792V
"Volgalaug: Volg uppspretta (40° heit) í gilinu við suðvestur horn stærsta gróðurhússins. Þangað var sótt allt neysluvatn frá Reykjum, þar til vatn var leitt úr Köldulind [011]. Lindin (laugin) er nú hulin og vatnið notað í sundlaugina," segir í örnefnalýsingu. Volgalaug er rúmum 140 m suðvestan við bæ 001 og 90 m sunnan við útihús 004. Plaströr sést liggja upp úr jörðinni, líklega úr lauginni.
Gilið er 2 m djúpt og 20 m breitt þar sem laugin er. Stífla er þar fast sunnan við, þvert yfri gilið. Lítill lækur rennur þar á milli trjáa og grasbala.
Engin ummerki Volgulaugar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 10

ÁR-517:013 heimild leið 64°00.163N 21°10.767V
"Gata lá beint frá bænum og að Brunninum [Volgulaug 012]," segir í örnefnaskrá. Milli bæjarins og Volgulaugar eru sléttar grasflatir, gróðurhús og tré. Hvergi sér móta fyrir götu eða lág sem gefur legu hennar til kynna.
Mikið jarðrask hefur átt sér stað þar sem leiðin lá. Nokkur gróðurhús hafa verið byggð og rifin, hús reist og sléttar grasflatir og blómabeð víða.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 10

ÁR-517:014 *Fjósatunga* örnefni fjós 64°00.188N 21°10.748V
"Fjósatunga: vestan götunnar [sjá 013]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar Fjósatunga var staðsett. Líklega var hún nærri bænum, fjós voru yfirleitt sambyggð eða alveg við bæinn. Á teikningu í bókinni Íslandsleiðangur Stanley 1789, sést stakstætt útihús skammt sunnan við bæinn, mögulega var það fjósið.
Sunnan og suðvestan við bæ 001 eru gróðurhús, blómabeð og tré.
Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 10; Íslandsleiðangur Stanley 1789, 301

ÁR-517:015 *Tíðavað* heimild vað 64°00.067N 21°10.894V

Mynd 110. Tíðavað 517:015, horft til ASA.

"Tíðavað: Vað á Varmá rétt niður við beygjuna, þar sem áin beygir til austurs fyrir framan (sunnan) Ekrabarðið. Þegar komið var yfir ána á vaðinu var farið upp í endann á Ekrabarðinu og svo upp með laugalæknum. Sér ekki fyrir götu því að bakkinn hefur breyst. Lítið notað eftir 1902," segir í örnefnalýsingu. Tíðavað er 220 sunnan við Fossvað 016 og rúmum 300 m sunnan við bæ 001. Austurbakki Varmár er brattur en klettar eru til vesturs. Áin hefur breytt sér á þessum stað og vaðið er ófært. Árbakkanum var breytt þegar brú var gerð yfir ánna skammt sunnar og farvegurinn tók einnig breytingum þegar ullarþvottastöð tók til starfa nokkru norðar.
Varmá er 20-30 m breið, straumhörð og djúp þar sem vaðið var.

Öll ummerki Tíðavaðs eru horfin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 10

ÁR-517:016 *Fossvað* heimild vað 64°00.178N 21°10.977V

Mynd 111. Fossvað 517:016, horft til norðausturs.

"Fossvað: Vað fyrir ofan fossinn, þótti ófært vegna katla í klöppinni. Þegar aflstöðin við Ullarverksmiðjuna Reykjafoss var byggð 1902 fylltust katlarnir af framburði árinnar og vaðið síðan almennt notað, þangað til brúin kom á ána fyrir neðan Tíðavað [015] 1940," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er rúmum 230 m vestan við bæ 001 og 400 m suðvestan við tóft 043. Vaðið er skammt ofan við fossinn, þar sem hamraveggjum sleppir til vesturs.
Beggja vegna árinnar er búið að planta trjám og gera útivistarsvæði fyrir almenning. Göngustígar, blómabeð, grasflatir og tré eru víða. Fyrir vestan vaðið, í landi Hveragerðis er bæjargarðurinn. Óljóst mótar fyrir lág að vaðinu að þar. Áin er djúp, straumhörð og 30-40 m breið.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 11

ÁR-517:017 örnefni túngarður 64°00.242N 21°10.799V
"Túngarðshver: Hver undir bakkanum rétt hjá Skólastjórabústaðnum," segir í örnefnalýsingu. Túngarður

er sýndur umhverfis heimatún Reykja á túnakorti frá 1918. Grétar J. Unnsteinsson, heimildamaður, man ekki eftir túngarðinum eða hafa heyrt hans getið. Hvergi sér móta fyrir túngarðinum nú enda öllu svæðinu umbreytt með tilkomu skólareksturs á jörðinni árið 1939. Á túnakortinu afmarkaði túngarðurinn 300 x 250 m stórt svæði og snéri austur-vestur.
Innan heimtúnsins eru sléttar grasflatir, blóma- og trjábeð og byggingar.
Engin ummerki túngarðisins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 11; túnakort 1918

ÁR-517:018 *Túngarðshver* hver hlóðir 64°00.252N 21°10.812V
Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir: "Fimmti er fyrir vestan Reykjatún, hér um þriggja álna víður í kring, vellandi með hreinu vatni, hvor um sig sýgur tuttugu álna langt vaðmál rétt til enda og sendir það so aftur upp í einum bögli, þá hann gýs. […] Margir aðrir hverir eru og nálægt Reykjum og Reykjaseli [022] hvar mat má kokka, einnig lita vaðmál, eður hvað annað þesskonar til þarfinda að brúka þörf gjörist. […] Sé ull eður önnur þesskonar lin materia lögð í þessa hveralæki, verður hún með langsemi að steini, […] Hveravatn þrálega drukkið meina menn sé þeim mönnum gott, er brjótveikir eru." "Túngarðshver: Hver undir bakkanum rétt hjá Skólastjórabústaðnum. Það er að líkindum sá hver, sem saug í sig 20 álnir vaðmáls og spýtti því upp í einum hnút, […] . Þar var soðið kál í minnum mömmu minnar," segir í örnefnalýsingu. Túngarðshver er rúma 130 m norðvestan við bæ 001 og 70 m norðan við útihús 003. Hverinn sjálfur er horfinn en að sögn Grétars J. Unnsteinssonar, heimildamanns, er mikill jarðhiti hér enn og nýir hverir koma reglulega upp meðan aðrir hverfa. M.a. kom upp hver í kjallara Skólastjórabústaðsins undir lok síðustu aldar og illa gengur að rækta trjágróður sökum jarðhita.
Túngarðshver var við austurbakka lækjargils, lækjarspræna rennur þar enn. Fyllt var með jarðvegi í hluta gilsins á seinni hluta 20. aldar og mikið af trjám plantað þar. Stór hluti þeirra drapst. Grétar man eftir öðrum hver sem kom upp vestan gilsins, hann er horfinn. Hér er nú grasivaxið svæði og tré við gilið.
Engin ummerki Túngarðshvers sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SSÁ, 243, Ö-Reykjatorfan, 11

ÁR-517:019 *Hrútastígur* gata leið 64°00.591N 21°10.519V
"Hrútastígur: Stígur (gata sauðkinda) upp á brúnina, sunnan Stigagils," segir í örnefnalýsingu. Þetta er eina uppgangan á Reykjafjall á stóru svæði. Farið var upp á fjallsbrúnina þar sem grastorfurnar ná lengst upp í brekkuna, allt að klettum sem eru efst uppi, að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns. Þegar kom að klettunum var sveigt til suðurs og upp í gegnum "skarð" þar.
Vesturhlíðar Reykjafalls eru brattar og klettabelti efst. Stigagil ber líklega nafn af þessari leið sem notuð var til að reka fé upp á fjallið. Vírgirðing er efst, uppi á fjallsbrúninni nú til að varna sauðfé niðurgöngu.
Hrútastígur er ógreinileg kindagata í brattri fjallshlíð.

Mynd 112. Hrútastígur 517:019, horft til austurs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 11

ÁR-517:020 *Reykjastekkatún* heimild stekkur 64°00.699N 21°10.827V
"Stekkatúnshnúkur: Hnúkur í eggjunum norðan Stigagils [sjá 019]. Reykjastekkatún: Grasbrekka og flöt innan (norðan) við Stigagilið, vestur af Stekkatúnshnúk," segir í örnefnalýsingu. Reykjastekkatún er rúmum 900 m norðan við bæ 001 og tæpum 800 m sunnan við sel 022. Ekki er þekkt tóft á þessum slóðum né varð skrásetjari hennar var. Svæðið hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum og nýir hverir komið þar í ljós. Greinilegt er að töluverður jarðhiti er þarna undir sverði og víða rýkur úr

jörð. Tóftin gæti hafa raskast af þeim sökum.
Reykjastekkatún er fremur stórt, gróið svæði norðan Stigagils. Þar er gróin mói í aflíðandi halla til vesturs. M.a. eru heitir og kaldir hverir þar.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 12

ÁR-517:021 heimild leið 64°00.671N 21°11.133V
"Murtumýri: Blautt mýrarsund austur og norðaustur af Baulufossi [...], norðvestur af Murtumýrarhrygg. Suðvestast í mýrinni er borhola, þar lá gata," segir í örnefnaskrá. Leið er sýnd á herforingjaráðskorti nr. 37 (frá 1908), á þessu svæði og líklega er um sömu leið að ræða. Leiðin klofnaði í tvennt, leiðir 518:010 og 720:011 við Austurmúla. Ekki er vitað hvert þessi leið lá, hún gæti hafa legið að seli 022, stekk 020 eða tengst Klóarvegi 720:011. Leiðin lá að svipuðum slóðum og malarvegur að borholum, austan Varmár, gerir nú.
Svæðið umhverfis Eldholshver 083 í Murtumýri er raskað, bæði sökum jarðhita og framkvæmda við borholur. Leiðslur liggja að hvernum, þar eru mannvirki tengd borholum og malarvegur að þeim.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 12; LMÍ 37 1:50000

ÁR-517:022 *Selgil* tóftir sel 64°01.127N 21°10.902V
"Selgil: Gróið gil, kemur ofan af fjalli, fyrir norðan Gufudal, rennur í Sauðá fyrir norðan Búra. Selmýri: Mýrarblettur fyrir norðan Selgil, nær að Sauðá." segir í örnefnalýsingu. Sennilega er þetta sami staður og getið er í lýsingu Ölfus frá 1703 eftir Hálfdan Jónsson. Þar segir:" En til austurs frá Grænsdal taka til Klóarmelar, aldeilis graslausir. Plássið þar fyrir austan er selhagar frá Reykjum og það pláss kallað Reykjafjall, þó lágt liggi sem annar dalur. Þetta takmark er með grasi víða, so valllendi sem mýrum, gott til haglendis en undirlagt af snjóum á vetrartímanum […]". Selið er tæpum 1,7 km norðan við bæ 001 og 1 km norðan við Hrútastíg 019. Tóftir sjást þar á gróinni tungu, milli tveggja lækjardraga, beint vestan við Selgil og norðan við golfvölinn í Gufudal.



Mynd 113. Selstaða frá Reykjum, tóft 022a, horft til austurs..

Selið er á gróinni tungu, sem hallar til vesturs frá Selgili. Þær eru innan afgirts beitarhólfs fyrir hross. Tóftirnar eru undir hólbarði og fornlegar að sjá. Þýfður mói er allt umhverfis þær.
Þrjár tóftir eru 41 x 27 m stóru svæði sem snýr austur-vestur. Lýsingin hefst á tóft A sem er suðvestust. Hún er 6 x 6 m að stærð, hringlaga og útflött. Tóftin er einföld og óljóst mótar fyrir opi til austurs. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en ekki sjást skýr umför af grjóthleðslu. Einungis glittir hér og þar í grjót. Veggirnir eru 0,4 - 0,5 m á hæð og 2 - 2,5 m á breidd. Gilbrún er sunnan við tóftina og bratt niður. Tóft B er 9 m norðan við tóft A. Hún er útflött og nánast horfin af yfirborði. Hún er 6 x 5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, 2 m á breidd, stórþýfðir og algrónir. Tóftin er opin til suðvesturs en það er óljóst vegna þúfna. Tóft C er 30 m ASA við tóft A og er

greinilegust af tóftunum. Hún er 9 x 6 m að stærð, einföld og opin til norðvesturs. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, 2 m á breidd og stórþýfðir. Hér og þar sést glitta í steina í veggjunum en ekki mótar fyrir garða né jötu. Tóftin er í skjóli af hólbarðinu, á "stalli" ofar í brekku en hinar tóftirnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfan, 13; SSÁ, 241.

Mynd 114, Tóftir 517:022b, horft til norðausturs og 022c, horft til austurs.

ÁR-517:023 *Krossmóvöllur* heimild mógrafir 63°58.865N 21°09.252V
"Móholt: Lágt holt SA frá bænum [Krossi ÁR-520] NA af Vörðuhól [520:007]. Þar var þurrkaður mór, nú ræktað. Krossmóvöllur: Mótak var í mýrinni norðaustur af Móholtinu. Þar var oft tekið mikið af mó, fleiri tóku þar mó en bóndinn í Krossi. Sást fyrir mógröfunum til 1971 að nýi þjóðvegurinn var gerður," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns, er búið að fylla upp í mógrafirnar og slétta yfir. Á síðustu árum er farið að móta fyrir þeim aftur sem dældum í túninu. Mógrafirnar eru tæpum 330 m austan við Kross 520:001 og 170 m suðaustan við útihús 520:010. Mógrafirnar voru skammt austan við gamla heimatúnið í Krossi, milli Þjóðvegar 1 og malarvegs að íbúðarhúsi sem byggt var 2010 á Móholti.

Mynd 115. Krossmóvöllur 517:023, horft til ASA.

Allt umhverfis mógrafirnar er ræktað tún.
Mógrafirnar sjást sem grunnar lautir í grasivöxnu túni. Ekki er hægt að áætla stærð svæðisins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 2

ÁR-517:024 frásögn vað 64°00.186N 21°10.556V
Að sögn Grétars J. Unnsteinssonar, heimildamanns, lá þjóðleið 720:018 að tröðum 007, yfir vað á Geysislæk, fyrir suðaustan bæ 001. Vaðið var rúma 110 m suðaustan við bæ 001 og tæpa 130 m vestan við rétt 010.
Þar sem Geysislækur rann er nú vélgrafin skurður og skjólbelti meðfram honum. Allt umhverfis eru slétt, grasivaxin tún.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-517:025 *Stöðull* þúst kvíar 64°00.300N 21°10.711V
"Stöðull: mói norðan við túnið norðan nýja Garðyrkjuskólans. Sléttaður nú," segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er 130 m norðan við túngarð 017 og rúma 170 m norðan við bæ 001. Hann var rétt utan

Mynd 116. Stöðull 517:025, horft til VSV.

heimatúnsins. Að sögn Grétars J. Unnsteinssonar var stöðullinn á hól sem lækkaði töluvert þegar túnið var sléttað á seinnihluta 20. aldar. Ennþá sést móta fyrir hólnum sem 0,2 m háum hrygg sem liggur VNV-ASA í túninu. Ekki er hægt að áætla stærð hólsins né hryggjarins með nákvæmni vegna rasks. 70 m vestan við stöðulinn er símamastur.
Slétt tún nýtt til sláttar. Skjólbelti eru fyrir austan og vestan túnið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 9

ÁR-517:026 náma rista 63°58.315N 21°10.274V

Mynd 117. Rista 517:023, horft til suðurs.

"Vesturengjar: Heildarnafn á Vesturhluta engjanna, sem lágu að landi Saurbæjar [ÁR-523] og Kröggólfsstaða [ÁR-525]. Allar jarðir í Reykjatorfu áttu rétt til torfristu í Vesturengjum," segir í örnefnalýsingu. Torfristan í Vesturengjum sést vel enda mikið nýtt af Orkuveitu Reykjavíkur á fyrrihluta 20. aldar. Þá var torfið notað sem einangrun meðfram hitavatnsleiðslum frá Nesjavöllum að sögn Kjartans Björnssonar, heimildamanns. Ristan er um 3,5 km sunnan við bæ 001 og rúmum 200 m suðvestan við Engjahól 044.
Reykjaengjar eru framræstar með vélgröfnum skurðum. Hér og þar eru blautir pollar en víðast þurrt mólendi. Svæðið er nýtt til hrossabeitar af fyrirtækinu Eldhestum sem hafa jarðirnar Velli ÁR-516 og Vorsabæ ÁR-521 einnig til umráða.
Ummerki torfristunnar sjást vel á svæði sem er 500 x 260 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þar eru fjölmargir sléttir flákar þar sem torfið var skorið. Flestir stefna þeir NNA-SSV, eru 1-2 m á beidd, 20-30 m langir og 0,2 m djúpir. Umhverfis ristuna er þýft mólendi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 4

ÁR-517:029 *Valdavarða* heimild óþekkt 64°01.262N 21°11.924V

Mynd 118. Valdavarða 517:029, horft til VNV.

"Valdavarða: Varða uppá múlanum [Vesturmúla]," segir í örnefnalýsingu. Vörðubrot er rúma 200 m norðvestan við Reykjakot ÁR-518 og 80 m austan við tóft 074. Vörðubrotið er lítið en ekki er ólíklegt að grjót hafi verið tekið úr vörðunni og sett undir vírgirðingu sem er skammt norðar.
Uppi á Vesturmúla er mosi, gras og mold. Svæðið er slétt og hallar til suðvesturs. Til suðurs er bratt niður múlann og klettar að hluta.
Vörðubrotið er 0,2 m á hæð og grunnflötur þess er 1 m. Þetta eru líklega undirstöður vörðunnar, þar sem einungis 1 umfar sést.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot, 1

ÁR-517:034 *Draughóll* örnefni draugur 63°59.503N 21°10.159V
"Draughóll: Hóll niður við Varmá vestan Vallalækjar," segir í örnefnaskrá. Draughóll er 1,4 km suðaustan við bæ 001 og 600 m suðvestan við Skjólklett 036. Draughóll er nærri merkjum milli sveitarfélagana Ölfuss og Hveragerðis. Fast austan við hólinn er afgirt beitarhólf en umhverfis hólinn er útivistarsvæði. Engin þekkt draugasaga tengist hólnum.
Allt umhverfis hólinn er búið að planta trjám. Annars er svæðið gróið.
Draughóll er náttúrulegur hraunhóll. Hann er lítill, 0,3 - 0,5 m á hæð og um 5 m í þvermál. Hóllinn er vaxinn grasi, lyngi og mosa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 5

Mynd 119. Draughóll 517:034, horft til norðurs.

ÁR-517:035 heimild áningarstaður 63°59.653N 21°09.322V
"Djúpidalur: Hvilft í fjallabrúnina vestan Litla-Múla, norðaustur af Ölfusb. Í Djúpadal er steinn, sem var í götubakkanum [sjá 720:018] þegar ég man fyrst eftir honum. Ofan á hann var mótað sæti, svo sem eins og í stólsetu. í Örn-Reykjatorfan, var sagt að steinninn væri mótaður af því að kirkjufólk hefði sest á hann, þegar það fór til kirkju að Reykjum. Hann var þá hæfilega hátt sæti þar sem hann stóð í götubakkanum. Nú hefur steinninn færst til og grafist í sand, en þó enn sýnilegur (Jan. 1968)," segir í örnefnalýsingu. Í Djúpadal eru fjölmargir steinar nærri reiðstíg sem liggur á svipuðum, ef ekki sama stað og gamla gatan. Ekki er vitað hver þeirra er fyrrnefndur steinn eða hvort hann er enn á sínum stað. Djúpidalur er rúma 1,5 km suðaustan við bæ 001 og tæpa 750 m austan við Draughól 034.
Djúpidalur er gróin kvos fyrir vestan Litla-Múla, norðan við Ölfusborgir. Svæðið er gróið en einnig er búið að planta skjólbelti umhverfis Ölfusborgir.
Engin ummerki áningarstaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 6

ÁR-517:036 *Skjólklettur* þjóðsaga huldufólksbústaður 63°59.787N 21°09.784V
"Skjólklettur: Bergbrún með stuðlum, vestan Langakletts, þar var skjólsælt fyrir búfé. Munnmæli hermdu að Skjólklettur væri álfakirkja og "sannorðir" menn sögðust hafa heyrt þar söng," segir í örnefnalýsingu. Skjólklettur er tæpa 1,3 km suðaustan við bæ 001 og tæpa 500 m norðaustan við Torfeyri 038. Hóllinn er innan afgirts beitarhólfs norðvestan við Ölfusborgir.
Framræst mýri er "neðan" eða sunnan við klettinn. Gróinn mói með skjólbelti til norðurs. Skjólklettur er náttúrulegt hamraberg sem er 8-10 m hátt og 45x25 m að stærð. Skjólklettur snýr norðvestur- suðaustur og er áberandi klettabrún í landslaginu,
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 6

Mynd 120. Skjólklettur 517:036, horft til norðurs.

ÁR-517:037 *Stekkjardalur* heimild stekkur
Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir: "Sérlegustu örnefni á Reykjafjalli, er liggur til austurs […] teljast þessi: […] Stekkjardalur." "Stekkjardalur: Hvilft vestan Dagmálahnúks, þar er nokkur gróður, úr honum kemur Hrafnagil. […] Stekkjardalssnið: Brekkan norðaustur af Skjóldalsmúla.," segir

í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar stekkurinn var staðsettur en líklega var hann suðvestan við Stekkjardal, neðan við Hrafnagil. Þar er búið að planta mikið af trjám. Stekkjardalur er uppi í fjallsbrúninni og Hrafnagil rennur úr honum. Þar uppi eru ekki minjar sjáanlegar á yfirborði og erfið ganga þangað til mjalta. Nánari heimildir þarf til að staðsetja stekkinn.
Heimildir:SSÁ, 243-244; Ö-Reykjatorfa, 6, 7

ÁR-517:038 heimild tjaldstæði 63°59.602N 21°10.204V
"Torfeyri: Eyri niður við Varmána á milli Dirgiralækjanna. Þar var um langt skeið löggiltur áningarstaður. Torfeyrarflöt: Grasflöt á Torfeyri. Þar var tjaldað," segir í örnefnalýsingu. Torfeyri er um 1,2 km suðaustan við bæ 001. Ekki er vitað hvar var tjaldað, um 350 x 200 m stórt svæði er að ræða. Engin ummerki um tjaldstað sjást þar.
Á Torfeyri eru nú framræst tún og mói sem nýttur er til beitar. Þar er grasivaxið tún og trjágróður.
Engin ummerki tjaldstæðisins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 7

ÁR-517:039 *Torfeyri* örnefni rista 63°59.644N 21°10.191V
"Torfeyrarflöt: Grasflöt á Torfeyri. Þar var tjaldað [sjá 038]," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Torfeyri bendir jafnframt til þess að þar hafi verið rista. Ekki er vitað hvar torfið var rist á Torfeyri, þar eru nú (014) framræst tún. Torfeyri er um 1,2 km suðaustan við bæ 001.
Á Torfeyri eru nú framræst tún og mói sem nýttur er til beitar. Þar er grasivaxið tún og trjágróður.
Engin ummerki torfristu sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 7

ÁR-517:040 varða óþekkt 63°59.892N 21°09.635V

Mynd 121. Hrúga 517:040a, horft til norðurs.

Grjóthrúga og nokkur minni vörðubrot eru suðaustan við Stekkjardal 037, uppi í brekku. Vörðurnar eru um 250 m norðaustan við Skjólklett 036 og rúmum 1 km suðaustan við bæ 001. Hér er ekki um gömul mannvirki að ræða samkvæmt Birni Pálssyni, heimildamanni, og tengjast mögulega vírgirðingu sem er 10 m norðvestan þeirra. Göngustígur liggur upp á fjallið við vörðuna en hverfur í Stekkjardal.
Gróinn melur er umhverfis vörðurnar. Víða sjást mosaflákar, stórir steinar og melur.
Svæðið er 33x10 m að stærð og snýr norður-suður. Þar er stór grjóthrúga og fjögur minni vörðubrot. Grjóthrúgan fær bókstafinn A, til aðgreiningar í lýsingu þessari. Hún er 4-5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er óregluleg í laginu enda virðist grjóti hafa verið hent hér. Í hrúgunni má bæði sjá stóra og litla steina. Vörður B-E eru litlar. Hér er um lítil vörðubrot að ræða á svæði sem er 10x10 m að stærð. Þær eru allar nýlegar og ekki "hlaðnar". Nokkrum steinum hefur fremur verið staflað upp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 7

ÁR-517:041 heimild leið 64°00.032N 21°10.228V
"Varghóll: Hóll á eystri barmi Stórkonugils neðan gömlu götunnar [sjá 720:018], austan hans er gömul engjagata, [...]," segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá til suðurs, austan við Stórkonugil en er nú horfin.
Reiðstígur er meðfram Varghól, þar sem leiðin lá. Sunnar eru framræst, grasivaxin tún.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 7

ÁR-517:042 tóft fjárhús 64°00.039N 21°10.212V
"Varghóll: Hóll á eystri barmi Stórkonugils neðan gömlu götunnar, austan hans er gömul engjagata [sjá 041], norðaustan hans var sauðahús, sér fyrir tóft [...]," segir í örnefnalýsingu. Í skýrslunni *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning* segir: "Syðsta tóftin (nr. 780) er á milli reiðstígs og göngustígs. Tvö afhýsi eða hólf eru byggð utan í þessa tóft. Tóftin er 11,7m x 10,4m að stærð og vegghæð um 1,4 m. Sérinngangur eru inn í öll hólfin, sem sagt tveir inngangar að SV og einn á NV-hlið." Fjárhúsin eru 500 m suðaustan við bæ 001 og 60 m suðaustan við útihús 519:004. Göngustígur er fast norðan fjárhúsanna og grenitré gróðursett þar í tugatali. Tóftin er rétt utan við heimatún Reykjahjáleigu ÁR-519 líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918 og gæti hafa verið nýtt frá þeim bæ. Tóftin er á óræktuðum túnbletti milli göngustígs til norðurs og reiðstígs til suðausturs. Stórkonugil er 10 m vestar. Svæðið er grasivaxið.



Mynd 122. Fjárhús 517:042, horft til suðausturs.

Tóftin er 12 x 11 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í þrjú hólf. Lýsingin hefst suðaustast, í hólfi 1. Það er 8 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðjum suðurvegg, inn í hólfið. Veggirnir eru úr torfi og grjóti að utan en að innan eru þeir eingöngu grjóthlaðnir. Þeir eru 1-1,3 m á hæð og má sjá 2 - 4 umför af stóru grjóti í þeim. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 5 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,2 - 0,5 m á hæð og umfang þeirra er minna en í hólfi 1. Veggirnir eru lægstir til vesturs. Mögulega var hólfið ekki undir þaki. Op er á miðri suðurhlið. Hólf 3 er norðaustan við hólf 2. Það er óljóst en niðurgröftur ber því vitni. "Holan" er 0,3 m á dýpt og 4 x 3 m á stærð. Útveggir tóftarinnar mynda suður- og austurhlið hólfsins. Ekki mótar fyrir opi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reykjatorfa, 7; Hengill og umhverfi, 61

ÁR-517:043 *Húsatorfur* örnefni
Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir: " Sérlegustu örnefni á Reykjafjalli, er liggur til austurs […] teljast þessi: […] Húsatorfur." "Húsatorfuhnúkur: Ávalur hnúkur vestan Stórkonugilsbotna. Skammt neðan við hann er girðingin. Húsatorfur: Sunnan hnúksins, mjög blásnar nú (G.S.). Hálfdán Jónsson nefnir þetta örnefni í lýsingu sinni. Má vera að þær hafi verið sunnan við hnúkinn, en séu nú blásnar burt, leifar af börðum eru þar enn," segir í örnefnalýsingu Reykjatorfu. "Vestur frá [Lambhagahnúk syðri] er Húsatorfuhnúkur," segir í örnefnalýsingunni Hengill. "Húsatorfur, nafnið er gamalt," segir í skránni *Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi*. Skrásetjari talaði við tvo staðkunnuga menn, þá Grétar J. Unnsteinsson og Björn Pálsson. Báðir hafa gengið mikið um þessar slóðir og þekkja svæðið vel. Hvorugur þeirra hafði séð minjar við Húsatorfuhnjúk enda svæðið gjörblásið. Húsatorfuhnjúkur er uppi á Reykjafjalli og afar ólíklegt að nokkrar minjar hafi verið þar svo hátt uppi. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjarnar með fullri nákvæmni.
Heimildir: SSÁ, 243-244; Ö-Reykjatorfa, 8; Ö-Hengill, 3. Þórður Ö. Jóhannesson: Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi, 12.4.1976, (hdr).

ÁR-517:044 *Engjahóll* þúst fjárskýli 63°58.414N 21°10.159V

Mynd 123. Engjahóll 517:044, horft til NNA.

"Engjhóll. (Engjahóll) Þurr valllendishóll norðast í Reykjaengjum, þýfður. Búfé átti þar náttból, þegar því var beitt á engjarnar," segir í örnefnalýsingu. Engjahóll er rúmum 3,3 km sunnan við bæ 001 og rúmum 150 m norðvestan við ristu 026. Vélgrafin skurður er 10 m vestan við Engjahól og er á merkjum við Vorsabæ ÁR-521. Vegslóði liggur yfir vesturbrún þústarinnar. Reykjaengjar eru fyrir sunnan lögbýlin Kross ÁR-520 og Velli ÁR-521 sem tilheyrðu Reykjahverfi og áttu sameinginlegt beitarland. Reykjaengjar eru framræstar með vélgröfnum skurðum. Þar er gróinn mói sem nýttur er til hrossabeitar frá Eldhestum en starfsemi þeirra er á þessu svæði.

Engjahóll sést enn og greinilegt að þar eru umtalsverðar mannvistarleifar undir sverði. Þústin er 35 x 15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2 - 0,3 m á hæð og er grasivaxin. Hvergi sér til greinilegra rústa, veggja eða hólfa. Hins vegar sést grjót sést víða í þústinni og vestan við hana. Ekki er mikið um grjót í jörðu hér og það aðflutt. Þústin sést vel, flatlendi er hér allt um kring.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 4

ÁR-517:047 *Vallasel* tóft+garðlag sel 64°01.453N 21°12.800V

"Vallasel: Grasflöt neðan við brekkuna, frá Lækjum og að borholunni," segir í örnefnalýsingu Reykjakots ÁR-518. Vallasel er um 60 m sunnan við fjárborg 055 og 150 m norðaustan við brýr 052. Selið er 2 m vestan við upplýsingaskilti neðan við Rjúpnabrekkur. Malarvegur að fyrrnefndri borholu er 2 - 4 m frá tóftinni og ferðamenn fara þar fram hjá við upphaf göngu inn Reykjadal. Selið er í stórhættu vegna staðsetningar skiltisins og ágangs sem því fylgir.

Vallasel er á grasivöxnu svæði neðan við brekku. Svæðið er slétt en grjót kemur á stöku stað upp úr sverði.

Seltóftirnar eru ógreinilegar, frekar er um rústahól með veggjabrotum en skýra tóft að ræða. Hóllinn er 30 x 12 m að stærð og snýr norður-suður. Framhlið selsins snéri til austurs, enn má sjá op og dyrastein um 2 m til austurs frá fyrrnefndu minjaskilti. Þetta er op 1. Op 2 er 6 m norðar en hið fyrra og er öllu óskýrara. Ekki má sjá móta fyrir hólfi vestan við opið. Norðurhluti rústahólsins er verr varðveittur en



Mynd 124. Vallasel 517:047, horft til SSA.

sá syðri og ógreinilegri. Þar má þó sjá hólf sem er 12x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið var líklega opið til norðurs. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og nánast útflattir. Þeir eru lítið grónir og víða glittir í mold og smágrýti í þeim. Fyrir sunnan hólfið mótar fyrir bogadregnum vegg og opi 3 í suðausturhorni, í beinu framhaldi af opi 1. Þetta er mögulega annar inngangur inn í hóflið. Hólf 2 er líklega í norðausturhorni hólsins, þar mótar fyrir tveimur samhliða veggjum og steinn sést þar til suðurs. Veggirnir eru algrónir, 0,4-0,6 m á hæð og hverfa við malarveg að borholunni. Stefna þessara veggja er önnur en á rústahólnum. Framhlið, eða austurhlið, hólsins afmarkast af greinilegum vegg og var hans áður getið í lýsingu þessari. Hann er 16 m á lengd, 1-1,2 m á hæð og 3 m á breidd. Óljóst mótar fyrir opi 5 í suðurenda hans, þar sjást steinar líkt og í dyraopi en engin dæld vestan þess. Suðurhluti hólsins er uppsöfnuð mannvist. Þar er hóllinn 1,5 m á hæð, grasivaxinn og sléttur. Hann fjarar út til suðurs og líklegt að lagning malarvegar að borholunni hafi valdið raski. Hið sama má segja um minjaskiltið. Veggirnir selsins eru signir og samhengið á milli þeirra óskýrt. Austan malarvegarins er bogadregið garðlag. Mögulega er það tengt selstöðunni en malarvegurinn raskað samhenginu þarna á milli. Garðlagið er 30 m á lengd, 1 m á hæð, 2-2,5 m á breidd og grasivaxið. Það liggur til ASA frá malarveginum og að lækjarsprænu sem þarna er. Þar sveigir það til suðurs og fjarar út. Á einum stað stendur járnlykkja út úr garðlaginu sem bendir til þess að það sé mun yngra en selið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Reykjakot, 4

ÁR-517:048 *Krossselsflöt* tóftir sel 64°01.227N 21°13.266V



"Krossselsflöt: Slétt grasflöt neðan (austan) Nóngilja," segir í örnefnalýsingu Reykjakots. Krosssel er tæpum 200 m VSV við tóft 051 og rúmum 550 m suðvestan við Vallasel 047. Selið er á graslendi í aflíðandi halla til suðurs og austurs. Svæðið er slétt og lækir renna úr báðum Nóngiljum rúmum 50 m sunnan við selið.
Selið er á sléttu graslendi austan við Nóngilsbrekku. Til austurs frá Krossselsflöt er rofbakki og hrauntunga, á milli selsins og Djúpagils.
Á svæði sem er 30 x 13 m að stærð og snýr austur-vestur eru tvær tóftir, báðar tilheyrðu þær selinu. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er vestar, við rætur Nóngilsbrekku. Tóftin er 10 x 5 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr ANA-VSV. Hún er sigin og veggirnir eru nánast útflattir til norðurs. Hólf 1 er vestar. Það er 3,5 x 1,15 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru 0,3 - 0,5 m á hæð og algrónir. Einungis

Mynd 125. Krosssel 517:048a, horft til ANA og tóft 048b, horft til austurs.

sést glitta í tvo steina í innanverðum vesturvegg. Op er í suðvesturhorni, út úr hólfinu. Hólf 2 er austar. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Veggirnir eru eins og í hólfi 1 nema ekki sést í grjót. Hólfið er opið til suðurs. Tóft B er 15 m austan við tóft A. Hún er 13 x 5 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður-suður. Hólf 1 er norðar. Það er 6 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,2 - 0,8 m á hæð, 2 m á breidd og algrónir. Hvergi sér glitta í grjót eða hleðslur. Þeir eru hæstir til austurs og brattir að utan. Hólfið er opið til austurs. Hólf 2 er sunnar. Það er 3 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir en ekki eins að gerð og lögun og í hófli 1. Þeir eru 0,4 m á hæð, 1 m á breidd og ekki áberandi í nánasta umhverfi. Hólfið er opið til austurs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Reykjakot, 3

ÁR-517:049 *Krossselsstígur* gata leið 64°01.208N 21°13.339V

Mynd 126. Krossselsstígur 517:049, horft til vesturs.

"Krossselsstígur: Gömul gata sem lá upp á fjallið upp úr Nónbrekkunni," segir í örnefnalýsingu Reykjakots ÁR-518. Krossselsstígur lá upp Nónbrekku og upp á Árstaðafjall. Leiðin lá frá Krossseli 048 að austan og hlykkjaðist upp brekku til vesturs á milli Nóngiljanna, en þau eru tvö. Eins og nafnið ber með sér gæti leiðin hafa verið notuð frá Krossseli við smölun og til yfirsetu. Öll leiðin var ekki rakin.
Svæðið við Krosssel 048 er slétt, grasivaxið og í aflíðandi, litlum halla til suðurs. Til vesturs taka brattar brekkur við með klettum, lækjum og skriðum. Þetta er suðurendi Árstaðafjalls.
Til vesturs frá Krossseli 048 liggur kindagata upp Nónbrekku og í áttina að Nóngiljunum. Þar sést leiðin hlykkjast upp á Árstaðafjall, á milli giljanna. Þetta er án vafa Krossselsstígur. Gatan er einföld, grunn og mold í botni hennar. Hér er ekki um greinilegar reiðgötur að ræða og leiðin ekki verið fjölfarin eða langt síðan hún féll úr notkun.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Reykjakot, 2

ÁR-517:050 *Hofmannaflöt* tóft fjárhús 64°01.489N 21°22.648V
"Hofmannaflöt: Slétt flöt austan við lækinn, hærri. Þar var fjárhús í seinni tíð. Flötin slegin." Fjárhúsin eru tæpum 150 m austan við Vallasel 047 og 500 m norðaustan við tóft 051. Ekki er vitað um uppruna örnefnisins Hofmannaflöt að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns.



Mynd 127. Fjárhús 517:050, horft til norðurs.

Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins sem kom út árið 2008 segir: "Hofmannaflöt er norðan við Hengladalaá skammt vestur þar af sem Grændalsá rennur í hana. Flötin er nokkuð stór, rennislétt og hallar svolítið til suðurs. Á henni miðri er ferhyrnd grjóthlaðin tóft (nr. 741) sem minnir meira á gerði en fjárhús."
Í sömu skýrslu segir ennfremur: "Tóftin er 10,4m x 8,8m að stærð og snýr NA-SV. Ekki er mikið eftir af grjóthleðslunni. Inngangur er austan megin á suðvesturgafli. Í suðurenda tóftarinnar, til hliðar við innganginn er hrúga af steinum og gamall gaddavír." Gerðið er 10 x 9 m að stærð og er einfalt. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, 0,3 - 0,4 m á hæð. Ekki má sjá greinilegar hleðslur í þeim en víða glittir í grjót. Fyrir suðvestan gerðið hefur orðið jarðrask og mótar þar fyrir óskýrum, þýfðum bökkum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Reykjakot, 4: Hengill og umhverfi: fornleifaskráning, 53

ÁR-517:051 tóft+garðlag óþekkt 64°01.283N 21°13.035V

Tóft og garðlag eru í suðurenda Djúpagils, skammt norðar en ármót Hengladalaár og Reykjadalsár. Foss er í Reykjadalsá niður hraunbrún NNV við tóftina. Tóftin er við gamlan farveg Reykjadalsár, í grónu dalverpi. Til norðurs og austurs er hraunbrún sem afmarkar dalinn en Reykjadalsá afmarkar vesturhliðina. Tóftin er tæpum 250 m SSV við brýr 052 og rúmum 350 m suðvestan við Vallasel 047. Ekki er vitað frá hvaða bæ eða jafnvel seli mannvirkin voru notuð.



Svæðið er í halla til SSV, niður frá hraunbrún og að Reykjadalsá. Svæðið er bratt að norðan en undirlendi er til suðurs. Það er grasivaxið og smáþýft.
Á svæði sem er 40 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur er tóft og garðlag. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er sunnar og er stekkur eða heimarétt að öllum líkindum. Hún er 7 x 5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,2-0,3 m á hæð. Grjót er hrunið úr þeim, m.a. sést grjótdreif til suðvesturs, ofan í þurrum farvegi árinnar. Þar sést einungis eitt umfar af tvöfaldri steinaröð í veggjunum. Ekki er greinilegt op inni í tóftina en það var líklega til suðurs. Þýfður bakki liggur eftir tóftinni endilangri, líklega náttúruleg brún. Garðlag B er 20 m fyrir norðan tóft A. Það liggur frá klettabelti til suðausturs, beygir til austurs og sveigir aftur til norðausturs. Það er U-laga en hraunbrún og klettar afmarka norðurhliðina. Líklega var op í norðaustur horni, garðlagið liggur ekki alveg að klettunum þar. Garðlagið er 0,2-0,3 m á hæð og hvergi má sjá greinilegar hleðslur í því. Það er hrunið og gróið yfir garðlagið á köflum, aðallega vesturhliðina. Þetta var líklega vörslugarður eða tún í tengslum við tóft A.

Mynd 128. Minjar 517:051, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-517:052 hleðsla brú 64°01.398N 21°12.931V
Fyrirhleðslur, eða brýr, sjást á tveimur stöðum yfir svokallaða Læki sunnan við Vallaselsflöt (sjá 047). Tvær lækjaruppsprettur koma undan suðurenda Dalafells, hlykkjast eftir Vallaselsflöt og sameinast Hengladalsá rétt við göngubrú frá bílastæðum við Rjúpnabekkur. Þær sjást ekki fyrr en komið er að þeim og eru í grunnum lækjarfarvegum.
Vallaselsflöt er grasivaxin og slétt. Suðurendi Dalafells er grýttur og brekkan er 20-30 m há. Efst eru skriður en graslendi þegar neðar dregur.
Á svæði sem er 20 x 1 m og snýr austur-vestur eru tvö mannvirki. Hleðsla A er vestar. Hún er 5 m ASA við upptök lækjar sem kemur undan brekkurótum Dalafells. Lækurinn er vaxin Laugdeplu og er ilvolgur. Hleðslan er 2 m löng, 1 m á breidd og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og 0,6 m á hæð. Hún hrunin

Mynd 129. Hleðsla 517:052a, horft til suðurs og brú 052b, horft til suðvesturs.

að mestu en það má greina þrjú umför inn á milli lausra steina. Önnur lækjarspræna kemur upp 5 m vestar og sameinast lækirnir skammt austan hleðslunnar. Þetta var líklega brú eða stífla. Brú B er 17 m austan við hleðslu A. Þetta eru steinar sem settir voru niður og hægt er að stikla á þeim yfir lækinn. Svona steinaraðir eru ekki frá náttúrunnar hendi á þessum slóðum og greinilega mannvirki á ferðinni. Steinunum er raðað með reglulegu millibili og á 4 m langt svæði. Síðasti steinninn er í miðjum læknum en hann er 2 m breiður á þessu slóðum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-517:053 *Seyðir* heimild hlóðir
Í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1752-1757 segir: "Seyðir nefnist þurr hver skammt frá Geysi. Ekkert vatn er í hverskálinni, en mikil gufa streymir þar upp, og hitinn er svo mikill, að menn sjóða þar ket, fisk, mjólk og annan mat, og gengur það mjög skjótt. Þetta var okkur fullkomin nýjung og eins það, sem fullyrt var, að maturinn yrði jafnskjótlega fullsoðinn með þessum hætti eins og vatni úr öðrum hverum."
Í örnefnaskrá segir: "Seyðir: Hver, sem Eggert Ólafsson getur um, er talið að hafi verið við stöðulinn [sjá 025]. Horfinn nú." Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja hverinn enda öll ummerki hans horfinn af yfirborði.
Heimildir: Ferðabók Eggerts og Bjarna, 201; Ö-Reykjatorfan, 11

ÁR-517:054 hleðsla rétt 64°01.559N 21°12.712V
Gerði er tæpum 150 m norðan við fjárhús 050 og rúmlega 200 m norðan við Vallasel 047. Gerðið er í Rjúpnabrekkum, skammt frá hverasvæði á gönguleiðinni upp í Reykjadal. Óvíst er hvaða tilgangi gerðið þjónaði en staðsetning þess er sérstök, í miðri brekku sem hallar til suðurs. Allt umhverfis gerðið eru gönguslóðar á leiðinni upp í Reykjadal og það því í mikilli hættu vegna ágangs ferðamanna.
Hverasvæði er vestan við gerðið og ljós, leirkenndur jarðvegur. Það er í hárri brekku sem hallar til suðurs. Grasflákar eru til austurs frá gerðinu.
Gerðið er 9 x 6 m að stærð, einfalt og snýr norður-suður. Veggirnir eru grjóthlaðnir og ekki sér til uppsafnaðra mannvistarlaga utan né innan þeirra. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og afmarkast af einfaldri



Mynd 130. Hleðsla 517:054, horft til vesturs.

steinaröð. Lækjarspræna rennur þvert í gegnum gerðið og gerir allan jarðvegin blautan. Ekki er skýrt op inni í gerðið en líklega var það í norðvesturhorni, þar eru ekki steinar. Tilgangur gerðisins er óþekktur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-517:055 tóftir fjárskýli 64°01.486N 21°12.805V



Tvær tóftir eru í Rjúpnabrekkum, skammt norðan við upplýsingaskilti um gönguleiðir um Hengilsvæðið. Tóftirnar eru á náttúrulegum stalli í brekku sem hallar til austurs, ofan við malarveg að borholu. Tóftirnar eru tæpa 130 m vestan við fjárhús 050 og rúma 50 m norðan við Vallasel 047.
Brekkan er 20-30 m há og er suðurendi fjalls, Dalafells. Þar eru fyrrnefndar rjúpnabrekkur. Brekkan er í halla til austurs. Efst eru grjótskriður en þegar neðar dregur minnkar hallinn, graslendi tekur við og náttúrulegir stallar taka við.
Á svæði sem er 20 x 12 m og snýr austur-vestur, eru tvær tóftir. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er austar og er fjárborg. Hún er 10x9 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, 2-3 m á þykkt og 0,3-0,5 m á hæð. Ekki má greina skýr umför grjóthleðslu í þeim en víða glittir í grjót. Veggirnir eru hæstir til austurs, þar er

Mynd 131. Tóft 517:055a og 055b, horft til austurs á báðum myndum.

fjárborgin á stallbrún og 3 m há brekka niður. Grjóthrun úr veggjum sést niður brekkuna. Op er í suðvesturhorni. Fjárborgin er nánast egglaga en var ekki topphlaðin. Tóft B er 5 m vestan við fjárborg A. Þetta er líklega gerði. Hún er 8x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hvergi sést móta fyrir opi en við og yfir austurvegg er grjóthrúga og grjóthnullungur. Veggirnir afmarkast af einfaldri steinaröð sem er í beinu áframhaldi af grjótskriðu. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og grjóthlaðnir.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-517:056 *Grjótdalssnið* heimild leið 64°03.025N 21°12.795V
"Grjótdalssnið: Stígur, sem lá upp úr Grjótdal og upp í Dalaskarð. Dalaskarð: skarð yfir í Reykjadal, áður getið." segir í örnefnalýsingu. Grjótdalur er norðvestast í Grændal. Leiðin lá frá engjum þar, til vesturs upp Grjótdal og yfir Dalaskarð. Ekki er vitað hvar leiðin lá í Reykjadal.
Austurhlíðar Reykjadals eru grasivaxnar og fremur brattar. Neðsti hluti þeirra er smáþýfður, mýrlendur og í aflíðandi halla að lækjum sem þar eru. Þegar ofar dregur minnkar gróðurinn og grjót, klettar og melur taka við.
Leiðin var ekki rakin austan við Dalaskarð. Vestan við Dalaskarð eru kindastígar á nokkrum stöðum og stikuð gönguleið sem sýnd er m.a. á göngukorti Orkuveitu Reykavíkur. Líklegt er að einhver kindastíganna eða að gönguleiðin liggi eftir Grjótdalssniðinu. Þessi leið var líklega ekki fjölfarin, engin þekkt alfaraleið er á þessum slóðum né minjastaðir í Reykjadalnum sjálfum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Reykjakot, 6

ÁR-517:057 varða óþekkt 64°00.700N 21°10.906V

Mynd 132. Varða 517:057, horft til suðvesturs.

Varða er uppi á grjótás, vestan við Reykjastekkatún 020. Að sögn Grétars J. Unnsteinssonar, heimildamanns, er varðan ekki forn. Hún er rúmum 920 m norðan við bæ 001 og rúmum 250 m austan við Eldholshver 083. Um 3 m suðvestan við vörðuna er járnrör, borað í grjótásinn, og varðan mögulega nýtt til að merkja staðsetningu þess.
Varðan er norðarlega á grjóthrygg eða -ás sem er 1-2 m á hæð. Hún sést vel austan við hann en ekki úr öðrum áttum. Umhverfis vörðuna er mosavaxinn melur.
Varðan er 1 m að grunnflatarmáli og 0,4 m á hæð. Hún er grjóthlaðin og má sjá 3-4 umför af grjóti í henni. Varðan er hlaðin úr stóru jafnt sem smáu grjóti sem farið er að hrynja á köflum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-517:058 *Litli-Geysir* náttúrumin 64°00.344N 21°10.564V
Í Fitjaannál segir: "Í þeim jarðskjálftum [árið 1597] hvarf hverinn stóri, Geysir, í Hveragerði, fyrir útsunnan Reyki í Ölfusi, og kom upp aptur annar hver fyrir ofan tún á Reykjum, sem hann er enn í dag og gýs mjög, þó ekki hinn stóri hafði áður gosið, því um veginn hafði ekki óhætt verið að ferðast. Vegurinn liggur þar nærri, svo sem enn má sjá vöxt og merki til, því þar nærri, svo sem eptir, vítt, með vellanda vatni, og er þar klangur vegur á milli, sem sá Geysir er. Er nú hefur verðið síðan og áin þar einninn á milli." Fyrrnefndur vegur er vestan Varmár, í landi Hveragerðis og þar var hverinn Geysir einnig. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1752-1757 er hverunum á Reykjum lýst þannig: "Hverirnir eru nærri Reykjakirkju [002], og koma þeir bæði upp í ánni, sem rennur þar framhjá, og beggja megin hennar. Tveir þeirra eru kunnastir: Geysir og Baðstofa [sjá 059]. Hinn fyrrnefndi er rétt við bæinn eða Reykjakirkju. Hann gaus mjög ákaft fyrrum, en skriða, sem á hann féll fyrir 60 árum, stíflaði hann svo með stórgrýti, að hann gýs mjög lítið síðan og óreglulega, en í honum orgar stórkostlega við það að vatninu er veitt mótspyrna. […] Í kringum nokkra nyrstu hverina finnst fíngerði hveraleirinn af sama tæi og við Geysi (hér eiga þeir við Geysi í Haukadal). Vert er að geta um ein not, sem menn hafa af leir þessum. Á haustin, að lokinni sláturtíð, þegar menn hafa gengið frá vetrarforða sínum, svo sem skyri, saltketi, súrsuðum rauðmögum, slátri og þess háttar, sem konur hafa matbúið og allt er geymt í stórum

keröldum, þá er látið lok á ílátin,og maturinn geymist miklu betur en ella." Í bókinni Íslandsleiðangur Stanleys 1789 kemst James Wright svona að orði um hverina á Reykjum: "Þeir ganga almennt undir nafninu Litli Geysir og liggja nálægt bæjarhverfinu Reykjum, en þar eru nokkrir kotbæir og lítil kirkja. Hverirnir eru alls um 50. " Teikning af Litla-Geysi og önnur af Reykjabænum og túninu þar umhverfis er í bókinni. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir: "Fjórði hver er uppi í fjallinu, fyrir ofan Reykjatún, nefndur Geysir [Litli-Geysir], hvörs ógnarlega hljóð, nú fyrir nokkrum árum, skriða úr fjallinu með sínu hlaupi hefur stillt. […] Margir aðrir hverir eru og nálægt Reykjum og Reykjaseli [sjá 022], hvar mat má kokka, einnig lita vaðmál, eður hvað annað þesskonar til þarfinda að brúka þörf gjörist. […] Sé ull eður önnur þesskonar lin materia lögð í þessa hveralæki, verður hún með langsemi að steini, […] Hveravatn þrálega drukkið meina menn sé þeim mönnum gott, er brjótveikir eru." Í örnefnalýsingu segir: "Geysir.: Hver við upptök Geysislækjar, gamall. Hálfdán Jónsson getur um hann í lýsingu sinni 1703. Gaus mikið fram til 1896. Nú virkjaður." Á minjaskilti við Litla-Geysi segir m.a. að hverinn hafi gosið hæst 30 m en hætt gosum fyrir 1900. Litli-Geysir var horfinn 1990 en þar hefur hitnað aftur eftir 2008. Á heimasíðu sveitarfélagsins Ölfus stendur: "Jarðhiti var fyrst nýttur á Reykjum til upphitunar á sumarbústöðum fyrst árið 1922. Þá var vatn var leitt frá Litla-Geysi í ofna, böð og í eldhús. Frá 1927 var bærinn á Reykjum einnig hitaður upp með sama móti. Árið 1930 voru reist gróðurhús á Reykjum sem voru hituð upp með gegnumrennsli hveravatns úr Litla-Geysi. Annað húsnæði var hitað upp með sama móti eins og Berklahælið sem starfrækt var frá 1931-1938 en eftir það tók Garðyrkjuskólinn yfir húsnæðið. Litli-Geysir var mjög þverrandi á þessum árum og voru því aðrir hverir virkjaðir á hverasvæði vestur frá Reykjum til viðbótar við Litla-Geysi." Litli-Geysir er 100 m norðvestan við Köldulind 011 og rúmum 270 m norðaustan við bæ 001. Hverinn er kulnaður og ekkert vatn þar. Ummerki hans sjást þó vel í jarðvegi og minjaskilti er þar við. Litli-Geysir er hafður hér með vegna mikilvægis í sögu Reykja og margvíslegrar nýtingar.

Mynd 133. Litli-Geysir 517:058, horft til austurs.

Hvilft er í gróna brekku þar sem Litli-Geysir var. Þar er sölnaður gróður og rauðleitur jarðvegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IA II, 89-90; Ferðabók Eggerts og Bjarna, 200-202; Íslandsleiðangur Stanleys, 125-126; SSÁ, 243, Ö-Reykjatorfan, 10; http://www.olfus.is/gestir-og-gangandi/ahugaverdir-stadir/reykir-i-olfusi/

ÁR-517:059 *Baðstofuhver* náttúrumin 64°00.442N 21°11.131V

Í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1752-1757 er hverunum á Reykjum lýst þannig: "Hverirnir eru nærri Reykjakirkju [002], og koma þeir bæði upp í ánni, sem rennur þar framhjá, og beggja megin hennar. Tveir þeirra eru kunnastir: Geysir [sjá 058] og Baðstofa. […] Baðstofuhver eða Baðstofa er í árbakkanum skammt fyrir neðan Geysi. Vatnið, sem er sjóðheitt, gýs á tilteknum tímum 4-8 faðma í loft upp, og fer goshæðin eftir veðurlagi. Gosið stendur í 10 mínútur, og hléið milli gosanna er jafnlangt […]." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir: "Sá þriðji heitir Baðstofuhver, og liggur að austanverðu við Varmá, fyrir norðan Reykjafoss, með miklum undirgangi upp úr holu eða gjá, hér um tveggja

Mynd 134. Baðstofuhver 517:059, horft til suðurs.

faðma víður. Hann gýs hátt upp í loftið um lítinn tíma vellandi vatni með reyk og svælu stórkostlegri. […] Margir aðrir hverir eru og nálægt Reykjum og Reykjaseli [sjá 022], hvar mat má kokka, einnig lita vaðmál, eður hvað annað þesskonar til þarfinda að brúka þörf gjörist. […] Sé ull eður önnur þesskonar lin materia lögð í þessa hveralæki, verður hún með langsemi að steini, […] Hveravatn þrálega drukkið meina menn sé þeim mönnum gott, er brjótveikir eru.“ Í örnefnalýsingu segir: "Baðstofa, (Baðstofuhver): Hver í sandbrekkunni við Varmá, rétt fyrir sunnan Stigagil. Víða getið í bókum, H.J. 1703, E.Ó. 1750, E.H. 1814. Gísli Björnsson lét gera þar mannvirki um 1925. Þornaði 1947 og kom upp sunnar með ánni." Baðstofa er rúma 560 m norðvestan við bæ 001 og rúma 400 m sunnan við Eldholshver 083. Örnefnið bendir til þess að hverinn hafi verið nýttur, mögulega til baðferða.
Baðstofuhver er horfinn en þar sést jarðfall og rauðleitur leir. Hann var ofarlega í árfarvegi Varmár, efst uppi í brekkubrún.
Heimildir: Ferðabók Eggerts og Bjarna, 200-202; SSÁ, 243; Ö-Reykjatorfan, 12

ÁR-517:060 tóft 64°00.694N 21°10.580V
Þegar loftmynd frá 1956 var skoðuð sáust tvær tóftir norðan við bæ 001. Loftmyndin er í eigu Héraðsskjalasafns Árnesinga. Samkvæmt Grétari J. Unnsteinssyni, heimildamanni, voru þetta sólbyrgi fyrir sjúklinga berklahælisins sem rekið var á Reykjum á árunum 1931-1938. Fólk lá inni í tóftinni, naut útiveru og hreins lofts að læknisráði. Nyrðri tóftin er ennþá varðveitt rúma 360 m norðan við bæ 001 og 100 m norðan við Litla-Geysi 058. Syðri tóftin er líklega horfin sökum grenitrjáa sem plantað var á þessum slóðum í tugatali. Tóftin er ekki fornleif samkvæmt lögum en höfð hér með vegna sögulegs gildis.
Tóftin er í brekku sem hallar til suðvesturs. Grenitrjám hefur verið plantað í alla brekkuna en autt svæði er umhverfis tóftina.



Mynd 135. Tóft 517:060, horft til SSV.

Tóftin er 12 x 10 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er grafin inn í brekku til norðurs og austurs. Op er á miðjum suðvesturvegg. Veggirnir eru 0,5 - 2,2 m á hæð, 2 - 3 m á breidd og gerðir úr torfi og grjóti. Þeir eru algrónir og standa enn. Tóftin er hæst að innan og veggirnir lækka að opinu. Afar skjólgott er inni í tóftinni. Grenitré er í norðausturhorni tóftarinnar og á eftir að raska henni mikið í nánustu framtíð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Loftmynd 1956

ÁR-517:061 tóft hrútakofi 64°00.215N 21°10.529V
Hlaðið útihús er 130 m austan við bæ 001 og tæpum 110 m vestan við Reykjarétt 010. Útihúsið var rétt utan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Grétar J. Unnsteinsson, heimildamaður, lét endurhlaða tóft sem þarna var í tengslum við nám í hleðslugerð undir lok 20. aldar. Að hans sögn var þetta líklega hrútakofi. Eitthvað hefur verið átt við húsið og nánasta umhverfi síðan Grétar lét endurbyggja hana, m.a. hlaðinn skjólveggur.
Húsið er á grasivöxnu svæði fast vestan við göngustíg. Trjám hefur verið plantað til norðausturs.
Húsið er hlaðið vestan við stórt bjarg sem fallið hefur úr Reykjafjalli. Bjargið afmarkar austurhlið



Mynd 136. Hrútakofi 517:061, horft til ANA.

hússins. Grunnflötur hússins er sá sami og tóftarinnar sem fyrir var en garðlögin til norðurs og austurs eru ný. Veggirnir voru endurgerðir frá grunni og mismunandi hleðsluaðferðir notaðar og þak sett á húsið. Húsið er 5 x 5 m að stærð og opið til vesturs, í átt að heimatúninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-517:062 garðlag óþekkt 64°02.930N 21°11.535V

Óregluleg grjótdreif er 350 m norðvestan við rétt 070 og rúma 3,2 km norðan við Reykjakot ÁR-518. Garðlagið er norðarlega í Grændal, sunnan við stikaða gönguleið yfir í Reykjadal.
Garðlagið er í gróinni brekku, í halla til suðvesturs. Svæðið er mýrlent og hverir víða. Jarðhiti hefur aukist á þessu svæði eftir jarðskjálfta árið 2008.
Garðlagið er L-laga og snýr norður-suður. Það er 12 x 7 m að stærð og grjóthlaðið. Það er 2,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hér er fremur um grjótdreif en skýra hleðslu að ræða. Fyrir norðaustan garðlagið er sléttur stallur í brekku sem hallar til suðvesturs að Grændalsá. Svæðið umhverfis hleðsluna er mun grænna en nánasta umhverfi, mögulega sökum jarðhita. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.

Mynd 137. Garðlag 517:062, horft til suðurs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-517:063 tóft fjárhús 64°00.271N 21°10.532V

Fjárhús eru 170 m norðaustan við bæ 001 og 110 m norðan við hrútakofa 061. Fjárhúsin voru líklega rétt utan gamla heimatúnsins eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1918, Að sögn Grétars J. Unnsteinssonar, heimildamanns, voru fjárhúsin endurbyggð í tengslum við kennslu í hleðslutækni á síðasta áratug 20. aldar. Eldri tóft var þar fyrir. Í skýrslu Minjastofnunar Íslands um minjar á Hengilssvæðinu frá 2008 segir: "Nyrsta tóftin er í grasi gróinni brekku undir hlíðum Reykjafjalls, um 100 m fyrir ofan skólahús garðyrkjuskólans. Kringum tóftina eru timburraftar og bárujárn. Tóftin er 14,3mx5m, liggur SV-NA og er með tvö hólf. Inngangur er á SV-skammhlið en einnig á SA-langhlið. Hún er grasi gróin en hreinsað hefur verið utan af steinhleðslum að innanverðu. Nýleg klömbruhleðsla er í vesturenda tóftarinnar og virðist hún notuð við kennslu eða æfinga í hleðslutækni."
Rúmum 10 m fyrir NNV fjárhúsin er búið að hlaða "skeifu" eða skjólvegg . Allt umhverfis fjárhúsin er birkiskógur.
Ekki er miklu við lýsingu fjárhúsanna að bæta. Hólf 1 er vestar og mun stærra en hólf 2. Það hefur

Mynd 138. Tóft 517:063a, horft til vesturs og garðlag 063b, horft til suðvesturs.

jafnframt verið endurhlaðið að hluta. Hólf 2 er norðaustar og veggirnir eru óraskaðir. Þeir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Mögulega var annað hólf fyrir norðan hólf 2 en það er óljóst. Rúmum 20 m fyrir norðan fjárhúsin er grjóthlaðið garðlag, líklega undirstaða undir vírgirðingu. Jafnframt gæti verið um leifar vallargarðs umhverfis fjárhúsin að ræða. Garðlagið er grjóthlaðið, 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það sést á rúmlega 80 m löngum kafla, niður brekku sem hallar til vesturs af Reykjafjalli. Garðlagið er hlaðið úr stóru grjóti og eitt umfar er sjáanlegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hengill og umhverfi: fornleifaskráning, 60.

ÁR-517:064 garðlag áveita

Mynd 139. Einn af fjölmörgum áveitugörðum í Ölfusi.

Víða suður á Reykjaengjum, í landi Kross ÁR-520, Valla ÁR-516, Vorsabæjar ÁR-521 og Reykja má sjá ummerki um áveitu sem notuð var um miðja 20. öld. Að sögn Kjartans Björnssonar, eru hlutar áveitunnar byggðir á eldri garðlögum og veitukerfum. Áveitan sést víða en einungis nokkrir áveitugarðar voru raktir á vettvangi, aðrir beint af loftmynd. Í skýrslu Orra Vésteinssonar, Vellir í Ölfusi: Fornleifakönnun segir um áveitu ÁR516:015: „Áveitugarðar sjást enn í Fremri-Spildu. Fremri-Spilda var blautt engi sunnan Heimaspildu, sem var sunnan Stóru- og Litlu-Veitu sem voru heima undir túni. Fremri-Spilda nær á milli landamerkja. Áður blautt engi, nú framræst. Vatni var veitt á þetta svæði fram yfir miðja 20. öld en eftir það var það ræst fram.“ Hér er um sama áveitukerfi að ræða, innan Valla. Áveitan er í framræstum mýrum sem nýttar eru til hrossabeitar. Svæðið er flatt og víða mýrlent. Áveitugarðar sáust innan Reykatorfunnar á 2 x 1 km sem snýr norður-suður. Þeir eru torfhlaðnir, 0,5 - 1 m á breidd og renna meðfram annarri hlið nokkurra.

ÁR-517:065 heimild nátthagi
"En til austurs frá Grænsdal taka til Klóarmelar, aldeilis graslausir. Plássið þar fyrir austan er selhagar frá Reykjum [sjá 022]. […] Í kringum og í þessu Reykjafjalli eru þessi minnilegust örnefni: […] Nátthagi." segir í lýsingu Hálfdáns Jónssonar frá 1703 og birt er í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu. "Nátthagi: Heildarnafn á brekkunum norðaustur af Selmýri, þar var skjólsælt fyrir búfé," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nátthaginn var með vissu. Hann var þó nærri seli 022, nærri Gufudal. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir: SSÁ, 241; Ö-Reykjatorfan, 13

ÁR-517:066 *Torfvað* vegur vað 64°00.991N 21°11.652V

"Torfvað: Vað á ánni [Varmá] neðan við hraunhornið austan Króks," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var skammt suðaustan við heimatún Reykjakots ÁR-518 og var notað á leið sem lá þangað. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1908, vestan Varmár í landi Hveragerðis. Vaðið er 380 m sunnan við Reykjakot 518:001 og 1,7 km norðvestan við bæ 001. Vaðið er 40 m suðaustan við íbúðarhúsið í Reykjakoti II.

Grónir, lágir árbakkar eru beggja vegna árinnar. Malbikað plan er vestan við vaðið, fyrir austan íbúðarhúsið í Reykjakoti II.

Vegslóði liggur að vaðinu úr norðvestri og suðaustri. Áin er 20 - 30 m breið, djúp og fremur straumþung. Vaðið hefur grafist niður og líklega ófært.

Mynd 140. Torfvað 517:066, horft til suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Reykjakot, 2; LMI 1:50000 37, 1908

ÁR-517:067 heimild vörslugarður áningarstaður 64°01.335N 21°13.994V

"Kvíar: Gróin hlíð og lautir austan í Ástaðafjalli, norðan Þúfudals. Þar var um eitt skeið nautagirðing," segir í örnefnalýsingu. Um 1980 stóð Ölfushreppur fyrir söfnun upplýsinga um menningarminjar innan hreppsins. Handrit þess verkefnis er til og þar segir í kafla 3.8: "Kvíar, austan undir Árstaðafjalli. Þar var áningarstaður meðan þjóðleiðin lá þar um." Kvíar eru svæði austan við Árstaðafjall, 3,4 km norðvestan við bæ 001 og 1,8 km vestan við Reykjakot ÁR-518. Hér er líklega ekki átt við kvíar sem notaðar voru til mjalta, svæðið er langt frá bæ og yfir ár að fara. Einnig var ekki hlaðin vörslugarður umhverfis nautagirðinguna. Kvíar er fremur stórt, gróið og mýrlent svæði inn á milli grýttra ása.

Gróin mýri er á þessu svæði. Jaðrar mýrarinnar eru þurrir og grasivaxnir, grýttir ásar.

Heimildir:Ö-Reykjakot, 3; *Skráning menningarleifa í Ölfusi, örnefni, þjóðtrú o.fl.*, 3.8

ÁR-517:068 *Stekkatún* tóftir stekkur 64°01.444N 21°12.317V

"Stekkatún: Grónar brekkur austan litla gilsins. Þar voru sauðahús frá Reykjakoti [ÁR-518], sér fyrir tóftum," segir í örnefnaskrá. "Fláar: brekkurnar sauðaustan í Dalafelli niður að Grændalsá og Hofmannaflöt, með holum og giljum. Í þeim voru sauðahús frá Reykjakoti," segir í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur. Í skýrslu Minjastofnunar, *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning* sem gerð var 2008 segir: "Samkvæmt örnefnaskrá Reykjakots er Stekkatún grónar brekkur austan í litlu gili. Þar voru sauðahús frá Reykjakoti sem enn megi sjá leifar af. Til eru frásagnir um að á þessu svæði hafi verið býlið Grændalsvellir [sjá 006] en það hafi verið komið í eyði árið 1703. Leifar Grændalsvalla hafa aldrei

Mynd 141. Tóftir 517:068a, horft til SSA og 068b, horft til suðurs.

fundist en sú tilgáta hefur verið uppi að Stekkatún og Grændalsvellir séu sami staðurinn." Stekkatún er rúmum 680 m norðvestan við Reykjakot ÁR-518 og rúmum 350 m austan við Vallasel 047. Þær eru innan beitarhólfs sem nýtt er af hestamönnum í Hveragerði.
Í skýrslunni *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning* segir jafnframt: "Umhverfið sem tóftirnar standa í er mjög fallegt. Grasi gróin rani meðfram Grændalsá þaðan sem útsýni er yfir árnar, Grændalsá og Hengladalaá, vellina sunnan ánna og upp á Hellisheiðina til suðvesturs. Tóftirnar mynda skemmtilega rústaþyrpingu. […] Rústirnar eru vel grónar og ekki í neinni hættu. Stuttur gangur er að þeim og því möguleikar á að kynna þær fyrir almenningi."

Mynd 142. Tóftir 517:068c, horft til suðvesturs og 068d, horft til norðausturs.

Minjasvæðið er 60 x 45 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar eru fimm tóftir sem fengu bókstaf til aðgreiningar. Tóftunum var ítarlega lýst í skýrslu Minjastofnunar. Þar segir: "Sunnan úr Dalfelli gengur rani sem liggur með fram Grændalsá í um 50 - 100 m fjarlægð frá ánni. Raninn mjókkar mikið í endann. Ofan á rananum er grasi vaxinn bali en bæði norðan og sunnan megin eru brattar brekkur út af rananum, um 5 - 10 m háar. Fremst á rananum þar sem hann er því sem næst láréttur eru þrjár tóftir [C-E]. Engin þessara tófta né aðrar á svæðinu líkist bæjarhúsatóftum svo hafi bær einhvern tíma staðið á Stekkatúni þá eru rústir hans horfnar. Löng og mjó tóft liggur fremst á rananum [tóft E]. Vesturendi hennar og hluti suðurhliðar er horfinn en við tekur snarbrött brekka. Tóftin er algerlega vaxin grasi. Brekkan er grasi vaxin svo ekki sér í rof og virðist því langt síðan brotnaði af tóftinni. Hún er 9,6m x



Mynd 143. Tóft 517:068e, horft til suðurs.

6,4m að stærð, liggur NA-SV, op í SV. Vegghæð er mest 40 cm. Um 1,7 m norðaustar er önnur tóft [tóft D], ferhyrnt, 6,8m x 5,1m að stærð og liggur NA-SV. Engin inngangur er greinanlegur en greina má hvilft í miðju tóftarinnar. Hún er mjög grasi gróin. Um 2m NV er þriðja tóftin [tóft C]. Hún er 6,8m x 6,8m að stærð, nánast hringlaga. Enginn inngangur er greinanlegur. Tóftin virðist yngri en hinar tvær, t.d. Er vegghæð hennar nokkuð meiri eða 1m og greina má steinahleðslu að innanverðu. Um 28,6m í NA er fjórða tóftin [tóft B], 13,6m x 7,6m að stærð og liggur NNA-SSV. Eitt hólf og með inngangur á SSV-hlið. Tóftin er grasi gróin en greina má steinhleðslur í veggjum að innanverðu. Vegghæð um 0,8-

1m. Um 10,6m SAA er fimmta tóftin [tóft A]. Hún er 11,4m x 7,5m að stærð, liggur sem næst N-S. Inngangur hefur verið vestan megin á langhlið. Tóftin er grasi gróin en greina má steinahleðslur í veggjum að innanverðu. Vegghæð 0,8-1m. Tóftirnar tvær í brekkunni eru tengdar saman með garðlagi. Garðlagið er 12m á lengd og um 3m á breidd. Vegghæð um 10- 30cm. Er vaxin grasi en þó sér í grjót. Á garðlaginu er vinkilbeygja." Litlu er við þessa lýsingu að bæta og ástand minjanna eins árið 2014.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot, 4; Ö-Reykjakot ÓG, 3; Hengill og nánasta umhverfi, 57-58

ÁR-517:069 *Húsmúli* örnefni býli
"Húsmúli: Gróinn mói, var sleginn. Sú tilgáta er til, að bærinn Engjagarður [ÁR-517:005] hafi verið í Grænsdal. Má vera að þessi örnefni bendi á að þar hafi hann verið." segir í örnefnaskrá. Örnefnin Húsmúli og Nóngiljalækir eru í vestanverðum Grænsdal og eru þau helstu rök þeirra sem telja að bær hafi verið í dalnum. Hvar Húsmúli er nákvæmlega í Grændal er ekki vitað en ekki sér til tófta í vestarlega í dalnum. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Reykjakot, 5

ÁR-517:070 tóft rétt 63°02.760N 21°11.339V
Grjóthlaðin rétt er tæpa 3 km norðan við Reykjakot ÁR-518 og 140 m suðaustan við þúst 071, innarlega í Grændal. Réttin var líklega nýtt frá Reykjakoti en engjar bæjarins voru í dalnum. Réttin er á gróinni "eyri" við Grændalsá en 3 m sunnan við réttina er heitur hver. Grændalsá rennur til ANA fast norðan við réttina en sveigir síðan til suðausturs. Réttin sést ekki fyrr en að henni er komið enda í hvarfi bak við klettinn.
Réttin er undir hraunbrún á flötu, grónu og mýrlendu svæði við Grændalsá. Við réttina fellur áin í vítt gil og undirlendið hverfur. Réttin er norðarlega í Grændal, þar sem gróðurinn minnkar og gljúfur taka við. Hlíðarnar í dalnum eru grasivaxnar, jarðhiti víða og jarðvegur ber þess merki.



Mynd 144. Rétt 517:070, horft til VNV.

Réttin er hlaðin austan undir hraunbrún eða -klett sem skagar í átt að Grændalsá. Áin rennur í sveig við hann. Réttin 11x9 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,2 - 0,4 m á hæð, 0,7 - 1 m á breidd og má sjá 2-4 umför grjóthleðslu í þeim. Hleðslurnar eru víða fallnar. Réttin er hlaðin úr stóru grjóti en klettaveggurinn afmarkar vesturhliðina. Ekkert op sést inn í réttina en líklega var það uppvið klettinn. Hverir eru sunnan við réttina en líklega var ekki jarðhiti hér þegar réttin var hlaðin. Jarðvegurinn inni í réttinni er blautur og ber þess merki að jarðhiti sé þar.
Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-517:071 þúst heystæði 64°02.820N 21°11.436V
Heystæði er í Grændal, tæpum 140 m norðvestan við rétt 070 og rúma 3 km norðan við Reykjakot ÁR-518, austan við Grændalsá. Skammt sunnan við þústirnar þrengist dalurinn og Grændalsá rennur í víðu gili. Heystæðið var líklega nýtt frá Reykjakoti enda engjar bæjarins í Grændal. Á heimasíðu Ferlis hefur verið fjallað um Grændal og þær minjar sem mögulega eru þar. Þar segir: "Í athugasemd Björns Pálssonar o.fl. er vísað í heimildir og bent á að samkvæmt þeim hafa verið hjáleiga á flötunum framan

Mynd 145. Þústir 517:071, horft til NNA.

við Þrengslin og sauðhús vestan Grændalsár [sjá 068], sennilega nærri áætlaðri vegleið. Innan Þrengsla séu ýmis örnefni er vitna um slægnanot […]. Þá er einnig bent á að leita hefði átt ummerkja um heybandsgötur [sjá 072] sem sjást í Þrengslunum. Hlaðið aðhald [070] sé við Grændalsá, við áætlað vatnstökusvæði, en það hafi ekki verið kannað. Einnig kemur fram að fundist hafi tóttir fyrir botni dalsins. Í þessari Ferlisferð, sem var sú fyrsta og alls ekki sú síðasta, í Grændal, fundust grónar tóftir á a.m.k. þremur stöðum ofarlega í dalnum." Ekki er ljóst hvort að þetta séu minjar sem fjallað er um af Ferli.

Þústirnar eru á grænni tungu, milli tveggja árdraga Grændalsár. Lækirnir sameinast sunnan við þústirnar. Svæðið er í aflíðandi, mýrlendum halla til suðvesturs.

Svæðið er 50 x 15 m að stærð, snýr norður-suður og þar eru tvær þústir. Þúst A er norðar. Hún er 13 x 9 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,2 - 0,3 m á hæð, grasivaxin en hvergi mótar fyrir hleðslum, dældum eða öðru sem gefur nánara lag mannvirkisins til kynna. Óljóst mótar fyrir 1 m breiðum bökkum hér og þar í jöðrum þústarinnar sem gætu verið veggir. Þúst B er 25 m sunnan við þúst A. Hún er 13 x 10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 1 m á hæð og víða sést glitta í grjót og mel. Ekki er hægt að sjá ummerki um hleðslur né veggi þrátt fyrir að grjót sé á yfirborði. Þústin er flöt að ofan og hliðarnar eru brattar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:http://www.ferlir.is/?id=11757

ÁR-517:072 gata leið 64°01.561N 21°12.083V

Í örnefnaskrá Reykjakots er á nokkrum stöðum minnst á svæði í Grændal sem voru slegin. Þar segir m.a. "Hveramói: Grasteygingar innan við Þrengsli, þar eru hverir, móinn var slægjuland, gróður hefur minnkað síðan […] Bændabrekka. Grasbrekka með hverum norðan Hveramóa. Þar slógu áður þrír bændur segja munnmæli,". Að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns, lá heybandsvegur inn Grændal, vestan við ánna. Umfjöllun um leiðina er m.a. á heimasíðu Ferlis. Þar segir: "Í athugasemd Björns Pálssonar o.fl. […] er einnig bent á að leita hefði átt ummerkja um heybandsgötur sem sjást í Þrengslunum." Leiðin lá til norðvesturs frá Reykjakoti ÁR-518, meðfram Vesturmúla, að myllu 073 og inn í Grændal. Hún er sýnd á herforingjaráðskorti nr. 37 að Grændalsá. Lítið hefur verið farið inn Grændal eftir jarðskjálftann 2008. Þá jókst hveravirkni mikið í dalnum og nýir hverir sífellt að koma upp. Fara verður með gát þegar farið er inn dalinn og ekki víkja af stígum sem þar sjást.

Mynd 146. Leið 517:072, myndin til vinstri er tekin til norðurs,í átt að Grændal en hægri myndin er tekin til suðausturs, meðfram Vesturmúla.

Landslagið í Grændal er stórbrotið. Sunnarlega í honum eru þröng árgil, brattar skriður, hverir og grjót. Gróður eykst þegar norðar dregur og dalurinn víkkar örlítið. Til norðurs opnast gróin hvilft þar sem fjöll loka dalnum til allra átta. Þetta er hinn eiginlegi Grændalur. Gróður er fjölbreyttur sem og landslagið.
Leiðin sést á rúmlega 3,3 km löngum kafla, allt frá Reykjakoti og inn dalinn. Sem fyrr segir lá leiðin til norðvesturs frá Reykjakoti, að myllu 073, undir Vesturmúla. Þar er leiðin rudd og sést vel í sléttu, grónu túni. Hún er 3 m breið og algróin. Sá hluti leiðarinnar var líklega gerður vagnfær í tengslum við starfsemi myllunnar að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns. Leiðin fer síðan inn svokölluð Þrengsli, syðst í Grændal. Vestan við Grændalsá er greinilegur stígur sem er viðhaldið af kindum og göngufólki. Þetta var líklega besta leiðin inn dalinn, Þrengsli bera nafn með réttu og bratt niður að ánni beggja vegna. Leiðin er 1 m á breidd þar og grjót í botni hennar. Þegar komið er í svokallaðan Hveramóa líkist leiðin einna helst kindastíg og er 0,5 m breið. Leiðin hverfur í miðjum Hveramóa, þar er mikill jarðhiti og má segja að öll hlíðin sé undirlögð í jarðhita. Víða eru sjóðandi lækir, hverir og gufustrókar. Á loftmynd má rekja leiðina alla leið inn dalinn, að rétt 070.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot, 5; http://www.ferlir.is/?id=11757; Herforingjaráðskort nr. 37

ÁR-517:073 tóft mylla 64°01.438N 21°12.108V
"Engjamúlaflöt: Graslendið undir Engjamúla, frá Grændalsá (Þrengslum) og austur að Vesturmúla. Við brekkufótinn sér fyrir skurði. Í honum var leitt vatn úr Grændalsá í myllu, sem var við Vesturm[úla]," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur segir: "Innan við [Múla] var lengi vatnsmylla og vatni veitt til innan úr Þrengslum." Myllan er um 350 m norðan við tóft 074 og rúmum 550 m norðvestan við Reykjakot ÁR 518. Myllan var nýtt frá Reykjakoti ÁR-518. Skurðurinn er horfinn en greinilegt að vatnið var leitt um 80 - 100 m að myllunni. Svæðið er nýtt sem beitarhólf fyrir hross. Leið 072 er fast norðan við tóftina. Hér er fremur um niðurgröft en tóft að ræða.

Mynd 147. Mylla 517:079, horft til norðausturs.

Tóftin er sunnan við brekku, niður Vesturmúla. Svæðið er grasivaxið og flatt.
Í skýrslunni *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning* sem Minjastofnun Íslands gaf út 2008 segir :"Tóft (nr. 748) sem er norðar liggur í graslendi neðst í brekkufætinum undir múlanum. Hún er grafin inn í brekkuna þannig að brekkan myndar austurlanghliðina. Þar ofan á liggur reiðvegur. Tóftin er 11 x 7 m að utanmáli. Veggir hennar eru útflattir, um 3 - 4 m á breidd. Um 4 m breitt op snýr í vestsuðvestur." Óljóst mótar fyrir hólfi 2, NNV við tóftina sem áður er fjallað um. Þar sést niðurgröftur á 4 x 3 m stóru svæði og op til suðurs. Holan er 0,3 m djúp og gróin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot, 7;Ö-Reykjakot ÓG, 2; Hengill og umhverfi, 56-57

ÁR-517:074 tóft óþekkt 64°01.256N 21°12.014V
Tóft er suðvestan við Vesturmúla, um 260 m norðvestan við Reykjakot ÁR-518 og tæpum 350 m sunnan við myllu 073. Tóftin var nýtt frá Reykjakoti ÁR-518 en er í sameiginlegu beitarlandi Reykjahverfis. Vírgirðing er 2 m suðvestan við tóftina.
Ofan við tóftina er stórt bjarg. Umhverfis hana er grasivaxið svæði, neðst í brekku. Til suðvesturs er óræktað tún, nýtt til beitar.
Í skýrslunni *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning* sem Minjastofnun Íslands gaf út 2008 segir : "Um



Mynd 148. Tóft 517:074, horft itl VSV.

340 m SSA er önnur tóft (nr. 749). Hún liggur líkt og hin í brekkufætinum og er grafin inn í brekkuna þannig að brekkan myndar austurhlið hennar. Tóftin er beint undir kletti sem er sá neðsti í þessari hlíð múlans. Rafmagnsgirðing liggur vestan við rústina, meðfram hlíðinni og alveg við tóftina. Tóftin er á kafi í grasi. Tóftinni er skipt í tvö hólf. Eitt aðalhólf en út frá því liggur langt og mjótt hólf til suðurs. Hún er um 12m x 7,4m að stærð og inngangur í suðurenda." Tóftin snýr NNV-SSA og algróin. Hún er 3x1 m að innanmáli og veggirnir líklega torfhlaðnir. Þeir eru 0,5-0,6 m á hæð og 2 m á breidd. Tóftin er nánast skeifulaga og til ANA er op, í átt að brekkunni. Þar er búið að grafa ílanga dæld sem nýtt var sem aðrekstrargarður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hengill og umhverfi, 56-57

ÁR-517:075 heimild sumarfjós 64°01.068N 21°11.394V
"Gróf in: Gróin laut upp frá ármótunum. Þar var sumarfjós frá Reykjum og síðar fjárhús frá Völlum [ÁR-516], nú ræktun frá Gufudal," segir í örnefnaskrá. Á loftmynd frá 1956 í eigu Héraðskjalasafns Árnesinga sést tvískipt tóft í Grófinni, á sama stað og fjárhúsin voru reist síðar. Fjárhúsin voru rúmum 150 m sunnan við tóft 076 og tæpum 1,8 km NNV við bæ 001. Fjárhúsin voru rifin fyrir nokkrum árum og einungis steinsteyptur grunnur ber þeim vitni.
Vegslóði liggur inn Grófina. Þar rennur lækjarspræna nú og grefur úr veginum.
Engin ummerki sumarfjóssins né fjárhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot, 7; Loftmynd 1956

ÁR-517:076 tóft óþekkt 64°01.146N 21°11.326V
Tóft er rúmum 150 m norðan við sumarfjós 075 og rúmum 1,8 km NNV við bæ 001. Hún er ofarlega í Grófinni sem er svæði á milli tveggja ása. Vegslóði er fast vestan við tóftina, þar lá vegurinn um Kló 720:011 upp á fjallið. Á loftmyndum frá 1946 og 1956, í eigu Héraðsskjalasafns Árnesinga, sést að þetta var líklega braggi en frekari heimildir þarf til að skera úr um það. Tóftin fær að njóta vafans og höfð hér með.



Mynd 149. Tóft 517:076, horft til austurs.

Gaddavírsgirðing liggur eftir norðausturvegg tóftarinnar og lækjargil er fast til austurs. Allt umhverfis tóftina er grasivaxið svæði. Land tekur að hækka til norðurs við tóftina.
Tóftin er 21 x 10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grafin inn í lága gilbrún til norðausturs. Tóftin skiptist í tvö hólf og hefst lýsingin til suðvesturs, í hólfi 1. Það er 11x6 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru 0,2 - 0,4 m á hæð og 2 m á breidd. Þeir eru algrónir og ekki er hægt að greina byggingarefni þeirra. Að innan er hólfið slétt og grasivaxið. Það er opið til suðvesturs. Hólf 2 er norðaustar, á milli þeirra er veggur, 0,2 m á hæð. Hólfið er 7 x 6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert op sést inn í hólfið en líklega var það til suðvesturs. Veggirnir eru 0,4 m á hæð að utan en 1 m að innan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Loftmynd 1946 og 1956

ÁR-517:077 *Hverastígur* heimild leið
"Hverastígur: Gatan yfir Austurmúlann," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur segir: "Hverastígur (gata) lá að hver við Sauðá, þar [var] þvegið stundum [sjá 078], horfinn nú." Hverastígur lá líklega til norðurs frá leið 518:010, upp með Sauðá. Ekki er ljóst hvar leiðirnar, skildust, hvoru megin árinnar leiðin var eða hvert hún lá. Hér og þar má sjá ummerki um jarðhita í jarðvegi við Sauðá, einna mest á móts við sumarbústað sem er austan árinnar, andspænis holu 17 á golfvelli Hvergerðinga. Golfvöllur er nú við Sauðá, í landi sem áður tilheyrði nýbýlinu Gufudal. Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Reykjakot, 7; Ö-Reykjakot ÓG, 6

ÁR-517:078 heimild þvottastaður
"Hverastígur (gata) [077] lá áður að hver við Sauðá, þar [var] þvegið stundum, horfinn nú," segir í örnefnalýsingu. Ekki er hver eða jarðhitasvæði sjáanleg við Sauðá. Sigurði Þráinssyni, heimildamanni, fannst líklegt að hverinn hefði verið á svipuðum slóðum og sumarbústaður austan árinnar er nú. Þar má sjá ummerki í jarðvegi og bergi um jarðhita.
Sumarbústaðurinn er í suðurhluta golfvallarins í Gufudal. Hola 17, tilheyrandi honum er vestan árinnar, andpænis honum. Vestan árinnar má sjá á nokkrum stöðum ummerki um jarðhita. Nánari upplýsingar þarf til þess að staðsetja þvottastaðinn.
Heimildir:Ö- Reykjakot ÓG, 6

ÁR-517:079 *Engjavað* heimild vað 64°02.703N 21°11.348V
"Engjavað: á Grændalsá neðan við Engjamúla," segir í örnefnalýsingu. Engjavað var að öllum líkindum notað á leið 072, sem lá inn Grændal. Örnefnin Fremri- og Innri-Engjamúli eru í Grændal að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns, en einungis Innri-Engjamúli og Engjamúli koma fyrir í örnefnaskrám. Á loftmynd sést leið 072 fara yfir Grændalsá, austan við Innri-Engjamúla, rúmum 100 m sunnan við rétt 070 og um 4,5 km NNV við bæ 001. Um 950 m sunnar, sunnan við Fremri-Engjamúla fer leiðin aftur yfir ánna en mögulegt er að Engjavað hafi verið þar. Hnit var tekið á báðum stöðum. Skrásetjari gekk

ekki á þessu svæði sökum aðvarana vegna aukins jarðhita.
Hlíðarnar í dalnum eru grasivaxnir, jarðhiti víða og jarðvegur ber þess merki.
Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot ÓG, 2

ÁR-517:080 *Vörðudalur* örnefni samgöngubót
"Vörðudalur: dalkvompa, sem liggur þaðan [Löngumýri] upp undir Eggjar," segir í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur. Ekki er vitað með vissu hvar Vörðudalur fyrir utan að hann er í vestanverðum Grændal. Ekki er þekkt varða á þeim slóðum. Að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns, eru víða grónar lautir ofarlega í dalnum en erfitt að áætla hver þeirra sé Vörðudalur. Nánari upplýsingar þarf til þess að staðetja minjastaðinn. Mögulega var varðan samgöngubót á leið inn Grændal eða vísaði á engi.
Heimildir:Ö-Reykjakot ÓG, 2-3

ÁR-517:081 *Tæpistígur* gata leið 64°01.062N 21°13.895V

Mynd 150. Tæpistígur 517:081, horft til suðurs.

"Tæpistígur: gata undir hraunbrún og gil með kletti á hina höndina," segir í örnefnalýsingu. Tæpistígur liggur til vesturs úr Frammýri, sunnan undir Raufabergi, yfir Fífugil og áfram upp á afrétt að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns. Leiðin sést ennþá vel sunnan við Raufaberg, nærri þjóðvegi 1.
Mosavaxin brekka í halla til suðurs er niður af Frammýri. Stígurinn liggur á milli hraunbrúnar og gróinnar mýri að klettum. Tæpistígur er lítið annað en kindagata sem sést á rúmlega 650 m löngum kafla. Hér er ekki um þjóðleið að ræða, fremur engjagötu eða rekstrarleið. Göturnar liggja í grýttri brekku, þvert á hana miðja og niður í gróna mýri. Hún er 0,2 - 0,3 m á breidd og mold í botni hennar. Leiðin er auðrakin á loftmynd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot ÓG, 5

ÁR-517:082 *Ærhús* tóft beitarhús 64°01.123N 21°13.710V
"Ærhús: tóftir við Frammýri", segir í örnefnaskrá Ólafar Gunnarsdóttur. Ærhúsin eru rúma 430 m suðvestan við Krosssel 048 og rúma 1,6 km vestan við Reykjakot ÁR-518. Beitarhúsin voru nýtt frá Reykjakoti og eru austan við Frammýri, uppi á fjallinu fyrir ofan Nóngil. Krossselstígur 049 var farin til að komast í beitarhúsin.
Tóftin er suðaustarlega á brekkubrún. Hún er á lágum melhól og grunnt lækjargil er 5 m sunnan við tóftina.



Mynd 151. Tóft 517:082, horft til norðvesturs.

Tóftin er 13 x 5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru grjóthlaðnir úr móbergi, 0,2 - 0,5 m á hæð og stórir steinar eru í veggjunum. Það má sjá 1-2 umför grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru lægstir til VSV, að innan. Tóftin er opin til suðausturs en hrun er þar fyrir, m.a. móbergshellur. Ekki sér til jötu eða garða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot ÓG, 6

ÁR-517:083 *Eldholskver* hver þvottastaður 64°00.662N 21°11.213V
"Hverastígur (gata) [sjá 077] lá áður að hver við Sauðá, þar [var] þvegið stundum, horfinn nú [sjá 078]. Annars þvegið í Eldholshver hjá Baulufossi að austan," segir í örnefnalýsingu. Eldholshver er nýttur í dag, borhola er skammt frá hvernum og leiðslur liggja ofan í hann. Þvottastaðurinn var tæpa 950 m norðvestan við bæ 001 og 260 m vestan við vörðu 057. Heitur lækur rennur frá Eldholshver, til VSV í Varmá.
Til austurs frá Baulufossi í Varmá er gróinn mói í brekku sem hallar að ánni. Líklega var þvegið í brekkunni eða við ánna, þar sem vatn rann úr hvernum.
Engin ummerki þvottastaðarins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reykjakot ÓG, 6

ÁR-518 Reykjakot

1706. Hjáleiga frá Reykjum. JÁM II, 399. 1847, 20 hdr. JJ, 75. Fór í eyði 1967, en frá 1980 garðyrkjubýli á 3,3 ha og nefnist Reykjakot. Reykjakot II byggt 1947.
1918: Tún 8,2 ha, slétt. Garðar 1282 m2.



ÁR-518:001 *Reykjakot* bæjarhóll bústaður 64°01.191N 21°11.728V

Mynd 152. Bæjarhóll 518:001, horft til norðausturs.

Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, í norðvesturhorni heimatúnsins. Mikil skekkja er á túnakortinu, afstaða minjanna er rétt en fjarlægðir rangar. Núverandi ábúendur fluttu að Reykjakoti 1980 og reistu íbúðarhús sama ár, 20 m norðan við bæjarhólinn. Þá var gamli bærinn horfinn og búið að slétta yfir svæðið. Við byggingu íbúðarhússins var ekki komið niður á mannvistarlög en kjallari er undir húsinu. Að sögn Margrétar Magnúsdóttur, heimildamanns, þurfti að grafa djúpt niður til að komast á fast berg við bygginguna og mikil mold þar yfir. Mikið rask er innan gamla heimatúnsins og hefur verið lengi. Skólasel Menntaskólans í Reykjavík var byggt milli 1930-1940 sunnan við bæinn og í tengslum við það voru reistir nokkrir sumarbústaðir, gróðurhús og önnur mannvirki sem nýtt voru af kennurum skólans. Á tímabili var hippakommúna í einum þessara bústaða. Reykjakot II var reist 1947, tæpum 250 m sunnan við bæ 001. Að sögn Margrétar, var gamli bærinn þar sem rólur eru nú í bakgarði þeirra. Til eru gamlar ljósmyndir af bænum.
Frá árinu 1980 hefur hundruðum trjáa verðið plantað í og við bæjarhólinn, aðallega greni, öspum og lerki. Þar er nú bakgarður, sunnan við núverandi íbúðarhús. Inn á milli trjánna eru sléttar grasflatir, rólur og fleiri leiktæki fyrir börn. Fast SSV við áætlaða staðsetningu bæjarhólsins er upphækkað, malbikað bílaplan og vegur.
Bæjarhóllinn og bæjarhúsin í Reykjakoti eru horfinn af yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-518:002 Sauðhúsbarð heimild útihús 64° 01.138N 21° 11.740W
"Sauðhúsbarð: Flötin, sem Selið stendur á nú," segir í örnefnalýsingu. Útihús er sýnt um 100 m SSA við bæ 001 og 50 m vestan við hver sem myndaðist um aldamótin 1900. Hér er um sama stað að ræða. Skekkja er í hlutföllum á túnakortinu og eykst hún eftir því sem fjær dregur bæ 001. Einnig er hverinn vitlaust staðsettur, hann er mun sunnar en á túnakortinu. Vegna skekkjunnar er ekki hægt að segja með fullri vissu hvar útihúsið var staðsett, það er horfið af yfirborði sem og öll ummerki þess.
Allt umhverfis Skólasel er gróið, slétt tún og trjágróður. Til norðurs og norðausturs er vegur og bílaplan. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Reykjakot, 1

ÁR-518:003 þúst útihús 64°01.205N 21°11.870V
Útihús er merkt um 100 m vestan við bæ 001 og rúmum 10 m suðaustan við útihús 004 inn á túnakort frá 1918. Þar sést þúst, vírgirðing er 5 m austan hennar og skjólbelti þar við. Skekkja er á túnakortinu en þessar minjar eru merktar þar á réttum stað.
Umhverfis þústina er óræktað, grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar. Hún eru á vesturenda hólbarðs eða brekku sem lækkar að lækjardragi.
Þústin er neðarlega í gróinni brekku. Hún er 17 x 9 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr VNV-ASA. Þústin er grasivaxin en víða sést grjótdreif þar ofan á. Óljóst mótar fyrir vesturvegg, þar er beinn grasivaxinn bakki. Ekki er hægt að geta sér til um nánara lag útihússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-518:004 þúst útihús 64°01.213N 21°11.863V
Útihús er merkt um 100 m vestan við bæ 001 og rúmum 10 m norðvestan við útihús 003 inn á túnakort

frá 1918. Vírgirðing er 5 m austar og skjólbelti þar við.
Umhverfis þústina eru óræktað, grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar. Hún er á vesturenda hólbarðs eða brekku sem lækkar að lækjardragi.
Þústin er 10 x 8 m að stærð, 0,2 - 0,4 m á hæð og snýr NNA-SSV. Hún er hæst til vesturs, þar sem túnið lækkar að lækjarsprænu. Þústin er grasivaxin og víða glittir í steina án þess að um greinilega veggi eða hólf sé að ræða.

Mynd 153. Til vinstri er þúst 518:003, horft til suðurs, en þúst 004 er til hægri, horft til suðvesturs.

ÁR-518:005 heimild útihús 64° 01.232N 21° 11.847V
Útihús er merkt rúmum 100 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við útihús 004 á túnakorti frá 1918. Túngarður 006 lá að útihúsinu til norðausturs og vesturs, hann sést ekki nú frekar en útihúsið. Slétt, grasivaxið tún í aflíðandi halla til suðurs. Moldarflög eru hér og þar í túninu, í hallanum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirpgoborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-518:006 garðlag túngarður 64°01.227N 21°11.724V
"Vesturmúli: Hæðarhryggur vestan við túnið, gengur fram úr brekkunni, austan múlans er smágil, þar sjást leifar af túngarði," segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn er sýndur á túnakorti frá 1918 og afmarkar þar allar hliðar túnsins. Mögulega réð þó náttúrleg afmörkun suðurhliðinni, þ.e. gamall árbakki Varmár. Skekkja er á mælingum túnakortsins sem eykst eftir því sem lengra dregur frá bæ 001. Túnið er m.a. sýnt mun stærra en það var, áttahorf og lega túngarðsins er hins vegar svipuð. Fyrir norðan bæ 001 má sjá tvær útgáfur túngarðsins, hvorug þeirra sést á túnakortinu.
Túngarðurinn er í brattri, gróinni brekku fyrir norðan og norðaustan bæ 001. Þar eru náttúrulegir paldrar, grjót og stallar.
Túngörðunum er gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Túngarður A er tæpum 70 m norðan

Mynd 154. Túngarður 518:006b, horft til norðausturs og vesturs.

við bæ 001 og líklega ekki á túnakortinu frá 1918. Hann liggur þvert á bratta brekku niður svokallaðann Höfða og sést á tæplega 80 m löngum kafla. Túngarðurinn er 1 - 1,5 m á breidd og 0,2 - 0,3 m á hæð. Hann er algróinn en líklega hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann fellur vel inn í bratta brekkunna og er greinilegri til suðurs. Túngarður B er 25 m norðan við túngarð A. Hann afmarkar svæði sem er 400 x 200 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Túngarðinn má rekja allt frá norðvesturhorni heimatúnsins og niður að Varmá til suðausturs. Hann er grjóthlaðinn, 0,5 - 1 m á breidd og 0,2 - 0,3 m á hæð. Yfirleitt sést einungis 1 umfar af grjóti eða grjótdreif sem stendur uppúr miklu grasi. Á mel og óræktuðum svæðum sjást 1-2 umför af grjóti. Túngarðurinn nær niður að Varmá til suðausturs. Ekki er ljóst hvort að túngarðurinn afmarkaði suðurhlið heimatúnsins, gamall árbakki Varmár gerði það líklega.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjakot, 1

ÁR-518:007 *Fjósatunga* örnefni fjós 64°01.209N 21°11.700V
"Fjósatunga: Hryggur upp af gamla bænum, austur við Gilið," segir í örnefnalýsingu. Fjósatunga er beint upp af bílskúr austan við íbúðarhúsið í Reykjakoti, að sögn Sigurðar Þráinssonar, heimildamanns. Fjósatunga er 40 m norðaustan við bæ 001 og 130 m norðaustan við útihús 003. Ekki er hægt að greina uppsöfnuð mannvistarlög á þessu svæði.
Fjósatunga er grasivaxin brekka sem hallar til SSA niður af Höfða. Þar er búið að planta miklu magni af birkitrjám. Ekki er vitað hvort að fjósið var sambyggt bænum eða ekki.
Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Reykjakot, 1

R-518:008 mannvirki óþekkt 64°01.162N 21°11.810V
Undirstöður byggingar, líklega gróðurhúss, eru um 80 m sunnan við bæ 001. Eftir miðja 20. öld var mikið af smærri byggingum s.s. gróðurhús, hænsnakofar og sumarbústaðir reistir nærri Reykjakoti með tilheyrandi jarðraski. Gróðurhúsið var uppi á 1,5 m háum og gömlum árbakka Varmár. Lítill dælukofi er suðvestan við tóftina, undir barðinu. Hann tengist þessu mannvirki líklega.
Slétt, gróið svæði er umhverfis undirstöðurnar. Sumarbústaður er 30 m vestan þeirra og trjám plantað þar umhverfis.
Undirstöðurnar eða grunnurinn er 12 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Einungis langveggirnir sjást, allt fram á brún árbakkans. Þeir eru 0,3 - 0,4 m á hæð, 1 m á breidd og algrónir. Veggirnir og allt mannvirkið er grasivaxið og mikið gras allt umhverfis. Sökum þess var ekki hægt að greina hvort veggirnir voru hlaðnir eða steyptir.

Mynd 155. Mannvirki 518:008, horft til suðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-518:009 heimild áveita 64°01.035N 21°11.775V
"[...] gamall maður mundi þá tíð er þar [á eyrinni niður frá Reykjakoti] var grjót og áin gekk þar yfir í flóðum og svarf upp í bakka. Síðan hefur áin og brotið mikið úr bakkanum niður af gróðurhúsunum. Um skeið - áður- var henni veitt fast við Völlinn og beint niður á flúð," segir í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsóttur. Ekki er ljóst hvar áveitan var nákvæmlega. Svæðið fyrir neðan gróðurhúsin sem minnst er á hér ofar, tilheyrir nú Reykjakoti II sem er nýbýli byggt 1947. Áveitan var á þeim slóðum, um 300 m sunnan við bæ 001
Byggingar tilheyrandi Reykjakoti II eru við Varmá, tré og sléttar flatir.
Engin ummerki áveitunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjakot ÓG, 5

ÁR-518:010 gata leið 64°01.144N 21°11.617V

Mynd 156. Leið 518:010, horft til suðausturs.

"Austurmúli: Hæðarhryggur, lágur, áframhald Eggjanna. Yfir hann lágu götur, sér enn fyrir," segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá til austurs, frá bæ 001, út heimatúnið og sameinaðist leið 517:021 austan við Austurmúla. Þar liggur leiðin um Kló 720:011 einnig til norðurs, upp með Austurmúla yfr í Grafning. Þessi leið er skráð undir Reykjakoti, einu ummerki hennar sjást þar í heimatúninu. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti 37 frá 1908.
Gatan sést í grónu túni og brattri brekku. Í túninu er búið að planta trjám fast sunnan götunnar.
Götuna má rekja til vesturs frá Austurmúla og nánast að bæ 001. Hún sést á tæplega 170 m löngum kafla innan heimatúnsins. Þar sést hún sem sneiðingur upp múlann, þvert á brattann. Gatan er 3 m breið, slétt og gróin. Á láglendi má rekja leiðina sem slétta lág. Gatan er gróin og hvergi sér til paldra í henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjakot, 1; Herforingjaráðskort nr. 37.

ÁR-518:011 tóft útihús 64°01.249N 21°11.672V
Tóft er 120 m norðan við bæ 001 og tæpum 200 m norðaustan við útihús 004. Tóftin er nyrst í heimatúninu, við túngarð 006b, þar sem lækjargilinu sleppir. Tóftin er á vesturbakka lækjarins, sunnan við Höfða. Hún er ekki sýnd á túnakorti frá 1918.
Allt umhverfis tóftina er óræktað tún, í halla til suðvesturs að litlum læk. Tóftin er neðarlega í brekkunni.



Mynd 157. Tóft 518:011, horft til austurs.

Tóftin er 7 x 7 m að stærð, einföld og opin til ASA. Hún er grafin inn í brekkuna til NNV. Veggirnir eru úr torfi og grjóti og afar grónir. Hér og þar glittir í grjót án þess að um skýr umför sé að ræða. Veggirnir eru 0,3 - 0,4 m á hæð. Grjóthrun er í opinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-518:012 heimild lambhús 64°01.155N 21°11.707V
"Lambhúsbali: Túnið norðaustur af Selinu (Menntaskólaselinu)," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst hvar Lambhúsbali var nákvæmlega. Á gamalli ljósmynd í eigu Sigurðar Þráinssonar, heimildamanns, sést útihús nokkuð austan við bæjarhúsin, austan við lækinn. Hér er líklega um lambhúsið að ræða. Það var tæpa 80 m sunnan við bæ 001.
Slétt, grasivaxið tún er á þessu svæði. Skjólbelti er meðfram túninu til norðurs.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-518:013 *Hrútastígur* heimild leið 64°01.299N 21°11.619V

"Hrútastígur: Grastó norðan Háeggja upp úr Gilinu austan hveranna," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur segir: "Farið upp Gilið og fast uppi við Háeggjar og upp fyrir þær að norðan." Farið var upp með gilinu norðan við bæ 001 og út heimatúnið. Fyrir utan heimatúnið var farið austan með læknum, norðaustan við nokkra hveri sem eru ofarlega í gilinu og upp á fjallsbrúnina. Ekki er vitað hvert framhald leiðarinnar var en líklega sameinaðist hún veginum um Kló 720:011. Hér var um rekstrarleið að ræða.

Mynd 158. Hrútastígur lá austan við gilið.

Heimatúnið er grasivaxið og þurrt. Við lækinn er mýrlendi og brattar brekkur niður frá Háeggjum sem er klettabelti. Malarskriður og stór björg eru víða þar sem leiðin fór upp í gilinu.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjakot, 7; Ö-Reykjakot ÓG, 2

ÁR-518:014 heimild traðir 64°01.149N 21°11.727V

Á túnakorti frá 1918 eru sýndar traðir til SSA frá bæ 001. Ekki er vitað hvort að traðirnar voru upphlaðnar eða veggir meðfram þeim. Traðirnar eru horfnar og núverandi bílvegur að Reykjakoti er á svipuðum stað.
Malbikaður vegur, byggingar og grasivaxið tún eru þar sem traðirnar voru áður.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-518:015 tóft óþekkt 64°01.043N 21°11.610V

Tóft er tæpum 300 m sunnan við bæ 001 og 5 m vestan við túngarð 006. Tóftin er innan heimatúnsins en ekki sýnd á túnakorti frá 1918. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt. Tóftin er sunnarlega á Austurmúla, þar sem hann tekur að lækka til suðurs.
Tóftin er á grónum mel, uppi á náttúrulegum ás.

Mynd 159. Tóft 518:015, horft til SSA.

Tóftin er 5 x 3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólf. Hún er grjóthlaðin og hlaðin úr smáu grjóti. Veggirnir eru gerðir úr einfaldri steinaröð og umfang þeirra er ekki mikið. Hólf 1 er norðvestast. Það er 2 x 1 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Ekkert op sést inn í hólfið.

Veggirnir eru 0,1 - 0,2 m á hæð. Hólf 2 er suðaustan við hólf 2. Það er 3 x 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekkert op sést í hólfinu en veggirnir eru eins og í hólfi 1. Hólf 3 er norðvestan við hólf 2. Það er 3 x 1 m að innanmáli og eins að gerð og lögun og hólf 2. Öll tóftin er illa gerð og hleðslurnar umfangslitlar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-518:016 *Reykjakotshjáleiga* heimild fjárhús
"Sauðhús: Sauðhúsbarð innan við Grændalsá - var hjáleiga [sjá 517:068]. Reykjakotshjáleiga, óvist hvar," segir í örnefnaskrá Ólafar Gunnarsdóttur. Ekki er vitað hver Reykjakotshjáleiga var staðsett né er hennar getið í öðrum heimildum. Mögulega er átt við Stekkatún 517:068 en nánari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
Heimildir:Ö-Reykjakot ÓG, 7

ÁR-519 Reykjahjáleiga

1706. Hjáleiga frá Reykjum. JÁM II, 399. 1847. 10 hdr. JJ, 75. Lögð undir Reyki 1931 og fór í eyði 1938.
1918: Tún 3,8 ha, slétt. Garðar 728 m2. 1932: Tún 5 ha.



ÁR-519:001 *Reykjahjáleiga* bæjarhóll bústaður 64°00.064N 21°10.364V

Mynd 160. Bæjarhóll 519:001, horft til norðvesturs.

"[Bærinn í Reykjahjáleigu stóð] undir Neðra-Dekkinu, neðst á þurrlendinu. Bæjardyr sneru til suðvesturs og kálgarður var í bæjarskjólinu," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Reykjahjáleiga var 1/8 partur úr Reykjatorfunni. Bærinn stóð austast í túninu á Reykjum. Notaði mest landið suðaustur frá bænum. […] Átti sameiginlegt beitiland með öðrum jörðum í torfunni, einnig torfristu og mótak […] og ákveðið slægjuland í engjunum." Í Sunnlenskum byggðum III er jafnframt teikning af bæjarhúsunum. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, syðst í miðju túninu. Á gömlum loftmyndum frá 1946 og 1956 í eigu Héraðsskjalasafns Árnesinga má sjá óljós mannvirki á bæjarhólnum. Bæjarhúsin voru sléttuð út árið 1938 þegar síðasti ábúandi flutti þaðan. Að sögn Grétars J. Unnsteinssonar, heimildamanns, var grjót tekið úr bæjarhúsum og bæjarhólnum þegar gróðurhús Garðyrkjuskólans voru byggð, um miðja 20. öld. Reykjahjáleiga var rúmum 370 m suðaustan við Reyki ÁR-517. Reiðstígur er 10 m norðan við áætlaða staðsetningu bæjarhólsins og vírgirðing liggur eftir suðurhlutanum.

Bæjarhóllinn og öll bæjarhús eru horfin af yfirborði. Svæðið var sléttað og öllum mannvirkjum rutt niður barð sunnan kálgarðsins. Barðið kallast Neðra-Dekk og er náttúruleg brún. Slétt, grasivaxið tún er á svæðinu og reiðstígur. Ennþá má sjá grjót sunnan undir Neðra-Dekki en mikið af því var tekið þegar gróðurhúsin voru byggð. Útivistarsvæði er meðfram allri vesturhlíð Reykjafjalls og bæjarstæði Reykjahjáleigu er innan þess.

Þar sem bæjahóllinn var er nú óljós hólmyndun en ekkert er hægt að áætla um umfang mannvistarlaga. Mögulega er hólbungan tilkomin vegna sléttunar og niðurrifs á svæðinu. Suðurveggur kálgarðsins er ennþá varðveittur sem kantur í brún Neðra-Dekks. Kanturinn er 26 m langur, 1-1,5 m á hæð og er grjóthlaðinn. Þar má sjá 3-4 umför gjóthleðslu, inni á milli gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Reykjatorfa, 8; SB III, 359; Loftmynd 1946 og 1956

ÁR-519:002 heimild traðir 64°00.075N 21°10.361V

Traðir eru sýndar til norðurs frá bæ 001 á túnakorti frá 1918. Þær lágu að norðvesturhorni bæjarhúsanna og voru um 20 m langar innan túnsins. Ekki er vitað hvort að veggir traðanna voru hlaðnir. Mögulega lá þjóðleið 720:018 um hlaðið á bænum eða traðirnar sameinuðust þjóðleiðinni norðan við heimatúnið. Slétt, grasivaxið tún. Þar er bæði reið- og göngustígur. Túnið er ekki nýtt til beitar né sláttar.

Mynd 161. Lind 519:003, horft til suðvesturs.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-519:003 *Lindin* lind vatnsból 64°00.062N 21°10.380V

"Reykjahjáleigulind: (Lindin) Vatnsmikil uppspretta, suðvestur af bænum, var vatnsbólið. Vatn er leitt þaðan í Hveragerði," segir í örnefnalýsingu. Lindin er 10 m VSV við bæ 001 og 100 m vestan við útihús 004. Ofan í Lindinni eru rör og leiðslur. Mikill gróður er umhverfis lindina og vatnagróður vex í henni. Hún er eflaust ekki nýtt lengur (2014).

Lindin er sunnan undir náttúrulegu barði, svokölluðu Neðra-Dekki. Allt umhverfis hana er gróið svæði. Grjótdreif úr bæjarhúsunum er fyrir austan Lindina.
Lindin er um 10 m í þvermál, djúp og vatnsmikil. Vatnið í henni er kalt og engin ummerki um jarðhita sjást þar. Ofan í Lindinni má sjá tvö stór rör en líklega er vatnið ekki nýtt enda lindin óvarin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 8, 9

ÁR-519:004 tóft útihús 64°00.062N 21°10.250V
Útihús er 20 m sunnan við útihús 005 og 100 m norðaustan við bæ 001, skammt utan heimatúnsins. Útihúsið er skammt vestan Stórkonugils, á bakkanum þegar komið er niður á láglendi. Göngustígur er fast norðan við tóftina og tugir grenitrjáa í brekku þar norðar.
Tóftin er neðarlega í gróinni brekku. Umhverfis hana er grasivaxið, óræktað tún. Útivistarsvæði er meðfram allri vesturhlíð Reykjafjalls og tóftin er innan þess.



Mynd 162. Tóft 519:004, horft til SSV.

Í skýrslu Minjastofnunar frá 2008, Hengill og umhverfi: fornleifaskráning, segir: "Um 40m NV, vestan gilsins, stendur tvíhólfa tóft (nr. 782). Hún er 10,3m x 7.9m að stærð og vegghæð um 1m. Göngustígur liggur við hana að austanverðu. Gengið er inn í bæði hólfin að suðvestanverðu. Syðri langveggurinn á syðra hólfinu er byggður úr tveimur stórum steinum, um 1 m í þvermál." Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Inni í tóftinni eru veggirnir grjóthlaðnir og þar má sjá 2-4 umför grjóthleðslu. Að utan glittir hér og þar í grjót. Grjóthlaðinn garði er meðfram langveggjum í báðum hólfum. Hólf 1 er suðaustar og er 6x3 m að innanmáli. Hólf 2 er norðvestar og er 3 x 3 m að innanmáli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Hengill og umhverfi, 60-61

ÁR-519:005 tóft útihús 64°00.071N 21°10.251V



Mynd 163. Tóft 519:005, horft til norðausturs.

Útihús er sýnt 100 m norðaustan við bæ 001, í horni heimatúnsins á túnakorti frá 1918. Göngustígur er fast sunnan við tóftina. Útivistarsvæði er meðfram allri vesturhlíð Reykjafjalls og er tóftin innan þess. Tóftin er neðarlega í brattri brekku til suðurs, niður Reykjafjall, vestan við Stórkonugil. Hundruðum grenitrjáa hefur verið plantað í fjallshlíðina. Tré eru fast upp við tóftina og í norðurhluta hennar.
Í skýrslu Minjastofnunar, Hengill og umhverfi: forleifaskráning, frá 2008 segir: "Þriðja tóftin liggur um 10 m norðar og ofar í brekkunni. Hún er 11m x 6,8m og liggur NA-SV. Inngangur er á SV-hlið, vegghæð um 1m. Göngustígurinn liggur milli tóftanna [005 og 004]. Ofan við […] tóftina og til hliðanna vaxa grenitré. Greinar þeirra eru vaxnar yfir veggi tóftarinnar. Allar eru tóftirnar hlaðnar úr grágrýti og grasi vaxnar þó vel sjáist í steinhleðslurnar." Norðausturveggir tóftarinnar eru raskaðir vegna grenitrjáa sem hafa rutt þeim um koll og aflagað. Það má greina 3-4 umför grjóthleðslu í veggjum að innan en að utan eru þeir grónir.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Hengill og umhverfi: fornleifaskráning, 61

ÁR-520 Kross

1706. Hjáleiga frá Reykjum. JÁM II, 401-402. 1847. 10 hdr. JJ, 75. "Mörkin á milli Kross og Valla [ÁR-516] eru um gamalt árfar (Sennilega eftir Varmá)." Ö-Reykjatorfa, 2
1918: Tún 3,4 ha, 2/3 slétt. Garðar 874 m2.



Byggt á túnakorti frá 1918

ÁR-520:001 *Kross* bæjarstæði bústaður 63° 58.932N 21° 09.567V

Mynd 164. Bæjarhóll 520:001, horft til suðvesturs.

Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Kross er gömul hjáleiga frá Reykjum, 10 hdr jörð og 1/8 partur úr Reykjatorfu. Bærinn stendur á mótum mýrar og engja, suðaustast í landi Reykjatorfu. Á sameinginlegt beitiland, mótak og torfristu með öðrum jörðum torfunnar." "Bærinn í Krossi stendur suðaustan undir Krossklettum. […] Bærinn stóð áður þar, sem fjósið og heyhlaðan er nú, en íbúðarhúsið er austast," segir í örnefnalýsingu. Hlaðan og fjósið voru norðvestan við bæjarhólinn að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns. Frá 1918 er búið að flytja bæjarstæðið á Krossi tvisvar sinnum. Fyrst var bærinn fluttur 1955, þá var íbúðarhús byggt um 60 norðar. Það íbúðarhús eyðilagðist í jarðskjálfta 2008. Þriðja íbúðarhúsið var byggt á Móholti syðst í jörðinni um 2010, rúmum 320 m suðaustar. Elstu bæjarhúsunum var rutt út 1954, fljótlega eftir að Eyrún fluttist þangað. Sléttað var yfir svæðið og ræktað tún er þar nú. Búskap var hætt á Krossi 2002-2003 en nýbýlið Lind var byggt 2008, á miðri jörðinni. Engin búskapur er á jörðinni né er hún nýtt að stórum hluta.

Bæjarhóllinn er horfinn. Þar eru nú gróin tún til allra átta nema norðurs, þar er íbúðarhúsið frá 1955 og garður umhverfis það. Malarvegur að íbúðarhúsinu liggur þvert yfir hólinn. Túnið er í órækt og þar mikið gras og bleyta til vesturs.

Öll ummerki bæjarhólsins eru horfin af yfirborði. Stafnar bæjarhúsanna snéru til suðvesturs en hvergi sér til uppsöfnunar mannvistarlaga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SB III, 363; Ö-Reykjatorfa, 2; Túnakort 1918

ÁR-520:002 tóft útihús 63°58.821N 21°09.594V

Útihús er sýnt 200 m sunnan við bæ 001 og 25 m vestan við útihús 003 á túnakorti frá 1918. "Vörðuhóll [sjá 007]: Lítill hóll syðst í Framtúni. Hjá honum stóðu fjárhús, sem Jón Jónsson byggði," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns, voru þetta fjárhús og sambyggð hlaða til suðurs. Húsið var rifið á seinni hluta 20. aldar.

Tóftin er sunnarlega á náttúrulegu, lágu holti eða ás. Þar er óræktað tún allt umhverfis.

Mynd 165. Tóft 520:002, horft til norðausturs.

Tóftin er 20 x 18 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Tóftin er gróin og mun grænni en nánasta umhverfi. Lýsingin hefst til suðausturs, í hólfi 1. Það er 8 x 7 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Að utan eru veggirnir 0,3-0,5 m á hæð en að innan eru þeir ógreinilegri. Hólfið er slétt og einungis undirstöður veggjanna sjást. Ekki mótar fyrir opi. Líklega var fyllt upp í hólfið og hvergi glittir í grjót í veggjunum. Hólf 2 er norðvestar og var hlaða. Hér er fremur um þúst en hólf að

ræða og líklega fyllt upp í hólfið. Þústin er 16x6 m að stærð, 0,2-0,4 m á hæð snýr norðaustur-suðvestur. Hvergi sér í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Reykjatorfa, 2

ÁR-520:003 tóft útihús 63°58.827N 21°09.560V
Útihús er merkt rúmum 190 m sunnan við bæ 001 og tæpum 20 m SSA við útihús 004 á túnakort frá 1918. Að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns, voru þrjár burstir á útihúsinu. Skógræktarreitur er 4 m norðan við tóftina og vélabrak til suðurs og vesturs. Pallhýsi af bíl er inni í tóftinni og einungis útveggirnir eru varðveittir.
Óræktað tún er allt umhverfis tóftina. Mýrlendi er til suðurs, skammt frá útihúsinu. Tóftin er á suðurenda náttúrulegs holts eða áss.



Mynd 166. Tóft 520:003, horft til suðvesturs.

Tóftin er 16 x 10 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Tóftin var þrískipt að sögn Eyrúnar en engin ummerki þess sjást vegna mikils rasks. Öll framhliðin (suðurhliðin) er horfin og pallhýsið fyllir upp í alla tóftina. Útveggirnir sjást enn til norðurs, austurs og vesturs. Þeir eru 0,4 - 2 m á hæð, algrónir og hvergi glittir í grjót. Tóftin er grafin inn í holtið til norðvesturs og þar eru veggirnir hæstir. Suðurhlið tóftarinnar er sem fyrr segir horfin og þar eru vörubretti sem afmörkuðu svæði sunnan við pallhýsið.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-520:004 tóft útihús 63°58.839N 21°09.582V
Útihús er sýnt tæpum 180 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 m NNA við útihús 002 á túnakorti frá 1918. Tæpum 90 m til ANA frá útihúsinu er nýbýlið Lind. Tóftin er innan afgirts skógræktarsvæðis.
Allt umhverfis tóftina eru tré. Tugum trjáa, aðallega öspum, reynitrjám, birki og greni hefur verið plantað þar. Næst tóftinni er autt, gróið svæði.

Mynd 167. Tóft 520:004, horft til austurs.

Tóftin er 10x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og algrónir. Þeir eru úr torfi og grjóti en gróið er yfir hleðslurnar. Grjótið finnst undir fæti þegar gengið er um svæðið. Tóftin er opin til suðurs. Ekki var hægt að greina hvort að jata eða garði var innan tóftarinnar sökum gróðurs. Tóftin er full af greinum og trjám sem söguð hafa verið niður. Til austurs er uppsöfnun jarðvegs

við tóftarvegginn en það gæti verið tengt raski og skógræktinni.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-520:005 *Nátthagi* heimild vörslugarður 63°58.987N 21°09.834V
"Votiteigur: Mýrin neðan (vestan) Krosskletta. Í klettunum og Votateig var girtur blettur, Nátthagi," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns, var ekki tóft í nátthaganum, það var afgirt svæði sem gekk undir þessu nafni. Nátthaginn var fast NNV við heimatúnið og náði að landamörkum Valla ÁR-516.
Nátthagi er fremur stórt svæði, um 200 x 200 m að stærð, nyrst í landi Kross. Vírgirðingin er horfin og ekki eru ummerki um hlaðna veggi. Svæðið er mýrlent og djúpur, vélgrafinn skurður sker það í tvennt. Engin ummerki nátthagans sást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 2

ÁR-520:006 tóft útihús 63°58.832N 21°09.631V
Tóft er rúmum 40 m vestan við útihús 004 og rúmum 170 m sunnan við bæ 001. Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1918 og líklega rétt utan heimatúnsins líkt og það er afmarkað þar. Staðsetning tóftarinnar bendir til þess að um útihús sé að ræða.
Tóftin er á vesturbrún mosavaxins áss eða holts. Bær 001 og útihús 002-004 eru á sama holti. Mýri er vestan við útihúsið.



Mynd 168. Tóft 520:006, horft til norðurs.

Tóftin er 9 x 6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er á lágum, mosavöxnum hól fast norðan við Vörðuhól 007. Veggirnir eru 0,2 - 0,3 m á hæð, 2 m á breidd og mosavaxnir. Tóftin er nánast útflött og óskýr. Tóftin er opin til suðurs en ekki sér til garða eða jötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-520:007 *Vörðuhóll* hleðsla útihús 63°58.806N 21°09.613V
"Vörðuhóll: Lítill hóll syðst í Framtúni," segir í örnefnalýsingu. Vörðuhóll er syðst í heimatúninu og að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns, er ekki varða þar heldur óljós hleðsla. Vörðuhóll er 30 m suðvestan við fjárhús 002 og rúma 220 m sunnan við bæ 001.
Vörðuhóll er gróinn klapparhóll, um 1 - 2 m á hæð og 24 m í þvermál. Hóllinn er hæstur til suðvesturs, þar skagar hann fram í þýfða mýri. Vörðuhóll er stakstæður, sunnan við holtið sem bær 001 og útihús 002-004 eru á.
Óljósar hleðsluleifar sjást í suðausturhorni Vörðuhóls. Þar er L-laga veggjarbrot sem afmarkar 4 x 3 m stórt svæði og snýr norðvestur-suðaustur. Austan hleðslunnar er stakstæður, náttúrulegur steinn sem er 0,4 m á hæð og hliðar hans eru flatar. Norðvestar er annar steinn sem er jarðfastur að mestu. Til suðurs frá honum eru nokkrir jarðfastir steinar sem mynda fyrrnefnda hleðslu. Steinarnir eru 0,2 - 0,5 m á hæð. Stakstæði steinninn var líklega hluti af austurhliðinni. Miðað við staðsetningu hleðslunnar er um útihús

að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 2

Mynd 169. Hleðsla 520:007, horft til VNV.

ÁR-520:008 hleðsla útihús 63°59.003N 21°09.568V
Hleðsla er 150 m sunnan við bæ 001 og 300 m norðan við útihús 003. Hleðslan er upp við vesturhlið kletta sem eru á milli Stóra- og Litla-Kross (náttúrulegir hraunhólar). Hleðslan er skammt norðan við heimatúnið eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Stöðull 009 átti að vera á mel austan við Stóra-Kross en Eyrún Þorláksdóttir, heimildamaður, taldi hann vera norðaustar. Ekki er þó útilokað að um sama stað að ræða.
Hleðslan er í grasivaxinni lág á milli Stóra- og Litla-Kross, á grónu svæði. Vírgirðing liggur þvert yfir hleðsluna.



Mynd 170. Hleðsla 520:008, horft til NNV.

Hleðslan afmarkar svæði sem er 6 x 5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er 0,6 - 1,6 m á hæð og grjóthlaðin. Hleðslan er byggð ofan á og inn í kletta til norðurs og er hæst þar. Þar má sjá 3-4 umför af móbergsteinum, inn á milli gróðurs. Klettarnir afmarka vesturhliðina en til austurs er rasks vegna vírgirðingarinnar. Ekki er ljóst hvernig aðrar hliðar voru afmarkaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-520:009 *Stöðull* heimild kvíar 63°59.012N 21°09.503V
"Stöðull: Melur austan Stóra-Kross, þar voru kýr mjaltaðar," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns, er lág á milli Stóra-Kross og Litla-Kross. Þar eru klettabelti og lágir hólar. Þegar Eyrún fluttist að Krossi 1954 var grjóthlaðin rétt upp við lágan klett í láginni, líklega stöðullinn. Hún sagði að hleðslan hefði verið lítilfjörleg og henni rutt út. Stöðullinn var tæpa 200 m norðaustan við bæ 001 og 60 m norðaustan við hleðslu 008. Stöðullinn var rétt utan heimatúnsins, líkt

og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Ekki er útilokað að hleðsla 008 sé sami staðurinn.
Nyrst í láginni er mói með grasi og mosa. Melur sést þar inn á milli ásamt steinum. Trjám hefur verið plantað í klettabrúnir í láginni sem er 50 - 100 m breið. Inn á milli eru óræktuð tún.
Engin ummerki stöðulsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykjatorfa, 2

ÁR-520:010 frásögn útihús 63°58.921N 21°09.412V
Þegar Eyrún Þorláksdóttir, heimildamaður, flyst að Krossi 1954 er gamalt útihús tæpa 180 m austan við bæ 001 og 200 m suðaustan við hleðslu 008. Útihúsið var rétt utan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Húsið var rifið skömmu eftir 1954. Þetta var dæmigert fjárhús að hennar sögn en hún mundi ekki nákvæma stærð þess né legu.
Útihúsið var suðvestarlega á holtsbrún, mýri var á milli þess og holtsins sem bærinn er á. Slétt, ræktað tún er núna á þessu svæði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-520:011 heimild traðir 63°58.925N 21°09.540V
Á túnakorti frá 1918 eru merktar traðir til suðausturs frá bæ 001. Þær voru á sama stað og vegur að bæjarhúsum sem byggð voru um 1955 til vesturs en ræktað tún er yfir stórum hluta þeirra að öðru leyti. Þetta var troðinn slóði að sögn Eyrúnar Þorláksdóttur, heimildamanns, og veggirnir voru ekki hlaðnir. Þar sem traðirnar lágu er malarvegur og slétt, grasivaxin tún umhverfis hann.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-523 Saurbær

26 hdr 1847. JJ, 75. "Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum." JÁM II, 416. „26 hundruð að fornu mati. Á land upp á fjall, allt að afréttarmörkum, sæmilega gróið, góð sumarbeit. Neðar er gamalt gróið hraun „heiði“, skjólsælt með grónum lautum. Bærinn stendur í hraunbrúninni.“ SB III, 352. Stóri-Saurbær er ekki í fastri ábúð. Búið er að stofna fjögur lögbýli, á jörðinni, Litla-Saurbæ, Hreiður, Vindás og Víðigerði.



ÁR-523:001 *Saurbær* bæjarhóll bústaður 63°58.792N 21°11.709V

Mynd 171. Bæjahóll 523:001, horft til VNV.

Ekki er föst ábúð á Stóra-Saurbæ. Árið 1979 var bærinn fluttur tæplega 50 til NNV, af bæjarhólnum. Þar er íbúðarhús er byggt sama ár. Eldra íbúðarhúsið var byggt 1933 og var fast VSV við 20. aldar útihús sem eru á miðjum bæjarhólnum. Það hefur verið rifið en þar sést hólmyndun, líklega hluti af bæjarhólnum. Hluti af útihúsinum voru einnig rifin. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, sunnarlega í heimatúninu. Ekki fékkst heimildamaður fyrir jörðina og ekki er vitað með vissu hvar bærinn sem sýndur er á túnakortinu var á bæjarhólnum. Líklega var íbúðarhúsið frá 1933 byggt í miðjan hólinn eða vesturhlutann.
Bæjarhóllinn er grasivaxinn og njóli vex í vesturhluta hans. Íbúðarhús byggt 1933 var vestast á bæjarröndinni og það sést enn á loftmynd frá um 2000. Líklega var það rifið í kjölfar jarðskjálftans 2000 eða 2008. Allt umhverfis bæjarhólinn eru gróin tún, bæði ræktuð og óræktuð.
Bæjarhóllinn er um 60 x 30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Bærinn raðaðist eftir hólnum endilöngum og stafnar sneru til suðurs. Bæjarhóllinn er algróinn en mikið jarðrask er til norðurs og austurs. Þar eru 20. aldar útihús og malarplan. Þar sjást engin ummerki um mannvist á yfirborði. Bærinn er byggður á hraunbrún, mýri er til suðurs frá honum. Vesturhluti bæjarhólsins sést ennþá en þar er jafnramt jarðrask. Hóllinn er 0,3 - 0,5 m á hæð og skagar fram í mýrina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-523:002 heimild útihús 63°58.881N 21°11.812V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 180 m norðan við bæ 001 og 25 - 30 m vestan við útihús 002. Það var fast norðan við útihús frá 20. öld sem eru þarna í túnjaðrinum.
Útihúsið var fast norðan við malarveg sem liggur að nýbýlinu Hreiðri. Þar er grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-523:003 heimild útihús 63°58.883N 21°11.779V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 180 m norðan við bæ 001 og 25 - 30 m austan við útihús 002. Útihúsin voru nyrst í túninu. Það er innan landsvæðis sem tilheyrir nýbýlinu Hreiðri, um 20 m suðvestan við íbúðarhúsið þar. Skógrækt er á þessu svæði.
Hreiður á 1 ha úr landi Stóra-Saurbæjar. Til vesturs frá íbúðarhúsinu þar er skógrækt.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-523:004 *Lambadý* heimild vatnsból
"Lambadý: Uppspretta suðvestur af bænum, sunnan Vesturtúns. Aðalvatnsbólið, þornað í þurrkum," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Lambadý var. Ekki fannst heimildarmaður fyrir örnefni og staðhætti á jörðinni. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Saurbær, 1

ÁR-523:005 *Austurdý* brunnur vatnsból
"Austurdý: Uppspretta suðaustur af bænum. Þornaði ekki, notað sem vatnsból þegar Lambadý þraut." Ekki er vitað hvar nákvæmlega Austurdý var staðsett, líklega var það við Bæjarlækinn, Volgalæk eða á þeim slóðum. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Saurbær, 1

ÁR-523:006 heimild traðir 63°58.816N 21°11.650V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir til norðvesturs frá bæ 001, út heimatúnið. Ekki er ljóst hvert framhald þeirra er austan við bæjarlækinn, líklega sveigði leiðin til suðurs og sameinaðist leið 720:013. Túnslóði liggur á sama stað og traðirnar gerðu áður, allt að Bæjarlæk. Þær eru komnar undir veginn.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-523:007 *Vörðhóll* heimild býli 63°58.924N 21°11.533V
"Vörðhóll: (Vörðuhóll) Hóll með þýfðum móa norðaustur af bænum. Sá þar fyrir tóft. Munnmæli herma að þar hafi eitt sinn verið tómthúskot, nú ræktaður," segir í örnefnalýsingu. Vörðhóll er rúmum 260 m norðaustur frá bæ 001 og rúmum 50 m suðvestan við tóft 020. Hóllinn sést vel frá bænum, á honum er ræktað tún sem komið er í órækt.
Óræktað tún. Vörðhóll er grasivaxinn og sléttur og sést víða að. Hann er áberandi, bæði vegna grænku og stærðar.
Engin ummerki um mannvist sjást á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Saurbær, 1

ÁR-523:008 garðlag túngarður 63°58.830N 21°11.664V
Túngarður afmarkaði heimatúnið og er hann ennþá varðveittur til austurs og vesturs. Hér er ekki um sömu afmörkun að ræða og sýnd er á túnakorti frá 1918, ekki er ljóst hvernig túnið var afmakað þar og það er stærra. Túngarðurinn sést á tveimur stöðum, vestan og austan við heimatúnið en ekki er ljóst hvað réði til norðurs og suðurs.
Túngarðurinn er innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Allt umhverfis hann er tún sem komið er í órækt og Bæjarlækur til austurs.
Túngarðurinn er á svæði sem er 172 x 155 og snýr NNV-SSA. Í lýsingu þessari er hvorum hluta gefin bókstafur til aðgreiningar. Túngarður A er austar og er skammt vestan við Bæjarlækinn. Hann er grjóthlaðinn, 115 m á lengd, 2 - 2,5 m á breidd og hlykkjast norður-suður. Hann er 0,2 - 0,5 m á hæð og það má sjá 1 - 2 umför af grjóthleðslu í honum. Hann hverfur við útihús sem byggt er um miðja 20. öld til norðurs og bygging þess raskaði honum. Til suðurs fjarar hann út í ræktuðu túni. Túngarður B er vestan við heimatúnið, á merkjum Stóra- og Litla-Saurbæjar. Hann er 172 m að lengd, 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann er grjóthlaðinn og tvær vírgirðingar sjást liggja eftir honum endilöngum á kafla. Til suðurs hverfur túngarðurinn í vélgrafinn skurð en til norðurs við malarveg að bænum.

Mynd 172. Túngarður 523:008a, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-523:009 *Síladó* álagablettur 63°58.798N 21°11.493V
"Síladó: Mýrarblettur sunnan við Stöðulinn, þar sem Bæjarlækurinn og Volgi-lækurinn sameinuðust. Það var álagablettur, sem ekki mátti slá, nú ræstur og ræktaður. Þegar hann var ræktaður drápust 3 hross í Saurbæ," segir í örnefnalýsingu, Í bókinni Landið, fólkið og þjóðtrúið sést síðasti bóndinn á Stóra-Saurbæ standa í Síladó. Út frá þeirri ljósmynd var álagabletturinn staðsettur um 150 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 60 m sunnan við brunn 019. Gróðurfar er nú annað og erfitt að sjá hvar lækirnir mættust nákvæmlega vegna framræslu og túnagerðar.
Á þessum slóðum er mýrlent við lækina en áður en þeir sameinast er búið að rækta tún og gera vélgrafna skurði. Svæðið er mjög gróið enda er jörðin ekki nýtt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Saurbær, 2; BH, 47, 50

ÁR-523:010 *Stöðull* heimild hesthús 63°58.874N 21°11.496V

Mynd 173. Stöðull 523:010, horft til suðvesturs.

"Stöðull: Þýfður og grýttur mói suðvestur af Vörðuhól [sjá 007]. Þar voru húsatættur 6 eða 7 (hesthús), nú ræktaður," segir í örnefnalýsingu. Stöðull er rúma 220 m ANA við bæ 001 og um 100 m SSV við Vörðuhól 007. Þarna er nú ræktað tún og ekki sér til minja á yfirborði.
Stöðullinn er stakstætt holt, sem skagar til norðausturs úr hraunbrúninni. Það er um 80 x 30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er einna hæst til suðvesturs, 0,4 - 1 m á hæð. Norðan holtsins er mýrarvik sem og til suðurs, neðan við brúnina. Holtið er hið stærsta á þessu svæði og sést vel frá bænum. Ræktað tún er ofan á holtinu. Ekki sér til hesthúsa eða annarra mannvirkja á yfirborði á holtinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Saurbær, 2

ÁR-523:011 *Stekkatún* tóft stekkur 63°59.301N 21°11.826V
"Stekkatún: Laut í hraunið, þar var áður stekkur, nú eru þar fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um 950 m norðan við bæ 001 og tæpum 500 m norðvestan við tóft 022. Yngri fjárhús voru byggð, líklega á seinni hluta 20. aldar, rúmum 20 m norðan við tóftina. Þau hús sjást á loftmynd frá því um 2000 en hafa verið rifin. Sökkullinn sést ennþá en annars eru öll ummerki þeirra nánast horfin. Fjárhúsin voru 50 m austan við landamerki Öxnalækjar ÁR-522.
Fjárhúsin eru í grónu túni, laut er sunnan við tóftina og óræktað tún allt umhverfis. Hér eru hólar, útmokstur úr fjárhúsunum.



Mynd 174. Tóft 523:011, horft til NNA.

Stekkurinn er horfinn, tóft eldri fjárhúsa, annarra en þeirra sem sjást á loftmyndinni, er að öllum líkindum á sama stað. Tóftin er 17 x 15 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún skiptist í tvö hólf og hefst lýsingin til vesturs. Hólf 1 er 15 x 4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Það er opið til suðurs og veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Að utan eru þeir algrónir en að innan glittir í 6 umför grjóthleðslu. Tóftin er grafinn inn í hól til norðurs. Veggirnir eru 1 - 2 m á hæð. Inni í hólfinu má sjá bárujárnsleifar úr þaki en ekki garða né jötu. Hólf 2 er austar. Það er 8 x 8 m að innanmáli og opið til vesturs, yfir í hólf 1. Veggirnir eru 1 - 2,1 m á hæð, grjóthlaðnir að innan en algrónir að utan. Þar sjást 5 - 10 umför af grjóthleðslu. Hér eru líka ummerki um bárujárnsþak.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Saurbær, 3

ÁR-523:012 *Gamli-Stekkjardalur* heimild stekkur
"Gamli-Stekkjardalur: Gróin laut í hrauninu, vestur af Miðkvos," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Gamli-Stekkjardalur er, einungis að hann var fyrir norðan bæ 001 og sunnan Stekkatún 011. Skrásetjari gekk yfir þetta svæði en var minjanna ekki var. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Saurbær, 3

ÁR-523:013 *Selstígur* heimild leið 64°00.541N 21°13.373V
"Selstígur: Grasbrekka með götu suður af Skyggnir," segir í örnefnalýsingu. Selstígur lá frá bæ 001 og að seli 014. Gatan lá eftir Bæjarþorpsheiði, frá bæjunum þar og að Hamrinum (nú í Hverageröi). Skyggnir er þar uppi á brúninni. Leiðin hefur komið að seljunum úr austri, inn í Seljadal. Ekki er vitað hvar nákvæmlega leiðin lá, líklega fylgdi hún þjóðleið 720:010 að mestu.
Leiðin lá í grónu hrauni Víða eru lágir og hólar í því.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Saurbær, 3

ÁR-523:014 *Seldalur* tóftir sel 64°00.585N 21°13.492V
"Seldalur: Gróin laut í Hrauninu. Þar sér enn fyrir tóftum. Selið var frá Saurbæ," segir í örnefnaskrá. Í dalnum var einnig sel frá Öxnalæk. Í örnefnalýsingu þess bæjar segir: "Rétt fyrir innan Skyggni hefur verið sel frá Öxnalæk, í Öxnalækjarlandi. Ögmundur man eftir að hafa séð þarna grjóttóft, þegar hann var barn. Líklega má sjá tóftina enn. Selið er í Öxnalækjar-Seldal." Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins, nú Minjastofnunar Íslands, Hengill og umhverfi segir: "Öxnalækjar-Seldalur liggur austan í Hellisheiðinni. Dalurinn er rétt ofan við þjóðveginn þar sem hann liggur ofan af heiðinni og niður að Hverageröi. Vegurinn liggur í fyrstu til norðurs en síðan er á honum U-beygja og stefnir hann eftir það til suðurs á kafla." Selið er 3,6 km norðvestan við bæ 001, þjóðvegur 1 er um 200 m austar. Hér eru tvö sel, annað sunnan í dalnum og hitt norðan í honum. Hér er fremur um gróið vik en dal að ræða sem liggur austur-vestur.



Dalurinn, eða vikið, er vaxið grasi og lyngi. Hann er um 35 - 50 m breiður og austarlega liggur

Mynd 175.Sel 523:014a og 014b, horft til norðausturs á báðum myndum.

grasivaxinn hraunhryggur þvert fyrir dalinn. Sunnan megin í dalnum eru tvær stakar tóftir og aðrar tvær norðan megin.
Í skýrslu Fornleifaverndar sem gerð var 2008 segir: "Dalurinn liggur í austur-vestur, tvær tóftir liggja utan í norðurhlíð dalsins og tvær í suðurhlíðinni. Nyrst og vestast er lítil tóft (nr. 761), um 5,3m x 4,7m að stærð, grasi gróin og mosavaxin. Tóftin liggur utan í mosavaxinni hraunbrún sem myndar einn vegg mannvirkisins. Op í austur. Glittir í hleðslusteina i veggjum. Um 4m austar er önnur tóft (nr. 762), 7,4m x 5,6m að stærð. Hún liggur NA-SV með op á NV- langhlið. Tóftin er grasi gróin og mosavaxin. Það glittir í stöku steina í veggjum. Vegghæð er um 50 cm. Um 27m í NNA, hinum megin í þessum litla dal er þriðja tóftin (nr. 763) og sú stærsta. Hún er 9,5m x 6,5m að stærð, liggur sem næst A-V, með inngangi á suðurhlið. Greina má þrjú hólf. Tóftin er grasi gróin og mosavaxin. Við hlið þessarar tóftar, um 1,6m SA við hana, er fjórða tóftin (nr. 764). Hún er 4,5m x 4,5m að stærð og nánast alveg hringlaga. Eitt hólf greinanlegt og inngangur að vestan. Tóftin er grasi gróin og mosavaxin. Glittir í stöðu steina í veggjum. Vegghæð um 40 cm." Litlu er við þessa lýsingu að bæta. Hér er hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar og númer Forneifaverndar er í sviga þar aftar. Tóftir A og B (761 og 762) eru sunnar í dalnum. Til vesturs er tóft A. Hún er um 5 x 5 m að stærð, einföld og hlaðin upp að hraunbrúninni til suðurs sem myndar hluta af þeim vegg. Það glittir í óljóst op til austurs og vesturs, meðfram hraunbrúninni. Veggirnir eru grjóthlaðnir og það glittir víða í grjót án þess að um skýr umför sé að ræða. Veggirnir eru 0,2 - 0,5 m á hæð. Óljóst mótar fyrir hólfaskiptingu inni í tóftinni en það gæti einnig verið hraun eða steinar. Tóft B er 5 m austar. Hún er 8 x 5 m að stærð, snýr NNA-SSV og er einföld. Hún er byggð að hraunbrúninni til suðurs. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,4 - 0,6 m á hæð og 1 - 2 m á breidd. Þeir eru algrónir lyngi og mosa. Op er til norðvesturs, á langhliðinni þar. Tóftir C og D (763 og 764) eru rúmum 25 m NNA í dalnum. Tóft C er vestar. Hún er 8 x 7 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Veggirnir eru 0,3 - 0,6 m á hæð, grjóthlaðnir og algrónir. Þeir eru hæstir að innan til norðvesturs. Hólf 1 er austast. Það er 3 x 1 m að innanmáli og opið til suðurs. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 2 x 2 m að innanmáli og ekkert op sést á yfirborði. Hólf 3 er sunnan við hin hólfin. Það er 2 x 1 m að innanmáli en skil á milli hólfa eru óljós á köflum. Það snýr austur-vestur, er L-laga og sveigir til norðurs, vestast í tóftinni. Mikið hrun er inni í tóftinni sem er algróin. Tóft D er 3 m austan við tóft C. Hún er 4 x 4 m að stærð, einföld og grjóthlaðin líkt og allar hinar tóftirnar. Op er á miðjum vesturvegg. Þeir eru 0,3 m á hæð. Fyrir austan tóftirnar "lækkar" dalurinn og þar er óljós brún eða hryggur sem getir er hér ofar. Allar tóftirnar eru álíka að gerð og ástand þeirra svipað.

Mynd 176. Tóftir 523:014c og 014d, horft til norðausturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Saurbær, 4; Ö-Öxnalækur b, 3; Hengill og umhverfi, 47-49

ÁR-523:015 tóft útihús 63°58.789N 21°11.852V
Tóft er rúma 110 m vestan við bæ 001 og tæpum 50 m vestan við túngarð 008b. Tóftin var rétt utan heimatúnsins líkt og það var afmarkað á túnakorti frá 1918. Tóftin er innan núverandi landamerkja Litla-Saurbæjar ÁR-523b. Útihúsið er í sléttu túni en víða eru hólar og lægðir í því. Það er stutt niður á hraunkletta á þessum slóðum.
Túnið er sléttað en komið í órækt. Það er nýtt til hrossabeitar.
Tóftin er 9 x 5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,3 - 0,4 m á hæð og algrónir. Þeir eru sléttir, hvergi glittir í grjót og mögulega eru þeir torfhlaðnir. Ekki sér móta fyrir hólfaskiptingu á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Saurbær, 4



Mynd 177. Tóft 523:015, horft til NNA.

ÁR-523:016 garðlag túngarður 63°58.822N 21°11.910V

Garðlag liggur að túngarði 008b í norðurenda, smá lág er á milli þeirra. Garðlagið er innan núverandi túna Litla-Saurbæjar en lega þess og ástand líkist einna helst tún- eða vörslugarði.

Allt umhverfis túngarðinn eru gróin, ræktuð tún sem nýtt eru til hrossabeitar.

Túngarðurinn er tæplega 40 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 3 - 4 m á breidd, 0,2 - 0,4 m á hæð og algróinn. Hvergi glittir í grjót á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Mynd 178. Garðlag 523:016, horft til norðausturs.

ÁR-523:017 tóft útihús 63°58.712N 21°11.768V

Tóft er tæpum 110 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 130 m sunnan við tóft 015. Hún er rétt utan heimatúns Litla-Saurbæjar ÁR-523b líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918.

Slétt tún er allt umhverfis tóftina. Það var ræktað en nýtt til hrossabeitar af síðustu ábúendum á Litla-Saurbæ en þeir fluttu burtu veturinn 2014 - 2015.

Tóft og sambyggt gerði eru þarna á hraunbrúninni, til austurs er mýri. Tóftin er 9 x 6 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,3 - 0,7 m á hæð, algrónir að utan en að innan sjást 2 - 4



Mynd 179. Tóft 523:017, horft til norðausturs.

umför af grjóthleðslu. Fyrir norðan tóftina er gerði en suðvesturhluti þess er horfinn. Gerðið var um 25 x 25 m að stærð og var fyrir norðaustan tóftina. Það er horfið í slétt tún til suðvesturs. Þær hliðar sem ennþá sjást eru 2 - 3 m á breidd, 0,2 - 0,4 m á hæð og sjást sem grónir hryggir í túninu. Þær eru afíðandi og búið er að slétta hér yfir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-523:018 *Saurbæjarhjáleiga* heimild bústað
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Saurbæjarhjáleiga hefur hjer verið í túninu, bygð fyrir innan 30 ára tíma, hefur í auðn legið undir eður yfir 20 ár." Ekki er vitað hvar hjáleigan var staðsett og frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hana.
Heimildir:JÁM, 416

ÁR-523:019 brunnur brunnur 63°58.828N 21°11.511V

Mynd 180. Brunnur 523:019, horft til vesturs.

Brunnur er 170 m ANA við bæ 001 og 90 m sunnan við Stöðul 010. Hann er við uppsprettu, nærri Volgalæk sem sveigir hér til suðurs frá hraunbrúninni. Ekki er ljóst hvort að þetta er Austurdý, staðsetningu ber ekki heim og saman við örnefnaskrá.
Brunnurinn er ekki innan heimatúnsins né eru önnur mannvirki þarna nærri. Allt umhverfis er slétt, ræktað tún sem komið er í órækt.
Brunnurinn er 2 x 2 m að stærð, bárujárn og timbur eru yfir opinu. Brunnurinn er hlaðinn, það má greina 2 - 3 umför af grjóthleðslu niður að vatnsyfirborð í gegnum fargið.
Hættumat: engin hætta

ÁR-523:020 tóft fjárhús 63°58.956N 21°11.490V
Tóft er nyrst, í jaðri Vörðuhóls 007. Tóftin er rúma 350 m norðaustan við bæ 001 og 150 m norðan við Stöðul 010. Hún er ekki forn, veggirnir eru hlaðnir en þakið úr bárujárni og timbri. Bárujárnið á þakinu er málað grænt.

Mynd 181. Tóft 523:020, horft til norðvesturs.

Til suðurs og vesturs eru ræktuð tún sem ekki eru nytjuð. Til norðurs eru óræktaðir, lágir hraunhólar. Tóftin er á mörkum ræktaðra túna og gróins hrauns.
Tóftin er 7 x 7 m að stæð og er einföld. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, þeir eru 0,3 - 1,5 m á hæð. Að utan eru þeir algrónir en að innan glittir í 5 - 6 umför af grjóthleðslu. Veggirnir eru hæstir að innan, þar er tóftin grafin inn í hólinn til vesturs. Ekki var hægt að fara inn í tóftina, þakið var hrunið þar fyrir og lofthæð lítil. Op er til norðausturs.
Hættumat: engin hætta

ÁR-523:021 garðlag landamerki 63°59.038N 21°11.387V

Hlaðinn garður er á landamerkjum Stóra-Saurbæjar og Öxnalækjar ÁR-522. Hér er jafnframt um mörk milli sveitarfélaganna Ölfuss og Hveragerðis að ræða. Garðurinn er líklega ekki mjög forn en umfang hans og gerð bendir til þess að eldri garðlög séu þarna undir. Garðlagið sést á grónu hrauni, austan við bæ 001 en hverfur til norðurs og suðurs í gróin tún og framræstar mýrar. Vírgirðing er á garðinum endilöngum.

Mynd 182. Garðlag 523:021, horft til SSA.

Gróið hraun. Lágir hólar og stutt er í grjót í gegnum svörð. Til vesturs og austurs frá hrauninu eru ræktuð tún, á milli bæjanna.

Garðurinn er 250 m að lengd og liggur NNV-SSA. Hann er grjóthlaðinn, 0,5 - 1 m á breidd og vírgirðing er á honum endilöngum. Hún er hrunin og ekki viðhaldið. Það má greina 1 - 4 steina í botni garðsins. Hann er 0,2 - 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-523:022 tóft fjárhús 63°59.077N 21°11.516V

Tóft er um 550 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 230 m norðan við tóft 020. Hún er 40 m vestan við landamerki Öxnalækjar ÁR-522, byggð suðvestan í lága hraunbrún/hól og er mikið röskuð.

Gróið hraun, flatt og stutt er niður á hraungrýti. Víða eru lágar klappir en svæðið er annars mjög gróið.



Mynd 183. Tóft 523:022, horft til suðausturs.

Tóftin er 4 x 4 m að stærð, einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Að utan eru veggirnir algrónir en að innan eru þeir einungis grjóthlaðnir. Þeir eru 0,2 - 0,3 m á hæð og tóftin er grafinn inn í hólinn til norðurs. Op er til vesturs. Hrun er til vesturs frá tóftinni.

Hættumat: engin hætta

ÁR-523:023 *Saurbæjarlaug* örnefni 63°58.900N 21°11.417V

"Saurbæjarlaug: Volg uppspretta sunnan Vörðuhóls [007]," segir í örnefnaskrá. Saurbæjarlaug var um 280 m norðaustan við bæ 001 og um 70 m sunnan við Vörðuhól. Laugin sést ekki á yfirborði, þarna er gróið mýrarvik á milli Vörðuhóls til norðurs og Stöðuls 010 til suðurs. Saurbæjarlaug var líklegra austarlega mýrinni en þarna er nú ræktað, framræst svæði. Líklega var laugin notuð til þvotta eða nýtt að einhverju leiti líkt og flestar aðrar laugar á landinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Saurbær, 2

ÁR-523:024 varða leið 63°59.272N 21°11.835V

Vörðuð leið liggur til suðurs frá Stekkatúni 011 í átt að bæ 001. Vörðurnar eru austarlega á hraunbrún og sjást vel í grónu hrauninu. Samtals voru skráðar fimm vörður en ekki er útilokað að þær hafi verið fleiri. Vörðurnar liggja skammt austan við veg 720:012 á kafla og gætu tengst grjóttöku vegna

veglagningar en ekkert tún á þessum slóðum. Vörðurnar hverfa norðan við nýbýlið Vindás og sjást ekki sunnan þess.
Gróið hraun. Það er grasivaxið á köflum. Ekki sér til leiðar við vörðurnar, fyrir utan veg Gamla Sýsluveg 720:012 en hann liggur þvert á milli vörðu 1 og 2.
Vörðurnar eru á svæði sem er tæplega 170 m að lengd. Vörðurnar sjást fyrir sunnan tóft 011, á lágri brún og hægt er að rekja sig eftir þeim öllum. Þær eru allar grjóthlaðnar, illa hlaðnar og fremur um hrúgur en skipulagða hleðslu að ræða. Þær eru 1 x 1 m að grunnfleti og 0,3 - 0,4 m á hæð. Efstu steinarnir eru yfirleitt hlaðnir en hrúgur neðst. Vörðurnar eru ekki fornar.
Hættumat: engin hætta

Mynd 184. Tvær vörður á leið 523:024.

ÁR-523b Litli-Saurbær

„Um 1850 er fjórði hluti úr Saurbænum gerður að sérstakri jörð og hlaut þá þetta nafn. Árið 1907 fær hann annan fjórða úr jörðinni og er því nú hálf Saurbæjarjörðin. Bærinn stendur á hraunbrúninni […].“ SB III, 351. Ekki er föst ábúð á jörðinni, hún er á söluskrá og hluti hennar er kominn undir sveitarfélagið Hveragerði. Jörðin féll úr ábúð eftir að jarðeignafélagið Lífsval hætti starfsemi milli 2008-2012 eða svo. 1917:



Byggt á túnakorti frá 1917

ÁR-523b:001 *Litli Saurbær* bæjarstæði bústaður 63°58.709N 21°11.858V

Mynd 185. Bær 523b:001, horft til vesturs.

"Um 1850 er fjórði úr Saurbænum gerður að sérstakri jörð og hlaut hann þá þetta nafn. Árið 1907 fær hann annan fjórða úr jörðinni og er því nú hálf Saurbæjarjörðin. Bærinn stendur á hraunbrúninni." segir í Sunnlenskum byggðum III. Í tímaritinu Fjallkonan frá árinu 1896 segir: "Að kveldi hins 5. þ. m. kl. 10 ½ e. m. kom enn jarðskjálfti mikill, og fellu þá algerlega um 30 býli í Ölfusi og um 60 bæir aðrir skemdust meira og minna. — Prestssetrið Arnarbæli er algerlega hrunið og kirkjan þar skektist á grunninum. Auk þess eru algerlega hrundir þessir bæir: […] Litli-Saurbær, Þórustaðir, Hellir, Kirkjuferjuhjáleiga, Stríta, Ósgerði. Skemdir urðu meiri og minni út að Hjallahverfi, enn þar kvað minna að jarðskjálftanum." Íbúðarhús var byggt árið 1938 en árið 1962 varð þarna mikill bruni. Í Sunnlenskum byggðum III segir að nýtt íbúðarhús hafi verið reist síðar (en húsið byggt 1938) en ekki er vitað hvort það er að hluta sama húsið né hvaða ár það var byggt. Nú er eitt íbúðarhús á Litla-Saurbæ og það er nokkurra áratuga gamalt og er hér líklega um sama hús að ræða. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918. Sá bær var líklega á svipuðum stað og núverandi íbúðarhús en ekki fékkst heimildamaður fyrir jörðina og það þarfnast staðfestingar. Bærinn var þó líklega á þessum slóðum, flest útihúsin sem þar sjást núna eru byggð á árunum 1950 - 1960. Ábúð á þessum stað hófst ekki fyrr en um 1850 og því lítilla ummerkja um búsetu að vænta undir sverði. Hvergi sér til uppsafnaðra mannvistarlaga á yfirborði, líklega vegna jarðrasks.
Umhverfis núverandi bæjarstæði eru 20. aldar útihús, íbúðarhús og malarplan. Til allra átta frá bæjarstæðinu eru grasivaxin tún sem komin eru að hluta í órækt.
Engin ummerki bæjarhóls sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB III; 351; Túnakort 1918; http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

ÁR-523b:002 heimild traðir 63°58.672N 21°11.845V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir til suðausturs frá bæ 001, út heimatúnið og niður hraunbrúnina. Ennþá er vegslóði á þessum stað sem liggur að túnum í mýrinni sunnan við bæinn. Traðirnar eru horfnar. Umhverfis malarveginn eru ræktuð tún.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-523b:003 heimild útihús 63°58.702N 21°11.950V
Á túnakorti Litla-Saurbæjar (vesturpartur) er útihús rúmum 70 m vestan við bæ 001, í norðvesturhorni heimatúnsins. Það er horfið.
Slétt, ræktað tún, vestan við núverandi heimreið að bænum. Útihús byggð um miðja síðustu öld eru 25 m sunnar.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-524 Þúfa

1708. "Jarðýrleiki er x og so tíundast fjórum tíundum." JÁM II, 417. 1847. 10 hdr. JJ, 75. "Kröggólfsstaðatorfan. Jarðirnar í henni eru: Kröggólfsstaðir [ÁR-525], Þúfa og Vötn [ÁR-526] […] Hver jörð hafði sitt deilt tún og engi, en beitiland var óskipt. Hlutur Kröggólfsstaða var bestur, enda mun hún hafa verið talin aðaljörðin […] Landamerki: Úr steini við Farkeldupytt (Arnarb.), merktum [sjá 026], bein lína í annan stein í Ósnefi. Stefna til suðvesturs milli Arnarb. og Kröggólfsst. Þaðan bein lína (milli Núpa og Krst.) í Vatnastekk [sjá 006], þaðan lína í Bleiksmýrarklett, þaðan áfram sama lína í afrétt (í Skarsmýrarfjalli). Þaðan lína í Kýrgilshnúk, suðaustan í Hengli. Þaðan lína í Raufarberg vestan við Árstaðafjall (Heim. notaði það nafn). Mörk milli Saurb. og Krst. var Heim. ekki kunnugt." Ö-Kröggólfsstaðatorfan.
1918: Tún 5.6 ha, 2/3 slétt. Garðar 1485 m2.



Byggt á túnakorti frá 1918

ÁR-524:001 *Þúfa* bæjarhóll bústaður 63°58.443N 21°11.927V

Mynd 186. Bæjarhóll Þúfu 524:001, horft til suðausturs.

"Bærinn á Þúfu er norðaustur af Kröggólfsstöðum [ÁR-525]. Hann hefur staðið á sama stað. Heimvegi hefur verið breytt, færður sunnar," segir í örnefnalýsingu. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, í suðausturhorni heimatúnsins. Þúfutjörn er vestan við bæinn og var innan heimatúnsins. Gamli bærinn stóð í "sundi" á milli núverandi íbúðarhúss, byggt 1955, og fjóssins sem var byggt á 20. öld. Stafnar bæjarins snéru til suðurs og kálgarður var framan við bæinn að sögn Sigurðar Ragnarssonar, heimildamanns. Sundið er 5 m breitt og öll ummerki bæjarins sem og bæjarhólsins eru horfin.
Íbúðarhúsið frá 1955 er byggt í suðurhluta bæjarhólsins og fjósið í austurhlutann. Að sögn Sigurðar sléttaði hann út hól norðan og vestan við íbúðarhúsið og gerði malbikað bílaplan. Að hans sögn var eingöngu mold í hólnum. Við jarðrask í kálgarðinum kom fannst hestasteinn úr stuðlabergi, líklega úr landi Auðsholts ÁR-495. Bæjarstæðið er á náttúrulegri, lágri brún sem lækkar til suðurs og afmarkast heimatúnið af henni.
Engin ummerki bæjarins né bæjarhóls sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 3; Túnakort 1918

ÁR-524:002 tóft útihús 63°58.473N 21°11.998V
Útihús er sýnt 80 m vestan við bæ 001 og 2 m norðan við traðir 006 á túnakorti frá 1918. Að sögn Sigurðar Ragnarssonar, heimildamanns, voru þetta fjárhús með niðurgrafinni hlöðu til norðvesturs.



Mynd 187. Tóft 524:002, horft til norðurs.

Sigurður reif fjárhúsin en grunnur hlöðunnar sést ennþá sem dæld í grasivöxnu túni.
Slétt, grasivaxið tún með grónum hraunhólum og -hryggjum. Túnið er nýtt til hrossabeitar.
Fjárhúsin voru suðaustan við hlöðuna. Öll ummerki þeirra eru horfin. Hlaðan var 8 x 7 m að stærð, snéri norðvestur-suðaustur og var 2 3 m djúp. Nú sést 0,2 m djúp lág í túninu og glittir í hleðslusteina hér og þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-524:003 tóft útihús 63°58.412N 21°12.015V
Útihús er sýnt um 100 m suðvestan við bæ 001 og 20 m austan við útihús 004 á túnakorti frá 1918. Að sögn Sigurðar Ragnarssonar, heimildamanns, var þetta lambhús. Núverandi vegur að Þúfu er 3 m sunnan við tóftina og Þúfutjörn er rúmum 20 m norðaustar.



Mynd 188. . Tóft 524:003, horft til norðvesturs.

Umhverfis tóftina er afgirt, óræktað tún með grónum hraunhólum.
Tóftin er röskuð og einungis innri brún veggjanna sjáanleg á yfirborði nema til suðausturs, þar stuttur óraskaður veggur. Tóftin er 6 x 2 m að stærð, snýr norður-suður og er einföld. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Hvergi sést glitta í grjót og líklega var húsið rifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-524:004 heimild útihús 63°58.407N 21°12.037V
Útihús er sýnt 120 m suðvestan við bæ 001 og 20 m suðvestan við lambhús 003 á túnakorti frá 1918. Útihúsið er horfið, líklega sökum niðurrifs.
Umhverfis tóftina er afgirt, óræktað tún með grónum hraunhólum.
Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-524:005 *Púfuhjáleiga* heimild bústaður
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 segir: "Bygð fyrir 8 árum. Varaði bygðin til næstliðins hausts, þá dó fólkið sem þar var, nema kona ein, og hefur síðan í auðn legið." Ekki er vitað með vissu hvar Púfuhjáleiga var staðsett, byggðin varði í tæp 8 ár og því ekki mikilla ummerkja að vænta. Samkvæmt Sigurði Ragnarssyni, heimildamanni, er örnefnið Hjáleiguengi þekkt og líklega nýtt til sláttar frá Púfuhjáleigu. Hann hafði einnig heyrt að Púfuhjáleiga hafi verið sunnan við bæ 001, utan heimatúnsins. Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:JÁM II, 417

ÁR-524:006 heimild traðir 63°58.460N 21°11.967V
Traðir eru sýndar til VNV frá bæ 001 á túnakorti frá 1918. Þær lágu til norðvesturs og sveigðu til vesturs, norðan við Púfutjörn, neðan við fjárhús 002. Heimreið bæjarins var færð á 20. öld, nú liggur vegur að bænum sunnan við Púfutjörn.
Óræktað tún er þar sem austurhluti traðanna lá. Yfir vesturhlutanum eru jarðvegstippur frá Hverageröi og Sigurður Ragnarsson, heimildamaður, notar jarðefnin til að fylla upp í dældir í túnum og gerir vegslóða.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-524:007 garðlag túngarður 63°58.380N 21°12.042V
Túngarður er sýndur afmarka gamla heimatúnið á túnakorti frá 1918 en hann sést ekki á yfirborði. Annar túngarður er varðveittur, innan túnsins líkt og það var 1918. Hér er um tvær útfærslur á túninu að ræða. Þriðji túngarðurinn er norðan við Púfutjörn og mögulega enn eldri. Sigurður Ragnarsson, heimildamaður, taldi að túnið hefði verið stækkað til enn frekar til norðurs eftir að túnakortið var gert.

Vírgirðing liggur við túngarðinn en ekki á honum. "Innan" túngarðsins eru bæði ræktuð og óræktuð tún. "Utan" hans eru óræktuð svæði og malarvegur.
Í lýsingu þessari fá túngarðarnir bókstaf til aðgreiningar. Túngarður A er sýndur á túnakortinu og

Mynd 189. Túngarður 524:007a, horft til norðurs og 0070b, horft til austurs.

afmarkaði svæði sem er 390 x 230 m að stærð og snéri norður-suður. Hann er horfinn. Túngarður B er varðveittur vestan við bæ 001 og sést á rúmlega 230 m löngum kafla. Hann sést sunnan við malarveg að Þúfu og liggur til norðvesturs. Vegurinn sker hann í tvennt en túngarðurinn hverfur síðan undir jarðvegstipp (jarðvegsúrgang) frá Hveragerðisbæ. Fyrir norðan jarðvegshrúgurnar sést túngarðurinn aftur liggja áfram til norðurs og hverfur loks í grasivaxið, slétt tún nýtt til hrossabeitar. Túngarðurinn er 1,5 - 3 m breiður, 0,3 m á hæð og grjóthlaðinn. Víða er gróið yfir hleðslur en hér og þar glittir í 1 - 2 umför af grjóti. Einnig sést smágrýti víða inn á milli stærri steina. Túngarður C er innan heimatúnsins, um 60 m norðan við Þúfutjörn. Hann er líklega eldri sé tekið mið af ástandi hans og gróðurfari. Túngarðurinn er 3 m breiður, 0,3 m á hæð og algróinn. Túngarðurinn er útflattur en eltir greinilega gróna hraunhóla og jarðvegur hefur safnast upp að honum. Túngarðurinn liggur í sveig, ANA-VSV og sést á um 50 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-524:008 heimild leið 63°58.447N 21°11.876V
Traðir eru sýndar til SSA frá austurhorni bæjarhúsanna á túnakorti frá 1918. Ekki er vitað hvert leiðin lá en hún sameinaðist líklega vegi 720:013 sem sést á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1908. Sá vegur er ruddur og lá fyrir sunnan heimatún Þúfu, allt frá gamla sýsluvegi 720:012.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem leiðin lá áður.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; LMI 1:50000 37

ÁR-525 Kröggólfsstaðir

1708. "Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum […]" JÁM II, 418. 1847. 32 hdr. JJ, 75. "Kröggólfsstaðatorfan. Jarðirnar í henni eru: Kröggólfsstaðir, Þúfa [ÁR-524] og Vötn [ÁR-526]... Hver jörð hafði sitt deilt tún og engi, en beitiland var óskipt. Hlutur Kröggólfsstaða var bestur, enda mun hún hafa verið talin aðaljörðin...Landamerki: Úr steini við Farkeldupytt (Arnarb.), merktum [sjá 026], bein lína í annan stein í Ósnefi. Stefna til suðvesturs milli Arnarb. og Kröggólfsst. Þaðan bein lína (milli Núpa og Krst.) í Vatnastekk [sjá 006], þaðan lína í Bleiksmýrarklett, þaðan áfram sama lína í afrétt (í Skarsmýrarfjalli). Þaðan lína í Kýrgilshnúk, suðaustan í Hengli. Þaðan lína í Raufarberg vestan við Árstaðafjall (Heim. notaði það nafn). Mörk milli Saurb. og Krst. var Heim. ekki kunnugt."
1918: Tún 5.1 ha, 2/5 slétt. Garðar 1752 m2.



ÁR-525:001 *Kröggólfsstaðir* bæjarhóll bústaður 63°58.348N 21°12.348V

Mynd 190. Bæjarhóll 525:001, horft til vesturs.

"Kröggólfsstaðir: Bærinn á Kröggólfsstöðum hefur staðið á sama stað svo lengi sem elstu menn muna. […] Þjóðsaga sem ég hef heyrt hér í Ölfusi hermir. Þegar Karl þræll Ingólfs stauk frá honum af því að hann neitaði að byggja útsker það, sem guðirnir settu Ingólf á, (Landnáma) Hann fannst þar sem eru Reykir í Ölfusi. Hann bjó þar síðar. Þegar hann fór huldu höfði átti hann í mestu kröggum. Þá fæddi "kona hans" son, sem þau nefna Kröggólf. Hann byggði Kröggólfsstaði." segir í örnefnalýsingu. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918. Íbúðarhúsið á Kröggólfsstöðum er byggt 1961, í suðurhluta bæjarhólsins. Að sögn Moniku S. Pálsdóttur, heimildamanns, var annað íbúðarhús norðan þess, rúmur 1 metri var á milli þeirra. Það hús var byggt á fyrri hluta 20. aldar en var rifið í minni Moniku. Núverandi íbúðarhús snýr austur-vestur en eldra húsið snéri norðaustur-suðvestur og var á miðjum bæjarhólnum. Að sögn Moniku koma alltaf upp hleðslusteinar og ummerki um búsetu við jarðrask í kringum íbúðarhúsið.

Bærinn á Kröggólfsstöðum er á lágu holti, allt umhverfis það eru grasivaxin tún. Bærinn er nánast á miðju holtinu. Núverandi íbúðarhús er í suðurhluta bæjarhólsins, bakgarður er sunnan og suðvestan þess. Til austurs er malarplan og liggur malarvegur þar að bænum. Vírgirðing liggur þvert yfir norðurhluta hólsins.

Mikið rask hefur orðið á bæjarhólnum, ekki síst vegna byggingaframkvæmda á síðustu öld. Það hafa tvö íbúðarhús verið byggð í hólinn á 20. öld, malarplan er yfir norðurhlutanum og vegur þvert yfir hann. Auk þess hafa flest útihús frá 20. öld verið byggð nærri hólnum og nartað af hliðum hans. Enn má greina norður- og norðausturhluta bæjarhólsins á 21 x 10 m stóru svæði. Þar er grasivaxið, slétt tún nýtt til beitar. Greinilegt er að sléttað hefur verið yfir bæjarhólinn sem er ávöl hólbunga, um 0,4 m þar sem hún er hæst. Erfitt er að greina uppsöfnuð mannvistarlög frá náttúrulegu holtinu en víða glittir í staka hleðslusteina og beina bakka. Dæld, 7 x 5 m að stærð, sést til norðurs á hólnum.

Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 1, 7; Túnakort 1918

ÁR-525:002 tóft útihús 63°58.377N 21°12.249V

Útihús er sýnt 100 m ANA við bæ 001 og 80 m sunnan við túngarð 019 á túnakorti frá 1918. Útihúsið sést enn á lágum hól, líklega að stórum hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Vírgirðing liggur yfir hólinn miðjan, fast norðan við tóftina. Þetta voru fjárhús sem notuð voru langt fram á 20. öld að sögn Moniku S. Pálsdóttur, heimildamanns.

Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis fjárhúsin. Mýrlent er til austurs frá tóftinni og að holtinu sem bær



Mynd 191. Tóft 525:002, horft til vesturs.

001 var á. Hóllinn er gróinn til austurs en hrossum er beitt á vesturhlutann.
Hóllinn er 22 x 18 m að stærð, 0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Á honum er hlaðinn veggur úr fjárhúsum sem voru rifin undir lok 20. aldar og stakstæður grunnur. Veggurinn er vestar. Hann er 23 m langur, 2 m breiður og snýr austur-vestur. Hann er grjóthlaðinn, 0,3 m á hæð og 2 umför grjóthleðslu eru í honum. Fyrir vestan vegginn er grjótdreif án þess að hægt sé að greina mannvirki. Grunnurinn er 5 m austan við vegginn. Hann er 7 x 6 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 1 m á breidd og gerðir úr grjóti og steypu. Ekki er hægt að greina op á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-525:003 *Ingublettur* heimild
"Ingublettur: Grýttur smáhóll suðvestast í Nátthaganum [016], suðaustur frá bænum. Það var álagablettur, mátti ekki slá," segir í örnefnaskrá. Í bókinni *Landið, fólkið og þjóðtrúin* segir að staðsetning Ingubletts sé týnd og öll ummerki hans horfin. Ingubettur er týndur og ekki er vitað hvar hann var nálvæmlega. Líklega hvarf hann þegar tún voru sléttuð suðvestan við bæ 001 á 20. öld að sögn Moniku S. Pálsdóttur, heimildamanns. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 2; Bjarni Harðarson, 50

ÁR-525:004 renna áveita 63°58.520N 21°11.472V
"Varmá rann í skurði, sem handgrafinn var um 1890, fram til 1920, en þá fór hún í flóðum að renna vestur með túni á Kröggólfsstöðum og í Vatnatjörn. Um 1930 rennur hún þar eingöngu og þar til að henni er veitt í vélgrafna skurðinn, sem hún rennur í nú," segir í örnefnalýsingu. Handgrafni skurðurinn sést enn og er rúmum 750 m NNA við bæ 001. Raflína liggur 10 m sunnan við skurðinn, á svæði sem nú tilheyrir Þúfu ÁR-524. Malarborin reiðvegur liggur yfir norðurhluta skurðsins.
Allt umhverfis skurðinn eru grasivaxin tún og framræst mýri.
Skurðurinn er rúmlega 1 km langur og snýr NNA-SSV í grónum túnum. Til norðurs hefur hluti skurðsins verið grafinn fram með vélum meðan aðrir hlutar eru óraskaðir. Skurðurinn er 3 - 5 m breiður, beinn en víða eru bakkarnir flattir út. Til vesturs er hann 0,5 m breiður en til austurs 1 - 1,5 m djúpur. Ekkert vatn rennur í skurðinum nú fyrir utan grunnvatn sem safnast saman í mýrlendi. Til norðurs sést vel hvernig áin breiddi úr sér áður en skurðurinn tók við vatninu.

Mynd 192. Áveita 525:004, horft til SSV.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 2

ÁR-525:005 *Jóhönnurétt* tóft rétt 63°58.779N 21°12.389V
Jóhönnurétt: Fjárrétt, nú fallin, austur af Skarðinu, notuð í minni heimildarmanns," segir í örnefnaskrá. Jóhönnurétt er 800 m norðan við bæ 001 og rúma 470 m sunnan við Þúfustekk 009. Jóhönnurétt er fremst (austast) á gróinni hraunbrún. Réttin sést illa og sker sig ekki úr nánasta umhverfi.
Gróið hraun. Yfir hrauninu er mói en víða kemur grjót uppúr sverði. Svæðið er flatt.
Réttin er 24 x 10 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Í suðausturhorni er lágur klettahryggur sem nýttur er í veggi. Réttin er grjóthlaðin en veggirnir hrundir og eru 0,1 - 0,3 m á hæð. Það má sjá eitt umfar af tvöfaldri hleðslu í þeim, undirstöður veggjanna. Annað hleðsluefni er horfið. Op er á miðri suðurhlið. Ekki sér til hólfaskiptingar inni í réttinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 4



Mynd 193. Jóhönnurétt 525:005, horft til ANA.

ÁR-525:006 *Vatnastekkur* tóft stekkur 63°58.682N 21°13.147V
"Vatnastekkur: Gamall stekkur á Vatnabrekkum, síðar var þar sauðahús, sér enn fyrir," segir í örnefnaskrá. Vatnastekkur er 900 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 600 m norðvestan við Vötn 526:001. Stekkurinn er fast austan við landamerki Núpa ÁR-527 og þar er vírgirðing á merkjum. Að sögn Aldísar Pálsdóttur, heimildamanns, voru sauðahúsin notuð langt fram á 20. öld.
Grasivaxið, slétt tún er allt umhverfis tóftina. Túnið er nýtt til hrossabeitar og er ekki slegið.
Tóftin er 23 x 10 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Lýsingin hefst sunnar, í hólfi 1.

Mynd 194. Vatnastekkur 525:006, horft til NNV.

Það er 12 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið var líklega stærra en suðurendi tóftarinnar er raskaður, líklega vegna landamerkjagirðingarinnar. Þar var op sem sést illa á yfirborði. Veggirnir eru 0,4 - 0,7 m á hæð, 2 - 3 m breiðir og má sjá 2 - 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Ekki sér til jötu eða garða. Hólf 2 er norðar og var hlaða. Það er 6 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekkert op er þar inn. Veggirnir eru 1 m á hæð að innan en 0,5 m að utan og má sjá 2 - 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Víða er tekið að hrynja úr veggjunum. Gólf hlöðunnar er niðurgrafið um 0,3 m. Fyrir VSV tóftina er 0,3 m há upphækkun sem gæti tengst stekknum en öll ummerki hans eru horfin af yfirborði. Líklega var hann rifinn þegar sauðahúsin voru reist eða er hluti af núverandi tóft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 4

ÁR-525:007 *Gvendarbrunnur* þjóðsaga 63°58.645N 21°12.910V
"Gvendarbrunnur: Uppspretta suður af Vatnabrekkum, sennilega hefur Guðmundur góði vígt hana," segir í örnefnalýsingu. Gvendarbrunnur er rúma 700 m norðvestan við bæ 001 og 200 m austan við Vatnastekk 006.
Hraunbrúnin er 3-4 m há og algróin. Vatn seytlar undan henni á nokkrum stöðum og myndar litla tjörn

sem sameinast Vatnatjörn.
Undan gróinni hraunbrún sprettur vatn upp á nokkrum stöðum og myndar læk sem rennur í Vatnatjörn nokkru sunnar. Stærsta uppsprettan rennur í miðjan lækinn og steypt rör er þar. Minni uppsprettur eru þar víða og svæðið undir hraunbrúninni er mýrlent. Fyrir vestan lækinn er búið að raða steinum ofan á steinsteypt rör og líklega er uppspretta þar líka. Hver þeirra er Gvendarbrunnur er ekki vitað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 4

Mynd 195. Gvendarbrunnur 525:007, horft til suðvesturs.

ÁR-525:008 *Kröggólfsstaðastekkur* tóft stekkur 63°59.037N 21°12.814V
"Kröggólfsstaðastekkur: Hóll gróinn með leifum af stekk, fast sunnan við þjóðveginn norðaustur af Krossgötum [sjá 010 og 011]," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er rúmum 180 m vestan við Þúfustekk 009 og rúmum 1,3 km norðan við bæ 001. Stekkurinn er fast sunnan við þjóðveg 38 og er á stórum hól sem að mestu er uppsöfnuð mannvistarlög.
Tóftin er á stórum hól, um 5 m sunnan við malbikaðan þjóðveg. Reiðstígur liggur á milli hólsins og þjóðvegarins. Fyrir sunnan hólinn er vírgirðing en grasivaxið svæði er við tóftina.
Hóllinn er um 20 x 17 m að stærð og 1 - 1,5 m á hæð. Hann er grasivaxinn, brattur og snýr norðaustur-



Mynd 196. Kröggólfsstaðastekkur 525:008, horft til norðausturs.

suðvestur. Greinilegt er að mikil mannvist er hér undir sverði. Stekkjartóftin er ofan á hólnum. Hún er 12 x 9 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Lýsingin hefst norðaustar, í hólfi 1. Það er 6 x 4 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru algrónir og hvergi glittir í grjót. Þeir eru 0,3 - 0,4 m á hæð og 2 m breiðir. Veggirnir eru lægstir til suðausturs. Hólfið er opið til norðvesturs. Hólf 2 er suðvestar og er lægra en hólf 1. Það er 7 x 2 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru 0,3 - 0,4 m á hæð og op er til norðvesturs. Veggirnir eru algrónir en grjót finnst í gegnum svörðinn. Bratt er til suðurs, niður hólinn við tóftina. Mögulega eru þetta tvær tóftir eða tvö byggingarstig stekkjarins.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 4

ÁR-525:009 *Þúfustekkur* tóft stekkur 63°59.020N 21°12.596V
"Þúfustekkur: Hóll austur af Krst. stekk. Þar var gamall stekkur, síðar sauðahús, aflagt vegna þess að bráðapest var þar mögnuð." segir í örnefnalýsingu. Þúfustekkur er tæpa 1,2 km norðan við Þúfu ÁR-524:001 og 180 m austan við Kröggólfsstaðastekk 008. Tóftin er 2 m vestan við vírgirðingu á merkjum Þúfu og Kröggólfsstaða en var áður í sameiginlegu beitarlandi.

Gróið hraun og mói. Víða kemur grjót í gegnum svörð. Móinn er þýfður og flatur. Hér og þar eru lágir hraunhólar, tóftin er á einum slíkum.



Mynd 197. Þúfustekkur 525:009, horft til norðvesturs.

Tóftin er 21 x 7 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf eða byggingarstig. Beitarhúsið er sunnar og stekkurinn er norðar. Lýsingin hefst til suðurs í hólfi 1 sem er beitarhúsið. Það er 11 x 3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,5 - 0,8 m á hæð, 2 m breiðir og má sjá 2-3 umför af grjóthleðslu í þeim. Víða er tekið að hrynja úr veggjunum að innan og gróið yfir hleðslurnar. Hólfið er opið til SSA og ekki sér til jötu eða garða. Veggirnir eru hæstir til norðvesturs. Hólf 2 er norðar og var stekkurinn. Það er 4 x 2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er á miðjum vesturvegg. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 1 - 2 m á breidd, algrónir og þýfðir. Hólf 2 er fornt á að líta og veggir mun minni umfangs en í hólfi 1.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 4

ÁR-525:010 gata leið 63°58.951N 21°13.026V

Mynd 198. Leið 525:0110, horft til suðausturs.

"Smjörflatir: Valllendisflatir, hærri en umhverfið, norðaustur af Laugum, þar lágu götur," segir í örnefnalýsingu. Leiðin sést í landi Kröggólfsstaða en hverfur við svokallaðar Laugar, nærri landamerkjum Núpa ÁR-527. Ekki er vitað hvert leiðin lá en hún var ruddur vagnvegur.
Leiðin liggur í grónu, flötu hrauni. Þar er aðallega gras og mosi en stutt er niður á grjót í gegnum svörðinn.
Vegurinn sést liggja til norðvesturs frá vegi 525:011 og áfram að svokölluðum Laugum sem eru í landi Núpa. Ekki er hægt að rekja veginn þaðan. Vegurinn er tæplega 300 m langur, 3 m breiður og liggur norðvestur-suðaustur. Þjóðvegur 38 sker hann í tvennt.

Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 5

ÁR-525:011 gata leið 63°58.917N 21°12.918V
"Jarpsmýrarhryggur: Brunahraunhryggur, sem liggur upp og niður brekkuna yfir þjóðveginn. Þar lá gata. Skemmdur 1970," segir í örnefnalýsingu. Hér er líklega um sömu leið að ræða sýnd er á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1908. Sú leið lá til norðurs frá bæ 001, yfir Bæjarþorpsheiði og áfram upp á Hellisheiði. Engin heimildamanna sem rætt var við kannaðist við örnefnið Jarpsmýrarhryggur en töldu að framkvæmdir við Þjóðveg 1 hefðu raskað hryggnum uppi á Hellisheiði. Leiðin lá í gegnum lægð í neðsta hraunkambinn, svokallað Skarð, norðan við heimatúnin og yfir Bæjarþorpsheiði. Þetta voru götur

eftir búfé sem rekið var til fjalls að sögn Sigurðar Ragnarssonar, heimildamanns.
Leiðin liggur í grónu hrauni. Stutt er í grjót gegnum svörð og grjót kemur víða upp.
Þessi leið sést ennþá vel á rúmlega 2,2 km löngum kafla. Leiðin lá til NNA frá heimatúninu í gegnum svokallað Skarð. Þaðan hlykkjast hún til NNA yfir Bæjarþorpsheiði og hverfur skammt suðvestan við neðstu beygjuna á Þjóðvegi 1, í Kömbum. Leiðin sést vel, er 8-10 m á breidd en mold er í botni hennar. Paldrarnir eru horfnir en líklega var leiðin rudd á einhverjum tímapunkti. Eftir svokallaðar Krossgötur, þar sem leið 010 fer til norðvesturs, breytist leiðin og er órudd. Þar er hún 0,5-1 m breidd, 0,3 m djúp og hlykkjast áfram á milli gróinna hraunhóla og þúfna.

Mynd 199. Leið 525:011, horft til suðausturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 5; Herforingjaráðskort nr. 37, 1908

ÁR-525:012 *Kúaslóðar* gata leið 63°58.191N 21°11.831V
"Kúaslóðar: Bæjarþorpsjarðir beittu búfé sínu í Botnamýri, smkv. ævagömlum samningum. Búféð var rekið út í Forina vestast í Suðurhólmum og mynduðust þar slóðir, sem nefndar voru þessu nafni. Um Kúaslóðina rann Varmá um tíma og er þar árfar, sem notað var sem heybandsvegur utan af Botnamýrabökkum og úr Bugnum," segir í örnefnalýsingu. Leiðin sést enn um 900 m sunnan við bæ 001, við Kúavað 013 en hverfur þegar komið er í móa og framræst mýrlendi. Mögulega má rekja hana leiðina á köflum í mýrinni en skrásetjari rakti hana ekki alla.
Leiðin liggur eftir grónum og gömlum áfarvegi Varmár, í framhaldi af skurði 004. Allt umhverfis eru óræktuð tún og mói, nýttur til beitar fyrir hross. Svæðið er mýrlent eftir því sem sunnar dregur, að Botnamýri.

Mynd 200. Kúaslóðar 525:012, horft til NNA.

Leiðin sést sem fyrr segir í gömlum farvegi Varmár, suðvestan við Kúavað sem var notað á þessari leið. Leiðin sést á tæplega 500 m löngum kafla og hlykkjast norður-suður. Leiðin er 3 - 4 m á breidd, 0,3 m á dýpt og algróin. Rennsli Varmár hefur raskað leiðinni og hún horfið í mýrlendi þegar sunnar dregur sem og í engjum, sem voru afar blautar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 2

ÁR-525:013 *Kúavað* heimild vað 63°58.240N 21°11.786V
"Kúavað: Vað á Varmánni fram (suðaustur) á eggjarnar. Áin horfin þaðan nú," segir í örnefnalýsingu. Áin rann í handgröfnum skurði 004, m.a. fyrir suðaustan heimatún Þúfu ÁR-524. Áin breiddi úr sér á kafla og þar var Kúavað, um 500 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 480 m sunnan við Tittlingsvað 031. Hér sést ennþá þurr farvegur Varmár og bílslóði niður á engjar. Þetta land tilheyrir nú Vötnum ÁR-526. Vaðið var notað á leið 012.
Malarvegur liggur niður á engjar. Umhverfis slóðann eru afgirt beitarhólf til allra átta nema norðvesturs. Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 3

ÁR-525:014 *Helluvað* heimild vað 64°00.897N 21°14.099V
"Helluvað: Er á Hengladalaánni sunnan Smjörþýfis, áður en hún fer að renna í gljúfrin niður fjallsbrekkuna," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er 5 km norðan við bæ 001 og 2,8 km norðan við Drangaborg 022. Hengladalsá rennur nokkuð þröngt á þessum slóðum, við efstu brekkuna á Þjóðvegi 1 í Kömbum. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað.
Farvegur árinnar er mjög grýttur og djúpir pyttir við suma steinana. Áin er fremur straumhörð og erfitt að fara yfir hana. Ekki sér til gatna á þessum slóðum né hvar farið var yfir ánna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 6

ÁR-525:015 *Kröggólfsstaðahjáleiga* heimild bústaður
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: Kröggólfsstaðahjáleiga. Dýrleikinn talinn með heimajörðinni." Ekki er vitað hvar Kröggólfsstaðahjáleiga var staðsett og frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hana.
Heimildir:JÁM II, 419

ÁR-525:016 heimild nátthagi 63°58.146N 21°11.925V
"Kröggólfsstaðanátthagi: Norðausturhornið á Heimaengjum, milli lækjarins og árfarsins," segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn var rúma 500 m SSA við bæ 001 og 200 m suðvestan við Kúavað 013. Ekki er vitað hvort að hlaðnir veggir afmörkuðu hann eða hvort að þetta var einungis nafn á svæðinu.
Óræktað, slétt tún er nú í svokölluðum Heimaengjum. Svæðið var sléttað um miðja síðustu öld og nýtt til beitar.
Engin ummerki nátthagans sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 2

ÁR-525:017 frásögn þingstaður 63°58.326N 21°12.357V
Að sögn Moniku S. Pálsdóttur, heimildamanns, var þinghús rúmum 40 m sunnan við bæ 001 og 130 m suðvestan við útihús 002. Það var í suðvesturhorni bæjarhólsins en ekki er vitað hvenær það var í notkun. Þar sem þinghúsið var er nú gróinn bakgarður íbúðarhússins á Kröggólfsstöðum. Þar eru tré, blómabeð og hellulögð svæði. Fyrir sunnan og suðvestan við íbúðarhúsið er aflíðandi jarðvegsstallur, 1 m á hæð. Þinghúsið var þar undir. Ekki er ljóst hvort að stallurinn tengist þinghúsinu, bæjarhólnum eða hluti af náttúrulegu holti, sökum rasks.
Engin ummerki þinghússins sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-525:018 heimild traðir 63°58.386N 21°12.121V
Traðir eru sýndar á túnakorti frá 1918 og komu að bænum úr ANA. Þær lágu líklega á sama stað og núverandi malarvegur að bænum. Ekki er vitað hvort að traðirnar voru með hlöðnum veggjum eða einungis slóði eftir umferð manna og dýra.
Slétt, grasivaxin tún eru beggja vegna við malarveginn. Þau eru nýtt til sláttar og beitar.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-525:019 heimild útihús 63°58.436N 21°12.477V
"Sauðhúsbarð: Rani vestur af Gráhól að Vatnatjörn," segir í örnefnalýsingu. Sauðhúsbarð er rúmum 190 m norðvestan við bæ 001 og rúma 600 m suðaustan við Gvendarbrunn 007. Ekki er merkt útihús á þessum slóðum á túnakorti frá 1918. Til vesturs frá Gráhól er lágt, aflíðandi barð sem liggur norðvestur-suðaustur að Vatnatjörn. Það er um 30 - 40 m langt og 0,2 - 0,3 m á hæð. Ekki sér til mannvistar þar.
Grasivaxið, óræktað tún. Túnið hefur verið sléttað en ekki slegið lengi. Þar eru tveir stórir hólar, Gráhóll og Fagurhóll og fleiri lágar mishæðir. Túnið er nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 1

ÁR-525:020 garðlag túngarður 63°58.417N 21°12.251V

Að sögn Moniku S. Pálsdóttur, heimildamanns, var vegur eða útflatt garðlag innan gamla heimatúnsins, rúmum 150 m norðaustan við bæ 001. Hér er líklega um útflattan túngarð að ræða. Á túnakorti frá 1918 nær túnið 30 - 40 m lengra til norðurs og það verið stækkað á einhverjum tímapunkti.

Mynd 201. Túngarður 525:020, horft til suðausturs.

Slétt, grasivaxið tún. Lágir hólar og lautir eru víða í túninu sem er nýtt til beitar.

Tvö garðlög sjást innan heimatúnsins og var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Túngarður A er sunnar. Hann er rúmlega 110 m að lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 3-4 m breiður, 0,2 - 0,3 m á hæð og útflattur. Túngarðurinn er algróinn en það glittir í staka steina hér og þar. Líklega var túngarðurinn grjóthlaðinn en gróið er yfir hleðslur. Hann hverfur í gróið tún til beggja átta. Óljóst mótar fyrir garðlagi B til austurs frá miðjum túngarði A. Það er tæplega 40 m langt, 0,1-0,2 m á hæð og 3-4 m á breidd. Garðlagið er útflatt og nánast horfið í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-525:021 frásögn draugur 63°58.404N 21°12.429V

Að sögn Moniku S. Pálsdóttur voru þrír hólar norðan við bæ 001, Langhóll, Gráhóll og Fagurhóll. Áður en foreldrar Moniku fluttust að Kröggólfsstöðum árið 1963, var búið að taka Langhóll til efnistöku, þar er nú blautur mýrarpollur. Í kjölfar þess að hóllinn var tekin hófst mikill draugagangur á bænum og tveir ábúendur fluttu þaðan af þeim sökum. Þegar foreldrar Moniku fluttust að bænum dreymdi móður hennar konu sem bað hana um að hólarnir tveir sem eftir væru yrðu látnir í friði. Allt hefur verið með kyrrum kjörum síðan. Hólarnir eru rúmum 120 m norðvestan við bæ 001.

Mynd 202. Gráhóll og Fagurhóll 525:021, horft til suðvesturs.

Gráhóll og Fagurhóll eru grónir hraunhólar í sléttu, grasivöxnu túni nýttu til beitar. Þeir eru 5 - 8 m á hæð, 30 - 40 m í þvermál og brattir. Afgirtur mýrarpollur er þar sem Langhóll var áður.

Hættumat: engin hætta

ÁR-525:022 *Tittlingsvað* heimild vað 63°58.472N 21°11.525V

"Tittlingsvað: Vað sem er á Varmánni við Þúfubuginn," segir í örnefnalýsingu. Varmá var eitt sinn veitt í skurð 004 og niður á engjar, vaðið var yfir skurðinn. Vaðið er rúmum 700 m austan við bæ 001 og 100 m SSV við skurð 004. Þetta svæði tilheyrir Þúfu (2014). Raflína liggur yfir áætlaðri staðsetningu vaðsins.

Slétt, ræktað tún er beggja vegna við vélgrafin skurð.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 4

ÁR-525:023 heimild rista 63°58.179N 21°10.599V
"Kröggólfsstaðahagamýri: […] Í hagamýrinni áttu allar jarðirnar í Bæjarþorpinu rétt til torfristu," segir í örnefnalýsingu. Kröggólfsstaðahagamýri er 1,5 km austan við bæ 001 og 950 m suðaustan við skurð 004. Engin ummerki ristunnar eru þar.
Framræst, flöt mýri nýtt til hrossabeitar. Svæðið er gróið en víða eru blautir mýrarpollar.
Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 4

ÁR-525:024 garðlag áveita 63°58.650N 21°12.788V

Mynd 203. Áveita 525:024, horft til suðurs.

Áveitugarður er rúma 650 m norðvestan við bæ 001 og 100 m austan við Gvendarbrunn. Áveitan er í mýri norðan og vestan við Vatnatjörn, sunnan við gróna hraunbrún. Ekki er vitað frá hvaða tíma áveitan er né hversu stórt svæði hún náði yfir.
Framræst, rök mýri. Hún er grasivaxin og nýtt til beitar.
Áveitugarðurinn er 75 m að lengd og liggur norður-suður. Hann er 0,3 m á hæð, 2-3 m á breidd, algróinn og þýfður. Hann er hæstur til vesturs og renna er þar meðfram garðinum. Garðurinn er torfhlaðinn og útflattur. Vatninu var veitt á tún vestan við áveitugarðinn, þar er slétt tún er austan hans er þýft tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-525:025 *Gerði* örnefni vörslugarður 63°58.190N 21°11.650V
"Gerði: Næsta stykki fyrir framan (suðaustan) Vellisskák, móts við Suðurhólma frá Kröggólfsstöðum," segir í örnefnaskrá. Gerði tilheyrir landi Vatna ÁR-526 nú. Ekki eru þekktar neinar minjar þar. Gerði er rúmum 650 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 140 m suðaustan við Kúavað 032.
Óræktað tún, nýtt til beitar.
Engin ummerki Gerðis sjást á yfirborði,
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 3

Mynd 204. Steinn úr kálgarði á bæjarhól Þúfu ÁR-524 er hér á myndinni.

ÁR-525:026 áletrun landamerki
"Landamerki: Úr steini við Farkeldupytt (Arnarb), merktum, bein lína í annan stein í Ósnefi," segir í örnefnalýsingu. Sigurður Ragnarson, heimildamaður, man eftir steininum við Farkeldupytt, úr barnæsku. Steinninn var úr stuðlabergi, líklega úr Auðsholti ÁR-495. Á honum var klappað X. Að sögn Moniku S. Pálsdóttur er steinninn ekki lengur á sínum stað, sögur eru um að hann sé í geymslu hjá þekktum manni en hún vildi ekki gefa upp hver hann væri. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn. Svipaður steinn fannst við jarðrask í kálgarði sunnan við Þúfu ÁR-524:001.
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 1

ÁR-525:027 heimild
"Árið 1901 var einnig stofnað rjómabú á Kröggólfsstöðum í Reykjasókn. Búið á Kröggólfsstöðum starfaði aðeins þar í eitt ár og lagðist svo niður." segir í Sunnlenskum byggðum III. Ekki er vitað hvar rjómabúið var staðsett en líklega var það við Varmá eða nærri bæ 001. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:SB III, 298

ÁR-526 Vötn

1708. "Jarðýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum." JÁM II, 419. 1847. 32 hdr. JJ. 75. "Kröggólfsstaðatorfan. Jarðirnar í henni eru: Kröggólfsstaðir [ÁR-525], Þúfa [ÁR-524] og Vötn […] Hver jörð hafði sitt deilt tún og engi, en beitiland var óskipt. Hlutur Kröggólfsstaða var bestur, enda mun hún hafa verið talin aðaljörðin […] Landamerki: Úr steini við Farkeldupytt (Arnarb.), merktum [sjá 026], bein lína í annan stein í Ósnefi. Stefna til suðvesturs milli Arnarb. og Kröggólfsst. Þaðan bein lína (milli Núpa og Krst.) í Vatnastekk [sjá 006], þaðan lína í Bleiksmýrarklett, þaðan áfram sama lína í afrétt (í Skarsmýrarfjalli). Þaðan lína í Kýrgilshnúk, suðaustan í Hengli. Þaðan lína í Raufarberg vestan við Árstaðafjall (Heim. notaði það nafn). Mörk milli Saurb. og Krst. var Heim. ekki kunnugt." Ö-Kröggólfsstaðatorfan.
1918: Tún 5.1 ha, 2/3 slétt. Garðar 1440 m2.



ÁR-526:001 *Vötn* bæjarhóll bústaður 63°58.541N 21°12.493V

Mynd 205. Bæjarhóll 526:001, horft til norðurs.

"Vötn: Bærinn Vötnum stendur í hraunjaðrinum, norður frá Kröggólfsstöðum [ÁR-525]. Núverandi íbúðarhús stendur skammt suðaustur af gamla bænum. Heimreið til suðausturs á svipuðum stað og nú," segir í örnefnalýsingu. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918 og stóð við norðausturhorn Vatnatjarnar. Í örnefnalýsingunni er talað um íbúðarhús, byggt 1944, sem er horfið. Núverandi íbúðarhús er byggt 1974, um 100 m austar. Um miðja 20. öld voru byggð steinsteypt útihús í bæjarhólinn sem röskuðu honum mikið og hann horfinn af yfirborði. Stafnar bæjarins snéru líklega til austurs. Gamli bærinn er til á myndum í eigu Aldísar Eyjólfsdóttur, heimildamanns.
Bæjarhóllinn var við norðausturbrún hraunjaðarsins, við Vatnatjörn. Um 30 m voru frá bænum að tjörninni sem afmakaði vesturhlið heimatúnsins. Að sögn Aldísar var kálgarður suðvestan við bæinn, allt að vatninu.
Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum og nánasta umhverfi. Íbúðarhúsið frá 1944 var líklega byggt fast suðaustan við hólinn. Öll ummerki þess eru horfin. Um miðja 20. öld voru einnig byggð steinsteypt útihús sem röskuðu öllum bæjarhólnum. Öll þessi mannvirki frá 20. öld hafa verið rifin en sjást að hluta á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum III. Nú, 2014, er búið að hlaða gerði úr efni þessara mannvirkja, á bæjarhólnum. Gerðið er 50 x 20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir þess eru 1,5 - 2 m háir, 3 m breiðir og grasivaxnir. Innan þess er m.a. búvélar og rusl. Til norðausturs frá gerðinu er malarplan. Til suðvesturs, allt að tjörninni sést víða grjót úr mannvirkjum, líklega eftir sléttun og niðurrif.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 2; Túnakort 1918; SB III, 348

ÁR-526:002 heimild traðir 63°58.536N 21°12.446V
Á túnakorti frá 1918 eru sýndar traðir til suðausturs frá bæ 001. "Heimreið til suðausturs á svipuðum stað og nú," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvort að hlaðnir veggir voru meðfram tröðunum eða ekki.
Þar sem traðirnar lágu er slétt, ræktað tún og hraunbrún. Malarvegur liggur þar sem traðirnar voru.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 2

ÁR-526:003 heimild útihús 63°58.557N 21°12.515V
Útihús er sýnt um 5 - 8 m norðvestan við bæ 001 og 150 m suðaustan við útihús 007. Mikið jarðrask hefur átt sér stað á þessu svæði og úthúsið er horfið.
Þar sem útihúsið var er malarslóði inn á grasivaxið tún. Ræktuð tún eru til allra átta nema til suðurs, þar er óræktaður blettur.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-526:004 heimild útihús 63°58.577N 21°12.584V
Útihús er sýnt 100 m NNV við bæ 001 og 90 m SSV við útihús 007 en það er horfið. Vírgirðing liggur fast austan við áætlaða staðsetningu útihússins. Útihúsið var uppi á gróinni hraunbrún.
Þar sem útihúsið var er malarborið svæði innan afgirts beitarhólfs. Svæðið er nýtt til sláttar og beitar fyrir hross.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-526:005 heimild útihús 63°58.587N 21°12.560V
Útihús er sýnt 100 m norðan við bæ 001 og 30 m austan við útihús 004 á túnakorti frá 1918. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er á þessu svæði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-526:006 *Ærhúslækur* lind vatnsból 63°58.647N 21°12.637V
"Ærhúslækur: Uppspretta, kemur undan hrauninu norðan við túnið og rennur í Tjörnina. Vatnsbólið," segir í örnefnalýsingu. Uppsprettan er rétt utan heimatúnsins, líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Ærhúslækur kemur upp 230 m norðvestan við bæ 001 og 50 m norðan við ærhús 007. Vatn var leitt úr læknum í íbúðarhúsið sem var byggt 1944 og notað allt fram til 1975 þegar vatnsveitan kom að sögn Aldísar Eyjólfsdóttur, heimildamanns.

Mynd 206. Ærhúslækur 526:006, horft til suðurs.

Ærhúslækur rennur undan gróinni hraunbrún, í viki sem gengur til norðurs þar inn. Mýrlent er til vesturs og suðvesturs, allt að Vatnatjörn. Uppi á hraunbrúninni er grasivaxið, slétt tún en grjótdreif er í vikinu, líklega vegna túnahreinsunar.
Uppspretta Ærhúslækjar sést ennþá. Meðfram henni eru veggjabrot, líklega af brunnhúsi. Tóftin er 4 x 4 m að stærð, veggirnir 0,3 m á hæð og algrónir. Op var á miðri suðurhlið og rennur lækurinn þar út. Innan tóftarinnar má enn sjá gömul rör í læknum sem rennur í skurði í Vatnatjörn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 2

ÁR-526:007 *Ærhúslækur* tóft fjárhús 63°58.619N 21°12.634V
"Ærhúslækur: Uppspretta [sjá 006], kemur undan hrauninu norðan við túnið og rennur í Tjörnina." segir í örnefnalýsingu. Útihús er sýnt 190 m norðan við bæ 001 og 90 m NNA við útihús 004 á túnakorti frá 1918. Það er ærhúsið sem lækurinn dregur nafn sitt af. Fjárhúsin féllu úr notkun á 9. áratug síðustu aldar að sögn Aldísar Eyjólfsdóttur, heimildamanns.
Tóftin er austan við slétt, grasivaxið tún á óræktuðu svæði. Fast vestan hennar er vírgirðing. Mikið af



Mynd 207. Fjárhús 526:007, horft til norðurs.

rusli, aðallega vörubretti og timbur er sunnan við tóftina og inni í henni að hluta.
Tóftin er 21 x 14 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur og skiptist í þrjú hólf. Lýsingin hefst syðst, í hólfi 1. Það er 12 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur suðaustur. Veggirnir eru 0, 8 m á hæð og sjást 3-4 umför af hraungrýti í þeim. Op er á miðjum suðurvegg. Tekið er að hrynja úr norðurvegg. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 12 x 3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og hlaðnir garðar eru meðfram báðum langhliðum. Það má sjá 3 - 5 umför af hraungrýti í veggjunum en 2 umför í garðanum. Hólfið er opið til suðausturs. Hólf 3 er norðan við hólf 1 - 2 og var hlaða. Það er 10 x 6 m að innanmáli og snýr SSV-NNA. Ekkert op sést inn í hólfið sem var niðurgrafið um 0,4 m. Veggirnir eru 1 - 1,5 m á hæð og má sjá 4 - 8 umför af grjóthleðslu í þeim. Til norðvesturs eru veggir teknir að hrynja og rusli verið safnað saman.
Hættumat: hætta
Heimildir:Ö-Kröggólfstaðatorfan, 2; Túnakort 1918

ÁR-526:008 *Vatnastöðull* heimild kvíar
"Aukatún: Túnið austan hólanna frá heimreiðinni og að Vatnastöðli," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar stöðullinn var en líklega var hann sunnan við bæ 001. Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir:Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 1

ÁR-526:009 heimild túngarður 63°58.515N 21°12.384V
"Milli garða: Svæðið norðan Kröggólfstt., milli Þúfu [ÁR-524] og Vatnatúns," segir í örnefnalýsingu. Þessa tilvísun má túlka þannig að túngarður hafi verið umhverfis heimatúnið. Á túnakorti frá 1918 er túnið 300 x 280 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Til vesturs afmarkaði Vatnatjörn heimatúnið en túngarðurinn aðrar hliðar.
Slétt, ræktuð tún eru til austurs, vesturs og norðurs.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-541 Hraun

1708. "Jarðadýrleiki xxx og so tíundast fjórum tíundum." JÁM II, 430. 1847. 20 hdr. Bændaeign. JJ, 76. "Landamerki eru, samkvæmt bréfi: Framan frá sjó í vörðu fyrir ofan Leirar [sjá 024] og um fjórar vörður [sjá 013, 025, 040 og 041] í stefnu á Skóghlíð (svo er skráð þar, en annars er miðað við Skóghlíðargafl), merktar M hjá þeim, upp að Tíðagötu [sjá 720:019]. Hana austur þar til varða [sjá 541:026]: sézt á hrauninu fyrir framan veginn og önnur í Eiríksstekkatúni [sjá 540:013], í krossmark [sjá 540:017] í klöpp í Ferðamannahól, allt í sömu línu, ósinn sem liggur milli Lágaengja og Grímslækjarengja." Ö-Hraun, 1.
1918: Tún 3.9 ha, 9/10 slétt. Garðar 1144 m2.



Byggt á túnakorti frá 1918

ÁR-541:001 *Hraun* bæjarhóll bústaður 63°55.708N 21°20.118V

Mynd 208. Bæjarhóll 541:001, horft til norðurs.

"Bærinn Hraun stendur á jaðri klappahrauns, sem þekur Ölfusið utanvert, og jarðfræðingar kalla Leitahraun. [...] Hraun var áður nokkrir bæir og kallaðist Hraunshverfi og Hraunsbæir. Þeir voru: Hraun, síðar Vesturbær, Lágar [ÁR-541b], síðar Austurbær, Hraunshóll [ÁR-543], Hof [005], Slapp [006] og Hraunshjáleiga [ÁR-542]," segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóll Hrauns er mikið rakskaður sökum byggingaframkvæmda. Eldri bæjarhús voru fast norðaustan við tvö hús sem byggð voru 1924 og 1945-56, þ.e. Hraun I og Hraun II. Þau hús eru í útleigu og yngri íbúðarhús beggja bæjanna voru byggð 130-200 m til austurs eftir 1970. Samtals eru því fjögur íbúðarhús nú á Hrauni.
Fast austan við eldra íbúðarhúsið Hraun I er malbikað bílaplan. Það er yfir bæjarhólnum og er í halla til suðurs, niður af honum..
Íbúðarhúsin frá 1924 og 1945 standa hlið við hlið, suðvestan við bæjarhólinn. Norðan við eystra húsið er skemma og súrheysturn, byggð í bæjarhólinn. Til suðvesturs frá húsinu eru tré og rotþró. Suðvesturshluti bæjarhólsins sést að hluta. Þar má greina upphækkun, 22 x 8 m að stærð, 0,6 m á hæð og snýr hún norðaustur-suðvestur. Upphækkunin fjarar út til suðurs, líkt og fyrrnefnt bílapalan. Stafnar bæjarins snéru til suðvesturs og sambyggður kálgarður var þar framan við smkv. túnakorti frá 1918.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB III, 329; Ö-Hraun, 1

ÁR-541:002 heimild landamerki
"Landamerki eru, samkvæmt bréfi: "Framan frá sjó í vörðu fyrir ofan Leirar [sjá 024] og um fjórar vörður [sjá 013, 025 og 003] í stefnu á Skógarhlíð [...], merktar M hjá þeim, upp að Tíðagötu [ÁR-720:019)," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, sjást allar fjórar vörðurnar enn sem og M hjá þeim. Skrásetjara tókst ekki að staðsetja þessa vörðu. Mögulega er hún nær Tíðagötu eða á milli vörðu 025 og 003. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vörðuna.

ÁR-541:003 varða landamerki 63°54.151N 21°20.425V

Mynd 209. Varða 541:003, horft til vesturs.

"Landamerki eru, samkvæmt bréfi: "Framan frá sjó í vörðu fyrir ofan Leirar [sjá 024] og um fjórar vörður [sjá 013, 025 og 002] í stefnu á Skógarhlíð [...], merktar M hjá þeim, upp að Tíðagötu [ÁR-720:019)," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, sjást allar fjórar vörðurnar enn sem og M hjá þeim. Varðan er tæpa 1,9 km SSV við bæ 001 og rúmum 450 m vestan við vörðu 031. Skrásetjari sá ekki áletrunina.
Varðan er í grónu hrauni, á stórum hraunhól. Jarðvegurinn er sendinn og þar vex mikið af lúpínu og melgresi.
Varðan er hlaðin á hraunhrygg sem sprunga liggur þvert í gegnum. Varðan er norðan við sprunguna. Hún er 1x1 m að grunnmáli og 0,4 m á hæð. Spýta stendur uppúr vörðunni miðri og má greina 5 umför grjóthleðslu í þeim. Norðurhlið vörðunnar er mosavaxin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-541:004 heimild traðir 63° 55.069N 21° 19.353V
Heimreið er sýnd liggja til suðvesturs frá bæ 001, að Hraunshjáleigu ÁR-542 og út heimatúnið á túnakorti frá 1918. Ekki er vitað hvort að heimreiðin var upphlaðin eða með hlöðnum veggjum.
Þar sem að traðirnar lágu eru nú grasivaxið tún til suðvesturs og bakgarðar íbúðarhúsa frá 1924 og 1945 við bæjarhólinn. Hvergi sést móta fyrir lág í túninu.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-541:005 *Hof* bæjarstæði bústaður 63°55.145N 21°19.346V
"Hraun var áður nokkrir bæir og kallaðist Hraunshverfi og Hraunsbæir. Þeir voru. [...] Hof [...] Hof var austan túnsins, fjær læknum en Lágar [ÁR-541b], þar sem nú er hlaðinn túngarður [541b:004]," segir í örefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Í byggð frá 1858-1873. Not féllu þá til Hrauns." Hof er rúma 100 m NNA við bæ 001 og 40 m austan við þúst 541b:005. Ekki var löng ábúð á býlinu og lítilla uppsafnaðra mannvistarlaga að vænta. Malarvegur að Hrauni er 20 um til austurs og suðausturs frá áætlaðri staðsetningu Hofs.
Þar sem Hof stóð er grasblettur meðfram afgirtu túni nýttu til hrossabeitar. Túngarður 541b:004 afmarkar það tún ásamt vírgirðingu. Hof var austan við túnið.

Mynd 210. Bæjarstæði Hofs 541:005, horft til vesturs.

Ekki er um eiginlegan bæjarhól né bæjarstæði að ræða. Á svæði sem er 15x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eru tvær þústir. Við austurhorn túngarðisins er grasivaxin upphækkun 7x7 m að stærð og 0,5 m á hæð. Mögulega er hún tengd búsetunni á Hofi. Önnur þúst, 4x4 m að stærð og 0,4 m á hæð, er 4 m norðaustar. Hvergi sér til hleðslugrjóts eða annarra ummerkja sem gefa stærð bæjarins, áttahorf og lag hans til kynna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraun, 1; SB III, 332

ÁR-541:006 *Slapp* bæjarhóll bústaður 63°55.179N 21°19.487V
"Hraun var áður nokkrir bæir og kallaðist Hraunshverfi og Hraunsbæir. Þeir voru [...] Slapp [...] Slapp [stóð] að bæjarbaki," segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Í byggð frá því fyrir 1700 og til 1842. Þá féllu not til Hrauns." Slapp var innan heimatúns Lága ÁR-541b eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Slapp er tæpum 200 m norðvestan við bæ 001 og 130 m norðvestan við Hof 005, undir gróinni hraunbrún. Blaut tjörn er 100 m sunnan við bæjarhólinn. Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er Slapp sýnd mun nær bæ 001, þar sem þúst 541b:0050 er. Það er ekki rétt að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns.

Mynd 211. Bæjarhóll Slapps 541:006, horft til suðurs.

Bæjarhóllinn er í grasivöxnu, óræktuðu túni. Náttúrulegir hólar og lægðir eru í túninu. Þar vex mikið af njóla.

Bæjarhóllinn er 20 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 1 - 1,5 m á hæð, algróinn og sléttur. Stafnar bæjarins hafa líklega snúið til suðvesturs. Óljóst mótar fyrir dældum ofan á hólnum ekki er hægt að segja til um nákvæmt lag bæjarins né stærð hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraun, 1; SB III, 332; Örnefauppdráttur IE

ÁR-541:007 tóft rétt 63° 55.014N 21° 19.906V



Tóft er um 450 m VSV við bæ 001 og rúma 220 m suðaustan við stekk 011. Réttin er skammt utan við heimatúnið líkt og það var afmarkað á túnakorti frá 1918 og um heimarétt að ræða sé tekið mið af lagi og staðsetningu hennar. Vírgirðing er fast norðan við tóftina og hitaveiturör tæpum 120 m vestar.
Tóftin er uppi á gróinni hraunbrún fyrir vestan bæinn. Víða koma hraunhólar og steinar og gróðurþekja er þunn. Inn á milli eru sléttir túnblettir og ræktað tún er fast sunnan við tóftina. Tóftin er 21x10 m að stærð, snýr norðaustur og skiptist í tvö hólf. Réttin mjókkar til vesturs og þar er hún rúmlega 6 m á breidd. Hún er úr torfi og grjóti og skiptist í tvö hólf. Til norðausturs er hólf 1 sem er stærra. Það er 9x6 til norðausturs en mjókkar til vesturs. Veggirnir eru 0,3-0,4 og það glittir í 2-3 umför af grjóthleðslu i þeim. Hólf 2 er suðvestar og minna. Það er 6x4 m að innanmáli og mjókkar til suðvesturs. Hólfið er raskað til vestus og þar gæti hafa verið op.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-541:008 *Vaðall/Hraunsvaðall* hleðsla vað 63°55.103N 21°19.317V

Mynd 212. Vaðall 541:0080, horft til suðurs.

"Undan klöpp þeirri sem bærinn stendur á sprettur lækur, sem heitir Bæjarlækur. Vað á læknum neðan við klöppina heitir Vaðall, og Hraunsvaðall," segir í örnefnaskrá. Hraunsvaðall er 50 m norðaustan við bæ 001 og um 30 vestan við Hraunshól 543:001. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað en líklega var hér leið á milli bæjanna Hrauns, Lága ÁR-541b og Hraunshóls ÁR-543. Nánari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
Hlaðnir "tangar" liggja út í Bæjarlækinn, bæði til norðurs og suðurs. Á milli þeirra rennur lækurinn í rás sem er 1,5 m breið og er tréstokkur þar ásamt steinum til að stikla yfir. Fleiri hleðslur eru undir vatnsyfirborði á milli tanganna.
Vatn sprettur á nokkrum stöðum undan hraunbrúninni á þessum slóðum. Hlaðnir „tangar“ eru beggja vegna við nyrstu uppsprettuna og var vaðið þar. Tangarnir eru 3-4 m á breidd og 7-10 m langir. Á milli þeirra er sem fyrr timbur og steinar til þess að stikla á.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-541:009 *Blautugötur* heimild leið 63°54.747N 21°19.000V
"Eftir henni [Hrossamýri] liggja götur, suður frá túninu, þær heita Blautugötur," segir í örnefnaskrá. Blautugötur lágu allt frá bæ 001 og að Ölfusá, þar tók leiðin upp ósa 036 við. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, eru Blautugötur komnar í slétt, framræst tún og ummerki þeirra horfin. Leiðin er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar frá 1968.
Slétt, grasivaxin tún eru á þessum slóðum. Þau eru bæði nýtt til sláttar og hrossabeitar.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 1; Örnefnauppdráttur IE

ÁR-541:010 *Eyri* heimild ferja 63°52.702N 21°12.765V
"Allra austasti hluti tangans milli Ölfusár og sjávar heitir Óseyrartangi, en er líka nefndur Eyri. Þar er ferjustaðurinn yfir Ölfusá. Sagt var að fara austur á Eyri, sama sem að fara austur á ferjustaðinn," segir í örnefnalýsingu. Ferjan var 7 km suðaustan við bæ 001. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, var ferjustaðurinn á svipuðum slóðum og Óseyrarbrú er nú. Ekki sér til gatna eða annarra ummerkja um ferjuna á yfirborði.
Ferjað var yfir Ölfusárós og þar er straumþungt. Sandur er á Eyrinni og melgresi vex víða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 3

Mynd 213. Ferjustaður 541:010, horft til ASA.

ÁR-541:011 *Stekkatún* sögustaður stekkur 63° 55.081N 21° 20.146V
"Vestur frá Erlendshól er Stekkatún og Stekkatúnslaut sunnan þess." Stekkatún er rúmum 1,4 km vestan við bæ 001 og um 520 m suðaustan við rétt 007. Stekkurinn er í viki á milli tveggja hraunhóla og sést ekki fyrr en að honum er komið. Hraunhólarnir eru 2-4 m á hæð og auðvelt var að reka fé þarna inn,
Tóftin er uppi á gróinni hraunbrún fyrir vestan bæinn. Víða koma hraunhólar og steinar og gróðurþekja er þunn. Inn á milli eru sléttir túnblettir og ræktað tún er skammt sunnan við tóftina.
Tóftin er sem fyrr segir í viki milli tveggja hraunhóla. Hún er 11 x 6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Vikið á milli hrainhólanna er um 9 m breitt og tóftin fyllir það að mestu. Hólf 1 er norðvestar. Það er 3 x 5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er í suðausturhorni, yfir í hólf 2. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, 0,3 - 0,5 m á hæð og það glittir í 2-4 umför af grjóti í þeim. Hólf 1 er suðaustar og öllu minna umfangs. Það er 6 x 4,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er til suðausturs og annað til norðvesturs, yfir í hólf 1. Veggirnir eru 0,33 m á hæð og það glittir hér og þar í grjót. Hér gæti verið um fjárhús og hlöðu að ræða en þetta var stekkur með afgirtu túni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 4



ÁR-541:012 *Beinteinsvarða* varða samgöngubót 63°54.983N 21°21.164V
"Norðvestur frá Stekkatúni er varða sem heitir Beinteinsvarða. Stendur hún við götuna [720:003] þar sem skiptast leiðir, upp á eystri Hlíðarbæina, og syðri gatan [720:005], á ytri Hlíðarbæi," segir í örnefnaskrá. Beinteinsvarða er tæpum 350 m

Mynd 214. Beinteinsvarða 541:012, horft til VNV.

suðaustan við vörðu 013 og tæpa 1,5 km vestan við bæ 001. Gatnamót leiðanna eru SSV við hraunhól sem varðan er á.
Slétt hraunklöpp vaxin mosa er á þessum slóðum.
Varðan er grjóthlaðin, ílöng og stendur vestarlega á grónum klapparhól. Hún er 2x1 m í grunninn og snýr austur-vestur. Hún er 0,5 m á hæð og áberandi í nánasta umhverfi. Það má sjá 5 umför af grjóthleðslu í vörðunni sem stendur enn. Grjótið er vaxið hvítum skófum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 4

ÁR-541:013 áletrun landamerki 63°55.112N 21°21.451V
"Á klöppina sem Beinteinsvarða stendur á er klappað M," segir í örnefnaskrá. Þetta er rangt að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns. Hér er átt við landamerkjavörðu 013, á klöppina við hana er klappað M líkt og við allar landamerkjavörðurnar á merkjum Hrauns. Þær eru einnig merktar með hvítu merki að hans sögn. Varða 013 er tæpa 1,7 km vestan við bæ 001 og tæpa 350 m suðaustan við Beinteinsvörðu 012.

Mynd 215. Varða 541:013, horft til vesturs. Á hægri myndinni má greina M fyrir miðju.

Varðan er á mosavöxnum hraunhól.
Varðan er 2 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Hún er grjóthlaðin og má sjá 3 umför af grjóti í henni. Hvítt viðarmerki er efst á vörðunni og fast VSV við hana er búið að klappa M í hraunhólinn. Landamerki Hrauns og nærliggjandi jarða eru ekki afmörkuð á þessum slóðum með öðrum hætti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 4

ÁR-541:014 *Nónvarða* varða samgöngubót 63°54.793N 21°19.693V

Mynd 216. Varða 541:014, horft til SSV.

"Fyrri framan Sandmót er áberandi varða suðvestur frá bænum, hún heitir Nónvarða," segir í örnefnaskrá. Nónvarða er rúmum 350 m suðvestan við tóft 032 og rúma 600 m suðvestan við bæ 001.
Varðan er á lágri hraunbrún. Hraunið er að mestu mosavaxið en klappir og hellur koma víða upp úr sverði. Víða eru sprungnir hraunhólar.
Varðan stendur enn. Hún er 1,5 m í grunninn og ekki vel hlaðin. Hún er grjóthlaðin, 0,6 m á hæð og má greina 4 umför hraungrýtis í henni. Mosi vex yfir neðstu steinanna i vörðunni og hvítar skófir. Varðan er áberandi og sést víða að.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 4

ÁR-541:015 *Hraunborg* tóft fjárskýli 63°55.384N 21°20.585V
"Borgarþúfa heitir stór þúfa, eða réttara hóll norður frá bænum, skammt fyrir ofan túnið. Norður frá

Borgarþúfu er Hraunborg, gömul fjárborg," segir í örnefnalýsingu. Hraunborg er 1,1 km norðvestan við bæ 001 og tæpa 450 m norðaustan við vörðu 037. Hraunborg er 70 m fyrir sunnan grjótnámu sem þarna er. Vírgirðing utan um óræktað tún er 10 m til suðurs frá tóftinni.
Hraunborg er í sléttu, mosavöxnu hrauni. Hraungrýti kemur víða uppúr sverði.



Mynd 217. Hraunborg 541:015, horft til suðvesturs.

Fjárborgin er 11x11 m að stærð, einföld og grjóthlaðin. Hún er hringlaga en ekki var þak yfir henni. Veggirnir eru 2,5 m breiðir og 1 m á hæð. Ekki er hægt að greina skýr umför í veggjum, hleðslurnar hafa fallið niður og flatt veggina út. Að innan er grjótið í veggjunum mosavaxið en að utan grasivaxið. Fjárborgin er opin til suðurs en hrun er þar fyrir að mestu.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku
Heimildir:Ö-Hraun, 4-5

ÁR-541:016 *Stampagata* vegur leið 63°55.369N 21°19.988V
"Austur af Hraunklofa, austan við apalhraunið, eru lægðir og hólar, sem kallast Stampar. Þar er gata upp með hrauninu og heitir Stampagata," segir í örnefnalýsingu. Stampagata lá frá Ferðamannatungu 019 og sameinaðist öðrum þjóðleiðum vestar í hreppnum. Leiðin er líklega ekki mjög forn, hún er rudd í hrauninu og hægt að aka hluta hennar á dráttarvél.
Vegurinn liggur í sléttu, mosavöxnu hrauni. Hraungrýti kemur víða uppúr sverði.
Leiðin sést vel sunnan við malarveg að Hrauni. Hún er 2 - 3 m á breidd, 0,3 m djúp og mosavaxin í botninn. Leiðin var greinilega vagnfær. Ekki er hægt að rekja alla leiðina, einugis þann hluta sem liggur í hrauninu.

Mynd 218. Stampagata 541:016, horft til suðvesturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 5

ÁR-541:017 *Hólsstekkatún* heimild stekkur 63°55.426N 21°19.924V
"Í stömpum og ofan þeirra eru þessi örnefni: Litli-Stamphóll syðst, ofan við hann er Hólsstekkatún," segir í örnefnaskrá. Hólsstekkatún er tæpum 200 m suðaustan við Gamlastekkatún 018 og rúmum 750 m norðvestan við bæ 001. Hólsstekkatún er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar. Skrásetjara tókst ekki að finna tóft eða önnur mannvirki á þeim slóðum.
Hólsstekkatún er í mosa- og lyngivöxnu hrauni. Klettar, hólar og steinar koma víða uppúr sverði. Skógrækt er á þessum slóðum, búið er að sá fjölmörgum birki- og grenitrjám.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hraun, 5; örnefnauppdráttur IE

ÁR-541:018 *Gamlastekkatún* þúst stekkur 63°55.511N 21°20.073V
"Upp af Stömpum er Gamalstekkatún," segir í örnefnalýsingu. Gamlastekkatún er rúma 950 m norðvestan við bæ 001 og 270 m sunnan við Hólsstekkatún 016. Raflína liggur 15 m sunnan við stekkinn og Stóri-Stampahóll er 50 m sunnar.
Þústin er á mosa- og lyngivöxnu svæði, sunnan við gróna hraunbrún. Svæðið er nýtt til skógræktar, aðallega á birki og grenitrjám.

Mynd 219. Tóft 541:018, horft til norðurs.

Þústin er 14 x 8 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr norður-suður. Hún er stórþýfð, mosavaxin og óskýr. Þó mótar fyrir veggjarbrotum í norðurenda hennar meðan suðurhlutinn er algróinn. Hér var líklega stekkur með tveimur hólfum. Veggjarbrotin skera sig úr þýfinu sem beinir bakkar og hún er mun grænni en nánasta umhverfi.
Hættumat: stórhætta
Heimildir:Ö-Hraun, 5

ÁR-541:019 *Ferðamannatunga* náttúrumin áningarstaður 63°55.380N 21°19.030V

Mynd 220. Ferðamannatunga 541:019, horft til ASA.

"Rétt austan við hraunshornið, alveg niðri við mýrina, er aflangur klapparhóll í mörkum Hrauns og Ytri-
Grímslækjar [ÁR-540]. Suður frá honum gengur grasivaxin tunga niður í Grímslækjartjörnina. Graslendi þetta heitir Ferðamannatunga, en er oft nefnt Tunga. Þar var áningastaður langferðamanna," segir í örnefnalýsingu. Ferðamannatunga er rúmum 200 m norðan við stekk 021 og rúmum 600 m norðaustan við bæ 001. Garðlag 028, liggur þvert yfir Ferðamannatungu. Ferðamannatunga er við suðurnenda Grímslækjartjarnar. Þar er flatt, mýrlent og grasivaxið svæði. Hvergi sér til mannvirkja á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 5

ÁR-541:020 *Hríshólmi* álagablettur 63°55.411N 21°18.905V
"þar [við Ferðamannatungu 019] úti í tjörninni er lítill hólmi sem heitir Hríshólmi. Aldrei má slá hann," segir í örnefnaskrá. Hríshólmi er rúma 650 m norðaustan við bæ 001, austarlega í Grímslækjartjörn. Skrásetjari fór ekki í hólmann, enda hólminn í miðri tjörninni. Hólminn er 16x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grasivaxin og sléttur að sjá.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraun, 5

ÁR-541:021 *Hólastekkatún* tóft+garðlag stekkur 63°55.272N 21°19.079V
"Undir hraunbrúninni suður frá Smérdalalág er gömul rúst sem heitir Hólastekkatún," segir í örnefnaskrá. Hólastekkatún er 400 m norðaustan við bæ 001 og 320 m norðaustan við Hof 005. Stekkurinn ásamt grjóthlöðnu garðlagi eru í mosavöxnu hrauni, austan undir hraunbrún.
Hraunið er mosavaxið. Klettar og steinar koma hér og þar uppúr sverði.

Mynd 221. Tóft og garðlag 541:021, horft til norðausturs.

Á svæði sem er 110 x 15 m og snýr norðaustur-suðvestur er tóft og garðlag. Var hvoru mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er stekkurinn. Hún er 16 x 7 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Stekkurinn er grjóthlaðinn, veggirnir eru 0,2 - 0,4 m á hæð og 2 m á breidd. Sjá má 1-2 umför grjóthleðslu í þeim. Op er syðst í hólfinu. Til suðvesturs frá stekknum er garðlag sambyggt honum. Þetta var líklega annað hólf á stekknum, króin. Garðlagið er bogadregið, 4x3 m að stærð. Veggirnir eru eins að gerð og lögun líkt og í tóftinni. Nyrðri hluti veggjanna er líklega horfinn. Garðlag B liggur til norðausturs frá stekk A og endar við tjörn. Það er 80 x 15 m að stærð og grjóthlaðið. Garðlagið er 0,2-0,3 m á hæð, 1 m á breidd og má greina 1-2 umför grjóthleðslu í því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 5

ÁR-541:022 *Hraunssel* tóftir sel 63°56.462N 21°22.988V
"Selstöðu hefur jörðin keypt í Hjallalandi, vide Hjalla supra." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Um 1980 var heimildum um helstu menningarleifar í Ölfusi safnað saman að frumkvæði Ölfushrepps. Skýrslan var ekki útgefin en Hrafnkell Karlsson, heimildamaður, átti handrit sem var afritað. Þar segir í kafla 3.2 um sel: "22. Hraunssel. Það stóð vestan Lönguhlíðarhorns, í hraunjaðrinum fyrir ofan Selstíg. Þar sjást rústir nokkrar." Hraunssel er í landi Hjalla ÁR-533. Það er 3,8 km norðvestan við bæ 001 og 2,5 km norðvestan við vörðu 026. Selið er við svokallaðan Selsstíg 533:042 sem er gömul leið sem liggur milli hraunbrúnar og gróinnar brekku á þessum slóðum, þar er 10-15 m breitt gróðurlendi. Allt selið er mjög gróið, hleðslur signar og óskýrar á köflum.
Úfið, mosa- og lyngivaxið hraun er vestan við selið. Til austurs er há brekka. Selið er á grasivöxnu svæði milli hraunsins og brekkunnar.
Selið samanstendur af tveimur tóftum og helli á



svæði sem er 20x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Var hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er norðvestar. Hún er 14x11 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún skiptist í 5 hólf. Norðvestast er hólf 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Það er opið til austurs, að Selstíg. Veggirnir eru 0,4-0,5 m að stærð, 2 m að beidd og algrónir. Hér og þar sést glitta í steina í þeim án þess að um skýr umför sé að ræða. Hólf 2 er SSA við hólf 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Veggirnir eru algrónir, 0,3-0,4 m á hæð og 2 m beiðir. Hvergi sést glitta í grjót.

Mynd 222. Hraunssel 541:022, horft til vesturs.

Hólfið er opið til austurs. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 2x2 m að innanmáli og ekki er hægt að greina op á yfirborði. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Hólf 4 er SSA við hólf 3. Það er 2x2 m að stærð og op er í norðausturhorni. Það er byggt upp við hraunklett til suðurs og hann hluti af þeim. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Hólf 5 er vestan við hólf 1, á milli þeirra er 3 m breiður jarðvegsbálkur. Það er einnig hlaðið 0,5 m ofar en hin hólfin, upp við hraunbrúnina. Hólfið er 3x3 m að innanmáli og er opið til norðvesturs. Til vesturs er hólfið hlaðið upp við náttúrulegan klett og er hann hluti af veggjum, Þeir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Til VNV , frá hólfi 5 er hellisgjögur sem líklega var notað í tengslum við selstöðuna. Vesturveggurinn í hólfi 5 afmarkar hellisopið og líklega var farið inn í hellinn, fast norðvestan við tóftina. Óljóst mótar fyrir hleðslu sem lokar inngagninum vestan við hólf 1. Mesta lofthæð inni í hellinum er 1,3 m og er hann 3 m breiður. Tóft B er 5x5 m að stærð, einföld og líklega hringhlaðin. Op er til austurs, að Selstíg. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð, 1 m á breidd og algrónir. Líklega eru þeir grjóthlaðnir. Bratt er til suðurs frá tóftinni, niður í kvos í hraunbrúninni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM II, 430; Skráning menningarleifa í Ölfusi

ÁR-541:023 gata leið 63°54.903N 21°21.093V

Leið liggur til suðausturs frá leið 720:003 í landi Hrauns, sunnan við Beinteinsvörðu 012. Leiðin hverfur í sendnu hrauni en líklega sameinaðist hún leið 720:006, nokkuð suðaustar.

Mosa- og lyngivaxið hraun er á þessum slóðum. Víða eru hraunhólar, -klappir og -hólar. Lúpína er einnig hér og þar í sandi.

Leiðina má rekja á 200 m löngum kafla. Hún liggur sem fyrr segir til suðausturs frá leið 720:003 og hvefur í grónu, sendnu hrauni. Leiðin er lítið annað en kindagata, hún er 0,5 m breið, 0,3 m djúp og ein rás er sjáanleg. Mold er botni hennar.

Hættumat: engin hætta

Mynd 223. Varða 541:024, horft til SSV.

ÁR-541:024 varða landamerki 63°53.526N 21°19.756V

"Landamerki eru, samkvæmt bréfi: "Framan frá sjó í vörðu fyrir ofan Leirar," segir í örnefnaskrá. Varðan er 3 km sunnan við bæ 001 og 1,3 km suðaustan við vörðu 003. Varðan er rúma 250 m norðan við þjóðveg 34 (Eyrarbakkaveg) og sést vel þaðan. Varðan er á grónum, lágum hraunhól.

Varðan er í uppblásnu, sendnu hrauni. Þar eru hraunhellur, -hólar og -klettar. Lúpína vex í stórum breiðum á þessum slóðum.

Varðan er 1x1 m að grunnmáli og 0,4 m á hæð. Hún er grjóthlaðin og timburstaur stendur uppúr henni miðri. Það má sjá 4 umför grjóthleðslu í vörðunni. Steinarnir eru mosavaxnir, sérstaklega neðst í vörðunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-541:025 varða landamerki 63°54.749N 21°21.060V
"Landamerki eru, samkvæmt bréfi: "Framan frá sjó í vörðu fyrir ofan Leirar [sjá 024] og um fjórar vörður [sjá 013, 003 og 002] í stefnu á Skógarhlíð [...], merktar M hjá þeim, upp að Tíðagötu [ÁR-720:019)," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, sjást allar fjórar vörðurnar enn og klappað M hjá eða á þeim öllum. Þessi varða er tæpum 750 m suðaustan við vörðu 013 og rúmum 1,5 km suðvestan við bæ 001.
Mosa- og lyngivaxið hraun er á þessum slóðum. Víða eru hraunhólar, -klappir og -hólar. Sandur er inn á milli og þar eru lúpína.
Varðan er hlaðin á hraunhól. Sprunga liggur eftir hólnum endilöngum og er varðan á vesturbrún hennar. Hún er 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Enn má sjá fjögur umför af grjóthleðslu vaxna skófum í vörðunni en ekkert hrun. Klöppin umhverfis vörðuna er mosavaxin og af þeim sökum ekki hægt að greina M.

Mynd 224. Varða 541:025, horft til suðvesturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-541:026 varða landamerki 63°55.685N 21°20.462V
"Landamerki eru, samkvæmt bréfi: "Framan frá sjó í vörðu fyrir ofan Leirar [sjá 024] og um fjórar vörður [sjá 013, 025 og 003] í stefnu á Skógarhlíð [...], merktar M hjá þeim, upp að Tíðagötu [ÁR-533:034). Hana austur þar til varða sést í hrauninu fyrir framan veginn...," segir í örnefnalýsingu. Varðan er 1,4 km norðvestan við bæ 001 og 700 m norðvestan við Eiríksstekkatún ÁR-540:013. Gul vegstika stendur uppúr miðri vörðunni.
Mosavaxið hraun er á þessu svæði. Klettar og hraungrýti kemur víða í gegnum svörð.
Varðan er á lágum hraunhól. Hún er 1,3 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Greina má 3 umför hraungrýtis í vörðunni og er það mosavaxið á köflum.

Mynd 225. Varða 541:026, horft til norðvesturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-541:027 *Dys Lénharðs fógeta* dys legstaður 63°54.430N 21°17.897V
Á heimasíðu Ferlis segir: "Í öldinni okkar árið 1502 segir m.a. um dráp Lénharðs fógeta: "Torfi Jónsson, sýslumaður í Klofa á Landi, hefur látið drepa Lénharð, fógeta á Bessastöðum. Fór Torfi að fógetanum, er hann var staddur á bæ í Ölfusi, rauf á honum húsin og felldi hann. [...] Lénharður var staddur að Hrauni í Ölfusi, er Torfi kom með menn sína, og bjóst um í húsum inni, þegar hann var ófriðarins var. [...] Stefán biskup í Skálholti hefur lagt bann við, að fógeti fái kirkjuleg, [...]". Lénharður var sagður hafa verið dysjaður að Hrauni. Hóllinn, eða dysin, er greinilega manngerður. Hlaðið er með hólnum og hefur áin skolað steinum úr henni. Regluleg hleðsla er vestan við hólinn. Líklegt er að þarna hafi verið t.d. leiðarmerki yfir Ölfusá, en vaðið er þarna nokkuð ofar í ánni. Ólafur sagðist hafa verið á ferð þarna einhverju sinni og þá fundið mannabein er stóð út úr hólnum. [...] Munnmæli hafa verið um að þarna

Mynd 226. Dys Lenharð 541:027, horft til norðausturs.

hefði Lénharður fógeti verið dysjaður, en hann teldi allt eins víst að þarna hefði fornmaður látið verpa yfir sig." Dysin er rúma 1,7 km suðaustan við bæ 001 og 1,5 m km suðaustan við fjárhús 032.
Dysin, eða hóllinn, er á tanga sem skagar til austurs út í Ölfusá. Tanginn er vaxinn lyngi, mosa og víðtrjám.
Dysin er 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er hæst 2,2 m til austurs og vestur- og suðurhliðar brattar. Dysin er algróin nema til vesturs, þar sést glitta í grjót. Ekki var unnt að greina hvort að um hleðslu sé að ræða sökum gróðurs. Dysin er þó líklega náttúruleg.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:http://ferlir.is/?id=3952

ÁR-541:028 garðlag vörslugarður 63°55.365N 21°19.067V

Mynd 227. Garðlag 541:028, horft til vesturs.

Grjóthlaðinn túngarður er norðaustan við núverandi íbúðarhús á Hrauni II. Það nær allt frá því húsi og endar á landamerkjum við Grímslækjartjörn. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, náði garðlagið áður lengra til vesturs og var mannhæðarhár. Garðlagið náði eflaust að túngarði 541b:004 og afmarkaði mögulega landsvæði Hraunshóls ÁR-543:001. Það er þó ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.
Garðlagið liggur til suðvesturs frá Grímslækjartjörn, í mosavöxnu hrauni. Það endar á grónu svæði milli núverandi íbúðarhúsa, Hraun II og Hraun III.
Garðlagið sést á rúmlega 350 m löngum kafla. Það er raskað á móts við íbúðarhúsið í Hrauni II og framkvæmdir því tengdu röskuðu garðlaginu eflaust að hluta. Garðlagið er grjóthlaðið, milli 0,8-1,5 m á hæð og 0,5-2 m á breidd. Það má greina 1-8 umför grjóthleðslu í garðlaginu. Eftir austurhlutanum liggur gaddavírsgirðing. Þetta er vörslugarður eða landamerkjagarður.

ÁR-541:029 heimild útihús
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús rúmum 150 m SSV við útihús 030 og tæpum 200 m VSV við bæ 001.
Óræktaður skiki á milli ræktaðra túna til allra átta. Túnslóði liggur þvert yfir áætlaða staðsetningu minjanna.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-541:030 tóft útihús 63°55.069N 21°19.589V
Tóft er tæpa 200 m vestan við bæ 001 og 130 m vestan við Hraunshjáleigu 542:001. Tóftin er líklega rétt utan heimatúnsins eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1918.
Tóftin er á óræktuðum skika milli ræktaðra túna til allra átta.
Tóftin er 17 x 11 m að stærð og snýr SSA-NNV. Hún skiptist í tvö hólf og hefst lýsingin sunnar í tóftinni. Hólf 1 er 7 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,8 - 1 m á hæð. Það má greina 4-5 umför af hraungrýti í þeim. Hólfið er opið til austurs og líklega var bárujárn í þaki. Hólf 2 er til NNV. Það er 9 x 7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 - 0,8 m á hæð og



Mynd 228. Tóft 541:030, horft til suðvesturs.

grjóthlaðnir. Hólfið er byggt inn í brekku til austurs og afmarkar hún þá hlið. Það má greina 4-5 umför grjóthleðslu í veggjunum og op er til NNV. Hólfið var líklega ekki undir þaki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-541:031 varða óþekkt 63°54.094N 21°19.853V

Varða er 1,8 km SSV við bæ 001 og 1,3 km sunnan við Nónvörðu 014. Gamli-Heyhóll er merktur á þessum slóðum inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og varðan er líklega á honum, skammt vestan við leið 720:006.
Varðan er í grónu hrauni, á stórum hraunhól. Jarðvegurinn er sendinn og þar vex mikið af lúpínu og melgresi.
Varðan er 4 x 4 m að grunnflatarmáli og 1 - 1,2 m á hæð. Í henni má sjá 6 umför grjóthleðslu sem er hrunin. Hér er fremur um stóra grjóthrúgu en vörðu að ræða. Vesturhluti vörðunnar er vaxin melgresi og ekkert sést í grjót þar. Varðan líkist einnig hrundu byrgi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefnauppdráttur IE.

Mynd 229. Varða 541:031, horft til ASA.

ÁR-541:032 tóft fjárhús 63°54.925N 21°19.379V

Fjárhústóft er rúmum 300 m sunnan við bæ 001 og tæpum 130 m SSV við Hraunshjáleigur ÁR-542. Staðsetning og gerð tóftarinnar bendir til þess að hér sé um fjárhús að ræða.
Fjárhúsin eru á grónu svæði, milli ræktaðs túns til norðurs og gróins hrauns til suðurs og vesturs.



Mynd 230. Tóft 541:032, horft til norðvesturs.

Tóftin er 17 x 7 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin til suðausturs, líklega var þar timburþil. Veggirnir eru grjóthlaðnir og hleðslurnar ennþá heillegar. Ekkert hefur hrunið úr veggjunum. Þeir eru 1,2 - 1,5 m á hæð og má sjá 6 - 9 umför af grjóthleðslu í þeim. Ekki mótar fyrir jötu, görðum eða öðrum mannvirkjum sem gefa frekar hólfaskiptingu eða nýtingu fjárhúsanna til kynna. Gróðurfar í norðurhluta fjárhúsanna bendir til þess að þar hafi verið annað hólf, þar vex mikið af hvönn og sóleyjum. Afar líklegt er að bárujárn hafi veið í þaki, ekkert hrun er inni í fjárhúsunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-541:033 tóftaþyrping útihús 63°55.171N 21°19.230V
Milli núverandi einbýlishúsa á Hrauni II og III eru þrjár tóftir og garðlag tæpum 200 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 100 m NNA við Hraunshól 543:001. Í Sunnlenskum byggðum III segir að Hraun III sé byggt í landi Hraunshóls og líkur á að tóftirnar séu útihús þess bæjar. Frekari heimildir þarf til að staðfesta það.
Gróin hraunbrún er á þessu svæði. Það er ekki búið að rækta þar heldur eru mosi og elfting þar áberandi. Garðlag 028 lá norðan við tóftirnar.



Mynd 231. Tóft 541:033a, horft til NNV.

Á svæði sem er 40 x 30 m að stærð og snýr VNV-ASA eru þrjár tóftir og garðlag. Var hverju þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er norðaustast. Hún er 12 x 5 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er SSA. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Veggirnir eru 0,-0,4 m á hæð og grjóthlaðnir. Þeir eru algrónir mosa, lyngi og elftingu svo ekki er hægt að greina skýr umför, heldur glittir víða í steina. Hólfið er opið til suðurs. Hólf 2 er NNV. Það er 3 x 3 m að innanmáli og op er líklega í suðausturhorni. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,4 m á hæð og algrónir. Tóft B er 30 m suðvestan við tóft A. Hún er 7 x 5 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, 2 m á breidd og algrónir. Þeir eru líklega grjóthlaðnir en gróið yfir hleðslurnar. Tóftin er opin til SSA. Tóft C er 15 m vestan við tóft A. Hún er niðurgrafin, veggirnir eru 0,2 m háir að utan en að innan 0,4 m. Hola er í miðri tóftinni. Veggirnir eru grjóthlaðnir en algrónir mosa og lyngi. Hér og þar sést glitta í grjót. Ekkert

Mynd 232. Tóftir 541:033b og 033c, horft til norðvesturs og NNA.

op inn í tóftina er sjáanlegt á yfirborði. Garðlag D er grjóthlaðið og er 10 m austan við tóft B. Garðlagið liggur austur-vestur, er rúmlega 20 m langt, 0,3 m á hæð og 2 m breitt. Það er útflatt og hleðslurnar hrundar. Ekki er útilokað að hér sé um framhald af garðlagi 028 að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB III, 331

ÁR-541:034 gerði rétt 63°55.197N 21°19.293V
Hlaðin rétt er innst í grónu hraunviki, 30 m vestan við malarveg hjá núverandi íbúðarhúsum á Hrauni II og III. Réttin er rúmum 200 m norðan við bæ 001 og rúmum 50 m norðvestan við tóftir 033. Réttin er hlaðin upp við gróna hraunbrún.
Gróin, mosavaxin hraunbrún er fast vestan við réttina. Þetta er sama hraunbrúnin og er norðan við gamla



Mynd 233. Rétt 541:034, horft til norðurs.

heimatúnið. Hún er 2-5 m há.
Réttin er 10 x 9 m að stærð, einföld og snýr VNV-ASA. Hún er hlaðin úr hraungrýti og veggirnir eru 0,3-0,7 m á hæð. Grjótið er mosavaxið. Hleðslurnar hafa hrunið að mestu nema til suðvesturs, þar má greina þrjú umför grjóthleðslu. Op er á miðjum austurvegg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-541:035 heimild túngarður
Ekki er ljóst hvað ræður afmörkun túnsins á túnakorti frá 1918. Það var þó líklega túngarður umhverfis heimatúnið allt eða að hluta, það mótar fyrir túngarði til norðurs frá útihúsi 030 á stuttum kafla. Útihúsið er byggt fast austan við túngarðinn og lá norður-suður þar.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

ÁR-541:036 *Leið upp ósa* heimild leið 63°54.794N 21°18.733V
Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar frá 1968 er leið upp ósa merkt inn. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, er þetta gamla þjóðleiðin að Arnarbæli ÁR-500 og öðrum bæjum í Ölfusinu. Að hans sögn voru Blautugötur 009 farnar en síðan sveigt til austurs og farið yfir svokallaða ósa og yfir í Nauteyjar. Leiðin er ofan í Ölfusá að mestu, skammt sunnan við engjar Hrauns, Ytri- og Efri-Grímslækja ÁR-539 og 540.
Á þessum slóðum er Ölfusá lyng og grunn. Botn hennar er sendinn og nokkuð um litlar eyjar og hólma. Um þá lá leiðin.
Engin ummerki leiðarinnar sjást í landi Hrauns.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefnauppdráttur IE.

ÁR-541:037 varða óþekkt 63°55.183N 21°20.883V
Lítið vörðubrot er 1,2 km VNV við bæ 001 og tæpa 250 m austan við vörðu 038. Tilgangur vörðunnar er óþekktur en mögulega er um verk smala að ræða.
Slétt hraunklöpp vaxin mosa er á þessum slóðum. Allt umhverfis er gróið hraun með sendnum jarðvegi. Varðan er 0,4 m í þvermál og álíka á hæð. Hún er gjóthlaðin og má sjá 2 umför af hraungrýti. Varðan

er á grónum hraunhól en ekki eru þekktar leiðir á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta



Mynd 234. Varða 541:037 er til vinstri og varða 541:038 til hægri.

ÁR-541:038 varða óþekkt 63°55.144N 21°21.168V
Stæðileg varða er tæpum 250 m vestan við vörðu 037 og 1,4 km vestan við bæ 001. Tilgangur hennar er óþekktur en hún sést víða að og er áberandi.
Varðan er á mosavaxinni hraunbrún.
Varðan er 1,8 m á hæð og 2,5 m í þvermál. Varðan er grjóthlaðin og má greina 8-9 umför af hraungrýti í henni. Neðstu umförin eru mosavaxin að hluta. Varðan stendur enn og ekkert hrun er umhverfis hana. Líklegt er að varðan hafi vísað á fyrirfram ákveðin stað eða hluti af leið.
Hættumat: engin hætta

ÁR-541:039 varða óþekkt 63°55.100N 21°21.093V

Mynd 235. Varða 541:039, horft til norðausturs.

Varða er 100 m suðaustan við vörðu 038 og 1,4 km vestan við bæ 001. Tilgangur vörðunnar er óþekktur.
Varðan er í grónu hrauni. Gróinn hraunhóll er á þessum slóðum og er varðan á austurbrún hans. Allt umhverfis er gróið hraun með sendnum jarðvegi.
Varðan er 0,5 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Varðan er grjóthlaðin og má sjá 2 umför grjóthleðslu í henni. Varðan er lágreist en ekki er hrun umhverfis hana.
Hættumat: engin hætta

ÁR-541b Lágar

1708. "Lágar, hjáleiga bygð fyrir manna minni. Dýrleikinn áðurtalin í heimajörðinni." JÁM II, 431.
"Forn hjáleiga frá Hrauni. Í byggð til 1950. Síðan nytjuð frá Hrauni." SB III, 322
1918: Tún 2,6 ha, 4/5 slétt. Garðar 420 m2.



Byggt á túnakorti frá 1918

ÁR-541b:001 *Lágar* bæjarstæði bústaður 63°55.111N 21°19.358V

Mynd 236. Lágar 541b:001, horft til norðvesturs.

"Bærinn Hraun stendur á jaðri klappahrauns, sem þekur Ölfusið utanvert, og jarðfræðingar kalla Leitahraun [...] Hraun var áður nokkrir bæir og kallaðist Hraunshverfi og Hraunsbæir. Þeir voru [...] Lágar, síðar Austurbær [...] Lágar [stóðu] austan við Hraun," segir í örnefnalýsingu. Síðasti bærinn í Lágum var rifinn árið 2012 og var líklega á bæjarhólnum. Lágar eru 40 m norðan við Hraun 541:001 og 50 m SSA við þúst 541b:005. Á túnakorti Lága frá 1918 er sambyggður kálgarður sunnan við bæjarhúsin. Stafnar bæjarins snéru jafnframt í þá átt. Síðasta húsið í Lágum var á hægri hönd þegar ekið er yfir brú að eldri íbúðarhúsunum í Hrauni. Sá vegur liggur fast upp við bæjarstæðið til austurs. Þar er nú steinsteyptur grunnur en húsið er ennþá uppstandandi á loftmynd frá 1999.
Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarstæði Lága. Íbúðarhús og útihús voru byggð á 20. öld, líklega í bæjarstæðið. Þau hús hafa verið rifin og sléttað yfir svæðið.
Lítið sést til ummerkja um bæinn í Lágum. Þar sem bæjarhúsin voru er malarplan, fast suðaustan við steinsteyptan grunn útihúsa sem byggð voru á 20. öld. Mölin er á 20 x 8 m stóru svæði og snýr norðaustur-suðvestur. Malarpalnið er slétt en steypuleifar sjást víða. Óljóst mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum fyrir norðaustan malarplanið. Þar er 0,5 m aflíðandi brekka í átt að fyrrnefndum malarvegi. Bærinn var upp á náttúrulegum klapparhól og sést víða í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-541b:002 *Grjótmói* heimild tún 63° 55.150N 21° 19.587V
Á túnakorti frá 1918 er sýnt afgirt svæði merkt Grjótmói innan heimatúnsins. Það er 50 x 30 m að stærð og var líklega afgirtur túnblettur, innan heimatúnsisn. Grjótmói var 170 m norðan við bæ 001.
Grjótmói var 5-10 m austan við núverandi malarveg heim að Hrauni. Þar er gróið hraun en búið er að slétta það meðfram veginum.
Engin ummerki Grjótmóa sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-541b:003 heimild leið 63°55.106N 21°19.364V
Á túnakorti Lága frá 1918 eru traðir sýndar fast vestan við bæjarhúsin og kálgarðinn. Þær lágu til norðurs, meðfram heimatúninu en eru horfnar af yfirborði.
Þar sem heimreiðin lá voru byggð útihús á 20. öld. Líklega hurfu traðirnar við þær framkvæmdir.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-541b:004 garðlag túngarður 63°55.196N 21°19.481V
"Hof [ÁR-541005] var austan túnsins, fjær læknum en Lágar, þar sem nú er hlaðinn túngarður," segir í örnefnaskrá Hrauns. Hann sést á túnakorti frá 1918. Túngarðurinn er enn varðveittur að mestu leyti til austurs og norðurs. Tvö sambyggð hólf eru við austurhliðina. Annað þeirra er innan túnsins en hitt utan þess.
Grasivaxið svæði er utan túngarðsins og ræktað tún nýtt til hrossabeitar innan hans. Náttúruleg, gróin hraunbrún er til norðurs og austurs.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 260 x 90 m og snýr norðvestur-suðaustur. Vesturhlið hans er horfin, líklega sökum túnasléttunar. Túngarðurinn er grjóthlaðinn, 0,6 - 1 m á hæð og 2 m breiður. Það má greina milli 4 - 9 umför af grjóthleðslu í honum. Hleðslurnar eru teknar að falla og hafa veggirnir

Mynd 237. Túngarður 004, horft til norðurs. Til hægri sést tóft b, horft til suðausturs.

lækkað við það. Túngarðurinn er mosavaxinn að ofan en hliðarnar eru ógrónar. Tvö hólf eru sambyggð austurhliðinni. Hólf B er sunnan og innan túnsins. Það er 5 x 5 m að stærð og er einfalt. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið til vesturs. Hólf 2 er 5 m norðvestar og er utan túnsins. Það er 15x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö rými. Rými 1 er sunnar. Það er 5 x 5 m að innanmáli, veggirnir eru 0,5 m á hæð og grjóthlaðnir. Tvö op eru á hólfinu, annað á miðjum suðurvegg og hitt á vesturvegg, inn á túnið. Búið er að fylla upp í það með grjóti. Rými 2 er norðar. Það er 7 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru eins og í hólfi 1 en búið er að taka norðurvegginn burt. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, var rétt norðan við hólf 2. Hún var sambyggð því til norðurs og austurs en var rifin.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraun, 1; Túnakort 1918

ÁR-541b:005 þúst útihús 63°55.156N 21°19.388V

Þúst er rúmum 50 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 m vestan við túngarð 004. Þústin er á svipuð stað og hjáleigan Slapp ÁR-541:006 er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar. Þústin er innan heimatúns Lága eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Miðað við staðsetningu þústarinnar er um útihús að ræða.

Ræktað tún nýtt til hrossabeitar er á þessu svæði. Lægð með vatnsuppsprettu er 40 m vestan við þústina. Þústin er 6 x 6 m að stærð og 0,4 - 0,5 m á hæð. Óljóst mótar fyrir opi til suðausturs, þar er örlítil lægð í grassverðinum. Þústin er algróin og hvergi mótar fyrir dæld né glittir í grjót.



Mynd 238. Þúst 541b:005, horft til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefnauppdráttur IE.

ÁR-541b:006 frásögn útihús 63°55.174N 21°19.438V
Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns,var útihús um 130 m norðan við bæ 001 og 40 m austan við Slapp 541:006.
Grasivaxið, óræktað túni. Náttúrulegir hólar og lægðir eru í túninu og hraunbrún til norðurs.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-541b:007 hleðsla útihús 63°55.172N 21°19.449V
Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, var útihús rúmum 130 m norðan við bæ 001 og 9 m VSV við útihús 006. Þar er hleðsla uppi á gróinni hraunbrún.



Mynd 239. Hleðsla 541b:007, horft til vesturs.

Hraunbrúnin er 2-3 m á hæð og algróin. Ræktað tún nýtt til hrossabeitar er hér.
Hleðslan er 7 x 4 m að stærð, snýr norður-suður og er bogadregin. Þetta er líklega hluti af vesturvegg útihússins. Hleðslan er 0,3 m á hæð og algróin. Mögulega var útihúsið opið til suðurs, þar er lítil lægð og óljóst mótar fyrir suðurveggnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-541b:008 hleðsla túngarður 63°55.196N 21°19.497V

Mynd 240. Túngarður 541b:008, horft til austurs.

Hleðsla er innan túngarðs 004, uppi á gróinni hraunbrún. Hleðslan er rúmum 30 m norðvestan við Slapp ÁR-541:006 og tæpum 200 m norðvestan við bæ 001. Mögulega er hér um eldri útgáfu af túngarði 004 að ræða eða túngarð umhverfis Slapp. Nánari heimildir þarf til að staðfesta þetta.
Á þessum slóðum er gróin hraunbrún innan ræktaðs túns. Hún er 2 - 3 m á hæð og grasivaxin.
Hleðslan er 20 m að lengd og er bogadregin. Hún liggur austur-vestur og fylgir hraunbrúninni. Hleðslan er algróin, 0,2 - 0,4 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hvergi sést glitta í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-542 Hraunshjáleiga

1708: "Sudur Hjáleiga, fjórða hjáleiga af heimajörðunni, bygð fyrir manna minni. Varaði bygðin þar til næstu fardaga. Síðan hefur verið þar fyrirvinnulaus kona, og er til vonar að hún viki þaðan á næstkomandi hausti." JÁM II, 432. 1847. 5 hdr. JJ, 76. "Forn hjáleiga frá Hrauni. Nefnd Suðurhjáleiga í Jarðabókinni 1706. Hjáleigan var 5 jarðarhundruð að fornu mati. Árið 1906 féllu not hennar til Lága" Sunnlenskar byggðir III, 332.
1918: Tún 1.5 ha, 9/10 slétt. Garðar 868 m2.



ÁR-542:001 *Hraunshjáleiga* bæjarhóll bústaður 63°54.982N 21°19.285V

Mynd 241. Bæjarhóll 542:001, horft til norðausturs.

"Bærinn Hraun stendur á jaðri klappahrauns, sem þekur Ölfusið utanvert, og jarðfræðingar kalla Leitahraun […] Hraun var áður nokkrir bær og kallaðist Hraunshverfi og Hraunsbæir. Þeir voru […] Hraunshjáleiga, sem oftar var nefnd Hjáleiga [...] Hjáleigan er suður frá Hrauni, vestan lækjarins [...] Hóll [sjá ÁR-543] og Hjáleigan voru byggð fram yfir 1900," segir í örnefnalýsingu. Hraunshjáleiga er um 220 m sunnan við Hraun 541:001. Hesthús var byggð á 20. öld í bæjarstæðið og eru þau enn í notkun. Á túnakorti frá 1918, sést að kálgarður var sambyggður bæjarhúsunum til suðurs. Stafnar bæjarhúsanna snéru jafnframt í þá átt. Á túnakortinu eru sýndar traðir fast vestan við bæinn, þetta er framhald traða 541:004 sem skráðar voru með Hrauni.
Engin ummerki bæjarstæðisins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-542:002 garðlag túngarður 63°55.041N 21°19.293V
Á túnakorti frá 1918 sést túngarður afmarka heimatúnið en lítið sést af honum á yfirborði nú (2013). Eftir að túnakortið er gert er túnið stækkað og annar túngarður hlaðinn til austurs og suðurs og sést hann vel á köflum. Þarna verða breytingar en bærinn fellur úr ábúð 1906 en jörðin nýtt áfram frá Lágum ÁR-541b og þessar breytingar hluti af framkvæmdum á þeim bæ.
Túngarðurinn sést enn í ræktuðu túni fyrir norðan og sunnan bæ 001. Túnið er grasivaxið og slétt. Vatnsuppsprettur eru á nokkrum stöðum í túninu og renna til vesturs, í bæjarlækinn. Þar er mýrlent og bærinn uppi á gróinni hraunbrún.

Mynd 242. Túngarður 542:002, horft til suðausturs og austurs.

Á svæði sem er 440 x 230 m að stærð og snýr norður-suður eru fjögur garðlög. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Garðlag A er norðan við bæ 001. Það er L-laga, 35 x 10 m að stærð, 1-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki um eiginlegar hleðslur að ræða, frekar eins og steinum hafi verið hrúgað saman. Vesturhluti garðlagsins er gerður úr stærra grjóti en lengri hlutinn sem er austar. Vestari hlutinn liggur norðvestur-suðaustur og hluti af horni túnsins á túnakortinu. Túngarðurinn sveigir síðan til norðausturs og lá allt að læknum en sést ekki á yfirborði í mýrinni. Á loftmynd sést móta fyrir honum. Sá hluti er yngri. Garðlag B er 60 m suðaustar. Það er L-laga, 7x3 m að stærð og hluti af yngri túngarðinum. Túngarðurinn er 1 m á breidd, 0,3 m á hæð og grjóthlaðinn. Ekki má greina skýrar grjóthleðslur, það er frekar eins og grjótinu hafi verið hrúgað saman. Garðlag C er sunnan við bæ og sést ekki á túnakortinu, Það er hlaðið meðfram vélgröfnum skurði, mögulega úr grjóti sem kom upp við gerð hans. Garðlagið er grjóthlaðið, 0,3 m á hæð og það sjást 2-3 umför grjóthleðslu í því. Garðlag D er

vestan við malarveginn sem þarna liggur og sést á túnakorti frá 1918. Það er 4 m á lengd og liggur VSV-ANA. Það líkist kanti, hleðslur sjást til suðurs en gróið tún er til norðurs. Það er 0,3 m á hæð og það glittir í 2 umför af grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-543 Hraunshóll/Hóll

1708. "Hooll, önnur hjáleiga, bygð fyrir manna minni. Jarðardýrleikinn talinn í heimajörðinni". JÁM II, 431. 1847. 5 hdr. JJ, 76. "Forn hjáleiga frá Hrauni. Var 5 jarðarhundruð að fornu mati. Árið 1905 féllu not hennar að jöfnu til Hrauns og Ytri-Grímslækjar [ÁR-540]." SB III, 332.

ÁR-543:001 *Hraunshóll/Hóll* bæjarhóll bústaður 63°55.114N 21°19.316V
"Bærinn Hraun stendur á jaðri klappahrauns, sem þekur Ölfusið utanvert, og jarðfræðingar kalla Leitahraun [...] Hraun var áður nokkrir bæir og kallaðist Hraunshverfi og Hraunsbæir. Þeir voru [...] Hraunshóll [...] Hraunshóll, sem oft var nefndur aðeins Hóll, er austan lækjarins, sunnan vegarins [...] Hóll og Hjáleigan voru byggð fram yfir 1900," segir í örnefnalýsingu. Hraunshóll er 60 m norðaustan við Hraun 541:001, austan bæjarlækjarins. Bæjarhóllinn er á tanga sem skagar til suðurs fram í bæjarlækinn, á milli tveggja uppsprettna. Bærinn var syðst á tanganum.



Mynd 243. Bæjarhóll 543:0001, horft til vesturs.

Bæjarhóllinn er á grasivöxnum tanga, um 5 m háum. Svæðið hefur verið ræktað án þess að sléttað hafi verið þar yfir. Brú yfir lækinn er um 10 m VSV við bæjarstæðið.
Hóllinn sem bærinn var er 4 m hár og hlíðarnar brattar til suðurs, vesturs og austurs, niður í bæjarlækinn. Bæjarhóllinn sjálfur er 10 x 10 m að stærð, 0,4 m á hæð og sléttur að ofan. Stafnar bæjarins hafa líklega snúið til norðurs. Á bæjarhólnum er veggjabrot, líklega hluti af austurvegg. Hann er 6 m langur, 1,5 m breiður og 0,4 m á hæð. Veggurinn er algróinn og hvergi glittir í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraun, 1

ÁR-543:002 tóft útihús 63°55.115N 21°19.301V
Útihús er rúmum 10 m austan við bæ 001, í austurhlíðum hólsins sem bærinn stendur á. Íbúðarhús Hrafnkels Karlssonar, Hraun III, er 40 m norðar. Vatnsuppspretta er fast austan undir brekkunni sem útihúsið er í.
Útihúsið er efst í brattri brekku til austurs. Tóftin hallar örlítið til suðausturs.
Útihúsið er 7x5 m að stærð, einfalt og snýr norður-suður. Það er í aflíðandi halla til austurs, ofarlega í 4 m hárri brekku. Veggirnir eru 0,3-1 m á hæð og algrónir. Víða glittir í steina í þeim á þess að um skýr umför sé að ræða. Inni í tóftinni er hrun, úr veggjum og þaki. Op er á miðjum suðurvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Mynd 244. Tóft 543:002, horft til NNA.

ÁR-543:003 hleðsla kálgarður 63°55.121N 21°19.290V
L-laga hleðsla er 20 m norðaustan við bæ 001 og 10 m norðaustan við útihús 002. Hleðslan er á sömu hóltungu og bær 001. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, var þetta kálgarður.
Svæðið umhverfis kálgarðinn er algóið og austurhlutinn er brattur, niður af hólnum.

Mynd 245. Hleðsla 543:003, horft til norðurs.

Kálgarðurinn er 20 x 14 m að stærð, einfaldur og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er í halla til austurs, niður af fyrrnefndum hól. Veggirnir eru 0,6 m á hæð, grjóthlaðnir og algrónir. Hvergi sést glitta í grjót en það finnst vel þegar farið er um svæðið. Austurveggurinn er horfinn, þar er einungis beinn bakki. Suðurveggurinn er einnig horfinn. Op var í norðvesturhorni. Kálgarðurinn er sléttur að innan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

4. Fornleifar og byggðaþróun í Ölfusi

Hér er upphaf og saga Ölfushrepps tekin fyrir. Ölfusið er með stærstu sveitum í Árnessýslu og landslag þar æði fjölbreytt. Að vestan setja hraun sterkan svip á landið og sjárvarströndin kallast Leitarhraun og það hraun að mestu undir Ölfusinu. Víða hafa yngri hraun runnið yfir Leitarhraun og upptökin ofar en ekki uppi á Hellisheiði eða í Henglinum. Ofar er samfelld hálendisbrún sem nær austur eftir öllu Ölfusinu. Þessi brún endar í Ingólfsfjalli. Austan Varmár taka við samfelldar mýrar og gróin holt standa upp úr þeim. Bæir eru oftar en ekki á þessum holtum. Þessar mýrar kölluðust Forir en eru nú framræstar og ræktaðar að mestu. Varmá og Gljúfurá hafa grafið dali í fjallendið og beitiland þar gott. [3]

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á því svæði sem er til rannsóknar. Byggðasaga er einn sá grunnur sem áætlanir um frekari rannsóknir, t.d. uppgrefti, ættu að byggja á. Vitneskja um sögu byggðar eykur líkur á að rannsóknarefni fornleifafræðinga séu mótuð og þar af leiðandi fáist markvissari niðurstöður. Aðferðin sem hér beitt er til þess að skoða þróun byggðar er að skoða fyrst landnám í Ölfusi eins og sagt er frá því í Landnámabók og reyna á grunni þess og staðsetningu kumla, kirkna og annarra fornleifa að geta sér til um hvaða jarðir byggðust fyrst á svæðinu. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri öldum er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við flesta bæi eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Í skýrslu Hildar Gestsdóttur og Orra Vésteinssonar, *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi* er farið yfir líklega byggðaþróun í Ölfusi út frá þekktum ritheimildum. Litlu er við þessa úttekt þeirra að bæta eftir að skráning minjastaða er vel á veg komin í Ölfushreppi. Kafli þeirra um sögu byggðar í Ölfusinu er birtur hér nánast í heild sinni. Þar segir: „Af almennum líkum má þó ætla að Ölfus sé meðal þeirra sveita sem fyrst hafi byggst á Íslandi.

[3] Sunnlenskar byggðir III, 279-280.

Ölfusárós, Þorlákshöfn og Selvogur hafa um aldir verið þrautarlending þeirra sem sigldu vestur með suðurströndinni í leit að lendingum, og ekki rötuðu inn á höfnina á Eyrum. Fyrir þá sem komu skipum inn á Ölfusárós hefur Ölfusið verið gósenland. Hið mikla votlendi upp af ósnum hefur ekki verið hulið skógi og því hefur ekki þurft að byrja á að ryðja hann til að efna til byggðar. Nægur heyafli hefur verið á votlendinu fyrir nautgripi og annann fénað og skammt í sumarbithaga á fjöllum. Mikil selveiði var í ósnum og sölvatekja á ströndinni, og sjávarafli utan við landsteina. Óhætt er að fullyrða að fáar sveitir á Íslandi hafa jafnmikil landgæði á litlu svæði og Ölfusið – og raunar er talið að landgæði hafi ekki verið síðri í Selvogi áður en sandur tók að herja á þá sveit á 17. öld. Af þessu má ætla að snemma hafi orðið þéttbyggt í Ölfusi – og má vel vera að sagnir um skamma viðveru Ingólfs Arnarssonar undir Ingólfsfjalli geymi minningar um að héraðið hafi byggst einna fyrst af sveitum landsins. Útfrá staðsetningu og landgæðum má ætla að Arnarbæli hafi verið með allra fyrstu bústöðum í Ölfusi en síðan hefur hver bærinn á fætur öðrum risið á brún votlendisins, frá Auðsholti og í sveig til vesturs að Hrauni. Byggðin er þéttust austantil, svo þétt raunar að nær er að tala um þorp en staka bæi, enda er talað um Bæja[r]þorp, Hjallahverfi, Reykjatorfu o.s.frv. Þó erfitt sé að fullyrða um það án rannsókna er einlægast að álíta að byggð hafi þegar verið orðin þétt í þessum hverfum á landnámsöld – frekar en að jarðir hafi skipst upp smátt og smátt á seinni öldum.[4] Hverfin virðast hafa verið tvenns kyns: Annarsvegar hafa verið stórbýli (Arnarbæli, Hjalli, Hraun) með fjölda hjáleiga og afbýla, og hinsvegar hverfi með ámóta stórum meðaljörðum (Bæjarþorp, Bakkárholt-Kotsrönd) og má vera að þessi ólíku munstur endurspegli að einhverju leyti samfélagsskipan landnámsaldar og nýtingu auðlinda á 9.-10. öld. Fyrir utan votlendisbrúnina standa flestir bæir í Ölfusi við fjallsrætur með jöfnu millibili (t.d. Alviðra – Tannastaðir – Fjall og Breiðabólstaður – Litlaland – Hlíðarendi) og má ætla að þær jarðir séu byggðar heldur seinna en hverfingin kringum Forirnar en þó hefur það tæplega munað miklu. […] Á 11. öld reistu efnaðri bændur og höfðingjar kirkjur og bænhús á jörðum sínum og má af dreifingu slíkra húsa fá nokkra hugmynd um skipulag byggðar á þeim tíma. Vitað er um kirkjur í Fjalli, á Árbæ, Kirkjuferju, Auðsholti, Arnarbæli, Reykjum, Núpum, Hjalla, Breiðabólstað, í Þorlákshöfn […]. Kirkjurnar sem vitað er um eru á öllum dýrustu jörðunum og eru einnig með nokkuð jöfnu millibili en miðað við fjölda býla eru tiltölulega fáar kirkjur í kringum Forirnar en hlutfallslega margar meðfram bökkum Ölfusár . Þetta gæti bent til að höfðingjar á Hjalla, Núpum, Reykjum, Auðsholti og/eða Arnarbæli hafi snemma – eða jafnvel frá upphafi – haft yfirráð yfir hinum minni býlum í kringum Ölfusforir. Hugsast getur að hin þétta byggð t.d. í Bæjarþorpi hafi verið skipulögð –

[4] sbr. Orri Vésteinsson 1998

kannski af höfðingja á Núpum – sem leiguliðabyggð í því augnamiði að ná sem mestum leigutekjum af landinu. Annarskonar munstur er undir Ingólfsfjalli þar sem jarðirnar eru stærri að jafnaði þó engin þeirra teljist til stórbýla. […] Á 12. öld urðu kirkjurnar á Hjalla, Arnarbæli og Reykjum sóknarkirkjur Ölfusinga og bendir það til að bændur á þessum jörðum hafi verið forystumenn sveitarinnar á þeim tíma. Kirkjustaðirnir hafa síðan verið miðstöðvar sveitarinnar og þar sátu öðruhvoru höfðingjar. Gissur Þorvaldsson bjó á Reykjum um skeið fyrir 1240 og í Arnarbæli bjó um 1290 Þorvarður Þórarinsson, sem var einn helsti valdsmaður um sunnan og austanvert Ísland eftir að Gissur jarl dó 1268 til dauðadags 1296. […] Næsta lítið er vitað um byggð í Ölfusi eða Selvogi á síðmiðöldum. Margra jarða í Ölfusi er hvergi getið í skjölum fyrr en í jarðabókum 17. aldar og er það óvenjulegt því víðast er flestra jarða getið einhversstaðar í skjölum frá 14. og 15. öld. Skýringin gæti legið í því að mjög margar af jörðunum í Ölfusi, einkum um austanverða sveitina, hafi snemma komist undir Skálholtskirkju – mögulega þegar á 12. eða 13. öld en jarðabækur stólsins frá miðöldum hafa ekki varðveist. Nokkrar jarðir í Selvogi og í vestanverðu Ölfusi koma oft við sögu í skjölum á 15. og 16 öld en Möðruvellingar í Eyjafirði áttu þar nokkrar jarðir sem á 16. öld komust í hendur Erlendunga, Þorvarðar Erlendssonar lögmanns (d. 1513) og afkomenda hans, sem margir bjuggu á þessum slóðum. […] Ölfus kemur allmikið við sögu siðaskiptanna á Íslandi, einkum vegna jarðabrasks og ítaka sem Ögmundur biskup Pálsson átti þar. Ögmundur náði yfirráðum yfir Hjalla í Ölfusi og fékk jörðina Ásdísi systur sinni og Eyjólfi Jónssyni manni hennar, og á Hjalla handtóku danskir hermenn hinn blinda biskup 1541. Afkomendur Ásdísar og Eyjólfs bjuggu lengi eftir þetta á Hjalla, styrktir af mægðum við Erlendunga. Á 16. öld náðu Skálholtsbiskupar undir sig bæði Reykjum og Arnarbæli – og bjó Oddur Gottskálksson Nýjatestamentisþýðandi um skeið á Reykjum og fékkst þar við riststörf í skjóli Gissurar Einarssonar. 16. öldin var einskonar blómaskeið Ölfus og Selvogs. Þá bjuggu þar stórhöfðingjar áratugum saman, […]. Lítilsháttar verslun var í Þorlákshöfn á 16. öld og þar hefur verið stöðug verslun frá seinni hluta 18. aldar, í tengslum við öfluga útgerð, […]. Á 17. öld eyddist einnig jörðin Fjall undir Ingólfsfjalli vegna skriðufalla. Fjall hafði verið betri meðaljörð með eigin kirkju en bæjarstæðið eyddist vegna aurskriða og grjóthruns úr Ingólfsfjalli. Einsýnt er að orsök þeirra skriðufalla er að rekja til þess að skógur, sem áður hélt jarðvegi í hlíðum fjallsins, hefur verið eyddur á þessum tíma og hefur síðan runnið stöðugt úr hlíðum fjallsins. Eftir að bæjarstæði Fjalls var yfirgefið á 18. öld skiptist jörðin milli Laugarbakka og Hellis sem áður höfðu verið hjáleigur. […]. Í Jarðabók Árna og Páls sem tekin var saman á árunum 1706 og 1708 á þessu svæði er víða getið um hjáleigur og afbýli sem höfðu byggst á seinni hluta 17. aldar. Margar fóru fljótlega í eyði aftur í harðindunum um 1700 eða í kjölfar Stórubólu 1707 en önnur héldust í byggð. Hugsast getur að byggð hafi

verið með mesta móti í Ölfusi á síðustu tveimur áratugum 17. aldar en af því að langflest þessara kota byggðust í hverfum þar sem fjöldi hjáleiga var fyrir, er varlegra að ætla að byggð hafi ávalt verið sveiflukennd þar sem þannig háttaði til. Þ.e. að í kringum stórbýli eins og Arnarbæli og Hjalla hafi ávallt verið mikill fjöldi kota, og að fjöldinn hafi sveiflast eftir árferði og/eða hagsmunum bændanna sem jörðunum réðu. Engar heimildir eru til sem gefa ástæðu til að ætla að fyrir utan byggðaeyðingu í Selvogi hafi orðið neinar verulegar breytingar í skipulagi byggðar í Ölfusi eða Selvogi fyrr en á þessari öld."[5]

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld en brýnt er að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Á skráningarsvæðinu voru samtals skráðir 29 bæjarhólar á 26 lögbýlum. Hér teljast til lögbýla allir þeir bæir sem skilgreindir eru sem slíkir í Jarðatali Johnsen frá 1847 en að auki eru Miðhjáleiga/Auðsholtshjáleiga heimri, Bjálkhús og Slapp talin hér með.[6] Bæjarhólarnir eru í misjöfnu ástandi. Algengt er að þeim hafi verið raskað á síðustu áratugum þótt hluti hólanna sé gjarnan eftir óskaddaður. Ný íbúðarhús standa á nokkrum þeirra, sumum hefur verið raskað við túnasléttun og útihús hafa verið byggð á enn öðrum. Nokkrir bæjarhólar eru óraskaðir vegna tilfærslu á bæjarhúsum.

[5] Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson, Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. 1999
[6] Á þessum stöðum eru ennþá óraskaðir og veglegir bæjarhólar.

Samtala	*Sérheiti*	*Fyrst getið*	*Stærð*	*Hleðslu-hæð*	*Ástand*	*Minja-rask*
ÁR-495:001	Auðsholt	Máldagi Auðsholtskirkju 1397	80 x 61,5	1,5	sést til	Rask
ÁR-495:004	Mið-hjáleiga	JÁM II 1708 (þá gömul hjáleiga)	55 x 35	2	sést til	Óraskað
ÁR-496:001	Auðsholts-hjáleiga	JÁM II 1708 (líklega yngri en Miðhjáleiga)	50 x 30		sést til	Rask
ÁR-497:001	Egilsstaðir	JJ 1847 (mun eldri jörð)	Ekki vitað		sést til	Rask
ÁR-498:001	Hali	JÁM II 1708 (byggð um 40 árum fyrr)	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-499:001	Ósgerði	JÁM II 1708 (þá gömul jörð)	Ekki vitað		sést til	Rask
ÁR-500:001	Arnarbæli	Kirknaskrá Páls ca 1200	90 x 40	5	sést til	Rask
ÁR-500:008	Bjálkhús	JÁM II 1708 (þá búin að vera í eyði í 20 ár)	45 x 35	1	sést til	Óraskað
ÁR-501:001	Nethamrar	JÁM II 1708	34 x 28	0,3	sést til	Sléttaður
ÁR-502:001	Hóll	JÁM II 1708	38 x 26	1	sést til	Sléttaður
ÁR-503:001	Krókur	JÁM II 1708	10 x 6	0,3	sést til	Rask
ÁR-504:001	Stöðlar	JÁM II 1708	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-505:001	Nýjibær	JÁM II 1708	16 x 10	0,5	sést til	Rask
ÁR-506:001	Bakkárholt	JÁM II 1708 (mun eldri jörð)	60 x 40	1	sést til	Rask
ÁR-507:001	Bakkárholts-partur	JÁM II 1708	50 x 45	0,4	sést til	Sléttaður
ÁR-508:001	Ingólfshvoll	JÁM II 1708	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-509:001	Strýta	JÁM II 1708	30 x 20	1,5	sést til	Rask
ÁR-510:001	Grænhóll	JÁM II 1708 (byggð 40 árum fyrr)	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-517:001	Reykir	Landnáma	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-518:001	Reykjakot	JÁM II 1706	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-519:001	Reykja-hjáleiga	JÁM II 1706	26 x 15	1,5	sést til	Sléttaður
ÁR-520:001	Kross	JÁM II 1706	Ekki vitað		sést til	Rask
ÁR-523:001	Saurbær	JÁM II 1708	60 x 30	0,5	sést til	Rask
ÁR-524:001	Þúfa	JÁM II 1708	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-525:001	Kröggólfsstaðir	JÁM II 1708 (mun eldri jörð)	21 x 10	0,4	sést til	Rask
ÁR-526:001	Vötn	JÁM II 1708 (mun eldri jörð)	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	horfinn
ÁR-541:001	Hraun	JÁM II 1708 (mun eldri jörð)	22 x 8	0,6	sést til	Rask
ÁR-541:006	Slapp	Í byggð frá því fyrir 1700 til 1842.	20 x 10	1,5	hleðslur útflattar	Óraskað
ÁR-542:001	Hraunshjáleiga	JÁM II 1708 (þá gömul hjáleiga)	Ekki vitað			Rask
ÁR-543:001	Hraunshóll	JÁM II 1708 (þá gömul hjáleiga)	10 x 10	0,8	sést til	Óraskað

Tafla 1. Listi yfir bæjarhóla sem skráðir voru. Hér er einnig getið um ástand þeirra og elstu heimildir.

Átta bæjarhólar eru horfnir af yfirborði. Hali ÁR-498:001 var syðst í túni Egilsstaða ÁR-497 en þar er nú hesthús og ræktað tún. Ekki er vitað með vissu hvar þessi bær stóð nákvæmlega en ekki sjást uppsöfnuð mannvistarlög í grónu túni nærri hesthúsinu. Heimildarmenn töldu líklegast að bærinn væri undir hesthúsinu. Sumarbústaður og ræktuð tún eru yfir bæjarhól Stöðla ÁR-504 og engin ummerki sjást um mannvist á yfirborði. Í Borgarkoti ÁR-508:001 er búið að grafa bæjarhólinn að mestu burtu. Bærinn var fluttur af bæjarhólnum og við niðurrif og

aðrar framkvæmdir sést víða þar í klöpp núna. Bæjarhóll Grænhóls ÁR-510 hefur alltaf verið á sama stakstæða hólnum, þar er nú íbúðarhús, stórt hesthús og malarplan. Hið sama má segja um Þúfu ÁR-524:001 og Vötn ÁR-526:001, þar var bæjarhólunum mokað burtu við niðurrif og byggingarframkvæmdir. Á Reykjum ÁR-517:001 eru nokkrar byggingar og önnur mannvirki tengd skólastarekstri á sjálfum bæjarhólnum og í Reykjakoti ÁR-518:001 er íbúðarhús og trjárækt á hólnum.

Á öðrum jörðum á skráningarsvæðinu var ástand bæjarhólanna betra, þó að víðast hafi einhverjar framkvæmdir átt sér stað á þeim. Alls hefur 16 bæjarhólum verið raskað að hluta. Það er í Auðsholti ÁR-495:001, Auðsholtshjáleigu ÁR-496:001, Egilsstöðum ÁR-497:001, Ósgerði ÁR-499:001, Arnarbæli ÁR-500:001, Nethömrum ÁR-501:001, Króki ÁR-503:001, Nýjabæ ÁR-505:001, Bakkárholti ÁR-506:001, Bakkárholtsparti ÁR-507:001, Reykjahjáleigu ÁR-519:001, Krossi ÁR-520:001, Stóra - Saurbæ ÁR-523:001, Kröggólfsstöðum ÁR-525:001, Hrauni ÁR-541:001 og Hraunshjáleigu ÁR-542. Þessum bæjarhólum hefur verið raskað með byggingu yngri húsa og þeir sléttaðir út að hluta þó enn megi greina veggjarbrot og húsgrunna. Einhver þeirra húsa sem byggð voru á bæjarhólunum eru með kjallara sem grafnir eru djúpt í hólinn en slíkar framkvæmdir hafa yfirleitt raskað mannvistarlögum talsvert. Í flestum tilvikum má þó enn greina uppsöfnun/bæjarhól á yfirborði og víða eru án efa talsverðar mannvistarleifar undir sverði enda sjaldnast nokkrar vísbendingar um að bæirnir hafi staðið annars staðar.

Samtals voru skráðir sex bæjarhólar sem voru óraskaðir eða höfðu orðið fyrir litlu raski. Miðhjáleiga ÁR-495:004 er í heimatúni Auðsholts og þar sér enn móta fyrir tóftum á veglegum bæjarhól. Það er búið að slétta yfir minjarnar en þær hafa varðveist vel sé tekið mið af því. Hið sama má segja um bæjarhól Bjálkhúss ÁR-500:008 sem er í heimatúni Arnarbælis. Þar sést bæjarhóll og signar tóftir í sléttuðu túni. Bæjarhóll Hraunhóls ÁR-543:001 er fremur umfangslítill en þar mótar ennþá fyrir tóftum. Á þremur stöðum sjást ennþá bæjarhólar en engin ummerki um byggingar á yfirborði. Þetta er Hóll ÁR-502:001, Strýta ÁR-509:001 og Slapp ÁR-541:006.

Á skráningarsvæðinu eru þekkt 16 býli á níu jörðum. Býlin voru misstöndug, sum voru hjáleigur, önnur tómthús eða þurrabúðir og þekking um önnur hefur eingöngu varðveist í munnmælum. Flest býlanna hafa byggst innan landamerkja Arnarbælis, alls eru þau fjögur talsins. Flest býlanna eru þekkt úr rituðum heimildum en í mörgum tilfellum er staðsetning þeirra óþekkt. Búseta á flestum þeirra virðist hafa varað stutt og ekki ólíklegt að einhver býlanna hafi byggst á bæjarstæðum eldri bústaða. Frekari heimildir þar til að staðfesta það.

Samtala	*Sérheiti*	*Fyrst getið*	*Stærð*	*Hleðslu-hæð*	*Ástand*	*Minjarask*
ÁR-500:006	Sigurðarhús	JÁM II 1708 (þá í eyði yfir 20 ár)	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	Horfið í Ölfusá
ÁR-500:015	Garðhús	JÁM II 1708 (þá í eyði yfir 20 ár)	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	Týnt
ÁR-500:017	Holt	Byggt 1896 - 1935	28 x 20	1	sést til	óraskað
ÁR-500:030	Grímshús	JÁM II 1708 (þá í eyði yfir 20 ár)	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	Týnt
ÁR-503:002	Litli-Krókur	JÁM II 1708 (í eyði það ár)	18 x 18	0,3	sést til	Raskað
ÁR-505:002	Kaldakinn	JÁM II 1708 (byggt 1706)	8 x 8	0,4	hleðslur signar	Óraskað
ÁR-517:005	Engjagarður	JÁM II 1706 (í eyði 26 ár)	Ekki vitað			Týnt
ÁR-517:006	Grændals-völlur	JÁM II 1706 (byggð innan við 20 árum áður, einungis 4 ár í byggð))	Ekki vitað			Týnt
ÁR-517:069	Húsmúli	Óþekkt	Ekki vitað			Týnt
ÁR-523:007	Vörðhóll	Óþekkt	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	Raskað
ÁR-523:018	Saurbæjar-hjáleiga	JÁM II (innan við 30 síðan byggð, í eyði í 20 ár)	Ekki vitað			Týnt
ÁR-523b:001	Litli Saurbær	Byggt 1850 úr jörð Stóra Saurbæjar	Ekki vitað		ekki sést til fornleifar	Týnt
ÁR-524:005	Þúfuhjáleiga	JÁM II 1706 (í byggð 1700-1704)	Ekki vitað			Týnt
ÁR-525:015	Kröggólfs-staðahjáleiga	JÁM II 1708	Ekki vitað			Týnt
ÁR-541:005	Hof	í byggð 1858-1873	15 x 10	0,5	hleðslur útflattar	Raskað
ÁR-541b:001	Lágar	JÁM II 1708 (þá gömul hjáleiga)	20 x 8	0,5	sést til	Raskað

Tafla 2. Listi yfir skráð býli og helstu upplýsingar.

Staðsetning níu býla er týnd en flestra þeirra er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þá eru þau flest þessara týndu býla í eyði og búseta þar varað stutt samkvæmt því sem þar kemur fram. Eitt býli í landi Arnarbælis er horfið í Ölfusá. Ummerki um hin býlin sex sjást ennþá en eitthvað rask hefur átt sér stað í öllum tilfellum nema í Holti ÁR-500:017 en það byggist upp 1896 og ábúð er þar í tæp 40 ár, í steyptu húsi. Hvergi sést veglegur bæjarhóll eða greinilegar tóftir á yfirborði þar.

Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir

Eins og áður kom fram hefur ekkert kuml fundist á skráningarsvæðinu. Ekki eru heldur sagnir um mannabeinafundi sem gefa vísbendingar um slíkt eða þekktir fornmannahaugar. Þrjár kirkjujarðir eru meðal þeirra sem skráðar voru, Auðsholt ÁR-495:002, Arnarbæli ÁR-500:002

og Reykir ÁR-517:002 en engin þeirra er ennþá í notkun. Einn máldagi kirkjunnar í Auðsholti er varðveittur, hann er frá 1397. Ekki er vitað hvenær kirkjan er lögð niður eða hvar hún var staðsett. Það hafa ekki fundist mannabein í Auðsholti þrátt fyrir mikið jarðrask á bæjarhólnum en gera má ráð fyrir að kirkjan hafi verið þar nærri. Í Arnarbæli var kirkja líklega frá upphafi byggðar á þessu svæði. Hennar er fyrst getið í kirknaskrá Páls frá um 1200 og var hún í notkun allt til ársins 1909 þegar kirkjan var flutt að Kotströnd. Kirkjugarðurinn sést ennþá og þar eru nokkur minnismerki. Kirkjan á Reykjum er einnig frá upphafi byggðar á svæðinu. Hennar er getið í kirknaskrá Páls frá því um 1200 og var í notkun allt til ársins 1908 er hún fauk og var ekki byggð upp aftur. Sóknin var einnig flutt að Kotströnd. Kirkjugarðurinn sést ennþá og óljós tóft. Ekki eru þekkt bænhús eða sagnir um slík á skráningarsvæðinu.

Tvær dysjar eru þekktar á svæðinu, Árnadys ÁR-495:026 og Dys Lénharðs fógeta ÁR-541:027. Árnadys er á merkjum Auðsholts, Bakkárholts (Strýtu) og Kirkjuferju. Þar er melur uppi á holti og lítið sér til hóls eða annars sem gefur dysina til kynna. Dys Lénharðs fógeta er í landi Hrauns, á Ölfusárbökkum. Þarna á að vera grafinn fyrrnefndur Lénharður fógeti en hann var myrtur árið 1502 af Torfa í Klofa. Dysin eða hóllinn er fremur stór og þar sjást óljósar hleðslur. Sagnir eru um að mannabein hafi fundist í hólnum.

Útihús, túngarðar

Mikið af minjastöðum er yfirleitt að finna í gömlu heimatúnum bæjanna. Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Útihús eru stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík hús voru fyrir sauðfé en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Samtals voru skráð 77 útihús á svæðinu, eða tæplega 20% minjastaðanna. Heimildir um útihúsin koma úr ýmsum áttum en einna þyngst vega túnakort sem gerð voru í sveitum landsins í upphafi 20. aldar á vegum Búnaðarsambandsins. Slík kort voru gerð í Ölfushreppi árin 1917-1918 og sýna flest útihús sem voru á svæðinu á þeim tíma.

Samtals voru skráð 48 útihús með óþekkt hlutverk, alls rúmlega 62% af heildarfjölda þeirra. Þetta háa hlutfall af óþekktum útihúsum stafar eflaust af því að mörg þeirra voru sléttuð út fyrir löngu og erfitt er nú orðið að finna heimildamenn sem muna eftir þeim.

Samtala	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-495:037	útihús	Hleðslur standa grónar
ÁR-496:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-496:003	útihús	hleðslur signar
ÁR-496:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-497:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-499:003	útihús	hleðslur signar
ÁR-499:004	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-500:009	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:026	útihús	hleðslur signar
ÁR-500:031	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-500:034	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:038	útihús	sést til
ÁR-503:004	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-504:002	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-505:003	útihús	hleðslur signar
ÁR-506:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:005	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:012	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-508:006	útihús	hleðslur signar
ÁR-508:007	útihús	hleðslur signar
ÁR-508:008	útihús	hleðslur signar
ÁR-509:002	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-509:003	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-510:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-510:003	fjárhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-510:005	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-518:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-518:003	útihús	hleðslur signar
ÁR-518:004	útihús	hleðslur signar
ÁR-518:005	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-518:011	útihús	hleðslur signar
ÁR-519:004	útihús	hleðslur standa grónar
ÁR-519:005	útihús	hleðslur signar
ÁR-520:002	útihús	hleðslur signar
ÁR-520:003	útihús	hleðslur signar
ÁR-520:004	útihús	hleðslur signar
ÁR-520:006	útihús	hleðslur signar
ÁR-520:007	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-520:008	útihús	hleðslur signar
ÁR-520:010	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:015	útihús	hleðslur signar
ÁR-523:017	útihús	hleðslur signar
ÁR-523b:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-524:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-526:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-526:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-526:005	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:030	útihús	hleðslur standa grónar
ÁR-541:033	útihús	hleðslur signar
ÁR-541b:005	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-541b:006	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-541b:007	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-543:002	útihús	hleðslur signar

Tafla 3. Listi yfir útihús með óþekkt hlutverk.

Alls voru útihús með óþekkt hlutverk skráð á 23 lögbýlum og yfirleitt voru þau fleiri en eitt. En jörð sker sig úr í fjölda en þar er Kross ÁR-520, þar eru útihúsin alls sjö, fimm voru á Arnarbæli ÁR-500 og einnig í Reykjakoti Á-518. Líkt og sést í töflunni hér ofar sjást ummerki þessara útihúsa á 33 minjastöðum, eða í 66% tilvika. Það er óvenju hátt hlutfall í samanburði

við önnur svæði sem skráð hafa verið á Suðurlandi og eru gömul útihús almennt í hópi þeirra minja sem hvað verst hafa orðið úti í framkvæmdum á 20. öld. Ekki er nein ein útskýring hvað veldur en mögulega er það fjölbreytt landslag. Hluti heimatúnanna eru í eða við brekkurætur, hraun er undir heimatúnunum á nokkrum stöðum og einhverjar jarðanna eru komnar í eyði og á svona svæðum er minni hætta á jarðraski.

Samtala	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-495:003	hesthús	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:007	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:011	hesthús	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:015	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:003	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:029	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:035	skemma	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:004	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:008	hesthús	týnt
ÁR-517:009	lambhús	týnt
ÁR-517:014	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:061	hrútakofi	undir þaki
ÁR-518:007	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-518:012	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:010	hesthús	ekki sést til fornleifar
ÁR-524:002	fjárhús	hleðslur útflattar
ÁR-524:003	lambhús	hleðslur útflattar
ÁR-525:002	fjárhús	hleðslur signar
ÁR-525:019	fjárhús	ekki sést til fornleifar

Tafla 4. Útihús með þekkt hlutverk.

Í 19 tilvikum er hlutverk útihúsanna þekkt og dreifast þau á átta lögbýli. Flest þeirra eru í Auðsholti ÁR-495 og á Reykjum ÁR-517, fjögur á hvorum stað. Í 75% tilvika eru ummerki þeirra horfin af yfirborði. Heimildir um hlutverkin koma víða að. Í einhverjum tilvika eru það örnefni sem gefa nákvæmt hlutverk til kynna fremur en þekking um bygginga sjálfa. Einnig geta gamlar ljósmyndir, teikningar og minni heimildarmanna gefið upplýsingar. Lítið er vitað um staðsetningu fjósa á skráningarsvæðinu en líklegt er að þau hafi víða verið sambyggð bæ eins og vísbendingar eru um annars staðar frá á landinu. Þar voru fjós víða inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin. Það eru til heimildir um sex fjós á skráningarsvæðinu og í fimm tilvikum eru það örnefni frekar en nákvæm staðsetning sem er helsta vísbendingin. Þau eru öll horfin af yfirborði eða staðsetning þeirra týnd. Fjögur hesthús voru skráð innan heimatúnanna og þau eru öll horfin af yfirborði. Það gildir hið sama hér og um fjósin, örnefni gáfu tilurð þeirra einna helst til kynna. En skemma var skráð á Arnarbæli, ÁR-500:009 en í hinum tilvikunum hýstu útihúsin sauðfé.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Hartnær engin gömul tún lögbýla eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu, í flestum tilfellum vegna túnasléttunar og annarra jarðbóta. Samtals voru skráðir 16 túngarðar á skráningarsvæðinu og einungis þrír þeirra eru algjörlega horfnir. Í engum tilvikum var um óraskaða túngarða að ræða heldur voru þetta hlutar eða partur af túnum. Einna umfangsmesti túngarðurinn er í

Auðsholti ÁR-495, þar sést hann sem útflattur og gróinn hryggur í túninu. Plægt hefur verið yfir túngarðinn í gegnum tíðina en þetta bendir í þá átt að um mikið mannvirki hafi verið að ræða. Túngarðurinn á Saurbæ ÁR-523 er einnig varðveittur eftir öllum austurmerkjum túnsins.

Samtala	*Ástand*
ÁR-495:028	hleðslur signar
ÁR-500:028	hleðslur signar
ÁR-500:036	hleðslur signar
ÁR-506:014	hleðslur útflattar
ÁR-507:007	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:017	ekki sést til fornleifar
ÁR-518:006	hleðslur útflattar
ÁR-523:008	hleðslur útflattar
ÁR-523:016	hleðslur útflattar
ÁR-524:007	sést til
ÁR-525:020	hleðslur útflattar
ÁR-526:009	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:035	hleðslur standa grónar
ÁR-541b:004	hleðslur signar
ÁR-541b:008	hleðslur signar
ÁR-542:002	hleðslur signar

Tafla 5. Skráðir túngarðar

Allir túngarðarnir hafa flestir verið hlaðnir torfi og grjóti en einnig má sjá grjóthlaðna veggi. Það má gefa sér að mun fleiri túngarðar hafi verið á skráningarsvæðinu, ekki síst þar sem „hverfaskipulag“ var við lýði, líkt og umhverfis Arnarbæli og Bæjarþorpsjarðirnar (Saurbæ, Kröggólfsstaði, Þúfu og Vötn).

Það voru einungis skráðir fimm kálgarðar á skráningarsvæðinu. Í Arnarbæli voru þeir tveir (ÁR-500:033, 043), einn í Bakkárholti (ÁR-506:016), einn í Borgarkoti (ÁR-508:004) og einn á Hraunshól (ÁR-543:003). Það er hins vegar vitað að mun fleiri kálgarðar voru á svæðinu og flestir þeirra voru á bæjarhólunum sjálfum, „framan“ við bæina. Þeir eru skráðir sem hluti af bæjarhólunum í skráningarkerfi Fornleifastofnunar og því má áætla að þeir hafi allt verið um 40 talsins sem verður að telja mun líklegra hlutfall.

Brunnar og vatnsból

Annar minjaflokkur innan gömlu heimatúnanna eru brunnar en þeir eru ekki sýndir á fyrrnefndum túnakortum en gera má ráð fyrir að við hvern bæ hafi verið einn brunnur eða jafnvel fleiri. Einnig er algengt að sami brunnur hafi verið notaður af nokkrum bæjum hérlendis og ekki er ólíklegt að svo hafi verið t.d. í Arnarbælishverfi þrátt fyrir að þar sé ekki þekkt

vatnsból nú í dag. Alls eru þekktir 14 staðir sem tengjast vatnsnotkun, sex brunnar og átta lindir/uppsprettur. Allir brunnarnir eru horfnir af yfirborði utan eins sem er í Saurbæ ÁR-523:019. Flestir eru þeir innan heimatúnanna eða rétt utan þeirra. Hið sama má segja um lindir og uppsprettur, þær eru allar rétt utan heimatúnanna. Helmingur þeirra sést enn og einhverjar eru enn í notkun.

Samtala	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-495:008	Brunnhóll	Brunnur	hleðslur standa grónar
ÁR-496:005		Brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:009	Brunnur	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:040		brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-510:004	Grænhólsbrunnur	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:019		brunnur	hleðslur standa grónar
ÁR-507:003	Partslind	vatnsból	sést til
ÁR-508:003		vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:011	Kaldalind	vatnsból	sést til
ÁR-517:012	Volgalaug	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-519:003	Lindin	vatnsból	sést til
ÁR-523:004	Lambadý	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:005	Austurdý	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-526:006	Ærhúslækur	vatnsból	sést til
ÁR-500:014	Ullarklöpp	þvottastaður	sést til
ÁR-506:013	Hlóðasteinn	þvottastaður	sést til
ÁR-507:002	Partsbali	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:078		þvottastaður	
ÁR-517:083	Eldholskver	þvottastaður	ekki sést til fornleifar

Tafla 6. Staðir sem tengjast vatnsnotkun.

Annar minjaflokkur sem tengist góðu aðgengi að vatni, sem og fjárbúskap, sterkum böndum eru þvottastaðir enda skipti sköpum að geta þvegið ullina vel. Það eru þekktir fimm þvottastaðir á skráningarsvæðinu, þar af eru tveir hverir í land Reykja ÁR-517.

Kvíar og stekkir

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oftast í eða við túnjaðar. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið stöðull er stundum notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Ætla má að þær hafi verið á mörgum af bæjunum á skráningarsvæðinu. Líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á

fáum jörðum gæti verið sú að færikvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu en auk þess má gera ráð fyrir að margar kvíar hafi horfið við túnastækkun, þar sem þær voru oft við jaðar túna. Einungis voru skráðar fimm kvíar innan skráningarsvæðisins og er þær sýndar í töflunni hér neðar. Allar eru þær horfnar af yfirborði eða staðsetning þeirra týnd.

Samtala	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-506:019	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:025	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:025	Stöðull	kvíar	sést til
ÁR-520:009	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-526:008	Vatnastöðull	kvíar	
ÁR-495:013	Ólafsstekkur	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:014	Árstekkur	stekkur	hleðslur útflattar
ÁR-495:019	Stekkjarmýri	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:021	Stekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-506:023	Gamla-Stekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:044	Grænhólsstekkur	stekkur	hleðslur útflattar
ÁR-517:020	Reykjastekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:037	Stekkjardalur	stekkur	
ÁR-517:068	Stekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-523:011	Stekkatún	stekkur	hleðslur standa grónar
ÁR-523:012	Gamli-Stekkjardalur	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:006	Vatnastekkur	stekkur	hleðslur standa grónar
ÁR-525:008	Kröggólfsstaðastekkur	stekkur	hleðslur signar
ÁR-525:009	Þúfustekkur	stekkur	hleðslur standa grónar
ÁR-541:011	Stekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-541:017	Hólsstekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:018	Gamlastekkatún	stekkur	hleðslur útflattar
ÁR-541:021	Hólastekkatún	stekkur	hleðslur signar

Tafla 7. Stekkir og kvíar

Stekkir eru yfirleitt einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Það voru skráðir 18 stekkir á sex jörðum innan skráningarsvæðisins. Samtals voru fjórir stekkir í Auðsholti ÁR-495 og í Hrauni ÁR-541 en færri á hinum jörðunum. Stekkirnir eru í öllum tilvikum með þekkt örnefni og þekkt hvaða bær notaði stekkinn. Séu þær upplýsingar teknar með þá eru voru stekkirnir samtals frá 13 bæjum.

Tóftir 11 stekkja sjást ennþá en ástand þeirra er misjafnt. Árstekkur ÁR-495:014 sést einungis sem lágur hóll meðan á öðrum stöðum eru háir rústahólar með tóftum á, Kröggólfsstaðastekkur ÁR-525:008 er eitt besta dæmið um slíkt. Í öllum tilvikum er það ekki tóftir stekkjarins sem sjást, heldur eru þetta beitarhús, fjárhús, réttir og garðlög sem hafa verið

byggð upp eftir að fráfærur lögðust af. Flestir stekkirnir voru í nokkurri fjarlægð frá bæjunum og staðsetningin hentug undir beitarhús og mannvirki tengd útbeit. Flestir stekkirnir voru í um 400 m - 1,2 km fjarlægð frá bæjunum. Stekkatún ÁR-517:068 sker sig verulega úr hópnum þegar horft er til minjafjölda og fjarlægðar. Þar eru fimm tóftir í rúmlega 6 km fjarlægð frá bænum.

Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir

Í úthögum og beitilandi eru fjölbreyttar minjar. Flestar þeirra tengjast sauðfjárrækt s.s. beitarhús, réttir, vörslugarðar, fjárborgir og smalakofar. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um þessa flokka.

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Það eru þekkt 16 beitarhús á skráningarsvæðinu og sex fjárhús, utan heimatúna. Ekki er alltaf auðvelt að greina á milli notkunar beitarhúsa og fjárhúsa og þau höfð hér saman. Í allt eru þau því 22 talsins.

Samtala	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-495:009	Ærhúshólar	fjárhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:025	Ærhúshóll	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-495:034		beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-495:035		beitarhús	hleðslur signar
ÁR-500:022		beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:041		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-506:026		beitarhús	hleðslur signar
ÁR-506:036		beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:037		beitarhús	hleðslur signar
ÁR-506:041		beitarhús	hleðslur signar
ÁR-506:042		beitarhús	sést til
ÁR-506:043		beitarhús	hleðslur signar
ÁR-517:042		beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-517:050	Hofmannaflöt	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-517:063		fjárhús	hleðslur standa grónar
ÁR-517:075		beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:082	Ærhús	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-518:016	Reykjakotshjáleiga	beitarhús	
ÁR-523:020		fjárhús	hleðslur standa grónar
ÁR-523:022		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-526:007	Ærhúslækur	fjárhús	hleðslur standa grónar
ÁR-541:032		Fjárhús	hleðslur standa grónar

Tafla 8. Beitarhús og fjárhús.

Alls sjást ummerki um beitarhúsin á 11 stöðum. Lag og gerð þeirra er nokkuð misjafnt, oftast eru þau þó 2 - 3 hólf og við örfá þeirra eru stakstæð heystæði. Flest þessara húsa eru

eflaust frá 19. öld en ekki er útilokað að einhver þeirra séu eldri. Sérstaklega er hægt að horfa til Ærhúsa ÁR-517:082 og tófta ÁR-495:035 í því sambandi. Einnig var nokkrum stekkjanna sem fjallað var um hér framar breytt í beitarhús og jafnvel notuð fram á miða 20. öld. Fjárhúsin eru flest rétt utan við heimatúnin. Tóftum þeirra svipar til tófta beitarhúsa en helsti munurinn er stærðin, fjárhúsin eru minni. Fjórar tóftir af fjárhúsum eru ennþá varðveittar. Fjárhús 500:041 eru rétt utan við Arnarbælishverfi og tóft 541:032 er sunnan við heimatún Hraunshverfis. Tóftirnar eru ólíkar en gefa góða hugmynd um útlit fjárhúsanna.

Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur. Oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli, en oftast var seljabúskap hætt snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla eða afrétta. Á skráningarsvæðinu er þekktar fimm selstöður í landi þriggja jarða og minjunum var ekki breytt eða nýttar að ráði eftir að seljabúskapur lagðist af.

Samtala	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-517:022	Selgil	sel	hleðslur signar
ÁR-517:047	Vallasel	sel	hleðslur útflattar
ÁR-517:048	Krossselsflöt	sel	hleðslur signar
ÁR-523:014	Seldalur	sel	hleðslur signar
ÁR-541:022	Hraunssel	sel	hleðslur signar

Tafla 9. Sel á skráningarsvæðinu.

Ummerki allra seljanna sjást ennþá og tóftir varðveittar á öllum stöðum. Þrjár selstöður eru þekktar í landi Reykja. Reykjasel ÁR-517:022 er skammt norðan við golfvöllinn í Gufudal og tóftirnar sjást ekki fyrr en að þeim er komið. Þar sjást þrjár signar og jarðlægar tóftir við svokallað Selgil. Talið var að þetta sel hefði farið undir golfvöllinn en svo er ekki, tóftirnar eru þarna enn. Vallasel ÁR-517:047 er í svokölluðum Rjúpnabrekkum, við gönguleiðina í Reykjadal og þúsundir manna ganga þarna framhrá á hverju ári. Þar er stór rústahóll með óskýrum veggjabrotum en ekki er hægt að greina nákvæmt lag bygginga á yfirborði. Þetta sel tilheyrði Völlum ÁR-516. Í Krossseli ÁR-517:048 sjást tvær, signar og grónar tóftir undir Nóngiljum. Það tilheyrði Krossi ÁR-520 og er vel varðveitt. Seldalur ÁR-523:014 er í Þrengslunum, skammt frá Þjóðvegi 1, nánast á merkjum sveitarfélaganna Ölfuss og Hveragerðis. Þar eru tvær selstöður í grónu viki inn á milli tveggja hrauntungna. Annað þeirra tilheyrði Saurbæ ÁR-523 en hitt Öxnalæk ÁR-522 er sú jörð tilheyrir Hveragerði í dag. Ekki er

vitað hvaða tóftir tilheyrðu hverjum bæ. Hraunssel ÁR-541:022 tilheyrði Hrauni en er í landi Hjalla ÁR-533. Selið er fyrir ofan bæina, við svokallaðan Selsstíg, en sú leið lá á milli úfinnar hraunbrúnar og gróinnar fjallshlíðar. Þar sjást tvær tóftir og hellisskúti. Það vekur athygli að ekkert vatn eða brunnur er þekkt nærri Hraunsseli og þangað hefur verið afar langur vatnsvegur.

Fjárskýli eru hvers kyns skjól eða afdrep fyrir sauðfénað, þ.m.t. fjárborgir. Fjárskýli er yfirleitt að finna í úthögum og tengjast vetrarbeit sauðfjár. Flest fjárskýlanna eru hringhlaðnar fjárborgir eða náttúrulegir hellar sem hlaðið var fyrir. Það voru ekki mörg fjárskýli á skráningarsvæðinu, þau voru alls fimm. Auðsholtshellir ÁR-495:020 var nýttur undir sauði og hleðsla er fyrir op hans. Engjahóll 517:044 sést ennþá en ekki er ljóst hvaða mannvirki var þar en líklega var það einhvers konar fjárskýli. Tvær hringhlaðnar fjárborgir eru þekktar á skráningarsvæðinu, ein er í landi Reykja, ÁR-517:055 og Hraunborg ÁR-541:0015 er í landi Hrauns. Lag þeirra er svipað og þær eru áberandi tóftir. Ein fjárborg er týnd eða horfin og ber örnefnið Borgarhylur ÁR-500:021 henni nú vitni.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, gæsaréttir, hrossaborgir, kvíar og stekkir eru flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær, t.d rýja, mjalta eða gelda. Alls voru skráðar 12 réttir á skráningarsvæðinu sem sjást allar utan einnar. Það er Búrarétt í landi Bakkárholts ÁR-506. Það er afar góð varðveisla og ekki er ljóst hvað ræður því. Einhverjar þeirra eru byggðar í brekkurótum og sluppu við sléttun meðan aðrar eru á opnari svæðum. Í öllum tilvikum eru um minni heimaréttir að ræða en engin skilarétt var skráð í þetta skiptið.

Samtala	*Sérheiti*	*Ástand*
ÁR-495:031		hleðslur signar
ÁR-506:015	Hestarétt	sést til
ÁR-506:020	Búrarétt	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:028		hleðslur útflattar
ÁR-506:038		hleðslur signar
ÁR-517:010	Reykjarétt	hleðslur signar
ÁR-517:051		hleðslur signar
ÁR-517:054		hleðslur signar
ÁR-517:070		hleðslur signar
ÁR-525:005	Jóhönnurétt	hleðslur útflattar
ÁR-541:007		sést til
ÁR-541:034		hleðslur signar

Tafla 10. Skráðar réttir.

Mótekja og torfrista

Mór hefur verið notaður hérlendis til eldneytis frá því snemma á öldum. Það voru skráð 12 mótekjusvæði á fjórum jörðum. Fimm svæði eru í Auðsholti ÁR-495 og Bakkárholti ÁR-506 og líklegt að margar jarðir hafi nýtt þau. Búið er að fylla upp í flest þessara svæða (enda stafar búpeningi hætta af mógröfum) en víða mátti þó enn greina ummerki grafanna. Ummerki um sjö mótekjusvæði sjást ennþá. Þær mógrafir sem búið er að fylla upp í voru flestar grasivaxnar, um 0,2 - 0,4 m djúpar og þurrar. Hinar sem ekki var fyllt upp í hafa fallið saman og ekki er vatn í neinum þeirra.

Samtala	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-495:023	Móvöllur	mógrafir	sést til
ÁR-495:024	Gjósta	mógrafir	sést til
ÁR-495:033		mógrafir	sést til
ÁR-495:039		mógrafir	sést til
ÁR-495:041		mógrafir	sést til
ÁR-506:021		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:022	Neðri-Mólækur	mógrafir	sést til
ÁR-506:027	Mógrafir	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:030		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:033		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-507:004	Partsmógrafir	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:023	Krossmóvöllur	mógrafir	sést til
ÁR-495:016		rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:017	Reiðingsholt	rista	sést til
ÁR-517:026		rista	sést til
ÁR-517:039	Torfeyri	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:023		rista	ekki sést til fornleifar

Tafla 11. Torfrista og mógrafir

Það voru skráð fimm torfristusvæði en þau voru án efa mun fleiri en þekking um þau horfin. Torfristur eru fljótar að gróa upp og víða hægt að rista hentugt torf. Þrír þessara staða eru í landi Reykja ÁR-517 og sést rista 517:026 ennþá mjög vel. Þar var torf rist fram undir miðja síðustu öld á vegum Hitaveitu Reykjavíkur en torf var notað til að einangra hitaveiturör. Þetta er eitt umfangsmesta ristusvæði sem er varðveitt þótt víðar væri leitað. Reiðingsholt ÁR-506:017 sést ennþá og víða eru sléttir flákar í mýrinni þar umhvefis án þess að greinileg ristuför sjáist.

Samgönguminjar

Fjölmargar þjóðleiðir lágu um Ölfushrepp og verður þeim gerð nánari skil í áfangaskýrslu III sem kemur út þegar verkinu lýkur næsta vetur. Þær eru flestar skráðar undir flokknum

Fornleifar á fleiri en einni jörð ÁR-720. Í þessum áföngum voru samtals skráðir 81 minjastaðir sem tengjast samgöngum, s.s. ferjur, áningarstaðir, brýr og götur.

Samtala	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-500:005	Sauðklettar	ferja	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:010	Eyri	ferja	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:035		áningarstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:019	Ferðamannatunga	áningarstaður	sést til
ÁR-495:022		brú	sést til
ÁR-500:019	Króksbrú	brú	sést til
ÁR-500:020	Bugabrú	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:023	Farkeldubrú	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:052		brú	hleðslur signar
ÁR-495:005		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:018	Márstígur	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:012		leið	sést til
ÁR-506:008		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:031	Gamlabrú	leið	hleðslur signar
ÁR-506:034	Engjavegur	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:035	Gamlabrú	leið	
ÁR-510:007		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:007		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:013		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:019	Hrútastígur	leið	sést til
ÁR-517:021		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:041		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:049	Krossselsstígur	leið	sést til
ÁR-517:056	Grjótdalssnið	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:072		leið	sést til
ÁR-517:077	Hverastígur	leið	
ÁR-517:081	Tæpistígur	leið	sést til
ÁR-518:010		leið	sést til
ÁR-518:013	Hrútastígur	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:013	Selstígur	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:024		leið	sést til
ÁR-524:008		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:010		leið	sést til
ÁR-525:011		leið	sést til
ÁR-525:012	Kúaslóðar	leið	sést til
ÁR-541:009	Blautugötur	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:016	Stampagata	leið	sést til
ÁR-541:023		leið	sést til
ÁR-541:036	Leið upp ósa	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-541b:003		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:080	Vörðudalur	samgöngubót	
ÁR-541:012	Beinteinsvarða	samgöngubót	hleðslur standa
ÁR-541:014	Nónvarða	samgöngubót	hleðslur standa

ÁR-541:038		samgöngubót	hleðslur standa
ÁR-506:045		tjaldstæði	hleðslur útflattar
ÁR-517:038		tjaldstæði	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:029		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-496:006		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-497:003		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-499:002		traðir	hleðslur standa
ÁR-500:013		traðir	hleðslur signar
ÁR-500:032		traðir	sést til
ÁR-503:003		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:006		traðir	hleðslur signar
ÁR-506:007		traðir	sést til
ÁR-508:005		traðir	sést til
ÁR-508:009		traðir	
ÁR-510:006		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-518:014		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-519:002		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-520:011		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-523:006		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-523b:002		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-524:006		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:018		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-526:002		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:004		traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:038		vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:018	Sigmundarvað	vað	sést til
ÁR-500:024		vað	
ÁR-500:027		vað	sést til
ÁR-506:029		vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:015	Tíðavað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:016	Fossvað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:024		vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:066	Torfvað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:079	Engjavað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:013	Kúavað	vað	sést til
ÁR-525:014	Helluvað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:022	Tittlingsvað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:008	Vaðall/Hraunsvaðall	vað	sést til

Tafla 12. Samgönguminjar og hlutverk þeirra.

Samtals voru skráðar 31 leiðir og götur og var hlutverk þeirra æði misjafnt. Einhverjar þeirra voru engjavegir, aðrar lágu á milli bæja og aðrar í sel svo einhver dæmi séu tekin. Góð dæmi eru Engjavegur ÁR-506:034, Hrútastígur ÁR-517:019 og Hverastígur ÁR-517:077. Einnig eru dæmi um að leiðirnar séu týndar og einungis örnefni beri þeim vitni.

Samtals voru skráðar 21 heimreiðar sem merktar höfðu verið inn á túnakort frá 1917 - 1918. Heimreiðarnar voru í flestum tilvikum horfnar vegna sléttunar, vegagerðar eða annars

rasks en þó mátti enn sjá móta fyrir þeim á fimm stöðum. Í Bakkárholti sjást tvær traðir og hið sama má segja um Arnarbæli. Veggir þeirra eru hlaðnir úr torfi og grjóti í öllum tilvikum. Traðir ÁR-506:007 og ÁR-500:013 eru óraskaðar og verður það að teljast einstakt vegna mikilla jarðbóta og skógræktar á þeim svæðum.

Það voru skráð 13 vöð í þessum áföngum en þau eru ekki mörg þegar horft er til þess að það renna þrjár ár um skráningarsvæðið, Varmá, Bakkárholtsá og Gljúfurholtsá. Vöðin dreifast nokkuð jafnt yfir svæðið og flest þeirra eru á þekktum þjóðleiðum. Engin ummerki þeirra sjást þó enn og leiðirnar eru líka í flestum tilvikum horfnar. Fimm hlaðnar brýr voru skráðar og sáust ummerki um þrjár þeirra. Hinar tvær eru horfnar og ekki vitað hvar þær voru nákvæmlega. Fjórar vörður var hægt að tengja við leiðir og flokkast þær hér sem samgöngubót í töflunni hér ofar. Þær voru vegvísar á þekktum leiðum.

Landamerki

Það voru skráðir níu minjastaðir á landamerkjum. Af þeim voru vörðurnar algengastar, en þær voru allar í Hrauni ÁR-541. Landamerki voru afmörkuð á fleiri vegu en með vörðum og garðlögum. Í sumum tilvikum voru það vatnsföll, gamlir farvegir og náttúrulegir klettar og steinar en þau voru ekki skráð.

Samtala	*hlutverk*	*Ástand*
ÁR-500:042	garðlag	hleðslur útflattar
ÁR-523:021	garðlag	hleðslur signar
ÁR-525:026	áletrun	týnd
ÁR-541:013	áletrun	hleðslur standa
ÁR-541:024	varða	hleðslur standa grónar
ÁR-541:025	varða	hleðslur signar
ÁR-541:026	varða	hleðslur standa grónar
ÁR-541:003	varða	hleðslur signar
ÁR-541:002	heimild	týnd

Tafla 13. Landamerki.

Aðrar minjar

Í umfjölluninni hér ofar hefur aðeins verið stiklað á stóru um þá minjastaði sem þar er að finna og er hún ekki tæmandi. Það eru margir aðrir minjastaðir innan skráningarsvæðisins og sést hluti þeirra í töflunni hér neðar. Þar er m.a. að finna forna þingstaði, aftökustaði, braggahverfi frá stríðsárunum, álagabletti, huldufólk, myllu og hveri sem nýttir voru af fólki til ýmissa hluta.

Samtala	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Ástand*
ÁR-500:011		Þingstaður	hleðslur signar
ÁR-506:018	Þinglaut	þingstaður	hleðslur útflattar
ÁR-506:039		þingstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:017		þingstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-506:016	Gálgaklettar	aftökustaður	sést til
ÁR-506:032	Gálgaklettar	aftökustaður	sést til
ÁR-508:002	Borgarkotsgil	álagablettur	sést til
ÁR-500:010	Skottusteinn	draugur	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:034	Draughóll	draugur	sést til
ÁR-525:021		draugur	sést til
ÁR-517:036	Skjólklettur	huldufólksbústaður	sést til
ÁR-495:006	Álfhóll		sést til
ÁR-495:017	Sorgarsteinn		sést til
ÁR-523:009	Síladó		ekki sést til fornleifar
ÁR-525:003	Ingublettur		
ÁR-525:007	Gvendarbrunnur		sést til
ÁR-541:020	Hríshólmi		sést til
ÁR-495:030		herminjar	ekki sést til fornleifar
ÁR-495:040			ekki sést til fornleifar
ÁR-495:042		herminjar	ekki sést til fornleifar
ÁR-500:025	Kerlingagöng		ekki sést til fornleifar
ÁR-495:010	Audsholt station	herminjar	sést til
ÁR-495:012		herminjar	sést til
ÁR-500:037		áveita	sést til
ÁR-500:039		áveita	hleðslur signar
ÁR-517:064		áveita	sést til
ÁR-518:009		áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:004		áveita	sést til
ÁR-525:024		áveita	hleðslur útflattar
ÁR-517:073		mylla	hleðslur signar
ÁR-495:036		varnargarður	hleðslur signar

ÁR-500:016		varnargarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-517:067		vörslugarður	
ÁR-520:005	Nátthagi	vörslugarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-525:025	Gerði	vörslugarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-541:028		vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-517:058	Litli-Geysir		sést til
ÁR-517:059	Baðstofuhver		sést til

Tafla 14. Aðrir minjastaðir innan skráningarsvæðisins.

5. Niðurstöður

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu. Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sex flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.
c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.
d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +.
e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Skífurit 1 sýnir ástand minjastaða innan skráningarsvæðisins. Tæplega helmingur minjanna er horfinn af yfirborði eða upplýsingar um staðsetningu týndar. Það er svipað hlutfall og víða annars staðar á landinu. Einungis einn staður er ennþá undir þaki. Það er afar lágt hlutfall en ekki er ljóst hvað ræður. Fáir minjastaðir eru með vel varðveittum veggjum, flestir þeirra eru útflattir og signir.

Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu, eða í rúmlega 33% tilvika. Þar sem minjaspjöllin eru þekkt er túnasléttun stærsta orsökin, eða í rúmlega 29% tilvika. Þessar upplýsingar sjást í stöplariti 1 hér neðar.



Skífurit 1. Ástand skráðra minjastaða.



Stöplarit 1. Ástæður minjaspjalla.

Hættumat var unnið á vettvangi. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla 2, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 2 sýnir hættumat fornleifanna innan skráningarsvæðisins. Um helmingur minjastaðanna telst vera í einhverskonar hættu og einungis 5% þeirra eru í stórhættu. Flestar fornleifarnar eru í hættu vegna ábúðar. Aðrir hættuvaldar eru m.a. vegna rofs og framkvæmda. Þær minjar sem teljast í stórhættu eru það yfirleitt vegna framkvæmda eða trjáræktar.



Skífurit 2. Hættumat minjastaða

Einn friðlýstur minjastaður er innan skráningarsvæðisins, Þingholt ÁR-500:011. Árið 1927 var þingtóft friðlýst á holtinu en á þeim tíma voru mun fleiri tóftir þar m.a. af fjárhúsum, stekkjum og fjárborgum. Þær eru allar horfnar og slétt, ræktað tún er þar nú. Þingtóftin er ein eftir þessi staður sýnir vel hversu mikilvægt það hefði verið ef allt holtið hefði verið friðlýst á símum tíma. Það er allt eins líklegt að einhver þeirra tófta sem nú eru horfnar hafi verið þinghúsið eða undir þeim. Tóftin sem var friðlýst líkst einna helst fjárhúsi eða fjárborg fremur en þingstað. Ekki er vitað frá hvaða tíma þinghúsið á að hafa verið eða hvenær hinar tóftirnar voru sléttaðar út. Ekki er friðlýsingarskilti á minjastaðnum og aðgengi þangað er erfitt. Það þarf að fara yfir blautar, framræstar mýrar og vað á skurði. Þangað er nánast ófært í miklum rigningum og vatnavöxtum.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Sveitarfélagið Ölfus er þar ekki undanskilið. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fornleifafræðslu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt. Þegar skipulögð eru útivistarsvæði, þá er sjálfsagt að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar spennandi og upplýsandi fyrir skólafólk eða ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda, að skoða. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðinn á vettvangi, merkja hann svo fólk viti hvert að eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum

eða skiltum á staðnum. Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða staðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi. Það skal því ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir lögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Minjastofnunar Íslands. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem taldar voru hafa sérlega gott verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

- *Dys Lénharðs fógeta 541:027* er á Ölfusárbökkum í landi Hrauns. Þar er talið að fyrrnefndur Lénharður hafi verið dysjaður skömmu eftir 1500. Sagnir eru til um mannabeinafund í dysinni og allt eins gæti verið um kuml að ræða. Staðurinn hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
- *Rétt 517:070* er í Grændal sem nýttur var frá Reykjakoti ÁR-518. Réttin er grjóthlaðin og byggð upp við háan klett á árbakka Varmár. Þetta er eina vel varðveitta tóftin í Grændal en lengi hafa verið sagnir um býli þar. Í Grændal er mikill jarðhiti og náttúrufegurð er mikil. Staðurinn hefur mikið varðveislu-, - og kynningargildi.
- Forn selstaða Reykja, *sel 517:022*, er skammt norðan við golfvöllinn í Hveragerði. Selið er vestan við svokallað Selgil og þess er getið í lýsingu Hálfdáns Jónssonar frá 1703. Þrjár, fornlegar, útflattar tóftir sjást enn í selinu en staðsetning þess var týnd og talið líklegt að það væri undir golfvellinum. Staðurinn hefur mikið varðveislu,- rannsóknar- og kynningargildi enda aðgengi að honum gott.
- *Kröggólfsstaðastekkur 525:008* er fast við Þorlákshafnarveg 38, í landi Kröggólfsstaða. Þar er stór rústahóll með tóftum stekkjar og fleiri minja og greinilegt er að mikil mannvistarlög leynast þar undir sverði. Staðurinn er í mikilli hættu, Þorlákshafnarvegur er um 5 m til vesturs og reiðstígur liggur þar á milli. Nýlega var lagður ljósleiðari fast við hólinn og mögulegt er að það hafi valdið einhverju raski á honum. Staðurinn hefur mikið varðveislu- og kynningargildi og eflaust fáir sem átta sig á því að um fornleif sé að ræða.
- *Vallasel 517:047* er neðan við Rjúpnabrekkur, þar sem gengið er upp í Reykjadal. Þúsundir ferðamanna leggja leið sína í Reykjadal og allir ganga þeir nokkra metra frá tóftinni án þess að gera sér grein fyrir tilurð hennar. Líkt og nafnið gefur til kynna var tóftin selstaða Valla ÁR-516 en staðnum hefur verið raskað, m.a. með upplýsingaskilti um Reykjadal og gönguleiðir á svæðinu. Staðurinn hefur mikið rannsóknar- og kynningargildi og er í stórhættu vegna ágangs. Hið sama má segja um Krosssel ÁR-517:048. Þetta er selstaða frá Krossi ÁR-520 og er ekki langt frá Vallaseli. Á leiðinni

þarf að vaða eina á sem veldur því að fáir leggja leið sína þangað og tóftirnar eru ekki undir ágangi.

- Umhverfis bæinn Reyki ÁR-517 eru fjölmargar minjar og staðir sem hægt væri að kynna í tenglum við skólarekstur þar, sögu svæðisins og nýtingu á jarðhita í gegnum aldirnar. Þrátt fyrir mikið rask eru þarna minjar frá löngum tíma og mismunandi nýtingu á jörðinni. Fyrst ber að nefna stað sem snemma vöktu athygli ferðamanna, hveri. Þar er helst að nefna Litla-Geysi ÁR-517:058 en hans er getið í nokkrum ferðalýsingum frá 18. - 19. öld. Notkun á jarðhita er einnig getið í jarðabókum, annálum og fleiri stöðum. Við bæinn á Reykjum eru jafnframt nokkrar minjar frá búskapartímum jarðarinnar. Rétt 517:010 og fjárhús 517:042 eru bestu ummerki þess. Bæjarhóll Reykja og kirkja ÁR-517:002 eru inni á milli skólabygginga og fáir sem gera sér grein fyrir gríðarlega mikilli sögu staðarins. Ein tóft er til sem tengist rekstri berkaheimilis á fyrrihluta 20. aldar. Sólarbyrgi ÁR-517:060 er eitt af fáum ummerkjum um þá starfsemi sem eftir er. Þar voru sjúklingar látnir liggja úti og sóla sig til heilsubóta. Byrgin voru tvö en ekki er langt síðan hitt hvarf undir grenitrjáækt. Aðgengi að þessum minjum er auðvelt og ótrúlegt að ekki hafi verið gengið lengra í nýtingu á minjum. Skipulagðar hestaferðir fara til að mynda um hluta svæðisins en hægt væri að gera mun fleiri hluti. Allt þessa svæði hefur mikið kynningargildi.
- Arnarbælishverfið og hóllinn þar mynda sérstaka minjaheild en því miður hefur hún ekki verið varðveitt sem skildi og mikið röskuð. Arnarbælishóll er áberandi í flötum mýrum og sést víða að. Arnarbæli er ein af sögufrægustu jörðum héraðsins og þegar komið er að bæjarhólnum er hægt að sjá fyrir sér alla bæina dreifast um hólinn og mynda hverfi. Þar voru fjölmargar hjáleigur og býli á öllum hólnum en flestar þeirra eru því miður horfnar. Í túni Arnarbælis má enn sjá móta fyrir einni þeirra auk nokkurra útihúsa og minja um allan hólinn. Arnarbælishverfi hefur gríðarlega mikið rannsóknar-varðveislu- og kynningargildi fyrir sögu ábúðar í Ölfusi.
- Braggahverfið Camp Auðsholt ÁR-495:010 er ennþá varðveitt í túni Auðsholts. Þar eru ennþá uppistandandi steypt mannvirki sem sjást og auk þess sem öskuhaugur hverfisins er þekktur. Þarna eru gríðarlegir kynningar- og rannsóknarmöguleikar.
- Þinglaut ÁR-506:018 og Gálgaklettar ÁR-506:033 eru í Bakkárholti. Þingstaður var um aldir í Bakkárholti og þar eru gríðarlegir rannsóknarmöguleikar. Í bæjarhól Bakkárholts Ár-506:001 komu í ljós minjar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar þegar útihús voru rifin

í kjölfar jarðskjálfta árið 2009, m.a. langeldur, líklega úr skála. Rannsóknir þar gætu varpað miklu ljósi á sögu jarðarinnar og svæðisins í heild.

6. Heimildir

Ágúst Ólafur Georgsson. 1990. *Friðlýsingarskrá: Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar.* Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Ármanns saga. Íslendinga sögur II. bindi. Skrifaðar á Höfða í Dýrafirði 1886-1891. Sighvatur Gr[ímsson] Borgfirðingur 1891. (1886-1891). (hdr).

Árni Björnsson. 1990. *Íslenskt vættatal*. Mál og menning: Reykjavík.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II, Kaupmannahöfn 1858-1878.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin*. Sunnlenska bókaútáfan: Selfoss.

Björn Pálsson. 2002. *Viðbótarskráning við menningarminjar*. *Fornleifaskráning í Hveragerði*. 2. útgáfa. FS187:00172. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Brynjúlfur Jónsson. 1903. "Rannsóknir í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1902*. Hið íslenzka fornleifafélag; Reykjavík, bls. 36.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn*, I-XVI bindi. 1853-1976. Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Hveragerði*. FS187:00172. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Fasteingnaskrá, sjá http://www.skra.is/fasteignaskra/leit-i-fasteignaskra/?heitinr=1083187&landnr=171790&streetname=%C3%93sger%C3%B0i%20&sveitarfelag=%C3%96lfus&show=map

Grændalur. Slóðin er: http://www.ferlir.is/?id=11757. Ferlir. Sótt 10.10. 2014.

Guðmundur Kristinssson. 1998. Styrjaldarárin á Suðurlandi. Selfoss, Árnesútgáfan.

Hallfreður Örn Eiríksson. 1970. „Þjóðsagnir og sagnfræði." *Saga VIII 1970. Tímarit Sögufélags*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík, bls. 268-296.

Herforingjaráðskort nr. 37. 1:50000 1908. Landmælingar Íslands.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Selvogs- og Ölfushreppi*. FS084-99012. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Hraun í Ölfusi – dys Lénharðs fógeta. Slóðin er: http://ferlir.is/?id=3952. Ferlir. Skoðað 22.08.2013

ÍA: *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum I-VII*. 1924-1998. Reykjavík.

ÍF: *Íslenzk fornrit* XII, Reykjavík 1923-1932. (Ísafold: Reykjavík). 1874-1929. Íslenskir sagnaþættir: Guðni Jónsson: *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur* I-XII, Reykjavík 1940-57.

Íslandsleiðangur Stanleys 1789. Ferðabók. 1979. Örn og Örlygur: Reykjavík.

„Jarðskjálftarnir.“ *Fjallkonan.* 1896. 13. árg., tbl. 35, bls. 141. Slóðin er: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149742

Jón Árnason. 1852. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri II & III.* Bókaútgáfan Þjóðsaga: Reykjavík.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1918-1921. S.L. Möller: Kaupmannahöfn.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. J. Johnsen: Kaupmannahöfn.

Kristinn Magnússon. 2008. *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning*. Rit fornleifaverndar ríkisins 2008:9. Fornleifavernd ríkisins: Reykjavík.

Loftmyndir frá 1946 og 1956. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Lög um menningarminjar. http://www.althingi.is/lagas/141a/2012080.html sótt 29.08.2014

Manntal á Íslandi. Sjá http://www.manntal.is/leit/Arnarb%C3%A6liss%C3%B3kn/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/2/1835

Margrét Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise. 2009. Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi. 2009/2. Byggðasafn Árnesinga, Eyrarbakka.

Orri Vésteinsson. 2001. *Vellir í Ölfusi: Fornleifaskráning*. FS139-01041. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

PP: Sveinn Níelsson. 1949. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík.

Reykir í Ölfusi. Slóðin er: http://www.olfus.is/gestir-og-gangandi/ahugaverdir-stadir/reykir-i-olfusi/. Sveitarfélagið Ölfus. Sótt 10.10. 2014.

Skráning menningarleifa í Ölfusi, örnefni, þjóðtrú o.fl. Óútgefið handrit. Sveitarfélagið Ölfus. (hdr).

Sunnlenskar byggðir III. 1983. Búnaðarsamband Suðurlands: Selfoss.

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson.* (1979). Sögufélag: Reykjavík.

Sturlunga I-II. 1988. Örnólfur Thorsson (ritstjóri). Svart á hvítu: Reykjavík.

Óútefnar heimildir

Túnakort í Ölfusi frá 1917-1920. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: http://www.archivesportaleurope.net/ead-display/-/ead/pl/aicode/IS-PI/type/fa/id/Stj%C3%B3rnarr%C3%A1%C3%B0+%C3%8Dslands+-+II.+skrifstofa+-+T%C3%BAnakort+1916-1929/unitid/IS-%C3%9E%C3%8D-0021-0000-012/search/0/T%C3%BAnakort

Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1907. Landmælingar Íslands. Slóðin er: http://www.lmi.is/landupplysingar/soguleggogn/

Þórður Ö. Jóhannesson. *Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi, 12.4.1976* (hdr).

Ö-Arnarbæli a. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Arnarbæli b. Engjar Arnarbælishverfis. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Auðsholt. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bakkárholt. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hengill. *Hengillinn og fjallgarðurinn kringum hann, skráð hefur Þorsteinn Bjarnason frá Háholti*. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hraun. Eiríkur Einarsson skráði, 1969. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kröggólfsstaðatorfan. *Örnefni í Kröggólfsstaðatorfunni* Þórður Ö. Jóhannsson skráði, 1967. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Reykjakot. *Reykjakot í Ölfusi*. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1967. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Reykjakot ÓG. *Örnefni í Reykjakoti*. Ólöf Gunnarsdóttir skráði, 1966. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Reykjatorfan. *Reykjatorfan*. Þórður Ö. Jóhannsson skráði, 1968-1971. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Saurbær. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Öxnalækur b. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnakort Ingólfs Einarssonar. *Hraun*. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn:

Aldís Eyjólfsdóttir	30.07.1970
Björn Pálsson	15.08.1941
Eyrún Rannveig Þorláksdóttir	13.10.1931
Grétar J. Unnsteinsson	05.11.1941
Gunnar Arnarsson	17.01.1957
Gyðríður Einarsdóttir	12.01.1949
Hrafnkell Karlsson	10.07.1949
Jónína Guðmundsdóttir	06.07.1929
Kjartan Björnsson	14.03.1945
Magnús Gíslason	13.07.1944
Margrét Gunnarsdóttir	13.04.1927
Margrét Magnúsdóttir	21.04.1948
Monika S. Pálsdóttir	19.01.1956
Páll Auðar Þorláksson	19.07.1936
Runólfur Björn Gíslason	27.12.1956
Sigurður Ragnarsson	19.05. 1947
Sigurður Þráinssson	20.03. 1948

Viðauki I: Hnitaskrá

Hnitaskrá minjastaðanna í landshnitakerfi ISN93.

Samtala	*X*	*Y*
ÁR-495:001	393770.316	384330.740
ÁR-495:002	393722.875	384372.899
ÁR-495:002 beinhóll	393679.584	384473.993
ÁR-495:003	393992.955	384313.314
ÁR-495:004	393761.452	384216.636
ÁR-495:005	393851.094	384233.432
ÁR-495:006	393702.119	384215.118
ÁR-495:007	393715.981	384349.247
ÁR-495:008	393717.569	384325.406
ÁR-495:009	393870.763	384204.633
ÁR-495:010A	393888.074	384189.351
ÁR-495:010B	393862.785	384191.755
ÁR-495:010C	393880.227	384190.271
ÁR-495:010D	393905.069	38230.031
ÁR-495:010E	393890.585	384217.269
ÁR-495:010F	393892.870	384236.311
ÁR-495:010G	393896.294	384251.388
ÁR-495:010H	393914.934	384262.072
ÁR-495:010I	393893.001	384273.277
ÁR-495:010J	393931.175	384180.591
ÁR-495:010K	393936.721	384184.637
ÁR-495:010L	393912.699	384192.312
ÁR-495:010M	393932.367	384191.941
ÁR-495:010N	393933.110	384195.281
ÁR-495:010O	394008.607	384200.017
ÁR-495:010P	394006.959	384221.443
ÁR-495:010Q	393999.645	384231.216
ÁR-495:010R	393952.778	384270.800
ÁR-495:010S	393969.478	384299.561
ÁR-495:010T	393981.724	384365.061
ÁR-495:010U-Æ	393924.760	384217.176
ÁR-495:011	394007.961	384087.492
ÁR-495:012	394079.209	383998.781
ÁR-495:013	394032.184	383864.380
ÁR-495:014	393556.786	383870.946
ÁR-495:015	393352.933	384339.260
ÁR-495:016	394122.195	385083.875
ÁR-495:017	393946.198	384783.130
ÁR-495:019	394481.393	385140.750
ÁR-495:020	394286.411	384731.472
ÁR-495:021	394211.982	383459.542
ÁR-495:022	394181.178	383359.576
ÁR-495:022B	394204.722	383436.041
ÁR-495:023	394968.633	383291.280
ÁR-495:024	394553.848	384868.478
ÁR-495:025A	394694.277	384400.098
ÁR-495:025B	394733.010	384431.535
ÁR-495:026	395468.000	384874.001
ÁR-495:027	394603.877	383534.545
ÁR-495:028	393846.829	384146.641
ÁR-495:028B	393881.311	384299.222
ÁR-495:029	393779.619	384394.460
ÁR-495:030	394427.921	384776.139
ÁR-495:031	394358.854	384032.832
ÁR-495:032	394567.284	383974.026
ÁR-495:033	395233.000	384238.000
ÁR-495:034	394854.999	384171.996
ÁR-495:035	395053.909	384531.640
ÁR-495:036	393493.128	383935.144
ÁR-495:037	393921.270	384368.568
ÁR-495:038	393281.592	384044.640
ÁR-495:039	394524.558	385099.477
ÁR-495:040	393772.628	384321.943
ÁR-495:041	394362.493	383624.787
ÁR-495:042	394391.742	384367.547
ÁR-496:001	393784.376	384052.391
ÁR-496:002	393704.090	38058.334
ÁR-496:003	393894.759	384113.040
ÁR-496:004	393992.075	384077.526
ÁR-496:005	393811.114	384047.304
ÁR-496:006	393894.118	384064.797
ÁR-497:001	393154.924	384.268.239
ÁR-497:003	393159.423	384245.345
ÁR-497:004	393112.042	384343.587
ÁR-498:001	393143.302	384249.949
ÁR-499:001	392897.384	383859.356
ÁR-499:002	392892.449	383836.881
ÁR-499:003	392945.089	383835.482
ÁR-499:004	392950.235	383817.165
ÁR-500:001	392697.612	383789.494
ÁR-500:002	392694.264	383763.588

ÁR-500:003	392676.897	383806.733
ÁR-500:004	392662.912	383793.997
ÁR-500:005	392880.165	383680.119
ÁR-500:006	392815.795	383692.696
ÁR-500:007	392688.874	383740.268
ÁR-500:008	392557.862	383872.187
ÁR-500:009	392595.139	383864.331
ÁR-500:010	392520.319	383899.661
ÁR-500:010b	392490.721	383799.370
ÁR-500:011	392960.001	384900.992
ÁR-500:012	392597.921	384008.770
ÁR-500:013	392652.105	383927.593
ÁR-500:014	392827.628	383669.986
ÁR-500:016	392989.008	383886.625
ÁR-500:017	392880.646	384270.401
ÁR-500:018	389704.756	383746.997
ÁR-500:019	390271.184	383927.973
ÁR-500:020	392098.398	384815.739
ÁR-500:022	393080.714	384965.063
ÁR-500:024	388104.996	381489.551
ÁR-500:026	392579.733	383803.499
ÁR-500:027	389791.304	383390.366
ÁR-500:028	392903.150	384240.056
ÁR-500:028b	392726.660	384091.968
ÁR-500:029	392524.610	383809.366
ÁR-500:031	392570.749	383824.914
ÁR-500:032	392735.510	383803.310
ÁR-500:033	392717.653	383829.829
ÁR-500:034	392656.371	383812.372
ÁR-500:035	392716.413	383798.993
ÁR-500:036	392529.443	383925.198
ÁR-500:036b	392831.454	384062.245
ÁR-500:037a	389586.898	383466.541
ÁR-500:037b	389754.370	383416.683
ÁR-500:038	392636.428	383825.667
ÁR-500:039	393.023.142	384395.462
ÁR-500:040	392896.931	384361.104
ÁR-500:041	392751.521	384162.095
ÁR-500:042	392808.189	383952.530
ÁR-500:043	392662.265	383772.779
ÁR-501:001	392934.846	383776.154
ÁR-502:001	392747.219	383840.147
ÁR-503:001	392693.826	383931.926
ÁR-503:002	392679.657	383893.913
ÁR-503:003	392711.027	383928.890
ÁR-503:004	392797.783	383953.451
ÁR-504:001	392708.451	383997.760
ÁR-504:002	392649.068	384042.702
ÁR-505:001	392732.360	384062.271
ÁR-505:002	392775.702	384026.530
ÁR-505:002B	392814.794	384006.627
ÁR-505:003	392767.739	384007.479
ÁR-506:001	395159.622	385992.629
ÁR-506:002	395080.494	386040.095
ÁR-506:003	395088.612	386074.183
ÁR-506:004	395135.354	386072.843
ÁR-506:005	395093.756	386174.220
ÁR-506:006	395059.783	385946.176
ÁR-506:007	395205.140	385953.145
ÁR-506:008	395229.415	386128.318
ÁR-506:009	395234.229	385902.840
ÁR-506:010	395176.650	385973.963
ÁR-506:011	395173.500	385959.368
ÁR-506:012	395129.068	385911.898
ÁR-506:013	395273.116	385827.753
ÁR-506:014	395168.633	386172.086
ÁR-506:014b	395047.226	386112.543
ÁR-506:015	395086.196	386142.013
ÁR-506:016	395108.977	386183.410
ÁR-506:017	394569.408	386076.204
ÁR-506:018	395154.722	386095.625
ÁR-506:019	395173.601	386150.366
ÁR-506:020	395117.703	386367.224
ÁR-506:021	395096.085	386452.386
ÁR-506:022	395857.745	386450.464
ÁR-506:023	396115.785	386236.153
ÁR-506:024	396645.552	386730.725
ÁR-506:026	396532.042	386134.110
ÁR-506:027	395197.679	385813.569
ÁR-506:028	395406.559	385187.961
ÁR-506:029	396702.748	386874.023
ÁR-506:030	394760.756	385317.272
ÁR-506:031	396034.864	385278.723
ÁR-506:032	394837.267	385505.366
ÁR-506:033	394922.626	385494.062
ÁR-506:034	393986.687	386194.737
ÁR-506:036	395943.929	386139.338
ÁR-506:037	396392.574	386135.390
ÁR-506:038	396567.188	386948.977
ÁR-506:040	395174.156	385912.942
ÁR-506:041	396218.485	386915.574
ÁR-506:042	396209.299	386805.947
ÁR-506:043	395726.242	385212.402
ÁR-506:044	394560.432	385731.868
ÁR-506:044b	394456.407	385530.095
ÁR-506:045A	394914.198	385521.856

ÁR-506:045B	394928.384	385523.946
ÁR-507:001	395241.860	386073.237
ÁR-507:002	395309.056	386043.073
ÁR-507:003	395247.941	385991.677
ÁR-507:004	395327.439	386186.072
ÁR-507:005	395273.262	386310.096
ÁR-507:006	395303.173	386409.509
ÁR-507:007	395225.377	386170.960
ÁR-508:001	395471.719	385891.503
ÁR-508:002	395379.848	385724.026
ÁR-508:003	395450.437	386007.916
ÁR-508:004	395443.017	385897.110
ÁR-508:005	395437.276	385876.697
ÁR-508:006	395440.181	385910.398
ÁR-508:007	395457.604	385764.007
ÁR-508:008	395537.137	385706.392
ÁR-509:001	395111.476	385772.067
ÁR-509:002	395139.448	385781.030
ÁR-509:003	395096.775	385797.071
ÁR-510:001	394941.659	385889.038
ÁR-510:002	394862.901	385911.572
ÁR-510:003	394865.905	385698.723
ÁR-510:004	395146.613	385832.557
ÁR-510:005	395003.297	385860.818
ÁR-510:006	394973.397	385908.788
ÁR-510:007	395046.783	385807.442
ÁR-516:001	393725.808	388699.491
ÁR-516:002	393749.891	388687.509
ÁR-516:003	393761.769	388724.286
ÁR-516:004	393711.744	388789.221
ÁR-516:005	393631.446	388686.007
ÁR-516:006	393767.721	388826.334
ÁR-516:007	393567.995	388645.422
ÁR-516:008	393659.883	388610.659
ÁR-516:009	393761.488	388668.523
ÁR-516:010	393925.140	388750.283
ÁR-516:011	394030.785	388878.666
ÁR-516:012	394090.936	388727.875
ÁR-516:013	393863.991	388657.561
ÁR-516:016	393844.289	388773.505
ÁR-517:001	393449.247	390738.760
ÁR-517:002	393469.794	390747.823
ÁR-517:003	393370.499	390757.090
ÁR-517:004	393362.805	390729.258
ÁR-517:007	393538.357	390687.892
ÁR-517:010	393678.456	390714.384
ÁR-517:011	393608.196	390897.931
ÁR-517:012	393359.259	390640.508
ÁR-517:013	393380.513	390658.980
ÁR-517:014	393397.709	390706.138
ÁR-517:015	393270.896	390485.232
ÁR-517:016	393210.416	390693.369
ÁR-517:017	393359.097	390807.347
ÁR-517:018	39349.630	390827.085
ÁR-517:019	393609.753	391447.633
ÁR-517:020	393366.045	391657.086
ÁR-517:021	393114.654	391613.682
ÁR-517:022A	393331.691	392453.319
ÁR-517:022B	393338.828	392464.134
ÁR-517:022C	393363.336	392439.258
ÁR-517:023	394532.788	388206.111
ÁR-517:024	393553.709	390696.592
ÁR-517:025	393434.798	390912.552
ÁR-517:026	393663.862	38214.255
ÁR-517:029	392508.410	392732.399
ÁR-517:033	394865.628	389556.426
ÁR-517:034	393833.470	389416.450
ÁR-517:035	394525.510	389671.446
ÁR-517:036	394157.153	389922.907
ÁR-517:038	393803.536	389601.674
ÁR-517:039	393816.565	389679.383
ÁR-517:040	394285.443	390124.480
ÁR-517:040B	394298.310	390131.679
ÁR-517:041	393811.246	390401.165
ÁR-517:042	393825.084	390414.145
ÁR-517:044	393764.290	387394.423
ÁR-517:047	391807.093	393113.331
ÁR-517:048 A	391.413.218	392706.932
ÁR-517:048B	391433.030	392706.796
ÁR-517:049	391352.172	392674.052
ÁR-517:050	391933.034	393175.299
ÁR-517:051a	391604.653	392803.847
ÁR-517:052a	391697.272	393014.551
ÁR-517:052b	391711.198	393021.094
ÁR-517:054	391885.638	393306.917
ÁR-517:055 A	391805.183	393169.181
ÁR-517:055B	391793.361	393171.045
ÁR-517:057	393301.130	391662.011
ÁR-517:058	393557.143	390989.599
ÁR-517:059	393101.588	391187.619
ÁR-517:060	393547.732	391083.536
ÁR-517:061	393577.820	390750.170
ÁR-517:062	392932.462	395819.514
ÁR-517:063	393578.828	390854.669
ÁR-517:063B	393597.410	390875.207
ÁR-517:064A	394090.703	387577.930

ÁR-517:064C	393671.166	387277.491
ÁR-517:064D	393680.145	387239.670
ÁR-517:064E	394020.106	387642.778
ÁR-517:064F	394180.424	388085.971
ÁR-517:066	392711.931	392221.885
ÁR-517:067	390827.042	392927.277
ÁR-517:068A	392199.727	393082.109
ÁR-517:068B	392183.943	393089.018
ÁR-517:068C	392157.825	393061.851
ÁR-517:068D	392163.881	393052.925
ÁR-517:068E	392154.424	393052.769
ÁR-517:070	393080.785	395498.592
ÁR-517:071A	393006.358	395612.830
ÁR-517:071B	393017.448	395577.803
ÁR-517:072	392398.247	393294.140
ÁR-517:072B	392444.529	392645.132
ÁR-517:073	392369.725	393066.092
ÁR-517:074	392434.485	392724.743
ÁR-517:075	392927.493	392358.025
ÁR-517:076	392987.813	392501.180
ÁR-517:079a	393070.144	395392.847
ÁR-517:079b	392970.479	39468.566
ÁR-517:081	390890.150	392419.287
ÁR-517:082	391044.578	392526.257
ÁR-517:083	393048.850	391598.642
ÁR-517:085	394231.789	388763.952
ÁR-518:001	392663.545	392595.729
ÁR-518:002	392650.200	392497.925
ÁR-518:003	392548.976	392625.051
ÁR-518:004	392554.566	392639.676
ÁR-518:005	392569.515	392676.115
ÁR-518:006A	392669.044	392662.037
ÁR-518:006B	392688.488	392691.095
ÁR-518:006C	392813.450	392407.926
ÁR-518:007	392687.323	392628.040
ÁR-518:008	392593.794	392544.046
ÁR-518:009	392614.728	392307.440
ÁR-518:010A	392750.608	392505.160
ÁR-518:011	392712.849	392701.871
ÁR-518:012	392678.145	392528.425
ÁR-518:013	392759.121	392793.176
ÁR-518:014	392661.403	392.517.188
ÁR-518:015	392749.766	392317.850
ÁR-519:001	393702.616	390464.870
ÁR-519:002	393705.406	390484.549
ÁR-519:003	393689.097	390460.688
ÁR-519:004	393794.856	390457.333
ÁR-519:005	393794.680	390474.076

ÁR-520:001	394280.699	388341.491
ÁR-520:002	394251.406	388135.596
ÁR-520:003	394278.916	388145.857
ÁR-520:004	394262.007	388168.669
ÁR-520:005	394065.562	388450.206
ÁR-520:006	394221.236	388155.655
ÁR-520:007	394234.418	388107.538
ÁR-520:008	394283.521	388472.287
ÁR-520:009	394337.233	388487.749
ÁR-520:010	394406.084	388315.022
ÁR-520:011	394301.921	388326.938
ÁR-523:001	392523.901	388140.734
ÁR-523:002	392446.051	388308.081
ÁR-523:003	392473.826	388312.356
ÁR-523:006	392574.294	388184.275
ÁR-523:007	392675.826	388380.071
ÁR-523:008	392563.225	388209.654
ÁR-523:008b	392435.113	388172.295
ÁR-523:009	392701.511	388145.055
ÁR-523:010	392702.882	388287.014
ÁR-523:011	392461.916	389089.998
ÁR-523:013a	391284.468	391527.291
ÁR-523:014A	391186.727	391520.839
ÁR-523:014B	391197.970	391522.042
ÁR-523:014C	391210.991	391553.028
ÁR-523:014D	391216.513	391550.683
ÁR-523:015	392407.722	388139.910
ÁR-523:016	392362.386	388201.756
ÁR-523:017	392471.029	387993.099
ÁR-523:019	392688.046	388201.705
ÁR-523:020	392713.242	388438.418
ÁR-523:021	392802.693	388588.173
ÁR-523:022	392699.707	388663.506
ÁR-523:023	392769.805	388332.030
ÁR-523:024 1	392452.069	389035.782
ÁR-523:024 2	392446.456	389002.840
ÁR-523:024 3	392440.338	388967.999
ÁR-523:024 4	392432.281	388919.668
ÁR-523:024 5	392425.524	388880.997
ÁR-523b:001	392397.568	387990.658
ÁR-523b:002	392454.584	388043.384
ÁR-523b:002	392405.940	387921.318
ÁR-523b:003	392322.055	387981.018
ÁR-524:001	392323.900	387.498.277
ÁR-524:002	392267.885	387556.974
ÁR-524:003	392249.770	387443.990
ÁR-524:004	392231.554	387435.348
ÁR-524:006	392291.936	387531.573

ÁR-524:007b	392.226.161	387384.652
ÁR-524:007c	392204.694	387597.809
ÁR-524:008	392365.534	387503.692
ÁR-525:001	391974.031	387333.938
ÁR-525:002	392056.559	387386.038
ÁR-525:004	392699.750	387627.962
ÁR-525:005	391968.701	388135.133
ÁR-525:006	391344.133	387977.020
ÁR-525:007	391535.324	387901.503
ÁR-525:008	391638.709	388626.456
ÁR-525:009	391815.107	388588.912
ÁR-525:010	391459.888	388472.442
ÁR-525:011a	391573.202	388283.417
ÁR-525:011b	391546.383	388407.809
ÁR-525:012	392385.587	387028.798
ÁR-525:013	392425.749	387116.996
ÁR-525:014	390713.290	392117.855
ÁR-525:016	392306.112	386946.569
ÁR-525:017	391965.320	387293.185
ÁR-525:018	392161.790	387398.302
ÁR-525:020	392057.441	387459.968
ÁR-525:021	391911.893	387441.074
ÁR-525:022	391500.783	389462.121
ÁR-525:022	392653.561	387541.233
ÁR-525:023	393390.289	386970.830
ÁR-525:024	391635.136	387907.571
ÁR-525:025	392533.396	387020.922
ÁR-525:029	388567.140	393089.584
ÁR-525:191	391874.607	387501.012
ÁR-526:001	391868.541	387696.448
ÁR-526:002	391906.422	387686.205
ÁR-526:003	391851.419	387726.986
ÁR-526:004	391796.014	387766.942
ÁR-526:005	391816.986	387784.731
ÁR-526:006	391757.583	387897.993
ÁR-526:007	391758.431	387845.798
ÁR-526:009	391955.362	387644.888
ÁR-541:001	386021.401	381492.774
ÁR-541:004	386035.511	381451.635
ÁR-541:005	386046.343	381590.659
ÁR-541:006	385932.697	381658.360
ÁR-541:007	385579.765	381364.326
ÁR-541:008	386066.642	381511.599
ÁR-541:009	386301.654	380841.860
ÁR-541:010	391266.873	376860.798
ÁR-541:011	385388.435	381496.653
ÁR-541:012	384548.767	381346.219
ÁR-541:013	384323.536	381594.396
ÁR-541:014	385738.086	380948.892
ÁR-541:015	385049.361	382072.303
ÁR-541:016	385536.858	382026.006
ÁR-541:017	385592.899	382129.810
ÁR-541:018	385476.995	382293.328
ÁR-541:019	386320.089	382018.263
ÁR-541:020	386424.619	382071.958
ÁR-541:021b	386272.568	381818.231
ÁR-541:022	383161.164	384147.101
ÁR-541:022b	383160.078	384135.312
ÁR-541:023	384601.403	381195.371
ÁR-541:024	385597.681	378597.969
ÁR-541:025	384617.407	380907.592
ÁR-541:026	385171.349	382627.603
ÁR-541:027	387182.168	380221.047
ÁR-541:028	386289.406	381991.690
ÁR-541:029	385831.774	381440.760
ÁR-541:030	385842.380	381457.224
ÁR-541:031	385554.741	379655.362
ÁR-541:032	386004.023	381182.764
ÁR-541:033A	386142.399	381635.812
ÁR-541:033B	386114.014	381631.477
ÁR-541:033C	386129.293	381643.465
ÁR-541:034	386093.282	381685.885
ÁR-541:035	385848.009	381479.866
ÁR-541:036	386523.086	380920.273
ÁR-541:037	384792.356	381708.650
ÁR-541:038	384556.583	381644.351
ÁR-541:039	384615.122	381560.368
ÁR-541:002	385095.446	379778.362
ÁR-541b:001	386034.056	381528.637
ÁR-541b:002	385849.792	381607.262
ÁR-541b:003	386028.669	381519.381
ÁR-541b:004	385939.249	381690.323
ÁR-541b:005	386011.112	381575.815
ÁR-541b:006	385973.240	381648.537
ÁR-541b:007	385964.110	381644.973
ÁR-541b:008	385925.760	381689.548
ÁR-541b:04B	386017.246	381615.022
ÁR-541b:04C	386012.639	381624.617
ÁR-542:001	386085.651	381286.874
ÁR-542:002	386082.097	381396.566
ÁR-542:002b	386184.976	381251.680
ÁR-542:002c	386086.624	381227.687
ÁR-543:001	386068.810	381532.063
ÁR-543:002	386081.167	381534.181
ÁR-543:003	386089.922	381544.463
ÁR-720:006 1	386136.659	381035.541

ÁR-720:006 10	385991.797	380174.147
ÁR-720:006 11	385943.154	380032.959
ÁR-720:006 12	385954.543	379959.191
ÁR-720:006 13	385901.072	379840.847
ÁR-720:006 14	385817.915	379651.836
ÁR-720:006 15	385828.484	379646.781
ÁR-720:006 16	385806.602	379577.033
ÁR-720:006 17	385787.248	379518.666
ÁR-720:006 18	385743.723	379380.021
ÁR-720:006 19	385715.430	379338.180
ÁR-720:006 2	386153.020	380966.799
ÁR-720:006 20	385675.273	379215.178
ÁR-720:006 21	385570.524	379030.185
ÁR-720:006 22	385578.768	379022.372
ÁR-720:006 3	386146.641	380909.460
ÁR-720:006 4	386126.411	380817.693
ÁR-720:006 5	386111.480	380733.437
ÁR-720:006 6	386100.793	380646.501
ÁR-720:006 7	386103.554	380510.109
ÁR-720:006 8	386067.311	380372.503
ÁR-720:006 9	386041.747	380285.646
ÁR-720:009	394470.677	385261.941
ÁR-720:011	393070.839	392663.728
ÁR-720:012	392420.844	389172.745
ÁR-720:012	391868.637	388444.748
ÁR-720:012 b	392384.660	388922.914
ÁR-720:013	392552.350	387748.739
ÁR-720:014	391363.889	388143.922
ÁR-720:016	396851.176	387049.933
ÁR-720:016	395777.053	385435.836
ÁR-720:018	394684.592	389502.802
ÁR-720:021	394463.612	385626.912
ÁR-720:13 b	392777.076	387768.157

Viðauki II: Örnefnakort

Örnefnakort Ingólfs Einarssonar sem varðveitt er á Stofnun Árna Magnússoarn, örnefnasafni.

HRAUN

HRAUNSHVERFI:

Hraun, Hraunshjáleiga, Hof, Lágar, Hraunshóll, Slapp.

Heimildarmenn:

Böðvar Magnússon, f. 19/12 1901 á Hrauni (Lágum). Ólst þar upp og var þar fram á fullorðins ár. Er þar vel kunnugur.

Halldór Magnússon, f. 23/8 1893 á Hrauni (Lágum). Ólst þar upp. Bjó á Vindheimum um 30 ár.

Karl Þorláksson, f. 20/1 1915 á Hrauni. Ólst þar upp og býr þar.

Guðjón Eyjólfsson, f. 21/1 1898 á Ytri-Grímslæk. Ólst þar upp og býr þar.

Sæmundur E. Ólafsson, f. 7/4 1899 á Breiðabólsstað. Ólst þar upp. Hann er vel kunnugur á þessum slóðum.

Forfeður allra þessara manna hafa búið á þessum jörðum í marga ættliði.

Örnefnasöfnun:
Þórður Tómasson

Mjög lauslegt riss eftir AMS-korti:
Ingólfur Einarsson

1969

0 500 1000 m
(Óskvarmt)

Hjallafjall
Fjallsendi
Þrengslavegur
Tíðagata
Sléttahraun
Krýsuvíkurleið
Hraunsheiði
Grímslækjarhraun
Stóri-Leynirahóll
Litli-Leynirahóll
Leynirar
Langhóll
Stóri-Stamphóll
Litli-Stamphóll
Stekkatún
Gamlastekkatún
Hólsstekkatún
Eirikssstekkatún
YTRI-GRÍMSLÆKUR
Kirkjuhólar
Ferðamannahóll
Ferðamannatungur (Tungur)
Stampar
Stampagata
Hraunsborg
Stóri-Sauðhóll
Litli-Sauðhóll
Miðhúfur
Borgarhúfa
Hraunklofi
Hundalág
Smérdalalág
Hólsstekkatún
Vondalækja
Rimalækja
Langadæla
HOF
SLAPP
LÁGAR
HRAUNSHÓLL
Hólsvik
Taðhóll
HRAUN
Stekkatún
Stekkatúnslaut
Erlendshóll
Klofsteinaflatir
Harðhaus
Vatnsbrunnalækur
HRAUNSHJÁLEIGA
Beinteinsvarða
gata frá Hrauni
Kökkur
Kökkslaut
Nónvarða
Hrossamýri
Blautagötur
Hádegishóll
Árnastakksrás
Litlihóll
Litlikrókur
Stórhóll
Stórikrókur
Bleikjutangi
Bleikjuhólmi
Heimra-Hafnarskarð
gata til þorlákshafnar
Heyhóll
Gamli-Heyhóll
Fremra-Hafnarskarð
Sandur
Grjótá
Hjáleigu-, Slappa-, Hrauns-, Hóls-engjar
Flotgrófuskurður
Hjallaengjar
Hjallahverfisengjar
Lækjarbotnar
Stekkatúnstjörn
EFRI-GRÍMSLÆKUR
Grímslækjarnes
Stokkós
Grímslækjartjarnir
Hrishólmi
Lágaengjaós
Lága-
Hraunsbúar
Nesið
Lambeyraós
Lambeyrar
Nauteyrar
Þorleifslækur
Nauteyjar
Litli-Toddi
Stóri-Toddi
Nauteyraós
Nauteyratangi
leið upp ósa
Lambeyrarál
Miðál
Óshólmar
Efri-Hamarendaþúfa
Efri-Hamarendar
Landhólmi
Fúlál
Fremri-Hamarendar
Fremri-Hamarendaþúfa
Búrfellshylur
Stóra-Langsíðuklöpp
Hamarendar
Grjótós
Fjórðungsklettur
Leirar
(Gljá)
Melar
Melendar
Miðalda
Hraunsskeið
Veðimelur
Stóraskarð
Skerðingahólmi
Óseyrartangi
Óseyrarnes
Ölfusárós
(Árkjaftur)
Hásteinalón
Hásteinar
Eyri
Ölfusá

Viðauki III: Minjakort

Minjakort voru gerð af öllum lögbýlum sem skráð voru. Yfirleitt eru fleiri en eitt kort af hverri jörð. Við kortagerð voru notaðar lofmyndir frá Loftmyndum ehf. sem sveitarfélagið Ölfus lagði til verksins. Á hverju korti eru útskýringar á þeim merkingum sem þar eru.

Yfirlit skráningarsvæðis




Auðsholt ÁR-495 og
Auðsholtshjáleiga ÁR-496
Kort 1
1
2
3
N
Skýringar
Landamerki
Túnakort
Minjastaðir
Garðlög
Áveita
Leiðir
495002 Beinahóll
495029
495002
495007
495001
495008
495040
495015
495037
495010T
495042
495003
495028B
495010S
495010I
495010R
495010G
495005
495010D
495010Q
495006
495004
495009
495010 U-Æ
495010O
495010L
495010K
495010C
495010J
495028
496003
495011
496006
496004
496002
496001
496005
495031
495038
495012
495036
495014
495013
0
250
500
750
1000 m

Auðsholt ÁR-495 og Auðsholtshjáleiga ÁR-496
Kort 2



495016
495017
495020
495002 Beinahóll
495029
495002
495007
495001
495008
495040
495037
495010T
495003
495028B
495010S
495010I
495010R
495010G
495010H
495005
495010Q
495010D
495006
495004
495009
495010O
495010P
495010L
495010K
495010C
495010J
495028
496003
495011
496006
496004
496002
496001
496005
495042
495031
495012
495013
495015
495038
495036
495014
0
250
500
750
1000 m

Auðsholt ÁR-495 og Auðsholtshjáleiga ÁR-496
Kort 3

N

495019
495039
495024
495030
495020
495026
495035
495025B
495025A
495042
495033
495034
495031
495032
495041
495027
495021
495022B
495022
495023

0 250 500 750 1000 m

1 2 3

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir


Egilsstaðir ÁR-497 og Hali ÁR-498
N
500039
500040
497004
500017
497001
498001
497003
500028
Skýringar
Landamerki
Túnakort
Minjastaðir
Garðlög
Áveita
Leiðir
0
100
200
300
400 m

Arnarbæli ÁR-500, Ósgerði ÁR-499, Nethamrar ÁR-501, Hóll ÁR-502, Krókur ÁR-503, Stöðlar ÁR-054 og Nýibær ÁR-505. Kort 1

N

500041
500028b
505001
500036 b
504002
505002
505003
505002B
500012
504001
503004
500042
503001
500013
503003
500036
500010
503002
500016
500008
500009
499001
502001
499002
499003
500033
499004
500038
500031
500034
500003
500032
500029
500026
500004
500001
500035
500010 b
501001
500043
500002
500007
500006
500005
500014

0 100 200 300 400 m

2
3
1

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

Arnarbælishverfi ÁR-497 - ÁR-505
Kort 2




Arnarbælishverfi ÁR-497 - ÁR-505
Kort 3
Skýringar
Landamerki
Túnakort
Minjastaðir
Garðlög
Áveita
Leiðir
N
500028
500028b
500012
500010
500031
500026
500014
500019
500018
500037a
500037b
500027
500024
0
1
2
3
4 km
2
3
1

Bakkárholt ÁR-506, Bakkárholtspartur ÁR-507, Borgarkot ÁR-508, Strýta ÁR-509 og Grænhóll ÁR-510.
Kort 1

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

506016
506005
506014
507007
507004
506019
506015
506008
506014b
506018
506003
506004
507001
507002
506002
508003
506001
507003
506010
506011
506007
506006
506012
506040
506009
508006
508004
508001
508005
510002
510006
510001
510005
510004
506013
506027
510007
509003
509002
509001
508007
508002
508008
510003

5 4 1 2 3

0 100 200 300 400 m

N

Bakkárholt ÁR-506, Bakkárholtspartur ÁR-507, Borgarkot ÁR-508, Strýta ÁR-509 og Grænhóll ÁR-510. Kort 3

N

5
4
1
2
3

506014b
506018
506003
506004
507001
507002
506002
508003
506001
507003
506010
506011
506007
506006
506012
506040
506009
508006
508004
508005
510006
510005
510004
506013
506027
510007
509002
509001
508007
508002
508008
506031
506043
506028

0 250 500 750 1000 m

Skýringar

- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir


Bakkárholt ÁR-506, Bakkárholtspartur ÁR-507, Borgarkot ÁR-508, Strýta ÁR-509 og Grænhóll ÁR-510.
Kort 2
N
507005
506016
507004
506005
507007
506014
506019
506015
506008
506014b
506018
506003
506004
507001
506017
507002
506002
508003
506001
507003
506011
506007
506006
506040
506012
506009
510002
510006
508004
508001
510001
508005
510005
510004
506013
510007
509003
506027
509001
509002
508007
508002
508008
506044
510003
506045A
506045B
506044b
506032
506033
506030
506028
Skýringar
Landamerki
Túnakort
Minjastaðir
Garðlög
Áveita
Leiðir
5
4
1
2
3
0
250
500
750
1000 m

Bakkárholt ÁR-506, Bakkárholtspartur ÁR-507, Borgarkot ÁR-508, Strýta ÁR-509 og Grænhóll ÁR-510.
Kort 4

N

506038
506041
506029
506042
506024
506022
506021
507006
506020
507005
506023
507004
506016
506005
507007
506037
506026
506036
506019
506015
506008
506014b
506018

0 250 500 750 1000 m

5 4 1 2 3

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

Reykir ÁR-517 og Reykjahjáleiga ÁR-519
Kort 1

N

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

517059
517060
517058
517025
517011
517063B
517063
517018
517017
517003
517002
517061
517004
517001
517010
517014
517016
517007
517024
517013
517012
517015
519002
519005
519003
519001
519004
517042
517041
517040
517040B

7
6
5
4
1
2
3

0 250 500 750 1000 m

Reykir ÁR-517
Kort 2

N

517040
517040B
517036
517035
517039
517038
517034
517033

7
6
5
4
1
2
3

0 250 500 750 1000 m

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

Reykir ÁR-517
Kort 3

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

N

517085

517023

517064F

517064E

517064A

517044

517064C

517064D

517026

7
6
5
4
1
2
3

0 250 500 750 1000 m

Reykir ÁR-517
Kort 4

N

517076
517022B
517022A
517022C
517075
517057
517020
517021
517083
517019
517059
517060

7
6
5
4
1
2
3

0 250 500 750 1000 m

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

Reykir ÁR-517 og Reykjakot ÁR-518
Kort 5

N

7
6
5
4
1
2
3

518013
517029
517074
518011
518006B
518005
518006A
517072B
518004
518007
518003
518001
518008
518012
518014
518010A
518002
517076
517022B
517022A
517022C
518006C
517075
518015
518009
517066

0 250 500 750 1000 m

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

N

Reykir ÁR-517
Kort 6

517054
517072
517055 B
517055 A
517050
517047
517068B
517068A
517073
517068C
517068E
517068D
517052a
517052b
517067
517051a
517074
517048 A
517048 B
517049
517072b
517082
517081

0 250 500 750 1000 m

7
6
5
4
1
2
3

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

Kross ÁR-520
N
520009
520008
520005
520001
520011
520010
520004
520006
520003
520002
520007
Skýringar
Landamerki
Túnakort
Minjastaðir
Garðlög
Áveita
Leiðir
0 100 200 300 400 m

Stóri-Saurbær ÁR-523 og Litli-Saurbær ÁR-523b

N

523011
523024 1
523024 3
523024 4
523024 5
523022
523021
523020
523007
523023
523010
523002
523003
523008
523019
523016
523006
523008b
523009
523015
523001
523b002
523017
523b001
523b003
523b002

0 250 500 750 1000 m

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

Kröggólfsstaðir ÁR-525, Púfa ÁR-524 og Vötn ÁR-526
Kort 1

1

2

525008

525009

525010

525011b

525011a

525005

525006

525007

525024

526006

526007

526005

526004

526003

526001

526002

526009

524007c

524002

524006

524008

524001

5250191

525020

525021

524004

524003

525018

524007b

525002

525001

525017

N

Skýringar

- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

0 250 500 750 1000 m

Kröggólfsstaðir ÁR-525, Þúfa ÁR-524 og Vötn ÁR-526
Kort 2

N

1

2

525004

524002

524006

524001

524008

525022

525013

525012

525025

525016

525023

0 250 500 750 1000 m

Skýringar

- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

Minjakort: Hraun ÁR-541, Lágar ÁR-541b, Hraunshjáleiga ÁR-542 og Hraunshóll ÁR-543.
Kort 1

N

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

5
1
2
3
4

541026
541018
541017
541015
541016
541020
541019
541028
541021b
541037
541038
541013
541039
541011
541007
541012
541023
541032
541b008
541b004
541034
541006
541b006
541033C
541b007
541b004C
541033A
541b002
541b004B
541005
541b005
543003
541b001
541b003
541008
541035
541001
543001
541030
541004
541029
542002
542001
542002b
542002c

0 100 200 300 400 m

Minjakort: Hraun ÁR-541, Lágar ÁR-541b, Hraunshjáleiga ÁR-542 og Hraunshóll ÁR-543.
Kort 2

N

541012
541007
541029
542002
542001
542002b
542002c
541023
541032
720006 1
720006 2
541014
541025
720006 3
541036
541009
720006 4
720006 5
720006 6
720006 7
720006 8
720006 9
720006 10
720006 11
720006 12

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

5
1
2
3
4

0 100 200 300 400 m

Minjakort: Hraun ÁR-541, Lágar ÁR-541b, Hraunshjáleiga ÁR-542 og Hraunshóll ÁR-543.
Kort 3

N

720006 11
720006 12
720006 13
541003
541031
720006 14
720006 15
720006 16
720006 17
720006 18
720006 19
720006 20
720006 21
720006 22
541024

5
1
2
3
4

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

0 100 200 300 400 m

Minjakort: Hraun ÁR-541, Lágar ÁR-541b, Hraunshjáleiga ÁR-542 og Hraunshóll ÁR-543.
Kort 4

N

Skýringar
- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

5
1
2
3
4

720006 8
720006 9
720006 10
720006 11
720006 12
720006 13
720006 14
720006 15
720006 16
720006 17
720006 18
720006 19
720006 20
720006 21
720006 22
541027
541024
541010

0 500 1000 1500 2000 m

Minjakort: Hraun ÁR-541, Lágar ÁR-541b, Hraunshjáleiga ÁR-542 og Hraunshóll ÁR-543.
Kort 5

N

Skýringar

- Landamerki
- Túnakort
- Minjastaðir
- Garðlög
- Áveita
- Leiðir

5
1
2
3
4

0 250 500 750 1000 m

541022
541022b
541026
541018
541017
541015
541016
541020
541019
541028
541021b
541037
541038
541013
541039
541011
541b008
541b004
541034
541b006
541033A
541033B
541b002
543003
541b003
541035
541001
541008
541029
541030
541004